GUÐRÚN DALÍA SALÓMONSDÓTTIR
*Lék til sigurs í Salnum*
Nám Bílar Ferðir
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
*Framleiða örflögur fyrir alþjóðamarkað*
Sérblað um viðskipti og atvinnulíf
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. nóvember 2006 — 306. tölublað — 6. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Ævar Örn grípur krúnuna



Jakob Bjarnar Grétarsson lofar í fjögurra stjörnu ritdómi nýjan krimma Ævars Arnar Jósepssonar og segir hann í flokki með því besta sem gert hefur verið á því sviði hérlendis.

MENNING 89

### Petula Clark til Íslands



Söngkonan Petula Clark verður heiðursgestur á jólatónleikum í Höllinni.

TÓNLIST 35

### Tveggja turna tal

Í dag kemur út rit Halldórs Guðmundssonar, Skáldalíf – ofvitinn í Suðursveit og skáldið á Skriðuklaustri, um þá Gunnar Gunnarsson og Þórberg Þórðarson.

MENNING 88

### Sigurður þjálfar Djurgården



Sigurður Jónsson var í gær tilkynntur sem nýr aðalþjálfari sænska úrvalsdeildarliðsins Djurgården.

ÍÞRÓTTIR 36

## VEÐRIÐ Í DAG




**KULDATÍÐ -** Í dag verður yfirleitt norðan 5-10 m/s en þó hvassara við suðausturströndina og á Snæfellsnesi. Lítilsháttar él norðan og austan til en bjart með köflum syðra. Frost 5-10 stig að deginum.

VEÐUR 4

# Starfsmenn RÚV óttast réttindamissi

**Starfsmenn Ríkisútvarpsins vilja að útvarpsstjóri skýri hvernig áunnin réttindi þeirra verði varin ef RÚV verður breytt í hlutafélag. Útvarpsstjóri segist ekki hafa umboð til þess. Ætlunin er að tryggja réttindi, segir menntamálaráðherra.**

**KJARAMÁL** Starfsmenn Ríkisútvarpsins óttast réttindamissi verði frumvarp um að gera Ríkisútvarpið að opinberu hlutafélagi að lögum óbreytt. Starfsmenn hafa lengi reynt að fá svör við því hvernig réttindi þeirra verða tryggð, án þess að fá svör. Starfsmenn segjast vera í algjörri óvissu um réttindamál sín og telja það illa meðferð að fá ekki svör við því hvað fram undan sé. Þetta kemur fram í opnu bréfi sem trúnaðarmenn starfsmanna sendu Páli Magnússyni útvarpsstjóra í gær.

G. Pétur Matthíasson, fréttamaður og trúnaðarmaður starfsmanna RÚV, segir að starfsmenn séu að átta sig á að fram undan séu miklar breytingar. „Fólk sér líka að engin skýr tilmæli eru um það í frumvarpinu hvað tekur við. Það er algjörlega óljóst. Mér finnst að menn eigi að koma hreint fram við starfsmenn sem þeir ætla að ráða hér til starfa á ný.“

Í bréfinu segir að láglaunastefna RÚV hafi gjarnan verið réttlætt með því að opinberir starfsmenn njóti betri réttinda en starfsmenn á almennum markaði og að nú líti út fyrir að þessi réttindi falli niður án bóta eða tryggingar að réttindin haldi sér.

Páll Magnússon útvarpsstjóri segist ekki hafa umboð til að gefa yfirlýsingar um réttindamál starfsmanna fyrir félag sem ekki hefur verið stofnað og segir starfsanda fyrirtækisins góðan. „En ég skil að fólk velti fyrir sér þessum breytingum. Það er eðlilegt að fólk sé uggandi um sinn hag en ég er sannfærður um að þetta verður leyst á farsælan hátt. Fólk ætti ekki að óttast þessar breytingar heldur frekar fagna þeim tækifærum sem í þeim kunna að felast.“

Spurð um réttindamál starfsmanna Ríkisútvarpsins segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra að málið sé til meðferðar hjá menntamálanefnd sem muni fara yfir réttindamál starfsmanna.

„Málið mun fá sinn eðlilega framgang en ætlunin er að sjálfsögðu að réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins haldist.“ **- shá**




**ÁRÁS MÓTMÆLT** Fjöldi fólks kom saman fyrir framan utanríkisráðuneytið í gær til að mótmæla hernámi Ísraelshers í Palestínu á meðan fundur sendiherra Ísraels og Valgerðar Sverrisdóttur var haldinn. Sveinn Rúnar Hauksson gagnrýndi Ísraelsstjórn fyrir glæpi hennar. Mótmælabréf sem ætlað var sendiherranum komst ekki til skila þar sem hann fór út um bakdyr ráðuneytisins. Sjá síðu 4

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Borgarstjóri gagnrýnir heilbrigðisráðuneytið vegna fyrirhugaðs hjúkrunarheimilis:

# Segir seinaganginn ótækan

**ÖLDRUNARMÁL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri gagnrýnir heilbrigðisráðuneytið fyrir seinagang við hönnun, útboð og byggingu nýs hjúkrunarheimilis í borginni. Hann segir að hjúkrunarheimilið í Mörkinni hafi verið í „endalausum viðræðum“ hjá ríki og borg og ekki sé enn búið að bjóða út verkið.

Rúmlega fjögur ár eru liðin frá því að viljayfirlýsing um byggingu hjúkrunarheimilis í Mörkinni var undirrituð. „Það er ótækt út af fyrir sig hve seint og illa hefur gengið að undirbúa útboð þessa heimilis,“ segir borgarstjóri. Engu máli skipti hvar hjúkrunarheimili verði byggt.



**FYRIRHUGAÐ HJÚKRUNARHEIMILI**
Heimilið á að rísa í Mörkinni, nánar tiltekið við Suðurlandsbraut 66, og mun rúma 110 manns. MYND/YRKI ARKITEKTAR

Mestu skipti að það verði reist.

Stefnt er að því að bjóða út jarðvinnu vegna hjúkrunarheimilisins snemma á næsta ári og hefjast framkvæmdir í kjölfarið. Leifur Benediktsson, deildarstjóri í heilbrigðisráðuneytinu, segir að hönnun standi yfir og að henni ljúki fljótlega eftir áramót. Heimilið verði tekið í notkun árið 2008.

Fyrirhugað hjúkrunarheimili verður tæplega átta þúsund fermetrar að stærð og mun rúma hundrað og tíu heimilismenn. Byggingin verður á fjórum hæðum og hálfri betur. Leifur vill ekki gefa upp kostnaðartölu, segir fyrstu kostnaðaráætlun hafa verið of háa og hana verði að lækka. **- ghs**



**BAGDAD** Um 50 manns var rænt af einni af skrifstofum íraska menntamálaráðuneytisins í gær.

Byssumenn í Bagdad:

## Fimmtíu á valdi mannræningja

**BAGDAD, AP** Byssumenn, sem voru klæddir eins og lögreglumenn, rændu um fimmtíu starfsmönnum og gestum af einni skrifstofu menntamálaráðuneytis Íraks í Bagdad í gær.

Þremur gíslanna var sleppt ósködduðum nokkrum stundum eftir mannránið. Þetta er umfangsmesta mannrán í Írak frá því að Bandaríkjamenn hernámu landið. Mannránið var hluti af mikilli öldu ofbeldis sem gekk yfir Írak í gær, en 82 menn létu lífið víðs vegar um landið.

Ekki er vitað hver stóð að mannráninu, en lögreglustjóri í hverfinu þar sem ránið var framið var yfirheyrður í gær. **- ifv**

Óþægir nemendur í Rúmeníu:

## Þurfa að þrífa svínastíurnar

**RÚMENÍA Yfirvöld í menntaskólanum Ion Mincu í Vaslui í Rúmeníu hafa gripið til þess ráðs að láta nemendur sem skrópa í tíma þrífa svínastíur.**

**Er þetta gert af illri nauðsyn þar sem „engar aðrar aðgerðir virkuðu“, eins og skólastjórinn, Dan Magureanu, lét hafa eftir sér þegar aðgerðirnar voru kynntar. „Með þessu móti teljum við okkur geta gefið þeim sem ekki standa sig í skólanum skýr skilaboð um það hvernig framtíð blasir við þeim sem ekki mæta í skólann og gera skyldu sína.“ - mh**

> Markaðurinn
*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*
FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG





## SPURNING DAGSINS



*Er verið að féfletta okkur, Runólfur?*

Fákeppnin er okkur dýr.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, segir Icelandair og Iceland Express innheimta tvöfalt hærri upphæð undir heitinu skattar og gjöld en þau skila til flugvalla.

Tony Blair kynnir áform sín í málefnum Mið-Austurlanda:

# Vill byrja á Ísrael og Palestínu

**BRETLAND** „Stór hluti af lausninni á Íraksvandanum liggur ekki innan landamæra Íraks heldur utan þeirra,“ sagði Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, í ræðu um utanríkismál sem hann flutti á mánudagskvöld.

Hann kynnti síðan metnaðarfull áform sín sem hann sem hann hefur varðandi Mið-Austurlönd, en tók jafnframt fram að það væri misskilningur að þau áform snerust um að fá ráðamenn í Íran og Sýrlandi til þess að taka upp breytta stefnu. „Þvert á móti, við ættum að byrja á Ísrael/Palestínu. Það er kjarninn. Síðan ættum við að ná framförum í Líbanon,“ og þannig koll af kolli.



**TONY BLAIR** Segist ekki ætla að reyna að fá ráðamenn í Íran og Sýrlandi til þess að breyta um stefnu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Það sem er að gerast í Mið-Austurlöndum núna er ekki flókið. Það er einfalt,“ sagði Blair og fór síðan að tala um Íran, sagðist skilja vel að Íranar séu í raun og sann dauðhræddir við Bandaríkin, en sá ótti sé með öllu ástæðulaus. Bandaríkin ætli sér ekkert að ráðast með hervaldi á Íran.

Vandinn sem stafi af Írönum sé hins vegar sá að þeir „nota þrýstipunkta í þessum heimshluta til að leggja stein í götu okkar. Þeir hjálpa öfgafyllstu öflunum í Hamas í Palestínu, Hezbollah í Líbanon og sjía-herflokkum í Írak“.

Bretar verði því að vinna með Bandaríkjamönnum og öðrum Vesturlöndum að því að létta þrýstingnum af þessum stöðum, hverjum á fætur öðrum. Það sé eina leiðin og það muni taka langan tíma að fara þá leið, heila kynslóð. - gb

Banaslys á Reykjanesbraut:

# Tildrög slyssins rannsökuð

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Hafnarfirði vinnur að rannsókn á tildrögum banaslyss sem varð á Reykjanesbraut er bifreið var ekið á steyptan klossa.**

**Pólverji á þrítugsaldri lést í slysinu en tveir félagar hans sluppu með minni háttar meiðsl. Þeir hafa verið úrskurðaðir í farbann og hafa stöðu sakbornings, meðal annars vegna rannsóknar á mögulegu manndrápi af gáleysi.**

**Að sögn Kristjáns Ó. Guðnasonar aðstoðaryfirlögregluþjóns miðar rannsókn málsins meðal annars að því að upplýsa hver ók bifreiðinni þegar slysið varð. - mh**

Afneitar helförinni:

# Á yfir höfði sér fimm ára dóm

**ÞÝSKALAND, AP Germar Rudolf, rúmlega fertugur Þjóðverji, hefur verið framseldur frá Bandaríkjunum til Þýskalands þar sem hann hefur verið dreginn fyrir dóm, ákærður fyrir að afneita helförinni.**

**Rudolf á yfir höfði sér fimm ára fangelsi verði hann fundinn sekur, en hann hefur meðal annars fullyrt að þýskir nasistar hafi ekki drepið neina gyðinga í útrýmingarbúðunum í Auschwitz.**

**Rudolf hlaut 14 mánaða fangelsisdóm í Þýskalandi árið 1995, flúði til Bandaríkjanna og sótti þar um pólitískt hæli, en var synjað. - gb**

Öryggi tryggt á Bolungarvík:

# Kostnaður við snjóflóðavarnir 750 milljónir

**BOLUNGARVÍK** Áætlað er að snjóflóðavarnir við Bolungarvík kosti um 750 milljónir króna og taka muni tvö til þrjú ár að reisa þær.



GRÍMUR ATLASON

Þetta kom fram á kynningarfundi umhverfisráðuneytisins sem haldinn var á Bolungarvík í síðustu viku. Samkvæmt áhættumati sem kynnt var fyrir fjórum árum er verulegur hluti Bolungarvíkur á snjóflóðahættusvæði. Til þess að tryggja öryggi íbúa bæjarins eins og kostur er hafa verið gerðar tillögur um varnaraðgerðir sem felast í um 700 metra löngum þvergarði og átta keilum ofar í fjallinu. Varnargarðurinn verður 18 til 22 metra hár. - sda

# Ökumaður á svörtum BMW stakk af

**Maður á reiðhjóli var keyrður niður hjá KB banka við Suðurlandsbraut í lok sumars. Hann sakar lögregluna um sinnuleysi sem hafi valdið því að öryggismyndavélar bankans voru ekki skoðaðar. Er óvinnufær og fær engar bætur.**

**LÖGREGLUMÁL** Ýmsu var ábótavant við lögreglurannsókn á óhappi sem varð við Hótel Nordica á Suðurlandsbraut í lok ágúst að sögn Þrastar Heiðars Þráinssonar, 34 ára Skagamanns. Þá keyrði svartur BMW Þröst niður fyrir utan KB banka og Hótel Nordica við Suðurlandsbraut. Ökumaður stakk af vettvangi. Um tuttugu mínútum síðar var tekin lögregluskýrsla af Þresti á slysadeild Landspítalans, en Þröstur var þá með heilahristing og slæm beinbrot og láðist að geta þess að keyrt hefði verið á sig.



ÞRÖSTUR HEIÐAR ÞRÁINSSON

Daginn eftir slysið ræddi lögreglumaður við Þröst í síma og segist þá hafa athugað með myndavélar á Hótel Nordica, en þær hafi engu náð. Þröstur biður hann þá að athuga myndavélar KB banka, sem eru talsvert nær slysstað en hinar. Lögreglumaður hafi tekið dræmlega í beiðnina.

Þær upplýsingar fengust í bankanum að lögreglan hefði ekki haft samband til að spyrja um upptökurnar, hvorki í útibúinu né í tölvudeild, fyrr en 2. október, rúmum mánuði eftir slysið, en þá var búið að taka yfir upptökurnar. Lögreglan hefur staðfest þetta. Þröstur segir að tveimur vikum síðar hafi annar lögreglumaður viðurkennt í símtali að lögreglan hafi gert „tæknileg mistök“ við rannsókn slyssins.



**VIÐ SLYSSTAÐ** Að kvöldi 27. ágústmánaðar var keyrt á Þröst Heiðar við Hótel Nordica á Suðurlandsbraut. Hann er óvinnufær og biður vitni um að gefa sig fram. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þröstur segir það ótrúlegt sinnuleysi hjá lögreglu að hafa ekki kannað upptökurnar meðan þær voru til. Að lögreglan hafi trassað að rannsaka eina mögulega sönnunargagnið í máli sínu, þrátt fyrir að hann hafi beðið sérstaklega um að það yrði gert.

Samkvæmt lögreglunni í Reykjavík fékk rannsókn málsins eðlilega meðferð. „Því miður reyndust upptökur ekki tiltækar þegar eftir þeim var leitað, en ég held að menn hafi reynt að bregðast við eftir bestu getu,“ segir Ómar Smári Ármannsson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík.

Þröstur hefur verið óvinnufær síðan hann slasaðist, en hann tvíviðbeinsbrotnaði, sleit liðband og skekkti hryggjarliði og herðablað í slysinu og þurfti að græða í öxl hans stálplötu. Hann var ótryggður. Þröstur leitar enn vitna og biður þau að gefa sig fram við lögreglu. Slysið varð klukkan 19.31 og bíllinn var af eldri gerðinni með vindbrjót (spoiler) á skottinu. klemens@frettabladid.is



**FOR Á HLIÐINA** Vörubíll valt í Lágmúlanum í gær þegar ein af undirstöðum bílsins gaf sig. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bílvelta í Lágmúla:

# Undirstaða vörubíls gaf sig

**LÖGREGLUMÁL** Vörubíll valt á hliðina í Lágmúlanum í Reykjavík í gær. Vörubíllinn var að hífa gifsplötur við verslun Bræðranna Ormsson skömmu fyrir hádegi þegar ein af undirstöðum hans gaf sig og hann valt. Hvorki bílstjóra né vegfarendur sakaði, að því er fram kom á Vísi.

Vörubílar með krönum voru notaðir til að hífa bílinn aftur á hjólin og tók um hálfan annan klukkutíma að rétta hann við. Bíllinn var mikið skemmdur eftir veltuna en var þó hægt að aka honum burt. Bílveltan varð á háannatíma í umferðinni. - ghs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Keyrði út í á

Karlmaður slapp lítið meiddur er hann keyrði útaf á bíl sínum ofan í árfarveg Kaldár skammt frá Eyjólfsstöðum fyrir utan Egilsstaði um sexleytið í gær. Bíllinn skemmdist mikið og er óökufær. Að sögn lögreglu var mikil hálka á veginum þar sem bíllinn fór útaf og skyggni lítið.

### Nagladekkjum stolið

Átta tilkynningar hafa borist til lögreglunnar í Reykjavík vegna innbrota í bíla á síðustu dögum. Úr þeim var meðal annars stolið geisladiskum, tölvubúnaði og nagladekkjum. Lögreglan vinnur að rannsókn málsins en ekki er vitað hver var að verki.


BÍLL DAGSINS

SUBARU LEGACY GL

Nýskr. 05.05 - Sjálfsskiptur - Ekinn 26þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Íbúi óánægður með göngubrúna frá Sogavegi yfir í Skeifuna:

# Skaðræðiströppur á brúnni

**SKIPULAGSMÁL** Göngubrúin frá Sogavegi yfir í Skeifuna er ófær eða illa fær fötluðum á rafskutlum, fólki í hjólastólum og fólki með barnavagna og kerrur. Þegar komið er upp á brúna þurfa vegfarendur að komast upp snarbrattar tröppur.

Halla Arnardóttir býr í Smáíbúðahverfinu, nánast við hlið Hagkaupa í Skeifunni. Hún á stundum erindi í Hagkaup og aðrar verslanir í Skeifunni og þarf að komast yfir brúna með barnavagn. Hún segir tröppurnar algjörar „skaðræðiströppur“.

„Ef ég er með barnavagninn þarf ég að taka á mig krók og labba upp á Grensásveg því ég kemst ekki upp tröppurnar með hann,“ segir hún.

Halla hefur rætt um tröppurnar við aðra vegfarendur sem vilja nota brúna, gamalt fólk með innkaupakerrur, fólk í hjólastólum og á rafskutlum og dagmæður með kerrur og vagna. Allt er þetta fólk sammála um að það kemst illa eða ekki um tröppurnar. Rampanir dugi ekki nógu vel.



„Ef fólk er með barnavagn á leið niður tröppurnar þarf þrjá til, einn heldur á barninu og tveir halda á vagninum niður,“ segir Halla.

Ólafur Stefánsson, deildarstjóri hjá Reykjavíkurborg, segir að þetta hafi verið skoðað en ekki fundist ásættanleg lausn. Ramparnir að brúnni hafi verið látnir duga. Það lengi leiðina að brúnni en eigi að teljast fullnægjandi fyrir fatlaða. - ghs

**VIÐ TRÖPPURNAR** Halla Arnardóttir við tröppurnar á brúnni frá Sogavegi yfir í Skeifuna. „Skaðræðiströppur,“ segir Halla.




ARGUS / 06-0552

Fram til áramóta fá nýir viðskiptavinir í *DMK* gjafabréf fyrir tvo í Borgarleikhúsinu.

# Tímamót!

*DMK* markar tímamót í bankaþjónustu við fólk á fullri ferð út í lífið.

Það er í nógu að snúast á árunum í kringum lok framhaldsnáms, þegar atvinnuferillinn er að byggjast upp, fjölskyldan að vaxa og dafna, framtíðaríbúðin í sjónmáli og svo mætti lengi telja. Ný *DMK þjónusta* SPRON miðar að því að mæta þörfum þeirra sem standa í þessum sporum og gera fjármálin einfaldari, hagkvæmari og þægilegri.

Samsetning *DMK þjónustunnar* og helstu kostir eru:*

- ***DMK DEBETKORT*** – fæst án árgjalds og með 200 fríum færslum
- ***DMK KREDITHEIMILD*** – fylgir debetkortinu og er bæði vaxtalaus og án nokkurs kostnaðar
- ***DMK YFIRDRÁTTARHEIMILD*** – hefðbundin og á hagstæðum vöxtum
- ***DMK TILTEKTARLÁN*** – óhagstæðum skammtímaskuldum breytt í eitt hagstætt lán, aðeins 1% lántökugjald
- ***DMK LÉTTLÁN*** – viðskiptavinir stýra afborgunum í takt við getu hverju sinni, aðeins 1% lántökugjald
- ***DMK 90% ÍBÚÐALÁN*** – og sérkjör á brunatryggingu fyrir þá sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð
- ***DMK RÁÐGJÖF*** – sérsniðin ráðgjöf að þörfum fólks á leið út í lífið
- ***DMK REGLULEGUR SPARNAÐUR*** – er verðlaunaður með sérstöku mótframlagi, styrkjum og sérkjörum
- ***DMK 50% AFSLÁTTUR*** – af árgjaldi kreditkorta SPRON
- ***DMK TILBOÐ*** – hjá völdum verslunum og þjónustufyrirtækjum

**Skoðaðu framtíðina með *DMK* og sæktu um á spron.is**

spron

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is
** skv. útlánareglum SPRON*

## GENGIÐ 14.11.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,91 | 69,23 |
| Sterlingspund | 130,68 | 131,32 |
| Evra | 88,34 | 88,84 |
| Dönsk króna | 11,842 | 11,912 |
| Norsk króna | 10,778 | 10,842 |
| Sænsk króna | 9,737 | 9,795 |
| Japanskt jen | 0,5843 | 0,5877 |
| SDR | 102,28 | 102,88 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
121,8562

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Um tuttugu prósent af smásöluversluninni á Íslandi fer fram fyrir jólin:

# Níu prósenta hækkun milli ára

**VERSLUNARMÁL** Jólagjöfin á Íslandi árið 2006 er ávaxta- og grænmetispressa, en varan er talin njóta vinsælda meðal allra aldurshópa í landinu. Þetta er niðurstaða fjögurra manna dómnefndar, sem skipuð er sérfræðingum á sviði verslunar og þjónustu, sem greint var frá á fundi í húsakynnum Samtaka verslunar og þjónustu í gær.

Á fundinum kynnti Emil B. Karlsson, forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar, upplýsingar um jólaverslunina 2006.

Emil segir að landsmenn muni eyða níu prósent meira fé í jólagjafir í nóvember og desember en í fyrra.

„Jólaverslunin er eitt af sameiginlegum áhugamálum Íslendinga og þeim finnst gaman að tala um hana. En hún er líka mikilvæg fyrir verslunarfólk því um tuttugu prósent af smásöluversluninni á landinu fer fram fyrir jólin,“ segir Emil.

Á fundinum vitnaði Emil til rannsóknar um að hver Íslendingur ætli að eyða 26 til 50 þúsund krónum í jólagjafir í ár. Í rannsókninni kom einnig fram að um og yfir 65 prósent landsmanna geri jólainnkaupin á Íslandi og byrji ekki á þeim fyrr en í desember.

Samkvæmt þessari spá munu Íslendingar drekka mikið af ávaxta- og grænmetissafa árið 2007, og miðað við áætlaða eyðsluna munu fáir fara í jólaköttinn alræmda. - ifv


**EMIL B. KARLSSON** Forstöðumaður Rannsóknarseturs verslunarinnar segir að Íslendingar muni eyða níu prósentum meira fé í jólagjafir í ár en í fyrra.

Jón H.B. Snorrason:

# Rannsókn sögð í réttum farvegi

**BAUGSMÁL** Jón H.B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra, segir rannsókn á meintum skattalagabrotum fjölda einstaklinga tengdum Baugi í eðlilegum farvegi. „Skattrannsóknarstjóri kærði árið 2004 ætluð refsiverð skattalagabrot einstaklinga og fyrirtækja er tengdust Baugi til Ríkislögreglustjóra og við höfum þau til rannsóknar.

Þau brot tengjast ekki því máli sem er til meðferðar fyrir dómi né heldur þeim málefnum hjá yfirskattanefnd. Margir hafa réttarstöðu sakbornings í málinu sem er til rannsóknar.“ - mh


**SETUR UPP SKILTI** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri setur upp fyrsta skiltið um nágrannavörslu við Dverghamra í Grafarvogi.

Tilraunaverkefni í borginni:

# Nágrannavarsla við sex götur

**REYKJAVÍK** Þjónustu- og rekstrarsvið Reykjavíkurborgar hefur efnt til tilraunaverkefnis í nágrannavörslu í samvinnu við lögregluna. Borgarbúar taka að sér að gæta húsa nágranna sinna og stuðla þannig að öryggi eigna sinna og sporna gegn innbrotum og eignatjóni.

Tilraunaverkefnið fer fram við sex götur í Reykjavík og stendur í eitt ár. Gengið verður í eina götu í hverju hverfi og fólk boðað á fund. Íbúarnir sammælast þar um að gæta húsa nágranna sinna. Tilraunaverkefnið er hafið við Dverghamra í Grafarvogi og hefur Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri sett þar upp skilti í forvarnarskyni. - ghs

## SAMGÖNGUR

### Skorður við akstri

Ríkisstjórnin hefur samþykkt frumvarp sem bannar yngri ökumönnum að aka bifreið á tilteknum tíma sólahringsins, takmarka farþegafjölda og vélarafl bifreiða sem þeir stýra.

## BRETLAND

### Heimilislausum fjölgar

Góðgerðasamtök í Bretlandi telja hættu á að Búlgarar og Rúmenar sem leita betra lífs á Bretlandi endi á götunni. Löndin tvö ganga í Evrópusambandið í janúar á næsta ári.

# Ofbeldi Ísraelshers í Palestínu fordæmt

**Utanríkisráðherra afhenti í gær sendiherra Ísraels mótmæli vegna árása hers landsins á íbúðahverfi í síðustu viku. Tæknileg mistök segja ísraelsk stjórnvöld. Fjölmenn mótmæli voru fyrir utan utanríkisráðuneytið vegna fundarins.**

**UTANRÍKISMÁL** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra afhenti Miryam Shomrat, sendiherra Ísraels, formleg mótmæli íslenskra stjórnvalda vegna árásar Ísraelshers á íbúðahverfi í Beit Hanoun á Gaza fyrir viku á fundi þeirra í utanríkisráðuneytinu í gær. Átján óbreyttir borgarar féllu í árásinni og þar af tíu börn. Félagið Ísland – Palestína stóð fyrir mótmælum vegna fundar Valgerðar og sendiherrans og tóku á annað hundrað manns þátt í mótmælastöðunni sem fór friðsamlega fram.

Valgerður sagði eftir fundinn að hún hefði komið á framfæri við sendiherrann þeirri skoðun íslenskra stjórnvalda að þau virði rétt Ísraels til að verjast eins og annarra þjóða samkvæmt alþjóðalögum, en aðgerðir þeirra í Beit Hanoun hafi eingöngu verið til þess að hella olíu á eldinn og gera ástandið á svæðinu enn verra en verið hefur að undanförnu. Valgerður segir að sendiherrann ætli að koma bréfi stjórnvalda til Tzipi Livni, utanríkisráðherra Ísraels, og ítrekaði afstöðu ísraelskra stjórnvalda um að atvikið í Beit Hanoun hafi ekki verið að yfirlögðu ráði heldur hafi verið gerð tæknileg mistök. Aðspurð um þessa skýringu sendiherrans á atvikinu sagði Valgerður. „Ég sagði henni að mér þætti erfitt að trúa að svo alvarlega hluti sem tæknileg mistök en ég get ekki neitað því að hún fari þar með rétt mál. Mér finnst það ekki afsökun en þetta getur verið útskýring.“


**MÓTMÆLI STÖÐVUÐ** Fjöldi fólks tók þátt í mótmælum við utanríkisráðuneytið í gær. Þrír ungir piltar hugðust draga fána Palestínu að húni en voru stöðvaðir af vörðum laganna. Þeir tóku því vel. Skilaboð þeirra voru: Frjáls Palestína. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Félagið Ísland – Palestína hugðist afhenda sendiherra Ísraels mótmælabréf en þar sem Shomrat kom til fundarins fyrr en áætlað var og yfirgaf utanríkisráðuneytið eftir fundinn bakdyramegin gafst Sveini Rúnari Haukssyni, formanni félagsins, ekki tækifæri til þess. Í stuttu ávarpi Sveins Rúnars, sem byggt var á bréfinu sem afhenda átti sendiherranum, kom fram að félagið fordæmir fjöldamorðin í Beit Hanoun og að „hópmorð á stórri fjölskyldu, þar sem 18 manns létu lífið, þar af flest konur og börn“, kalli ofbeldismennirnir „tæknileg mistök“. Í ávarpi sínu minnti Sveinn Rúnar á að atvikið komi í framhaldi af mörgum af svipuðum toga og að hernám Ísraels á Gaza birtist í aftökum fólks, eyðileggingu heimila og möguleika fólks til lífsbjargar. svavar@frettabladid.is


SVEINN RÚNAR HAUKSSON

### Öllum nóg boðið

„Þessi dagur er okkur mikilvægur til að fá tækifæri til að mótmæla glæpum Ísraelshers á Gaza og sérstaklega fjöldamorðunum í síðustu viku. Það hafa farið fram mótmæli um allan heim,“ segir Sveinn Rúnar Hauksson, formaður félagsins Ísland-Palestína. „Framferði og stefna Ísraelsstjórnar gagnvart Palestínumönnum hefur verið miskunnarlaus. Munum að þúsundir liggja í valnum og tugþúsundir eru örkumla eftir árásir Ísraelshers.“

### Morðum mótmælt

„Við erum að mótmæla hernámi og morðum á hertekna svæðinu í Palestínu. Við erum að reyna að koma skilaboðum frá fólki á Vesturlöndum sem er á móti því sem þarna er að gerast,“ segir Salman Tamimi, formaður Félags múslíma á Íslandi. „Það er kominn tími fyrir Ísland og heiminn allan að segja hingað og ekki lengra og nota allar leiðir til að hjálpa Palestínumönnum til að öðlast sjálfstæði.“


SALMAN TAMIMI

### Aðgerðir strax


STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

„Ríki hafa sætt refsiaðgerðum og einangrun fyrir smámuni miðað við það sem Ísrael ber ábyrgð á,“ segir Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður. Hann telur tímabært að ræða hvort slíta eigi stjórnmálasambandi við Ísrael. „Það er ekki síður ástæða til að beita slíkum aðgerðum gegn Ísraelsmönnum en Suður-Afríku á tímum aðskilnaðarstefnunnar.“


Stofnun og rekstur smáfyrirtækja

Átt þú viðskiptahugmynd?

Námskeið í Stofnun og rekstri smáfyrirtækja hefst 18. nóvember nk.

Nánari upplýsingar og skráning hjá Iðntæknistofnun í síma 570 7100 og á vefsíðu www.iti.is

NÁM SKEIÐ

Iðntæknistofnun



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

NÚ ER KALT
Nú eru mestu veðurofsarnir að baki þó í dag geti orðið hvasst á Snæfellsnesi og á Suðausturlandi.
Við erum hins vegar að sigla inn í mikla kulda sem ekki sér fyrir endann á og má búast við frosti á bilinu 5-15 stig næstu daga, kaldast til landsins og á hálendinu. Sé rýnt í lengstu spár má greina að mildara verði með ströndum landsins um helgina. Öll alvöru hlýindi fara hins vegar suður - fyrir land.

HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI Í DAG
Norðaustan 5-8 m/s. Skýjað með köflum. Frost 3-7 stig.

um hádegi »




» á morgun




5 - 15 m/s, hvassast suðaustan til.

» föstudagur




Hæg norðlæg átt austast, annars breytileg átt.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 13°C skúrir | London | 15°C bjart veður | Alicante | 22°C heiðskírt |
| Þórshöfn | 8°C skúrir | París | 15°C bjart veður | Barcelona | 21°C léttskýjað |
| Osló | 6°C skýjað | Frankfurt | 15°C bjart veður | Algarve | 21°C skýjað |
| Stokkhólmur | 8°C skýjað | Friedrichshafen | 12°C skýjað | Krít | 20°C heiðskírt |
| Gautaborg | 9°C skúrir | Berlín | 15°C skýjað | Las Palmas | 24°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




**SUBARU IMPREZA**



Verð frá 1.990.000

**SUBARU LEGACY**



Verð frá 2.490.000

**SUBARU FORESTER**



Verð frá 2.490.000

**SUBARU TRIBECA**



Verð frá 4.990.000

Ingvar Helgason heldur upp á jólin í ár með fjölbreyttu úrvali af glæsilegum bílum. Komdu í sýningarsal okkar að Sævarhöfða 2, ræddu við sölumenn okkar og veldu bílinn sem hentar þínum þörfum best.

SUBARU · NISSAN · SAAB · ISUZU

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú skráð(ur) hjá heimilislækni?*

| | |
|---|---|
| Já | 70,3% |
| Nei | 29,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnur þú til þunglyndis í skammdeginu?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Nýjar tillögur minnihlutans í Reykjavíkurborg í málefnum innflytjenda:

# Frjálslyndir tóku ekki þátt

**INNFLYTJENDAMÁL** Til að koma í veg fyrir myndun félagslega einsleitra borgarhverfa á Reykjavíkurborg að tryggja að hlutfall leiguíbúða á nýbyggingarsvæðum verði minnst 20 prósent og hlutfall félagslegra íbúða ekki hærra en 10 prósent. Borgin á að auka íslenskukennslu í grunnskólum og hvetja innflytjendur til að sækja um störf hjá borginni. Einnig á að reka annað Alþjóðahús í austurhluta borgarinnar.

Þessar tillögur úr nýrri framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda kynntu Samfylking og Vinstri græn á blaðamannafundi í gær. Framkvæmdaáætlunin hefur verið í vinnslu síðan í september en þriðji flokkurinn í minnihlutanum, Frjálslyndi flokkurinn, tók ekki þátt í gerð hennar.



**FRÉTTAMANNAFUNDUR Í RÁÐHÚSINU** Oddný Sturludóttir (frá vinstri), Dagur B. Eggertsson og Svandís Svavarsdóttir.

Þau Dagur B. Eggertsson og Svandís Svavarsdóttir sátu fyrir svörum eftir fundinn. Spurður um fjarveru Frjálslyndra svaraði Dagur að gert hefði verið ráð fyrir þátttöku þeirra en flokkurinn hefði ekki haft tíma til að taka þátt í starfinu. Svandís áréttaði að framkvæmdaáætlunin væri í beinu framhaldi af vinnu fyrrverandi meirihlutans og að tímasetning fundarins væri því ekki bein viðbrögð við umræðu síðustu daga.

Þau sögðust bæði vænta góðra viðbragða frá Frjálslyndum á fimmtudag þegar áætlunin verður lögð fyrir borgarráð. **- kóþ**

Talinn geta verið varasamur:

# Lögregla leitar að strokufanga

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Reykjavík lýsir eftir Ívari Smára Guðmundssyni sem strauk frá fangaflutningsmönnum við Héraðsdóm Reykjavíkur í gær. Ívar afplánar 20 mánaða dóm vegna fíkniefnamála og er talinn geta verið varasamur. Ívar er 26 ára gamall og 180 sentimetrar á hæð.



**ÍVAR SMÁRI GUÐMUNDSSON**

Þeir sem geta gefið upplýsingar um ferðir Ívars eru beðnir að hafa samband við lögregluna í síma 444 1000. **- hs**






# Bush lætur ekkert uppi um Íraksmálið

**Íraksnefndin hefur síðustu daga átt fundi með George W. Bush Bandríkjaforseta, Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, og fleiri ráðamönnum. Bush segist hlakka til að sjá „áhugaverðar hugmyndir“ frá Íraksnefndinni.**

**BANDARÍKIN** Einhverjar vonir eru bundnar við það að Íraksnefndin, sem George W. Bush Bandaríkjaforseti átti fund með á mánudaginn, skili af sér niðurstöðum sem gætu auðveldað Bush forseta og þingmeirihluta demókrata að ná sáttum um breytta stefnu gagnvart Írak.

Nefndin ræddi einnig í gær við Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sem nú vill koma í framkvæmd „heildrænni stefnu“ gagnvart Mið-Austurlöndum þar sem athyglinni er ekki eingöngu beint að Írak.

Íraksnefndin hefur frá því síðastliðið vor unnið að því að safna saman upplýsingum um Íraksstríðið, kanna hvað hefur farið úrskeiðis og leita lausna á vandræðunum. Ljóst er þó að nefndin mun ekki birta niðurstöður sínar fyrr en í fyrsta lagi seint í þessum mánuði, og hugsanlega aldrei.

Bush forseti hafnaði á mánudaginn hugmyndum demókrata um að byrjað verði að kalla bandaríska herinn heim frá Írak innan hálfs árs. Bush hafði í sumar hafnað sambærilegum tillögum frá demókrötum.

Alveg fram að þingkosningunum í síðustu viku talaði Bush um mikilvægi þess að Bandaríkjamenn þrauki þar til sigur vinnst í Írak, en demókratar hafa lagt áherslu á að bandaríski herinn sé kominn í þvílíkar ógöngur í Írak að það verði að kalla hann heim sem fyrst.

Tveir menn veita nefndinni forystu, þeir James A. Baker, fyrrverandi utanríkisráðherra, sem er repúblikani, og Lee Hamilton, fyrrverandi þingmaður, sem er demókrati.



**LAUSNARARNIR** Nokkrir af fulltrúum Íraksnefndarinnar koma af fundi með Bush í Hvíta húsinu á mánudaginn. Þeir eru frá vinstri: Leon Panetta, fyrrverandi starfsmannastjóri Hvíta hússins, William J. Perry, fyrrverandi varnarmálaráðherra, Edwin Meese, fyrrverandi dómsmálaráðherra, Charles Rob, fyrrverandi öldungadeildarþingmaður, Philip Zelikov framkvæmdastjóri og Sandra Day O'Connor, fyrrverandi hæstaréttardómari. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íraksnefndin er skipuð jafnt demókrötum sem repúblikönum, og Robert Gates, verðandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, átti sæti í nefndinni allt þar til í síðustu viku.

Auk demókrata hafa einnig sumir repúblikanar á þinginu þrýst verulega á forsetann um að breyta um stefnu í Írak.

Bush forseti sagði hins vegar ekki margt þegar hann kom af fundi sínum með Íraksnefndinni á mánudaginn. Hann sagðist hafa átt „góðar viðræður“ með nefndinni og að hann hlakki til að sjá „áhugaverðar hugmyndir“.

James A. Baker, annar tveggja formanna nefndarinnar, hefur talað opinskátt um að hann telji að Bandaríkin verði að fá bæði Írana og Sýrlendinga til liðs við sig til þess að draga úr átökum innan Íraks. Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, tók í sama streng í ræðu sinni um utanríkismál á mánudaginn.

Bush hefur hins vegar ekkert gefið út á þessar hugmyndir, og ekkert viljað gefa til kynna um hugsanlega stefnubreytingu í Írak, að öðru leyti en því að hann fékk Gates til þess að verða næsti utanríkisráðherra í staðinn fyrir Donald Rumsfeld.

Bush hefur hins vegar jafnan lagt áherslu á að Bandaríkjamenn verði að undirbúa Íraka til þess að taka sjálfir við öryggismálum í eigin landi. **gudsteinn@frettabladid.is**






Þrjú þúsund tonna timburflutningaskip í vanda djúpt austur af landinu í gær:

# Íhuguðu að yfirgefa skipið

**LANDHELGISGÆSLAN** Skipstjóri flutningaskipsins Wilke, sem er 3.000 tonna og 91 metra langt skip skráð í Gíbraltar, íhugaði að yfirgefa skip sitt ásamt átta manna áhöfn aðfaranótt þriðjudags þegar skipið lenti í vandræðum vegna veðurs og sjólags djúpt suðaustur af landinu. Skipstjórinn hafði samband við Landhelgisgæsluna um klukkan þrjú um nóttina og tilkynnti að aðalvél skipsins væri að drepa á sér. Tveimur þyrlum Landhelgisgæslunnar var þegar flogið austur á Höfn í Hornafirði og nærstöddum skipum gert viðvart. Um morguninn var ljóst að mesta hættan var liðin hjá.

Áhöfn Fokker-flugvélar Landhelgisgæslunnar var einnig sett í viðbragðsstöðu í Reykjavík til að geta fylgt þyrlunum ef á þyrfti að halda. Varðskip var sent áleiðis sem og færeyska varðskipið Brimill sem var innan færeyskrar efnahagslögsögu en samstarf var haft við björgunarmiðstöðina í Þórshöfn í Færeyjum vegna aðgerðanna. Haft var reglulega samband við skipið fram yfir hádegi í gær og fylgst með ástandinu um borð. Þegar ljóst þótti að skipið væri úr hættu var viðbúnaðarástandi létt og þyrlunum tveimur sem biðu á Hornafirði snúið til Reykjavíkur.



**VIÐBÚNAÐUR** Tvær þyrlur fóru austur á Hornafjörð í gær. Flugvél Gæslunnar var sett í viðbragðsstöðu og varðskip hélt til móts við skipið. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR

Skipstjóri Wilke áætlaði að koma upp undir suðausturströnd Íslands á miðnætti og ætlaði að halda þaðan norður með austurströndinni áleiðis til Reyðarfjarðar. **- shá**

# Barnabækur á 25–30% afslætti!




Fullt verð kr. 2.990
**Tilboðsverð kr. 1.860**




Fullt verð kr. 2.690
**Tilboðsverð kr. 1.990**




Fullt verð kr. 2.290
**Tilboðsverð kr. 1.690**




Fullt verð kr. 2.290
**Tilboðsverð kr. 1.690**




Fullt verð kr. 2.990
**Tilboðsverð kr. 2.240**




Fullt verð kr. 2.990
**Tilboðsverð kr. 1.990**




Fullt verð kr. 2.690
**Tilboðsverð kr. 1.990**




Fullt verð kr. 2.490
**Tilboðsverð kr. 1.690**




Fullt verð kr. 2.490
**Tilboðsverð kr. 1.860**




Fullt verð kr. 2.690
**Tilboðsverð kr. 1.990**




Fullt verð kr. 2.290
**Tilboðsverð kr. 1.690**




Fullt verð kr. 2.490
**Tilboðsverð kr. 1.860**

Tilboðið gildir til og með 20.11.2006

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Í hvaða sæti hafnaði Ísland í árlegri þróunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna?*
2. *Hvers vegna vilja íbúar í Túnunum í Reykjavík bætur?*
3. *Hvaða íslenski veitingastaður var nýlega lofaður í New York Times*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Formaður Leikskólaráðs segir manneklu vegna forfalla og veikinda á leikskólum:

# Auglýsingaaðferðum breytt

**LEIKSKÓLAR** Starfsmenn vantar í tæplega sjötíu af átján hundruð stöðugildum á leikskólum Reykjavíkur, að sögn Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur, formanns leikskólaráðs. Starfsmenn vantaði í áttatíu og fjögur stöðugildi 1. október.

Ástandið er sérstaklega slæmt á tveimur leikskólum, vantar þrjá starfsmenn á hvorn skóla. Á öðrum þeirra, Gullborg, eru nítján börn send heim á dag og ekki von um að úr rætist fyrr en um áramót. Á hinum leikskólanum geta börnin bara verið hluta úr degi. Á öðrum leikskólum eru börnin sótt fyrr.



**TÍMABUNDIÐ** „Það koma kannski upp forföll eða veikindi og þá lendir skólinn í manneklu."

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður leikskólaráðs, segir að ástandið sé ekki verra nú en á sama tíma í fyrra og að það batni stöðugt. Hún staðfestir að ástandið sé slæmt á leikskólunum tveimur en vill ekki segja hvaða leikskólar það séu. Manneklan sé vegna langvarandi veikinda og óviðráðanlegra aðstæðna.

„Það koma kannski upp forföll eða veikindi og þá lendir skólinn í manneklu en í flestum tilfellum er það tímabundið," segir hún.

Verið er að bæta úr manneklunni. Búið er að breyta auglýsingaaðferðum. Auglýst er nú fyrir hvern skóla þar sem áhersla er lögð á sérstöðu hans og stefnu. Þá hefur verið samþykkt að stofna starfshóp í langtíma stefnumörkun við að fá fleira fagfólk inn auk þess sem aðrar aðferðir eru í undirbúningi. - ghs

Áframhaldandi stuðningur:

# Fleiri styrkja Sjónarhól

**FÉLAGSMÁL Fulltrúar bakhjarla Sjónarhóls-ráðgjafamiðstöðvar munu hittast í dag og skrifa undir áframhaldandi samstarf næstu þrjú árin.**

**Við stofnun Sjónarhóls, ráðgjafamiðstövar fyrir foreldra barna með sérþarfir, tóku Actavis hf., Landsbankinn, Össur hf., pokasjóður og Hringurinn að sér að vera rekstrarlegir bakhjarlar ráðgjafamiðstöðvarinnar í þrjú ár.**

**Framlag bakhjarlanna nam 9 milljónum króna en auk þess lagði ríkisstjórnin til 15 milljónir á ári.**

**Í dag bætist nýr bakhjarl í hópinn en það er Vífilfell hf.** - hs






Fundur vegna vátrygginga:

# Mögulega gripið til ráðstafana

**VIÐSKIPTI Í kjölfar fundar Fjármálaeftirlitsins (FME) með eftirlitsskyldum aðilum á tryggingamarkaði sem haldinn var í gær verður tekin ákvörðun um hvort grípa þurfi til sérstakra ráðstafanna, að sögn Rúnars Guðmundssonar, sviðstjóra vátryggingasviðs FME.**

**Á fundinum voru ræddar skyldur og ábyrgð vátryggingamiðlara og umboðsmanna, en FME hefur unnið að athugun á framkvæmd upplýsingaskyldu samkvæmt lögum um miðlun vátrygginga. Rúnar segir fundinn hafa verið gagnlegan þar sem skipst hafi verið á skoðunum og sjónarmiðum FME komið skýrt til skila.** - óká

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Árekstrar í snjó

Sex árekstrar urðu á Akureyri í gær með skömmu millibili. Að sögn lögreglunnar á Akureyri mátti rekja hluta árekstranna til ógætilegs aksturslags ökumanna miðað við aðstæður en töluverður snjór er á Akureyri eftir úrkomu síðustu daga.

## GATNAFRAMKVÆMDIR

### Lækjargata lokuð

Vegna framkvæmda verður Lækjargata lokuð til norðurs við Hverfisgötu. Þá verður lokað fyrir umferð frá Kalkofnsvegi inn Lækjargötu. Lokunin tekur gildi í dag og stendur til 24. nóvember.



**AKUREYRI** Gunnlaugur A. Júlíusson, hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, segir vaxandi mun á afkomu sveitarfélaganna vegna þenslu í samfélaginu. Akureyri er einn þeirra bæja sem ekki eiga við þennan vanda að etja.

# Munur á afkomu eykst

**Munurinn á afkomu sveitarfélaganna fer ört vaxandi. Litlu sveitarfélögin eiga erfiðara með að svara auknum þjónustukröfum og láta enda ná saman.**

**FJÁRMÁL** Vaxandi munur er á afkomu sveitarfélaganna á suðvesturhorninu annars vegar, frá Borgarbyggð austur í Árborg, og víðast úti á landi hins vegar, ef undan er skilið Akureyri og sveitarfélögin á Mið-Austurlandi.

Gunnlaugur A. Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að afkomumunurinn fari margvaxandi vegna þenslunnar. Á höfuðborgarsvæðinu hafi verið mikil mannfjölgun og launagreiðslur vaxið en víða úti á landi sé „í besta falli kyrrstaða". Íbúafjöldinn standi ef til vill í stað en launaútgjöldin vaxi því sama launastefna sé yfir allt landið.

„Þegar Reykjavíkurborg hækkaði laun í fyrrahaust þá gengu hækkanirnar yfir allt landið og sveitarfélög, sem ekki gátu borgað þetta, höfðu ekki vald á þessari þróun," segir Gunnlaugur.

Bilið milli sveitarfélaganna hefur vaxið gríðarlega á síðustu tveimur til þremur árum. Heildarafkoma sveitarfélaganna fer batnandi. Þannig hafa tekjur hækkað um rúm þrettán prósent í heildina. En verulegur munur er á stöðu sveitarfélaganna innbyrðis og fer sá munur að miklu leyti eftir landfræðilegri legu þeirra.

„Á sama tíma og sveitarfélögin eiga erfiðara með að ná saman endum og tekjurnar standa í stað vaxa þjónustukröfurnar og litlu sveitarfélögin verða að reyna að standa öðrum sveitarfélögum á sporði til að halda í fólkið. Þetta er vítahringur," segir Gunnlaugur og telur að staðan versni ef ekkert verði að gert.



> „Þegar Reykjavíkurborg hækkaði laun í fyrrahaust gengu hækkanirnar yfir allt landið og sveitarfélög, sem ekki gátu borgað þetta, höfðu ekki vald á þessari þróun.
>
> **GUNNLAUGUR A. JÚLÍUSSON**
> SVIÐSSTJÓRI HAG- OG UPPLÝSINGASVIÐS SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

„Þetta er alltaf spurning um tekjustofna og jöfnunarkerfi sveitarfélaga," segir hann. „Öll sveitarfélög eru með fullnýtta tekjustofna og tekjuramminn er þröngur. Tæp 20 prósent þjóðarinnar búa í sveitarfélögum þar sem fólki hefur fækkað og samdráttur er i atvinnu meðan allt er á fljúgandi siglingu annars staðar."

Gunnlaugur bendir á að mikil fjölgun einkahlutafélaga hafi áhrif á afkomu sveitarfélaganna þar sem skattarnir lágmarkast. Þeir sem greiða bara skatt af fjármagnstekjum greiða til ríkisins, ekki sveitarfélaganna.

Sveitarfélögin safna því annaðhvort skuldum eða draga úr viðhaldi og fresta nauðsynlegum framkvæmdum. „Sá ferill er ekki endalaus. Byggingar og götur slitna. Þetta veldur okkur áhyggjum."

ghs@frettabladid.is


FRAMKVÆMDASVIÐ

Tilkynning um lokun

Lækjargata lokuð tímabundið við Hverfisgötu

Vegna framkvæmda verður Lækjargata tímabundið lokuð til norðurs við Hverfisgötu. Umferð norður Lækjargötu verður beint **upp Hverfisgötu** og umferð niður Hverfisgötu verður beint **suður Lækjargötu**.
Einnig verður lokað tímabundið fyrir umferð frá Kalkofnsvegi inn Lækjargötu.

Lokanir eru vegna framkvæmda við fráveitulagnir í tengslum við undirbúning lóðar fyrir Tónlistar- og ráðstefnuhús og fleiri byggingar.

**Lokað verður frá kl. 10 í dag**. Áætlaður framkvæmdatími er **10 dagar**.

Vegfarendur eru beðnir um að sýna tillitssemi og aðgát við þessar breyttu aðstæður.

Nánari upplýsingar í síma 411 8000 og á www.reykjavik.is/fs

kaktus FRA 1106-04


8 sinnum
meiri hraði fyrir
sama pening
HiveLite 3.990 kr. á mánuði
Með Hive Lite færðu 8Mb nettengingu og 4 GB af erlendu niðurhali fyrir aðeins 3.990 krónur á mánuði. Fyrir sama pening færðu 1Mb tengingu hjá Símanum eða Og Vodafone. Það er óneitanlega ekkert gaman að borga sama verð fyrir átta sinnum hægari tengingu. Enda er það algjör óþarfi – sérstaklega þegar það er ekkert mál að skipta. Hringdu í 414-1616 og fáðu meira fyrir peninginn.
Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími: 414 1616 hive@hive.is
Hive
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA • Ljósm. Svenni Speight



**STJÓRNARANDSTÆÐINGAR BARÐIR** Óeirðalögreglumenn láta höggin dynja á stuðningsmanni stjórnarandstöðunnar í Bangladess, sem tók þátt í kröfugöngu í Dhaka á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flugsafn Íslands flytur í stærra húsnæði á Akureyri á næsta ári:

# Nýtt flugsafn kostar 150 milljónir

**MENNING** Áætlað er að opna nýtt og stærra flugsafn á Akureyri næsta sumar. Flugsafn Íslands áformar að byggja 2.178 fm safnhús undir starfsemi sína og er áætlaður byggingakostnaður 150 milljónir króna.

Svanbjörn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Flugsafnsins, segir núverandi húsnæði safnsins við Akureyrarflugvöll ekki rúma alla þá muni sem Flugsafnið eigi og því hafi verið orðið tímabært að byggja stærra húsnæði.

„Safnið hefur verið mjög vinsælt og það sem af er þessu ári hafa um 5.000 manns heimsótt safnið og er stór hluti gestanna erlendir ferðamenn.“



**SAMNINGUR UM FLUGSAFN** Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri Akureyrar, og Svanbjörn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Flugsafns Íslands.

Akureyrarbær styrkir framkvæmdina með framlagi sem nemur um þriðjungi áætlaðs kostnaðar. Þá mun menntamálaráðuneytið veita styrk til verkefnisins að upphæð 37 milljónum króna.

Flugsafn Íslands samanstendur af flugvélum og flugvélahlutum og að þar má sjá flugsögu Íslands í myndum og texta. „Safnið spannar alla flugsögu Íslands sem hófst árið 1919 þegar fyrsta íslenska flugvélin hóf sig til flugs en einnig verða á safninu sérsýningar um íslenska flugkappa. Þá stendur flugsafnið fyrir flughelgi einu sinni á ári.“ - hs

Fyrrum fangi á dauðadeild:

# Tuttugu ára dómur vegna morðs

**FLÓRÍDA, AP** Rudolp Holton var á mánudag dæmdur í tuttugu ára fangelsi í Tampa á Flórída fyrir að kyrkja eiginkonu sína.

Holton var fangi á dauðadeild en var látinn laus árið 2003 eftir að vitni í máli hans viðurkenndu að hafa logið í réttarhöldum yfir honum árið 1986. Hann var talinn hafa myrt hina sautján ára gömlu Katrina Graddy. Við DNA-rannsókn kom í ljós að hár sem fannst á líkama stúlkunnar var ekki úr Holton.

Frá því að Holton var látinn laus hefur hann ítrekað komist í kast við lögin, meðal annars fyrir að berja konuna sína með golfkylfu. - ifv


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele

Miele S381 Tango Plus ryksuga
með 1800W mótor
Verð áður kr. 24.600

Tilboð:
Kr. 15.990

Fáanlegir fylgihlutir t.d.:
- **Hebafilter** sem hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
- **Kolafilter** sem hreinsar óæskilega lykt. Hentar vel fyrri þá sem eru með gæludýr.
- **Parketbursti** úr hrosshárum sem skilar parketinu glansandi.
- Fæst í rauðu og dökkbláu.

Miele ryksugur
á einstöku tilboðsverði

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og mikið úrval fylgihluta er innbyggt í vélina.

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

35% AFSLÁTTUR

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000




**FRÁ UNDIRRITUN** Kvikmyndagerðarmenn og ráðherrar töluðu um tímamót í íslenskri kvikmyndagerð við undirritun samkomulagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Bylting í gerð kvikmynda

## Íslensk kvikmyndagerð verður efld með nýju samkomulagi stjórnvalda og kvikmyndagerðarmanna. Áhersla verður á efni fyrir börn og unglinga.

**MENNING** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra undirrituðu í gær, ásamt fulltrúum Samtaka kvikmyndagerðarmanna, samkomulag til næstu fjögurra ára um eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar. Samkomulagið felur í sér að stuðningur við kvikmyndagerð á Íslandi eykst úr 372 milljónum á yfirstandandi ári í 700 milljónir árið 2010.

Í samkomulaginu segir að stefnt skuli að því að árlega verði gerðar ekki færri en fjórar leiknar íslenskar kvikmyndir í fullri lengd og að hlutfall framleiðslustyrks úr Kvikmyndasjóði af kostnaðaráætlun sé 50 prósent í stað 40 prósenta eins og nú er. Sérstaka áherslu á að leggja á gerð barna- og fjölskyldumynda og stuðningi við stuttmynda- og heimildamyndagerð verður haldið áfram.

Í samkomulaginu verður lögð áhersla á öflugan Sjónvarpssjóð sem ætlað er að efla framleiðslu á íslenskum þáttaröðum fyrir sjónvarp og gert er ráð fyrir að í lok samningstímans verði 125 milljónum varið til slíkra verkefna.

Þorgerður Katrín var hæstánægð eftir að samkomulagið var undirritað og lýsti því yfir að dagurinn markaði tímamót í íslenskri kvikmyndagerð. „Framtíðin er björt og við erum að taka stór skref fram á við. Við erum að varða veginn svo menningin okkar skili sér betur til komandi kynslóða. Kvikmyndir, sjónvarpsþættir og ekki síst heimildamyndir stuðla að því að við eflum okkar þekkingu og fáum að njóta þess að horfa á góðar íslenskar myndir.“ Þorgerður leggur einnig áherslu á að þekkingariðnaðurinn sem tengist kvikmyndagerð eflist við þennan samning.

Baltasar Kormákur hafði orð fyrir fulltrúum kvikmyndagerðarmanna við undirritun samningsins sem hann sagði tímamót í sögu íslenskrar kvikmyndagerðar. Kvikmyndaráð sendi í gær frá sér ályktun þar sem samkomulaginu var fagnað. Þar segir að greininni sé tryggt fjármagn og henni gert kleift að styrkja innviði sína og stuðla að áframhaldandi þróun innlendrar kvikmyndagerðar.

svavar@frettabladid.is





Réttu hjálparhönd

Félagsþjónusta Kópavogs óskar eftir að ráða fólk í heimaþjónustu.
Fjölbreytt og gefandi starf með sveigjanlegum vinnutíma.
Heilsdags- og hlutastörf. **Kynntu þér kjörin, þau koma á óvart!**
Nánari upplýsingar veita þjónustustjórar heimaþjónustunnar í síma **570 1400**.
www.kopavogur.is

Meginmarkmið Félagsþjónustu Kópavogs er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi Kópavogsbúa á öllum aldri svo þeir fái tækifæri til að taka virkan þátt í samfélaginu.

Félagsþjónusta Kópavogs


Erlendar kvikmyndir á Íslandi:

# Verðmæt landkynning styrkt

**MENNING Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, kynnti í gær frumvarp til laga um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Eldri lög um endurgreiðslu falla úr gildi um áramót en með frumvarpinu er lagt til að þau verði framlengd um fimm ár. Ráðherra leggur jafnframt til að endurgreiðsluhlutfall verði hækkað úr 12 prósentum í 14 prósent.**

**Frá árinu 2001 hafa rúmlega 600 milljónir verið endurgreiddar vegna 33 verkefna erlendra kvikmyndagerðarmanna hér á landi.** - shá



**GATNAMÓTIN HÆTTULEGU** Þar slösuðust rúmlega 200 einstaklingar á síðustu sex árum.

Tjónamestu gatnamótin:

## 520 tjón á síðustu sex árum

**SAMGÖNGUR** Flest umferðaróhöpp í Reykjavík urðu á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar á síðasta ári, að því er fram kemur í skýrslu Sjóvár Forvarnarhúss.

Tólf einstaklingar slösuðust á þessum gatnamótum á síðasta ári í 67 tjónum sem var örlítil fækkun á tjónum frá árinu áður. Á síðustu sex árum hafa rúm 520 tjón orðið á þessum gatnamótum og rúmlega 200 einstaklingar hafa slasast.

Í skýrslunni er fyrirhuguðum mislægum gatnamótum á mótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar fagnað. - hs

Félagsheimili í Vesturbyggð:

## Íhuga sölu Fagrahvamms

**FÉLAGSLÍF Bæjarstjórn Vesturbyggðar íhugar nú hvort rétt sé að auglýsa félagsheimilið Fagrahvamm til sölu. Eigendur Hótels Látrabjargs hafa óskað eftir því að kaupa eða leigja Fagrahvamm sem mun vera afar lítið nýttur. Eftir að hafa fengið álit lögmanns og skýrslu um ástand hússins segir Ragnar Jörundsson bæjarstjóri skynsamlegast að auglýsa félagsheimilið til sölu með kvöðum á nýja eigendur um að sinna endurgjaldslaust samfélagslegum skyldum á borð við opið hús einu sinni á ári, þorrablót og árshátíð íbúa í gamla Rauðasandshreppi.** - gar

Hrafntinnuriddarar kæra:

## Vilja skila hrafntinnunni

**UMHVERFISMÁL** 30 manna hópur listamanna sem kallar sig Hrafntinnuriddarana hefur kært hrafntinnubrottnám úr Hrafntinnuskeri sem nota á til að klæða Þjóðleikhúsið að utan. Hann krefst þess að þeim 50 tonnum sem þegar hafi verið brottnumin verði skilað aftur á sinn stað sem fyrst.

Í fréttum sjónvarps í gær sagði Guðrún Gísladóttir leikkona að farið hafi verið fram á að leyfi sem Umhverfisstofnun veitti Línuhönnun til brottnámsins verði fellt úr gildi. Auk þess er krafist að fyrirhuguð vinnsla á hrafntinnunni verði stöðvuð þangað til niðurstaða fæst í kærumálið. - þsj

wolfcraft®
Verkfæri fyrir smiði og aðra laghenta
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM
MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Taílendingar hittust á árlegri hátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur um helgina:

# Taílensk kona var útilokuð

**MENNING** Búddistafélagið á Íslandi hélt hátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur um helgina. Taílensk kona, Wasana Maria Thaisomboon, vildi leggja sitt af mörkum og hafði handgert flögg og barmmerki handa börnunum og vildi kynna taílensk-íslensk vinasamtök sem hún vill stofna og orðabók sem hún hefur unnið.

Hátíðin um helgina er haldin einu sinni á ári, á fullu tungli í nóvember. Kjartan Borg, ræðismaður Taílands, segir að hátíðin sé þakkargjörð til vatnsins. Þetta sé fjölskylduhátíð sem nú hafi verið haldin í annað sinn í Ráðhúsinu. Maria mætti í Ráðhúsið daginn fyrir hátíðina, talaði fyrst við ræðismanninn og svo búddamunkinn og fékk leyfi til þess að gefa það sem hún hafði búið til.

Maria stillti upp dótinu sínu en þegar hún mætti til hátíðarinnar daginn eftir hafði það verið tekið niður og sett til hliðar. Þegar hún óskaði eftir skýringum fékk hún litlar sem engar skýringar, aðeins sagt að þetta væri „pólitík“ og að hún væri ekki búddatrúar.

Maria er bæði sár og reið og telur að sér og gestum sínum hafi verið sýnd lítilsvirðing. Hún telur hugsanlegt að ástæðuna megi rekja til viðtals í DV um helgina. Þar kemur fram að hún hafi orðið fyrir misnotkun af hálfu tannlæknis fyrir tveimur árum.



**SÁR OG REIÐ** Wasana Maria telur að sér haf verið sýnd lítilsvirðing.

Pramaha Prasit, forstöðumaður Búddistafélagsins, segir að Maria hafi fengið leyfi til að kynna nýtt taílenskt-íslenskt vinafélag og hún hafi fengið sérstakt horn til þess. Hún hafi getað dreift bæklingum sínum á hátíðinni. - ghs

Breytingar á mæðravernd:

## Þungaðar konur á heilsugæsluna

**MÆÐRAVERND Breytt skipulag mæðraverndar gerir ráð fyrir því að heilbrigðar þungaðar konur sæki mæðravernd til nærliggjandi heilsugæslustöðva en konur sem skilgreindar hafa verið með áhættuþætti sækja mæðravernd til LSH þar sem sérhæft eftirlit fer fram.**

**Gert er ráð fyrir því að heilbrigðar konur njóti þjónustu ljósmóður og læknis á sinni heilsugæslustöð þar sem lögð er áhersla á samfellda þjónustu.**

**Þá verður starfið á heilsugæslustöðvunum eflt enn frekar og mun njóta stuðnings Miðstöðvar mæðraverndar.** - hs





**LEÐURBLAKA MATAST** Leðurblaka gæðir sér á gúava-ávexti í Siliguri á Indlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Áhugamenn um ættfræði skrifa bréf til menntamálaráðherra og fjármálaráðherra:

# Vilja tryggja rekstur Íslendingabókar

**ÆTTFRÆÐI** Áhugamenn um ættfræði hafa áhyggjur af áhrifum þess á ættfræðigrúsk ef Íslendingabók verður lokað og hafa sent bréf til Árna Mathiesen fjármálaráðherra og Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra og mælst til þess að ríkisstjórn og Alþingi tryggi áframhaldandi rekstur Íslendingabókar, annaðhvort með beinum fjárframlögum eða með því að styðja nokkur stöðugildi.

Fimm manns hafa starfað við Íslendingabók undanfarin ár, þar af einn í tímabundnu verkefni sem lýkur um áramót. Þremur hefur verið sagt upp þannig að fyrirsjáanlegt er að tveir starfi við verkefnið á næsta ári. Friðrik Skúlason, framkvæmdstjóri Friðriks Skúlasonar ehf., segir að forgangsverkefni verði að halda gagnagrunni



Íslenskrar erfðagreiningar í lagi.

Þjónusta við Vestur-Íslendinga hefur verið felld niður og sömuleiðis hefur verið dregið úr símaþjónustu. „Það er ljóst að þetta hefur í för með sér einhverjar breytingar en við munum reyna að halda þessu opnu eins og fjárhagur leyfir. Það er hægt að sinna því nauðsynlegasta, uppfæra nýfædda og nýlátna en þjónustan mun auðvitað minnka,“ segir Friðrik.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra er búin að fá erindi út af þessu máli en vill ekki ræða málið í bili.

- ghs

**FRIÐRIK SKÚLASON** Forgangsverkefni verður að halda gagnagrunni Íslenskrar erfðagreiningar í lagi, að sögn Friðriks Skúlasonar. Ættfræðigrúskarar hafa ritað ráðherrum bréf í von um að Íslendingabók fái fjárstyrk.






**DAMBUZA OG RADEBE** Þær verða fyrstar til þess að nýta sér heimildina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingið í Suður-Afríku:

## Samkynhneigðir mega giftast

**JÓHANNESARBORG, AP** Suður-Afríka er fyrsta ríkið í Afríku sem lögleiðir borgaraleg hjónabönd samkynhneigðra. Þær Bathini Dambuza og Lindiwe Radebe, sem hafa verið trúlofaðar í eitt ár, ætla sér að verða fyrsta samkynhneigða parið sem nýtir sér þessa heimild.

„Ég get ekki beðið,“ segir Radabe, sem er 25 ára. „Það er mikilvægt fyrir okkur að fá þessa viðurkenningu.“

Þjóðþing Suður-Afríku samþykkti á þriðjudaginn að samkynhneigðir gætu gengið í borgaralegt hjónaband, og byggði það á ákvæði í stjórnarskrá landsins frá 1996 þar sem bannað er að mismuna fólki á grundvelli kynhneigðar.

- gb

Stjórnarkreppan í Líbanon:

## Afsögn enn eins ráðherrans

**BEIRÚT, AP Yaacoub Sarraf, umhverfisráðherra í ríkisstjórn Líbanons, sagði sig úr stjórninni á mánudaginn. Sarraf er kristinnar trúar en á laugardaginn sögðu fimm sjía-múslímar sig úr stjórninni vegna þess að þeir vilja að myndið verði ný þjóðstjórn þar sem sjíar fengju meira vægi.**



**YAACOUB SARRAF**

**„Ég get ekki séð sjálfan mig tilheyra neinu stjórnvaldi þar sem heill trúflokkur er fjarverandi,“ sagði Sarraf. Fjórðungur ríkisstjórnarinnar hefur nú sagt sig úr stjórninni, sem skipuð var 24 ráðherrum.**

**Afsagnirnar gera það að verkum að stjórnin á erfitt með að sitja öllu lengur.**

- gb

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Bifreið stolið

Lexus jeppabifreið var stolið úr bílskúr við einbýlishús í austurhluta Kópavogs í gærmorgun. Bifreiðin fannst skömmu síðar í vesturhluta bæjarins. Lögreglan í Kópavogi rannsakar nú málið en ekki er vitað hver var að verki.

Foldaskóli fær Grænfánann:

# Græna fánanum fagnað

**UMHVERFISMÁL** Í gær fékk Foldaskóli afhentan Grænfánann sem er alþjóðleg viðurkenning og staðfesting á virku umhverfisstarfi.

Kristinn B. Guðmundsson, skólastjóri í Foldaskóla, segir að vinna við að fá Grænfánann hafi staðið undanfarin tvö ár.

„Í tilefni dagsins voru haldnar ræður og boðið upp á tónlistaratriði og veitingar.

Grænfánann fáum við til tveggja ára en þess má geta að Hafdís Ragnarsdóttir, sem er umhverfisfræðingur og kennari við skólann, leiddi starfið.“ - hs



**GRÆNFÁNINN DREGINN AÐ HÚNI** Í tilefni dagsins var boðið upp á tónlistaratriði og veitingar.



**SIGRÍÐUR DÚNA ÁSAMT INNFÆDDUM** Sigríður Dúna kynnti sér starfsemi og verkefni ÞSSÍ í Mósambík og varð vitni að því hvernig þróunarverkefni hefur sig til flugs.

Þróunarsamvinnustofnun með verkefni í Mósambík:

# Aðstoð við sveitir landsins aukin

**ÞRÓUNARMÁL** „Þetta var afar athyglisverð ferð og það var einstaklega ánægjulegt að kynnast starfsemi og verkefnum Þróunarsamvinnustofnunar í Mósambík,“ segir Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, sendiherra Íslands í Suður-Afríku, en hún kynnti sér á dögunum starfsemi ÞSSÍ í Mósambík. Sigríður Dúna segir að ekki hafi síður verið fróðlegt að kynnast landi og þjóð og henni sé sérlega minnisstæð ferð norður til Inhambane.

„Í Inhambane gafst okkur færi á að kynnast aðstæðum á vettvangi langt inni í skógum Mósambík og verða vitni að því hvernig þróunarverkefni hefur sig til flugs,“ segir Sigríður Dúna.

Að sögn Mörtu Einarsdóttur, verkefnisstjóra ÞSSÍ í Mósambík, er stefna ríkisstjórnar landsins að auka aðstoð við sveitir landsins og leggja áherslu á landbúnað en 70 prósent landsmanna búa í sveitum og hafa einkum lífsviðurværi sitt af landbúnaði. Markmið kvenna- og félagsmálaráðuneytisins er að aðstoða konur og aðra hópa sem eiga um sárt að binda við að auka landbúnaðarframleiðslu og ráðstöfunartekjur. Marta segir að verkefnið í Inhambane snúi því einkum að ekkjum, einstæðum mæðrum og fjölskyldum með munaðarlaus börn á framfæri.

Í tilefni af komu Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur sendiherra og starfsmanna Þróunarsamvinnustofnunar til Guissembe voru grasrótarsamtökin formlega stofnuð með hátíðardagskrá, dansi, ræðuhöldum og vígsluathöfn. Allir þorpsbúar tóku þátt í dagskránni og sýndu einstaka gestrisni að hætti heimamanna. - hs

Aldarafmælis Stórhöfðavita í Eyjum fagnað:

# Aðeins fjórum sinnum logn á ári

**VESTMANNAEYJAR** Mikið var um dýrðir í Vestmannaeyjum í gær þegar því var fagnað að Stórhöfðaviti er 100 ára. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra var meðal veislugesta ásamt þingmönnum kjördæmisins.

Í ræðu Sturlu kom fram að meðalvindhraði á Stórhöfða er 11 metrar á sekúndu og þar er að jafnaði logn fjórum sinnum á ári.

Ráðherra og veislugestir skoðuðu meðal annars mælitæki í vitanum sem er eini mannaði vitinn í dag. Mælitækin eru notuð til að mæla mengun sem kemur með lægðum til landsins. Ástæða þess að mælitækin eru staðsett á Stórhöfða er sú að lægðir koma yfirleitt fyrst að Vestmannaeyjum og sýna þannig hvernig mengun getur borist að landinu.

Boðið var til kaffisamsætis í tilefni afmælisins. - hs



**STURLA BÖÐVARSSON MEÐ STÓRHÖFÐAVITA Í BAKSÝN** Vitinn varð 100 ára 1. september síðastliðinn.





# e-kortið er gott fyrir veskið

**Með því að nota e-kortið færðu alltaf endurgreiðslu í beinhörðum peningum af öllum þínum viðskiptum innanlands**




**Þú sækir um á www.ekort.is**

**Þú sparar í hvert skipti sem þú notar e-kortið**

- Þú færð endurgreiðslu hvar sem þú verslar innanlands.
- Þú færð endurgreiðslu af öllum boðgreiðslum eins og orkureikningum, leikskólagjöldum, fasteignagjöldum, sjónvarpsáskriftinni og öllu hinu sem fylgir því að reka heimili.
- Þú færð 0,65–25% viðbótarendurgreiðslu og ýmis sértilboð hjá yfir 200 fyrirtækjum.
- Með því að nota e-kortið getur þú áunnið þér tugi þúsunda króna sem þú notar í það sem þér hentar.

SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@ekort.is / www.ekort.is

e kort


3.990
8.061
Vnr. 89010170
Innimálning
SADOLIN innimálning, gljástig 10, ljósir litir, 7 ltr.
Sadolin
40%
EKSTRA
3.990
5.838
10 ltr.
Vnr.89000182
Loftamálning
SADOLIN loftamálning, gljástig 3, hvítt, 10 ltr.
GERÐU
LEIFHEIT
Vnr. 40051150
Gluggaskafa
LEIFHEIT PICO SPRAY gluggaskafa.
3.990
2.490
3.390
KASSEL
Vnr. 88016502
Ryksuga
KASSEL ryksuga 1400W. Stillanlegur kraftur og stór hjól. Mælir sýnir hve mikið er í ryksugupokanum.
LEIFHEIT
Vnr. 40055020
Moppa
LEIFHEIT STRONG moppa, 46 cm, með skafti.
2.890kr
3.990 kr.




# 3.490

~~5.822~~

4 ltr.

Vnr.86620140-3737

**Innimálning**

**KÓPAL** Glitra innimálning, gljástig 10, allir litir, 4 ltr.



Vnr. 84175700

**Penslasett**

Penslasett grænt, 23, 38 og 63 mm.

**590** kr.

~~990~~ kr.

# KLÁRT

## fyrir jólin!




**BOSCH**

Vnr. 74864002

**Skrúfvél**

**BOSCH** hleðsluskrúfjárn með ljósi, lithium rafhlaða IXO II, 3,6V.

**3.990** kr




# 7.990

~~9.590~~

**BOSCH**

Vnr. 74860500

**Borvél**

**BOSCH** höggborvél 500, í tösku, 500W, 13 mm patróna.



Vnr. 68870128

**Skrúfjárnasett** **1.290** kr.

~~2.187~~ kr.

**LUX** skrúfjárnasett 43 stk.




**BOSCH**

Vnr. 74859327

**X-Line sett** **2.990** kr.

~~4.318~~ kr.

**BOSCH** X-Line sett 50 stk.

**BYKO**

**GÆÐI Á LÆGRA VERÐI**

## „ORÐRÉTT“

### Áhrif umræðunnar

**„Þá tel ég að andrúmsloft sé erfiðara á ýmsum vinnustöðum nú en áður, því fólk er svo fljótt til. Ég get ímyndað mér að andúð sé nú sýnilegri inni á vinnustöðum.“**

EINAR SKÚLASON, FRAMKVÆMDASTJÓRI ALÞJÓÐAHÚSS, EN INNFLYTJENDUR HRINGJA NÚ MEIRA EN ÁÐUR OG LÝSA ÁHYGGJUM SÍNUM OG KVÍÐA.

**Fréttablaðið 14. nóvember.**

### Kynveran í ljósunum

**„Persónulega hef ég sem kvenmaður aldrei hugsað um veruna á götuljósunum sem kynveru og ég get hreinlega sagt að ég hef aldrei hætt við eða neitað að fara yfir gangbraut út af því að veran er ekki nógu kvenleg.“**

LISA MARIE LE TAROUILLY SEM SKILUR EKKI ÞÖRFINA Á AÐ HAFA “KERLINGU” Í GÖTULJÓSUNUM.

**Morgunblaðið 14. nóvember.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SIGRÍÐUR NÍELSDÓTTIR TÓNLISTARMAÐUR

## Ævin kvikmynduð



„Í þessum veðurumhleypingum fæ ég í bakið og geri minna en vanalega,“ segir Sigríður Níelsdóttir, tónlistarkona í Þingholtunum. „Ég reyni bara að hreyfa mig sem minnst, en þetta fer vonandi að lagast. Annars er ég alltaf í músíkinni og er núna að gera lög við ljóð úr ljóðabók Bjarna Bernharðs, „Í sveigðu rúmi“. Þetta er fjórði diskurinn þar sem ég geri lög við ljóðin hans. Mér finnst gaman að ljóðunum hans Bjarna en stundum skil ég þau ekki. Orðin eru svo falleg en svo er kannski verið að lýsa einhverri sýruferð sem ég hef ekki hugmynd um hvað er.“

Sigríður segir að nýi diskurinn verði númer 55 eða 56, hún er ekki viss, en sá fyrsti kom árið 2001. „Ég er líka að dunda við að gera klippimyndir og held líklega sýningu á næsta ári. Svo er verið að gera kvikmynd um ævi mína. Þetta átti bara að vera smá vídeómynd fyrst en nú stefnir þetta í að verða 90 mínútna heimildamynd. Það er búið að taka svaka mikið og næst á að taka upp á jólunum. Mér fannst það voða skrýtið að hafa menn með vélar allt í kringum mig og var stíf og svona því í raun er ég rosalega feimin, en nú er ég orðin vön þessu. Við erum búin að labba um hálfan bæinn og meðal annars fara í strætó og í Bónus. Þar komu tveir karlar og spurðu hvað við værum eiginlega að gera því það hafði víst gleymst að biðja um leyfi. En svo leystist það og þeim var lofað boðsmiðum í bíó.“

## KÖNNUN:
### KARLAFLENSAN STAÐREYND

Karlaflensa – hið sálfræðilega ástand sem gerir það að verkum að karlmenn telja sig oftar fá flensu en konur – er staðreynd samkvæmt nýrri breskri könnun. Karlar taka sér oftar frí vegna veikinda, eyða meira í lyf. Þá voru karlarnir lengur veikir heima, í þrjá daga að meðaltali á móti tveim dögum hjá konunum. Læknar segja þó að í raun fái konur oftar flensu því þær



umgangist börn – helstu smitberana – mun meira en karlar.

## SJÓNARHÓLL
MÓTMÆLI VIÐ KOMU SENDIHERRA ÍSRAELS

### Staðið saman gegn óréttlæti



**RAGNHEIÐUR EIRÍKSDÓTTIR** Tónlistarkona.

„Mér þykir það alveg ægilegt, skiptir ekki máli hvaða þjóð á í hlut, þegar fólk tekur upp á því að fara að drepa hvað annað út af málefnum,“ segir Ragnheiður Eiríksdóttir tónlistarmaður. „Ég held að það sé aldrei lausn og enginn friður vinnst með stríði. Það er spennandi þegar fólk tekur upp á því að standa saman gegn því óréttlæti sem stríð er og mér fannst verulega gott hjá félaginu Ísland-Palestína að hittast fyrir utan utanríkisráðuneytið í gær til að mótmæla komu sendiherra Ísraels. Eina leiðin til að berjast gegn óréttlæti í hvaða formi sem það er, er að hittast og mótmæla og Íslendingar hafa verið alltof lélegir í því í gegnum tíðina. Það væri óskandi að íslenska þjóðin tæki sig oftar saman og mótmælti, til dæmis gegn dýrtíð í landinu og lélegum launum, en það eru málefni sem snerta mjög marga.“

# Hvað á barnið að heita?

**Foreldrum er skylt að gefa barni sínu nafn innan sex mánaða frá fæðingu þess. Ef dráttur verður á má leggja þúsund króna dagsektir á foreldra þangað til barnið hefur fengið nafn. Stundum þarf mannanafnanefnd að hafa afskipti af málum og það er líka gott til þess að vita að hægt er að skipta um nafn ef manni sýnist svo.**

Samkvæmt tölum síðasta árs eru alls 11.826 mismunandi fyrstu nöfn skráð í þjóðskrá Íslands. Þessi tala nær yfir íslenska og erlenda ríkisborgara. Mikill munur er á vinsældum nafnanna, þannig höfðu 3.772 nöfn þrjá eða fleiri núlifandi nafnhafa á árinu 2005, 1.419 nöfn höfðu tvo nafnhafa og 6.635 nöfn höfðu aðeins einn. Stærstur hluti þeirra er af erlendum uppruna, en samkvæmt lögum frá árinu 1996 þurfa útlendingar sem hingað flytja ekki lengur að „íslenska“ nafnið sitt. Sú regla þótti mjög asnaleg og ósanngjörn, sérstaklega af því hún virtist ekki ná yfir fræga útlendinga sem hingað fluttu. Til dæmis þurfti Vladimir Ashkenazy ekki að heita Valdimar Ari eftir að hann gerðist íslenskur ríkisborgari.

Enn eru eiginnöfn og millinöfn takmörkuð og mega ekki vera fleiri en þrjú.

Dómsmálaráðherra skipar mannanafnanefnd sem hefur meðal annars það verkefni að semja skrá um eiginnöfn og millinöfn sem teljast heimil. Í því sambandi gilda þessar meginreglur:

* Nafnið þarf að geta tekið íslenskri eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli.
* Það má ekki brjóta í bága við íslenskt málkerfi.
* Það skal ritað í samræmi við íslenskar ritvenjur nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess.
* Það má ekki vera þannig að það geti orðið þeim sem ber það til ama.
* Stúlku má aðeins gefa kvenmannsnafn og dreng aðeins karlmannsnafn.

Mannanafnanefnd hefur stundum verið sökuð um þvermóðsku en sé litið á þau nöfn sem nefndin hefur samþykkt er vandséð að það eigi rétt á sér. Þannig hefur hún samþykkt nöfn eins og Mekkinó, Þúfa, Mundheiður og Öndólfur. Ekki verður heldur annað séð en að mannanafnanefnd hafi í mörgum tilfellum komið í veg fyrir sjálfkrafa einelti með því að hafna nöfnum eins og Ká Dúnhaugur eða Satanía Mizt.

Nafnahefðir hafa breyst mikið síðustu árin sökum vaxandi vinsælda tvínefna. Rúmlega 80 prósent landsmanna á aldrinum 0–4 ára bera nú tvö eiginnöfn samanborið við innan við 20 prósent einstaklinga yfir 85 ára aldri. Þótt Jón og Guðrún séu enn vinsælustu nöfn landsins þá sækja „tískunöfn“ hart að þeim. Samkvæmt manntalinu 1901 hétu 9,6 prósent karla Jón og 10,5 prósent kvenna Guðrún. Rúmri öld síðar, í lok árs 2004, voru Jónarnir komnir í 3,8 prósent en Guðrúnar í 3,6 prósent. Nú eru 200 Jónar á aldrinum 0-4 ára, en Aron sækir hart að Jóni því 199 Aronar eru nú til á sama aldri.

Það er óþarfi að örvænta þótt foreldrar manns hafi gefið manni asnalegt nafn því hver sem er getur breytt um nafn ef hann vill. Ef þú heitir til dæmis Jón en vilt heita Aron þá dugar að fylla út eyðublað hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Þetta heitir að „kaupa nafn“ og kostar hver breyting 4.400 krónur. Tekið er fram með feitletri á eyðublaðinu að nafnbreytingar séu einungis heimilaðar einu sinni nema sérstaklega standi á. Það borgar sig því að vera alveg viss til að komast hjá óþarfa veseni.

gunnarh@frettabladid.is



**EINN TILBÚINN UNDIR SKÍRN** Fær hann gamalgróið nafn eins og Jón Gunnar eða tískunafn eins og Alexander Frosti?

**Algengustu nöfnin á Íslandi í lok árs 2005:**
1. Jón (6.072)
2. Guðrún (5.673)
3. Anna (4.998)
4. Sigurður (4.842)
5. Guðmundur (4.586)
6. Sigríður (4.193)
7. Kristín (4.126)
8. Gunnar (3.599)
9. Margrét (3.380)
10. Helga (3.177)

**Algengustu nöfn útlendinga á Íslandi í lok árs 2005:**
1. Julia (391)
2. Nina (308)
3. José (138)
4. Natalia (128)
5. Marianna (113)
6. Andrzej (111)
7. Krzysztof (110)
8. Marek (106)
9. Piotr (102)
10. António (99)

**Vinsæl „tískunöfn“:**
Eva (1.275), Sara (994), Aron (831), Alexander (707), Andrea (640), Alexandra (374), Birta (364), Gabríel (239), Sylvía (239), Embla (170), Máni (131), Saga (127), Elma (81), Amanda (66), Aþena (60), Frosti (53) og Dögg (45).



**KÁTIR KRAKKAR Á ÆGISBORG** Jafn líklegt að hér sé Jón og Guðrún á ferð og Eva og Aron. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

**Dæmi um nöfn sem mannanafnanefnd hefur samþykkt:**
**Strákar:** Austri, Aspar, Atlas, Angi, Annar, Búri, Beinir, Bjólan, Bambi, Baugur, Dagfari, Dreki, Engilbjartur, Engill, Gutti, Geisli, Gellir, Hrærekur, Hlégestur, Ísmael, Júlí, Kópur, Krummi, Mýrkjartan, Náttmörður, Nóni, Nóvember, Otur, Rómeó, Ríó, Saxi, Sigfastur, Sigurnýas, Spartakus, Tandri, Tóki, Trúmann, Úddi, Úranus, Virgill, Vorm, Ykill, Zakaría, Þiðrandi, Þjálfi og Öndólfur.
**Stelpur:** Apríl, Ásla, Bjartmey, Blædís, Branddís, Bíbí, Brák, Drótt, Dæja, Einfríður, Enóla, Friðsemd, Folda, Fregn, Gauja, Gógó, Grélöð, Gæflaug, Hlökk, Himinbjörg, Irpa, Jökla, Konkordía, Kormlöð, Kjalvör, Kría, Lífdís, Líndís, Læla, Loftveig, Mekkín, Mey, Mörk, Ninja, Náttsól, Pamela, París, Rannva, Sabína, Sylgja, Stefánný, Sæsól, Tala, Tindra, Venus, Víf, Þoka, Þrá og Örbrún.

**Dæmi um nöfn sem mannanafnanefnd hefur hafnað:**
Curver, Engifer, Finngálkn, Ismaíl, Járnsíða, Kosmo, Konstantínos, Lusifer, Reginbald, Spartacus, Tryggvason, Twist, Vídó, Anndrá, Blær, Dyljá, Inga-Lill, Kæja, Marís, Naómi, Randy, Satanía, Veronica, Yasmin og Ýrí. Þá hefur Axel og Örn verið hafnað sem kvenmannsnöfnum.


Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni



Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ

– Vel lesið

*Gallup maí 2006



JÓLAFÖNDUR
Glæsileg stafræn myndavél og ljósmyndaprentari sem prentar þínar myndir beint í jólakortin. Pappír og blek fylgja með.*
*Blek og pappír fyrir 20 myndir.
KODAK C530 og Ljósmyndaprentari
Myndavél, prentari, pappír og blek!
Vörunúmer: hp20313007006
5M pixla stafræn myndavél
• 16MB innra minni • 5x stafrænn aðdráttur
• Snögg að taka myndir • Innbyggt flass
• 1,5" LCD-skjár • 10 sek. sjálftakari
• Vörn gegn rauðum augum • VGA-vídeóupptaka
Ljósmyndaprentari - Printer Dock Series 3
• Margverðlaunuð Kodak myndgæði
• Pappir skemmist ekki af fingraförum.
• Pappír þolir vatn og hægt að þerra bleytu án skemmda.
• Kodak XTRALIFE húðaður pappír
• Prentun með eða án tölvu.
SAMAN Í PAKKA
Office1
Aðeins 29.900.-
Búðu til persónuleg jólakort!
SKRAUT PAPPÍR
99 kr. ÖRKIN
VERÐ FRÁ: 495 kr.
GLIMMER LÍM
VERÐ FRÁ: 77 kr.
KORT & UMSLÖG
VERÐ FRÁ: 359 kr.
SKRAPP PAKKAR
VERÐ FRÁ: 1.875 kr.
LAMPA SETT
VERÐ FRÁ: 2.295 kr.
FÖNDUR SKRAUT
VERÐ FRÁ: 345 kr.
FÖNDUR KARTON
VERÐ FRÁ: 1.395 kr.
MYNSTUR GATARAR
VERÐ FRÁ: 499 kr.
SKÆRA SETT
VERÐ FRÁ: 699 kr.
FÖNDUR LÍMMIÐAR
VERÐ FRÁ: 99 kr.
Office 1 Superstore
Afgreiðslutímar
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 11-17
Sunnudaga frá 11-17
Sími: 550-4100
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19
Fimmtudaga frá 11-21
Laugardaga frá 11-18
Sunnudaga frá 13-18
Sími: 550-4140
Office 1 Akureyri
Virka daga frá 10-18
Laugardaga frá 11-16
Sími: 550-4150
Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 10-14
Sími: 550-4160
Office 1 Ísafirði
Virka daga frá 10-18
Laugardaga frá 11-16
Sími: 550-4170
Office 1 Vestmannaeyjum
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 10-14
Sími: 550-4180
www.office1.is

## Svona erum við

> Fjöldi skrásettra vélhjóla í árslok 2005 eftir landsvæði




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ÍRAKSMÁLIÐ

# *Bandaríska þingið og stríðið í Írak*

Sigur Demókrataflokksins í þingkosningum í Bandaríkjunum í síðustu viku tryggði flokknum meirihluta bæði í fulltrúadeild og öldungadeild þingsins. Þar með þarf repúblikaninn George W. Bush forseti að semja við andstæðinga sína í hvert sinn sem hann vill koma málum í gegnum þingið. Demókratar vilja kalla bandaríska herinn heim frá Írak eins fljótt og mögulegt er.

**Hver ræður yfir hernum?**
Forseti Bandaríkjanna verður áfram æðsti yfirmaður bandaríska hersins, eins og kveðið er á um í stjórnarskrá Bandaríkjanna. Þingið hefur engin völd til þess að senda hermenn eitt eða neitt, flytja þá á milli staða eða kalla herinn heim frá Írak. Þingið hefur á hinn bóginn fjárveitingarvaldið í sínum höndum. Þingið ræður þar með öllum fjárveitingum til hermála og getur dregið úr þeim eða aukið þau að vild. Þingið getur þar með gert bandaríska hernum afar erfitt að halda úti stríðsrekstri í Írak, enda hafa aðgerðirnar þar verið þungur fjárhagslegur baggi á hernum.

**Hver ræður utanríkisstefnunni?**
Bush hefur áfram völd til þess að ráða utanríkisstefnu Bandaríkjanna í aðalatriðum, en þarf þó að taka visst tillit til þingsins. Mestu skiptir að þingið þarf að samþykkja alla alþjóðlega samninga og skipun bæði í sendiherrastöður og önnur helstu embætti Bandaríkjanna, jafnt heima fyrir sem á alþjóðavettvangi. Þingið getur einnig samþykkt ályktanir, meðal annars um afstöðu þingsins til stöðu mála í öðrum ríkjum, sem forsetinn gæti átt erfitt með að hunsa ef hann vill halda friðinn á þinginu.



**Hvað með neitunarvaldið?**
Bush forseti hefur áfram neitunarvald. Hann getur hvenær sem er neitað að skrifa undir lög sem þingið hefur samþykkt en honum líkar ekki við. Jafnt repúblikanar sem demókratar horfa nú fram á veginn til þingkosninga, og ekki síður til forsetakosninga árið 2008. Ímynd flokkanna gagnvart kjósendum skiptir þá oft meira máli en að hrinda tilteknum stefnumálum í framkvæmd.

**SPURT & SVARAÐ**
FÉLAGSMENN FÍB UM 15.000

## *Almenn hagsmunagæsla*



**RUNÓLFUR ÓLAFSSON**
Framkvæmdastjóri FÍB

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, segir skatta og gjöld Icelandair og Iceland Express hafa hækkað um 147 prósent á síðustu þremur árum.

**Hvert er hlutverk FÍB?**
„FÍB eru hagsmuna- og neytendasamtök bifreiðaeigenda á Íslandi og frá upphafi hefur það verið tilgangur félagsins að sameina bifreiðaeigendur og efla umferðaröryggi og umferðarmenningu.“

**Hve gamalt er félagið og hve margir eru félagsmenn?**
„Félagið var stofnað árið 1932 og verður því 75 ára á næsta ári. Meðlimir FÍB eru um 15.000 talsins.“

**Í hverju felst starfsemin?**
„Starfsemin er tvíþætt, annars vegar persónuleg þjónusta og hins vegar almenn hagsmunagæsla. Við bjóðum upp á lögfræði- og tækniþjónustu fyrir einstaklinga og þeir sem borga félagsgjöld til FÍB fá aðgang að aðstoðarþjónustu FÍB sem felur í sér startþjónustu, dekkjaskipti og dráttarbíl ef með þarf. Þessi þjónusta er í boði á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.“

HARD FUN REAL LIFE

Nám í Danmörku
Margmiðlunarhönnun

**Tveggja ára akademískt nám sem inniheldur**
- Margmiðlunarþróun
- Skapandi hönnun
- Samskipti og markaðssetningu
- Verkefnastjórnun og internetviðskipti (e-business)

**Alþjóðalegt nám**
- Nemendur frá Norður-Evrópu
- Kennsla á ensku
- Engin skólagjöld
- Verkefni sem fela í sér að vinna með alvöru fyrirtækjum til að styrkja reynslu þína
- Vettfangsferð til San Francisco
- Hópavinna í hverri viku



Önnin byrjar 22. janúar 2007

**Frekari upplýsingar á www.noma.nu**

**Kynningarfundur í Reykjavik**
þriðjudaginn 5. desember 2006 kl. 15.00
Radisson SAS Saga Hotel, Hagatorgi,
Reykjavik 107
**Skráning á: meeting@noma.nu**

NoMA er margmiðlunarskóli sem að er staðsettur í bænum Kolding á Jótlandi. Brautin heyrir undir danska menntamálaráðuneytið.

NoMA NORDIC MULTIMEDIA ACADEMY

# Atvinnu- og búseturéttur grundvallaratriði í samningaviðræðum

**Efnisatriði laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins eru umdeild. Þau tóku gildi 1. maí á þessu ári. Síðan hafa komið hingað 2.449 ríkisborgarar, sem skráðir eru hjá Vinnumálastofnun, frá átta löndum sem nýlega gengu í Evrópusambandið. Líklega má telja að fjöldinn sé umtalsvert meiri.**

Stækkun EES tók gildi 1. maí 2004 er tíu ríki urðu formlega hluti af samningsaðilum EES til viðbótar þeim sem fyrir voru.

Þessi ríki voru Eistland, Lettland, Litháen, Kýpur, Malta, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland.

Grundvallaratriðið í samningaviðræðum ríkjanna um aðild að Evrópusambandinu og EES var að gera ráð fyrir heildstæðum lögum og reglum sem næðu til svæðisins í heild. Byggðist þetta atriði á því að nauðsynlegt væri að efla svæðið sem eina heild og auðvelda þannig nýjum ríkjum sambandsins að aðlagast efnahagslegum og samfélagslegum stoðum sem EES og Evrópusambandið byggja á.

Í þessum samningaviðræðum tókust á viðhorf sem annars vegar byggðust á hagsmunum einstakra ríkja, og getu þeirra til þess að takast á við boðaðar breytingar, og hins vegar lagalegum rétti íbúa í löndum EES til atvinnu og búsetu innan svæðisins í heild.

Niðurstaða viðræðnanna var sú að ekki væri hægt, út frá lögum og reglum EES, að fallast á takmarkanir á lagalegum rétti fólks til atvinnu og búsetu í sumum ríkjum en öðrum ekki. Heildstæð lög þurftu að ná jafnt til allra íbúa í löndunum.

### Aðlögun að lögunum

Fallist var á að semja um sérstaka aðlögun á löggjöf Evrópusambandsins og EES gagnvart aðildarríkjunum á tilteknum sviðum, meðal annars er tók til frelsi launþega til flutninga innan EES. Samningarnir um inngöngu átta af löndunum tíu, það er Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands, gerðu því ekki ráð fyrir að þeir tækju gildi fyrr en 1. maí á þessu ári.

Enn fremur var í samningunum ákvæði sem heimilaði öllum ríkjum sem tilheyrðu Evrópska efnahagssvæðinu að fresta gildistöku laganna til 1. maí 2011. Íslensk stjórnvöld ákváðu að nýta sér ekki þennan rétt í ljósi aðstæðna sem voru fyrir hendi á íslenskum vinnumarkaði.

Harkalega hefur verið deilt um hvort íslensk stjórnsýsla hafi verið tilbúin til þess að taka á móti þeim mikla fjölda sem hingað hefur komið frá 1. maí. Forsvarsmenn verkalýðsfélaga víða um land hafa sagt það óheillaskref að nýta ekki frestinn sem mögulegt var að fá, sérstaklega á grundvelli þess að „frjálst flæði vinnuafls myndi stórskaða það markaðslaunakerfi sem



**ERLENDIR RÍKISBORGARAR** Mikill fjöldi verkamanna starfar við byggingarvinnu hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

viðgengist hefur á íslenskum vinnumarkaði á liðnum árum og áratugum“, eins og Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélagsins á Akranesi, lét hafa eftir sér í fjölmiðlum 4. apríl á þessu ári.

Innan Alþýðusambands Íslands var málið rætt til mergjar meðal annars í miðstjórn sambandsins þar sem sitja fimmtán fulltrúar.

Niðurstaða sambandsins var sú að skynsamlegast væri að fallast á skárri kostinn af tveimur sem fyrir hendi voru, að mati forsvarsmanna ASÍ. Hann miðaði að því að opna fyrir komu launafólks frá nýju aðildarríkjunum í beint ráðningarsamband við atvinnurekendur. Í stað þess að vera með reglurnar á þann veg að banna þeim að komast í beint ráðningarsamband og opna einungis fyrir för þeirra hingað í gegnum svokallaðar starfsmannaleigur. Þessi niðurstaða sambandsins var umdeild og hefur ekki enn náðst um hana víðtæk sátt innan verkalýðshreyfingarinnar.

**ERLENDIR RÍKISBORGARAR OG FJÖLDAÞRÓUN Á ÍSLANDI**




Heimild: Hagstofa Íslands
* áætlun (3.081 fyrstu 6 mánuði ársins)

**ATVINNULEYSI UNDANFARIÐ ÁR**

| | |
|---|---|
| Október 2005 | 1,4% |
| Nóvember 2005 | 1,5% |
| Desember 2005 | 1,5% |
| Janúar 2006 | 1,6% |
| Febrúar 2006 | 1,6% |
| Mars 2006 | 1,5% |
| Apríl 2006 | 1,3% |
| Maí 2006 | 1,3% |
| Júní 2006 | 1,3% |
| Júlí 2006 | 1,4% |
| Ágúst 2006 | 1,2% |
| September 2006 | 1,0% |
| Október 2006 | 1,0% |

Heimild: Vinnumálastofnun

### Mikil áhrif á Íslandi

Nokkuð harkalega var deilt um þessi mál á Alþingi þegar þau voru til umræðu. Jón Kristjánsson, þáverandi félagsmálaráðherra, var flutningsmaður frumvarpsins um atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES og var töluvert um það rætt og deilt. Hann sagði, í ræðu sinni á Alþingi 21. apríl, að niðurstöður stjórnvalda byggðust á heildstæðu mati Alþýðusambands Íslands og aðila vinnumarkaðarins.

Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokksins, sagði það óskiljanlegt að íslensk stjórnvöld hafi ekki fallist á að nýta sér frest til þess að aðlaga íslenska stjórnsýslu og sagði meðal annars í ræðu á Alþingi eftir að félagsmálaráðherra hafði lokið máli sínu: „Ég vil taka það skýrt fram að ég er ekki að flytja þessa ræðu hér vegna þess að ég hafi eitthvað á móti útlendingum. Ég set hins vegar mjög alvarlegan fyrirvara við það að við Íslendingar séum í stakk búnir að taka við bylgju sem ég er viss um að mun koma.“ Magnús Þór hefur síðan frá því greint að hann telji innflytjendamál í miklum ólestri meðal annars vegna ákvörðunar stjórnvalda.

### Atvinnuleysið minnkað

Þrátt fyrir að útlendingum hér á landi hafi fjölgað umtalsvert það sem af er ári hefur atvinnuleysi minnkað frá því í maí, samkvæmt úttekt Vinnumálastofnunar. Atvinnuástand á Íslandi hefur verið eitt það besta í Evrópu um nokkurt skeið og hafa forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins á það bent að án mikillar fjölgunar útlendinga á þessu ári hefði erfiðlega getað gengið hjá fyrirtækjum að halda úti þjónustu og framleiðslu í takt við áætlanir, sem síðan hefði getað leitt til óðaverðbólgu og harðrar lendingar í hagkerfinu síðar meir.

Atvinnuleysi og fátækt í nýju aðildarríkjum Evrópusambandsins og EES hefur verið viðvarandi undanfarin ár. Sem dæmi var atvinnuleysi í Póllandi átján prósent 1. maí á þessu ári og fimmtán prósent í Slóveníu á sama tíma. Frá þessum löndum hefur fjöldi fólks flutt til svokallaðra opinna landa inna EES frá 1. maí. Sá fjöldi liggur ekki nákvæmlega fyrir en talið er að hundruð þúsunda hafi flutt frá þessum löndum.

Í lok síðasta árs voru 13.778 erlendir ríkisborgarar búsettir hér á landi en þeim hafði fjölgað um 3.081 í lok júní. Nákvæmar tölur um komu útlendinga hingað eftir júní hafa ekki verið teknar saman en samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar hafa 2.449 útlendingar frá nýju ríkjum EES komið hingað eftir 1. maí og 422 frá ríkjum utan EES.



FRÉTTASKÝRING
**MAGNÚS HALLDÓRSSON**
magnush@frettabladid.is

# Slappaðu af...

## Mikið úrval af RELAX sófasettum

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



**Leðurhornsófi** 1+2+1 M75



**Leðursófasett** 3+2+1 8065



**Leðursófasett** 3+2+1 8052



**Leðursófasett** 3+2+1 7251



**Bycast sófasett** 3+1+1 Nice



**Leðursófasett** 3+1+1 3217



**Púðahornsófi** 2+h+2 Paris

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# 5 jól í Nettó!







## Amerísk jól

*16.-19. nóvember*

**amerískur hátíðarkalkúnn**

**Með rósmarínfyllingu,
sætri kartöflumús og
sellerí- og hvítlaukssósu.**

## Pólsk jól

*23-25. nóvember*

**pólsk jólasúpa, fiskur og egg**

**Þessir réttir eiga eftir að koma
á óvart!**

## Tælen

*30. nóvember*

**tælenskur hnet
ön**

**Kjúklingur með
og önd með
og kókoshn**

P&Ó

**Komið og smakkið**
**á gómsætum hátíðarréttum**
**í Nettó**







*nsk jól*

*-3. desember*

**tukjúklingur og**
**nd**

Cashew-hnetum
chili, fiskisoði
netumjólk.

*Dönsk jól*

*7.-9. desember*

**dönsk svínasteik og**
**rauðkál**

Með gljáðum kartöflum og
góðri jólasósu.

*Íslensk jól*

*14.-17. desember*

**íslenskur hátíðarmatur**
**í nýjum búningi!**

Hér mæta gamlar hefðir nýjum
á ljúffengan máta.

**Besta leiðin til að kynnast er að borða saman.**
**Gefum okkur tíma í að eiga notalega stund og**
**bragða á framandi alþjóðaréttum.**

netto

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Landeigendur verjast ágangi stjórnvalda:

## Þörf á hógværð

**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON SKRIFAR**

Ríkisstjórnin hefur gengið fram af of mikilli hörku gagnvart landeigendum víða um land í þeirri viðleitni að skilgreina allt land, sem stjórnvöld telja að enginn geti gert tilkall til, sem ríkiseign. Hugsanlega var hægt að færa gild rök fyrir því árið 1998, þegar lögin um þjóðlendur voru samþykkt á Alþingi, að nauðsynlegt væri að eyða óvissu um mörk eignarlanda. Það réttlætir samt ekki yfirgang fjármálaráðuneytisins gagnvart fólki í dreifðari byggðum landsins síðan.

Á föstudag birti fjármálaráðherra í Lögbirtingablaðinu kröfur sínar, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendur á austanverðu Norðurlandi. Er það sjötta landsvæðið sem ráðherra gerir kröfur í fyrir óbyggðanefnd.

Ólafur Björnsson, lögmaður nokkurra landeigenda, hefur sagt að nánast ekkert eignarland verði eftir í Suður-Þingeyjarsýslu nema láglendissvæði næst bæjarhúsum gangi þessar kröfur eftir. Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps, sagði í fréttum Útvarpsins í fyrradag að í útlöndum færu menn í stríð til að vinna lönd. Á Íslandi úrskurðaði ríkið landið bara þjóðlendur.

Fólkið fyrir norðan er ekki það eina sem hefur þurft að berjast gegn þessum yfirgangi ríkisvaldsins. Bændur í uppsveitum Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Vestur-Skaftafellssýslu og austur að Hornafirði kostuðu miklu til að verjast ágangninum. Og fleiri bíða átekta á Norður- og Vesturlandi.

Fjármálaráðuneytið hefur jafnvel gert kröfur í jarðir sem bændur hafa talið eign sína samkvæmt þinglýstum landamerkjabréfum. Slík landamerki eiga rætur að rekja allt til ársins 1890 þegar farið var um landið og landamerki skilgreind svo að landbúnaður gæti risið upp sem sjálfstæð atvinnugrein. Af þessum jörðum hafa jafnvel verið greiddir skattar og gjöld í ríkissjóð í áratugi. Samt hefur jarðeigendum verið gert skylt að leggja fram gögn allt frá landnámi til að sanna eignarhald sitt. Því er fagnaðarefni að þeir ætli að leita réttar síns fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu á þeirri forsendu að jafnræðis og meðalhófs hafi ekki verið gætt við meðferð málsins.

Sérfræðingar þjóðlendunefndar fjármálaráðuneytisins halda því reyndar fram að þeim beri skylda til að setja fram ítrustu kröfur og aldrei megi gefa eftir ríkisland samkvæmt lögum. En er ekki hægt að fara fram af hógværð? Er ekki nauðsynlegt fyrir kjörna fulltrúa fólksins að marka hér skýrari pólitíska stefnu í stað þess að láta hagsmunakarla kerfisins ákveða hversu hart skuli gengið fram? Það væri að minnsta kosti í anda stefnu núverandi ríkisstjórnar. Óheft ríkisvæðing lands er það ekki.

Ragnar Árnason, prófessor í hagfræði og fulltrúi í auðlindanefnd ríkisstjórnarinnar, hefur lýst þeirri hugmynd sinni að stofna hlutafélög um það sem kallað er þjóðlendur og afhenda öllum Íslendingum hlutabréf. Séreignarétturinn væri forsenda verulegs hagvaxtar, sem byggðist meðal annars á uppsöfnun fjármagns og sérhæfingu. Reynslan sýndi að land í ríkiseign væri mjög illa nýtt.

Vafalaust er ekki vilji til að ganga eins langt og Ragnar lýsir. Hins vegar þurfa stjórnvöld að gæta hófs þegar eignarlönd eru afmörkuð og ríkisland skilgreint. Óþarfi er að ganga fram af of mikilli hörku gagnvart landeigendum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Í liði með sigurvegara

Eins og þeir sem hafa á einhvern hátt tekið þátt í prófkjörum stjórnmálaflokkanna undanfarinna vikna vita, er alltaf betra að vera í liði með sigurvegara. Sigurvegarinn er þó ekki alltaf, þegar öll kurl eru komin til grafar, frambjóðandinn sjálfur sem „vann“. Eða hvað segja menn þegar sama „framboðsmaskínan“ hefur staðið á bak við þrjá frambjóðendur Sjálfstæðisflokks sem teljast sigurvegarar prófkjörs vegna borgarstjórnarkosninga, prófkjörs flokksins í Reykjavík og prófkjörs flokksins í Kraganum. Ef einhver er að láta sig dreyma um gott gengi í prófkjöri (og þá helst innan Sjálfstæðisflokksins) væri ekki úr vegi að bjalla í Vilhjálm Þ. borgarstjóra, Guðlaug Þór, efsta mann á öðrum lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, eða Ármann, sem mun komast á alþingi eftir allt saman fyrir Suðvesturbúa, og reyna að fá kosningamaskínuna lánaða.



### Fyrir flokka líka?

Kerfin, sem svona kosningamaskína er búin að koma sér upp, hljóta líka að virka vel fyrir kosningar, þegar kemur að því að tryggja framgang frambjóðandands. Nú hefur kjarni þessarar maskínu verið bundinn við Sjálfstæðisflokkinn, en smáflokkar í vandræðum, líkt og Framsóknarflokkur, ættu kannski að íhuga hvort ekki sé hægt að ráða hana.



### Taktu til við að kjósa

Kristján Pálsson hafði ekki þessa maskínu á bak við sig í Suðurkjördæminu, enda fyrirgefa sjálfstæðismenn ekki sérframboð sem kostuðu flokkinn þingmann í síðustu þingkosningum. Þá kom á óvart að silfurefurinn reyndi ekki aftur að nýta sér kosningalag T-listans síns; Taktu til við að kjósa, sem sungið var við lag Taktu til við að tvista.

svanborg@frettabladid.is

# Fagurgali og framkvæmdir



**ÓLAFUR HANNIBALSSON**

**Í DAG** | Úrræði aldraðra

Þegar kosningar nálgast fyllast allir stjórnmálamenn umhyggju fyrir öldruðum. Fögur orð eru látin falla um það, hvernig þeir, sem nú eru að þokast út af vinnumarkaði, eða sestir í helgan stein, hafi byggt upp það ríkidæmi, sem skilað hefir íslensku þjóðinni í röð auðugustu þjóða heims á hvaða mælikvarða sem mælt er. Því eigi þeir það skilið að þeir sem halda um sameiginlega pyngju þjóðarinnar, hagi forgangsröð fjárveitinga þannig að öldruðum sé búin aðstaða til að eiga fagurt og friðsælt ævikvöld.

En þegar til kastanna kemur verður annað uppi á teningnum. Þingmenn hafa nær umræðulaust tekið sjálfa sig út fyrir sviga og búið sér til lífeyriskerfi, sem er langt handan þess reynsluheims, sem almennir borgarar þjóðfélagsins þekkja og verða að sætta sig við. Þeir þurfa ekkert að leggja til þess, en fá greitt án nokkurra skerðinga og takmarkana, geta í sumum tilfellum hafið lífeyristöku meðan þeir eru í fullu fjöri og gegna fullum störfum á vegum vinnuveitanda síns ríkisins.

Þegar til Almannatrygginga var stofnað var það á þeim grundvelli að menn væru með sérstökum greiðslum að skapa sér rétt til lágmarkslauna í ellinni. Í samningum við atvinnurekendur og ríkisvald féllust svo launþegar á þá tilhögun árið 1968 að 10% launa yrðu lögð fyrir í sérstaka sjóði, lífeyrissjóði, sem kæmu sem viðbót við ellilífeyri almannatrygginga, svo og örorkulífeyri til þeirra, sem yrðu fyrir áföllum og heilsutjóni á lífsleiðinni.

Grundvallarhugmynd almannatrygginga var því sú, að menn sköpuðu sér á lífsleiðinni einstaklingsbundinn rétt til lífeyris eftir að þeir væru horfnir út af vinnumarkaði; í almannatryggingum jafnan rétt án tillits til mismunandi tekna, en í lífeyrissjóðunum rétt í samsvörun við það sem greitt hafði verið inn.

Illu heilli var horfið frá þessu prinsippi á síðasta áratug síðustu aldar, á þeim forsendum að þeir betur stæðu hefðu ekkert með þetta fé að gera. Nær væri að gera betur við þá allra verst stæðu með því að skerða, eða afnema, bætur til þeirra sem betur hefði farnast, og verja því fé sem þannig sparaðist til að bæta kjör þeirra, sem ekkert annað hefðu fyrir sig að leggja. Með þessu var horfið frá réttarkerfi yfir í ölmusukerfi. Eins og sveitarlimirnir í gamla daga þurfa nú lífeyrisþegar að sanna vesöld sína fyrir yfirvöldum almannatrygginga til þess að fá bætur. Og ekki nóg með það. Ef maki þeirra er í fullu fjöri og á þokkalegum launum, fellur rétturinn niður, sem þeir áttu að hafa skapað sér í almannatryggingum. Ennfremur er nú litið á bætur almannatrygginga og greiðslur úr eigin lífeyrissjóðum sem samtölu. Hækki önnur, minnkar hin að sama skapi. Reyni ellilífeyrisþeginn að drýgja tekjur sínar með tilfallandi aukastörfum er lífeyrir hans skertur að sama skapi. Eina úrræðið, sem er opið fyrir hann, er því að vinna svart, sem er sannarlega freistandi þegar bæði er þá hægt að stinga í vasann þeim 40%, sem annars færu í skatta og komast hjá skerðingu lífeyrisgreiðslnanna. Það má vera harður nagli og ólæknandi vinnufíkill, sem er tilbúinn að fara út á vinnumarkaðinn eftir sjötugt til þess eins að halda eftir ca. 15 krónum af hverjum 100, sem hann þénar.

Yfirvöld leggja oft hart að þegnunum að spara og leggja fyrir til elliáranna. Hvar er hvatinn til þess ef sá sparnaður leiðir einungis til skerðingar á lífeyri að sama skapi? Oft virðist hægri hönd ráðamanna þjóðfélagsins ekki hafa hugmynd um hvað sú vinstri er að bauka!

Ekki nóg með það. Með því að hverfa frá hinni upphaflegu grunnreglu almannatrygginga um áunninn einstaklingsbundinn rétt, yfir í ölmusukerfi, þar sem bótaþeginn verður að sanna fyrir yfirvöldum að hann sé „verðugur“ sökum fátæktar, er lagður grunnurinn að eins konar fjölmennri eftirlaunalögreglu, sem snuðrar í skattskýrslum fólks og bankabókum, og krefst endurgreiðslna á hverjum eyri sem til hefur fallið utan marka fátæktargildrunnar. Og þá er miskunnarlaust krafist endurgreiðslu á bótum frá fyrri árum. Mörgum bótaþeganum á eftir að bregða í brún á næstu dögum og vikum þegar hann fær endurkröfubréfin frá almannatryggingum, fyrir að hafa „svikið út“ greiðslur af almannafé, umfram það sem stjórnarherrarnir telja hverjum nægja til að skrimta.

Oft hefur komið til tals á undanförnum árum að bótaþegar almannatrygginga verði að stíga skrefið til fulls til varnar og sóknar fyrir sína hagsmuni með því að bjóða sjálfstætt fram til þings og eignast þannig sína rödd eða raddir inn á því markaðstorgi sérhagsmunanna sem alþingi er orðið. Ég fæ ekki betur séð en að sú stund sé upp runnin, að þeir kanni þennan möguleika í fyllstu alvöru og verði til þess reiðubúnir strax á vori komanda.

# Hreinsum til

**UMRÆÐAN**

Kostnaður við prófkjör



**SKÚLI HELGASON**

Samfylkingin hefur nú lokið prófkjörum í öllum kjördæmum. Talsverð endurnýjun hefur orðið á framboðslistum, nýtt og öflugt fólk kemur til liðs við okkur í Suðurkjördæmi, Suðvestur- og Reykjavíkurkjördæmum og konur eru í baráttusætum í fjórum kjördæmum af fimm, þótt vissulega hefði hlutur þeirra mátt vera meiri.

Mikil umræða hefur verið í Samfylkingunni um nauðsyn þess að koma böndum á þann mikla auglýsingakostnað sem fylgt hefur prófkjörum. Mikilvæg skref voru stigin í þessa átt í prófkjörum flokksins. Í öllum kjördæmum voru einhverjar takmarkanir á auglýsingakostnaði og í Norðvestur- og Suðvesturkjördæmum var hreint bann við auglýsingum frambjóðenda en áhersla lögð á sameiginlega kynningu í blöðum og á framboðsfundum. Þá var mælst til þess að frambjóðendur stilltu kostnaði við prófkjörsbaráttu sína í hóf. Frambjóðendur tóku þessum tilmælum vel, auglýsingabönn héldu fullkomlega þar sem þeirra naut við og áttu stóran þátt í því að halda kostnaði innan hóflegra marka.

Í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík nam heildarkostnaður allra frambjóðendanna fimmtán um 23 milljónum króna, eða 1,5 milljónum króna á mann að meðaltali. Allir frambjóðendur þurfa að skila uppgjöri um kostnað sinn til kjörstjórnar og sumir hafa þegar birt sín uppgjör opinberlega. Það er eðlileg krafa að allir geri það. Samanburðurinn við Sjálfstæðisflokkinn er sláandi. NFS flutti þá frétt 30. október að heildarkostnaður frambjóðenda í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík væri áætlaður 80–90 milljónir króna – tæplega fjórfalt hærri en hjá Samfylkingunni.

Í Sjálfstæðisflokknum er engin krafa um upplýsingagjöf, engar reglur um takmörkun á kostnaði eða auglýsingum. Þar eru peningaöflin allsráðandi og altalað er að einstakir frambjóðendur hafi eytt vel á annan tug milljóna í sína baráttu. Allir sjá hvaða hömlur slíkt setur efnilegu fólki sem vill hasla sér völl í stjórnmálum auk þess að opna fyrir óeðlileg hagsmunatengsl við fjársterka aðila í samfélaginu.

Samfylkingin hefur um árabil barist fyrir gegnsæi og upplýsingagjöf um starfsemi og fjármál stjórnmálaflokkanna, að þeir setji sér opinberar siðareglur og opni bókhald sitt svo almenningur geti treyst því að flokkarnir þjóni aðeins fólkinu í landinu. Samfylkingin mun halda þessari baráttu áfram þangað til búið verður að hreinsa til í stjórnmálunum.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar.*

**NÁMSKEIÐ Í JEPPA-MENNSKU**
Arctic Trucks stendur í ár fyrir jeppa- og ferðalagaskóla. Þar geta menn lært undirstöðuatriðin í jeppafræðum.
BÍLAR 4



**MINJAGRIPUR FRÁ PAKISTAN**
Jón Bjarki og Sigurður eru komnir heim eftir ársferðalag um Asíu. Í Pakistan hittu þeir Ástralann Robert og bundust vináttuböndum við hann.
FERÐIR 6



allt
FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

**NÁM BÍLAR FERÐIR**

**Opni** Listaháskólinn er með fjölmarga spennandi fyrirlestra. Miðvikudaginn 15. nóvember ætlar Helgi Eiríksson lýsingahönnuður og menningarbóndi að segja frá starfsemi og uppbyggingu ljósmenningarhúss á Kolsstöðum í Borgarfirði. Fyrirlesturinn verður í Skipholti 1, stofu 113 kl. 17.00. sjá nánar: www.lhi.is

**Evrópska** sjúkratryggingakortið fæst hjá Tryggingastofnun ríkisins og er nauðsynlegt að hafa með á ferðalögum um Evrópu. Kortið gildir í öllum ríkjum EES og Sviss og staðfestir rétt korthafa til heilbrigðisþjónustu á sama verði og íbúar landsins greiða. Annars er hægt að fá himinháa reikninga fyrir læknisþjónustu sem síðar er hægt að fá endurgreitt á Íslandi. Einnig þarf að framvísa vegabréfi. Nánar: www.tr.is



**FÍB** veitir nú félagsmönnum nýja þjónustu, FÍB aðstoð. FÍB aðstoð er fyrir félagsmenn sem lenda í vandræðum með bíla sína og stöðvast einhvers staðar í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu og næsta nágrenni, á Akureyri, í Borgarnesi og næsta nágrenni og á Selfossi. Þá nægir að hringja í 5 112 112 og innan skamms kemur FÍB-bíllinn til aðstoðar. Nánar: www.fib.is

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 15. nóvember, 319. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.56 | 13.12 | 16.28 |
| Akureyri | 9.55 | 12.57 | 15.58 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Guðrún Dalía er á leið til Stuttgart á morgun með medalíu í farangrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kom sá og sigraði

***Guðrún Dalía Salómonsdóttir nemur píanóleik í Þýskalandi og hæfni hennar varð lýðum ljós síðasta laugardag er hún lék til sigurs í Salnum.***

Guðrún Dalía er í stuttu stoppi heima og hefur í mörg horn að líta. Aðalerindinu er samt lokið en það var að taka þátt í keppni sem Íslandsdeild evrópskra píanókennara stóð fyrir. Þar hafði hún sannarlega erindi sem erfiði og hlaut aðalverðlaunin. „Svona keppnir eru erfiðar en mjög hvetjandi fyrir okkur nemendur ef maður tekur þær passlega alvarlega,“ segir hún og bætir við. „Það er gaman að koma heim og átta sig á hvað standardinn er hár í tónlistarnáminu hér. Enda var til þess tekið þegar ég kom út hvað ég hefði góðan grunn.“

Það kemur í ljós að Guðrún Dalía hefur dvalið í Stuttgart í þrjú ár. Hún er 25 ára Reykvíkingur og kveðst hafa haft áhuga á tónlist frá unga aldri. „Ég eiginlega heimtaði að fá að læra á hljóðfæri og byrjaði níu ára í Tónmenntaskólanum hjá Steinunni Steindórsdóttur. Hún var frábær kennari og mjög hvetjandi,“ segir hún. Guðrún Dalía lýkur einnig lofsorði á Guðríði Sigurðardóttur, kennara í Tónlistarskólanum, sem hélt áfram uppbyggingunni. „Svo fór ég sem Erasmus-skiptinemi til Stuttgart og lenti þar hjá æðislegum kennara sem heitir Wan Ing Ong. Mig langaði að halda áfram hjá henni að loknu skiptinemaárinu svo ég tók inntökupróf í skólann og lýk diplómanámi í júní á næsta ári.“

Frekara framhaldsnám erlendis er á döfinni hjá Guðrúnu en Ísland er samt framtíðarlandið. „Mig langar að verða píanókennari því það er skemmtilegt og göfugt starf og svo vil ég auðvitað spila líka. Maðurinn minn er víóluleikari í Sinfóníuhjómsveitinni og margir af vinum mínum eru tónlistarmenn þannig að ég stefni að því að taka þátt í að halda uppi öflugu tónlistarlífi hér á landi þegar ég kem heim.“ *gun@frettabladid.is*

## Grískar goðsagnir

FIMM KVÖLDA NÁMSKEIÐ ER Í UPPSIGLINGU UM GRÍSKA LEIKVERKIÐ BAKKYNJUR SEM VERÐUR JÓLASÝNING ÞJÓÐLEIKHÚSSINS.

Námskeiðið nefnist Hvers vegna láta konurnar svona og er í umsjón Hlínar Agnarsdóttur. Það mun bregða fersku ljósi á goðsagnaheim Grikkja enda fjallar það um Bakkynjur eftir Evripídes sem nú verður sýnt í fyrsta sinn á Íslandi og er í nýrri þýðingu Kristjáns Árnasonar. Auk fyrirlestra og umræðna verður fylgst með æfingum í Þjóðleikhúsinu og að sjálfsögðu farið á sýningu.
Fyrsti tíminn er 21. nóvember milli 20 og 22.



Hlín Agnars sér um námskeiðið sem haldið er á vegum Þjóðleikhússins.

MAZDA CX-7
Fjórhjóladrifinn bíll sem sameinar kosti alvöru jeppa og rúmgóðs fjölskyldubíls.
Kraftmikil 2.3 L. Turbo intercooled, 16 ventla, 4 cyl. vél sem skilar 244 hestöflum, 6 þrepa sjálfskipting o.fl. Staðalbúnaður m.a. spólvörn og stöðugleikakerfi.







Framúrstefnuleg hönnun og afburða aksturseiginleikar
X4
Opið virka daga kl. 10-18:30
2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is



MAZDA TRIBUTE
Traustur fjölskyldubíll



MAZDA MPV
Rúmgóður 7 manna fjölskyldubíll



MAZDA SPEED
Kraftmikill fjölskyldubíll
www.x4.is

**Umfelgun** kostar skildinginn en bílaeigendur ættu að gera verðsamanburð áður en þjónusta er keypt. Allt að 30 prósenta verðmunur getur verið á umfelgun.




















Sveinbjörn Jóhannesson hjá Betra gripi segir gott úrval vera af naglalausum vetradekkjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Nagladekk ef til vill óþörf

***Í nýlegri könnun Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar töldu 75% aðspurðra nagladekk hafa verið öruggari 10 daga eða minna á síðasta ári. Spurning vaknar hvort leggja eigi af notkun nagladekkja og hvaða valmöguleikar séu þá í boði.***

„Ég hef selt dekk í 25 ár og hef á þeim tíma fylgst vel með þeirri þróun sem hefur átt sér stað í framleiðslu," segir Sveinbjörn Jóhannesson, hjá Betra gripi, hjólbarðaverkstæði- og þjónustu í Lágmúla 9. „Ég tel notkun nagladekkja á höfuðborgarsvæðinu í 99 prósentum tilfella ónauðsynlega, meðal annars vegna þess hversu vel saltaðar göturnar eru."

Sveinbjörn segist sjálfur hafa ekið um á naglalausum vetrardekkjum á fjórða vetur. „Eftir að ég skipti yfir prófaði ég fyrst fíneða microskorin dekk. Svo reyndi ég svokölluð loftbóludekk og hef ekki lent í vandræðum, þar sem gúmmíið í þeim er símjúkt og loðir af þeirri ástæðu vel við götuna og ísinn. Satt best að segja kom mér á óvart hversu vel slík dekk hafa reynst."

Ýmsir möguleikar eru í boði fyrir þá sem hafa áhuga á naglalausum dekkjum að sögn Sveinbjarnar. „Ég get sem dæmi nefnt Cooper dekkin, sem reyndust mér vel á meðan ég ók um á Daihatzu jeppa," heldur hann áfram. „Þau voru neglanleg en um leið microskorin. Einnig dekk frá Michelin, Goodyear og Bridgestone, en við flytjum inn þau síðastnefndu."

Sveinbjörn segir að því miður séu dekk í ódýrari kantinum yfirleitt hálari, vegna þess hversu mikið af plastefnum er notað í þau til að halda framleiðslukostnaði niðri. „Plast verður hált í frosti og því þurfa ódýr dekk yfirleitt nagla til að ná góðu gripi. Betri efni eru yfirleitt notuð í dýrari dekkin og fyrir þær sakir virka þau betur í hálku."



Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu, segir undir hverjum og einum komið að meta þörfina á nagladekkjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Nagladekk eru nú bönnuð víða um Evrópu, meðal annars vegna þess að þau eru talin valda svifryksmengun.

### Aðstæður geta skipta máli

Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu, telur margt til í því að menn ofmeti þörf á nagladekkjum á höfuðborgarsvæðinu. „Hins vegar erum við misvel búin undir að keyra í vetrarfærð," segir hann. „Því verður hver og einn að meta eigin þörf á nagladekkjum miðað við getu og aðstæður."

Einar segir Umferðarstofu að sjálfsögðu vilja að bifreiðar séu þannig útbúnar að þær veiti sem mest öryggi. „Nú er hins vegar fáanlegur fjöldi góðra naglalausra vetrardekkja," heldur hann áfram. „Það stafar af því að nagladekk eru nú bönnuð víða um Evrópu og dekkjaframleiðendur hafa brugðist við því með því að þróa fullkomnari og öruggari naglalaus vetradekk heldur en áður hafa þekkst. Menn ættu því að kynna sér málið betur og horfa til þess hvort ekki sé ástæða til að fá sér naglalaus dekk."

Einar bætir við að séu menn hins vegar mikið á ferðinni úti á landi, sé auðvitað ríkari ástæða til að setja góð nagladekk undir bílinn.

*roald@frettabladid.is*









Framtíðarbíllinn Audi Quattroflex.

# Audi framtíðarinnar

***Rússneski neminn Alexey Bykov sigraði á dögum í alþjóðlegri hönnunarkeppni með hugmynd sinni að framtíðarbíl fyrir Audi.***

Bíllinn líkist meira hestvagni en framtíðarbíl en Alexey segir að það hafi verið ætlunin. Bíllinn er í grunninn tveir öxlar sem innihalda allan vél- og tæknibúnað. Milli öxlanna eru tvær sætisplötur sem byggðar eru þannig að þær geta tekið hvaða form sem er, allt frá farþegasætum til hólfa fyrir flutninga.

Bílnum er stýrt með stýripinna sem staðsettur er milli sætanna svo það skiptir ekki máli hvoru megin ökumaður situr, hann getur alltaf stjórnað bílnum. Það eru góðar fréttir fyrir örvhenta.

*- tg*

# Jólaslagurinn hafinn

***Ingvar Helgason hefur byrjað jólaslaginn: 100.000 króna gjafabréf með öllum nýjum bílum.***

Desember er erfiður mánuður fyrir bílaumboð og bílasala og ekki bætir úr skák almennt minnkandi sala og aukin samkeppni.

Bílaumboðin fara hvert sína leið í sinni markaðssetningu og hefur Ingvar Helgason riðið á vaðið í jólavertíðinni. Þeir bjóða nú 100.000 króna gjafabréf í Smáralind með hverjum nýjum bíl og 75.000 króna bréf með hverjum notuðum bíl.



Opel Astra er einn af bílunum sem Ingvar Helgason selur.

Ingvar Helgason fer með umboð fyrir Subaru, Nissan, Opel, Saab eða Isuzu.

*- tg*

# Furðuleg bensínlög

***Yfirvöld í Singapúr hafa sett reglur þess efnis að bannað sé að yfirgefa landið í bíl nema bensíntankurinn sé fullur sem nemur þremur fjórðu.***

Þetta er gert til að sefa stjórnvöld í nágrannaríkinu Malasíu. Þar er bensín niðurgreitt af ríkinu og því lítrinn mun ódýrari en í Singapúr. Íbúar Singapúr hafa lengi nýtt sér þessa staðreynd, skroppið yfir landamæri á næstu bensínstöð og látið fylla á bílinn, yfirvöldum í Malasíu til sárrar gremju.

Nú er þetta ekki lengur hægt því ný lög kveða á um að bílar verði að vera með bensíntankinn nær fullan, eða sem nemur 3/4 hluta, er þeir yfirgefa landið. Fólk ber sig hins vegar eftir björginni og er flest búið að eiga við bensínmæla þannig að þeir sýn alltaf 3/4 tank, þó svo að hann sé næstum tómur.



Þessi væri tæpur á að mega yfirgefa Singapúr.

*- tg*

# Japönsk innrás í Bandaríkin

***Japanar halda áfram að taka yfir bandarískan bílaiðnað. Nú hyggst Nissan fá bita af kökunni.***

Fregnir herma að Nissan áætli að taka yfir verksmiðjur Ford og GM í Bandaríkjunum sem lagðar hafa verið niður. Nissan nýtir nú þegar þær verksmiðjur sem þeir eiga til fullnustu og eygja hér tækifæri að nýta sér slæmt gegni keppinausta sinna sér til framdráttar.

Á næstu fimm árum áætlar Ford að loka sextán verksmiðjum og GM neyðist að öllum líkindum að fylgja í kjölfarið en sölutölur síðasta árs voru langt undir væntingum.

*- tg*



Nissan hyggst auka við framleiðslu bíla í Bandaríkjunum.







## VW klúðrar málum

EITTHVAÐ VIRÐIST YFIRSTJÓRN VOLKSWAGEN HAFA MISST YFIRSÝNINA ÞVÍ HÚN ER FARIN AÐ KEPPA VIÐ SJÁLFA SIG.


Seat Leon Cupra keppir við Golf GTI.

Volkswagen á fjöldann allan af bílamerkjum um heim allan. Eitt af þeim er Seat sem nú hefur sett Leon Cuora á markað. Seat er einskonar spænskt dótturfyrirtæki Volkswagen sem sérhæfir sig í kappakstursbílum auk þess að framleiða götubíla.

Leon Gupra er að miklu leyti byggð á Golf GTI með smá breytingum. Seat notaði reynsluna úr kappakstrinum og náði 35 hestöflum aukalega út úr 2.0 lítra forþjöppuvélinni. Til að gera málið enn vandræðalegra fyrir snillingana hjá Volkswagen er Leon Cupra ódýrari en Golf GTI.

-TG














Seint á haustin verða mörg svæði ægifögur samafara fyrsta snjónum. MYND/RAGNAR TH SIGURÐSSON

# Námskeið í jeppamennsku

***Arctic Trucks stendur í ár fyrir jeppa- og ferðalagaskóla í húsakynnum sínum að Klettahálsi 3. Þar geta menn lært undirstöðuatriðin í jeppafræðum.***

Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem Arctic Trucks stendur fyrir slíkum námskeiðum en nú eru þau með öðru sniði en áður. Auk bættrar aðstöðu hafa áherslurnar breyst og í stað þess að einblína á tækniþáttinn fá ferðirnar sjálfar og ánægjan sem þeim fylgir aukið vægi. „Meðal helstu markmiða skólans er að hvetja jeppaeigendur til ferðalaga allt árið. Til dæmis halda margir að á þessum tíma á haustin sé vertíðin búin,“ segir Bolli Valgarðsson forsvarsmaður skólans. „Það eru hins vegar svo margir staðir sem verða fallegir þegar snjórinn sker í hálf fjöllin.“

Önnur markmið skólans eru að hvetja til góðrar umgengni á fjöllum, kynna áhugaverða staði, fara í ferðir, kynna jeppa og tæknina bak við þá. „Við förum yfir allan algengasta búnaðinn og öryggismál tengd jeppaferðum,“ segir Bolli. „Við erum með ýmsan búnað á staðnum sem fólk getur prófað og lært að nota. og sem dæmi sprengjum við dekk og gerum við það.“

Auk kennslunámskeiða stendur skólinn fyrir myndakvöldum þar sem sagt er frá vel heppnuðum ferðum. Ýmsir sérfræðingar koma og halda fyrirlestra um til dæmis jarðfræði, myndatökur á ferðalögum, notkunarmöguleika GPS tækja og margt fleira. „Við erum ekki að þessu til að græða,“ segir Loftur Ágústsson markaðsstjóri Arctic Trucks. „Við viljum miklu heldur kynna jeppamennsku fyrir fólki og kenna því að nýta tækin sem það á nú þegar til fullnustu. Þess vegna stillum við líka verðinu í hóf. Hvert námskeið, sem tekur eina kvöldstund, kostar á bilinu 1.000 til 3.500 krónur en á dýrari námskeiðunum fá þátttakendur 120 blaðsíðna Jeppabók Arctic Trucks.“


Í jeppaskólanum er farið í flest atriði sem koma að tæknibúnaði jeppa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Námskeiðin eru ætluð öllum, hvort sem um reynda fjallamenn er að ræða eða byrjendur og eina skilyrðið er áhugi á jeppum og náttúru Íslands. Hægt er að skoða þau námskeið sem framundan eru á www.arctictrucks.is eða www.jeppar.is og þar er einnig hægt að skrá sig.

*tryggvi@frettabladid.is*

# Ford S-MAX bíll ársins 2007 í Evrópu

***Ford S-MAX, fjölnotabíllinn frá Ford, hefur verið kjörinn „Bíll ársins 2007“ í Evrópu en niðurstöður kjörsins voru kynntar um helgina.***

Alls voru átta bílar tilnefndir til þessa titils og var baráttan hörð í ár. Aðeins munaði tveimur stigum á Ford S-MAX (235 stig) og Opel Corsa sem varð í öðru sæti (233 stig). Í þriðja sæti kom síðan Citroën C4 Picasso (222 stig).

„Við erum himinlifandi yfir að þessi nýja tegund skuli hafa fengið það frábæra hrós sem Bíll ársinsverðlaunin eru, sérstaklega í ljósi þess hversu margir verðugir keppinautar voru með. Síðan S-MAX kom á markað fyrr á þessu ári höfum við verið agndofa yfir viðbrögðum þeim sem bíllinn hefur fengið, bæði frá fjölmiðlum og almenningi,“ segir Roelant de Waard, forstjóri Ford Britain, í fréttatilkynningu frá Ford.

Verðlaunin Bíll ársins veita samtökin Car of the Year sem eru samtök sjö bílatímarita í Evrópu. Þau eru: Auto (Ítalía), Autocar (Bretland), Autopista (Spánn), Autovisie (Holland), L'Automobile Magazine (Frakkland), Stern (Þýskaland) og Vi Bilägare (Svíþjóð). Dómnefndin samanstendur af 58 bílablaðamönnum frá 22 Evrópulöndum.

Von er á fyrstu eintökunum af Ford S-MAX hingað til lands í febrúar á næsta ári.

*- tg*


Ford S-MAX kom fyrst á markað í júní á þessu ári.


Kannski að Lenín taki fram bíllyklana og aki um Rauða torgið í Lödu? FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Dauðir ökumenn

Í ÁSTRALÍU HEFUR KOMIST UPP UM UNDARLEGA SVIKAMYLLU FÓLKS SEM REYNIR AÐ KOMAST HJÁ ÞVÍ AÐ GREIÐA SEKTIR.

Um sektir úr hraðamyndavélum er að ræða og fullyrða eigendur bíla að einhver annar hafi verið við stýrið þegar brotin áttu sér stað. Nú hefur komið í ljós að í fjölda tilvika var bent á látna einstaklinga sem ökumenn.

Upp komst um málið í kjölfar hneykslismáls er virtur dómari á eftirlaunum laug því að látin kona hefði keyrt bíl hans, til að komast undan sekt. Ákváðu yfirvöld að fara ofan í saumana á sambærilegum málum og í ljós kom að í 700.000 tilvika benti fólk á látinn einstakling sem ökumanninn. Í 240 tilvikum var um sama manninn að ræða, mann sem lést fyrir fimm árum.

Það er spurning hvort slík mál eiga eftir að koma upp hérlendis. Kannski að djákninn á Myrká fari að sjást á hraðamyndavélum í Hvalfjarðargöngunum?

- tg

# Flókin tækni í einfaldri framsetningu

***Land Rover Discovery breyttist mikið með tilkomu þriðju kynslóðar bílsins. Til að kynna þessar breytingar breytti B&L út af vananum og í stað þess að senda út auglýsingabæklinga var fólki einfaldlega boðið að prófa Discovery við alvöru aðstæður.***

Tölvur og flókinn tækjabúnaður skipa æ stærri sess í bílum og eru jeppar þar engin undantekning. Tæknin er oft flókin og mikilvægt að notkunarviðmót hennar sé þannig að hún nýtist ökumönnum við raunverulegar aðstæður. Þetta var haft að sjónarmiði við hönnun þriðju kynslóðar Land Rover Discovery.

„Okkur langaði að kynna breytingarnar sem hafa orðið á Discovery sérstaklega af því að þær eru svo umfangsmiklar," segir Helga Guðrún Jónasdóttir, kynningarstjóri B&L. „Discovery var áður fyrr ekki þekktur fyrir lúxusbílaeiginleika en hann er orðinn lúxusbíll núna."

Bíllinn er svo sannarlega mikið breyttur frá fyrri kynslóðum og búið er að bæta torfæru- og aksturseiginleikana töluvert með bættum tæknibúnaði. Í stað þess að hafa óteljandi takka og rofa sem stöðugt þarf að stilla út frá aðstæðum hverju sinni er viðmótið einfalt. Discovery er nefnilega ætlað að vera bæði góður fjölskyldubíll sem einfalt er að keyra, og jeppi með mikla torfærugetu.

Discovery er einnig búinn svokölluðu Terrain Responce kerfi sem gerir ökumanni kleift að stilla drif, vél, gírkassa og fjöðrun með einum takka. Stillingarnar á kerfinu eru fimm og stillir ökumaður kerfið eftir aðstæðum og undirlagi hverju sinni. Kerfið er einfalt í notkun og meira að segja óvitar í jeppafræðum, eins og undirritaður, eiga ekki í vandræðum með að læra á það og nota það rétt.

Til að kynna þessar nýjungar bauð B&L ýmsum aðilum að prófa jeppann í stuttum ferðum. Í einni slíkri ferð fékk blaðamaður að fljóta með. Farin var svokölluð Þúsundvatnaleið en hana er að finna á Hellisheiðinni. Farið var upp brattar brekkur í mikilli lausamöl, yfir ár og upp bakka, allt að sjálfsögðu á slóða. Þrátt fyrir nokkurt óöryggi í byrjun var blaðamaður fljótur að ná tökum á jeppanum og til marks um hversu fljótt traust til bílsins og kerfisins myndaðist var heimferðin um fjórum sinnum fljótfarnari en útleiðin. *tryggvi@frettabladid.is*


Land Rover Discovery hefur tekið miklum framförum frá fyrirrennurum sínum. MYND/ERSKIMOS


Land Rover valdi Ísland sem vettvang stórrar blaðamannakynningar þegar þriðja kynslóð Discovery var kynnt. MYND:ERSKIMOS


Terrain Responce-kerfið virkar ekki bara vel á blaði heldur einnig þegar á reynir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Þúsundvatnaleið ber nafn með renntu. FRÉTTABLAÐIÐ/TRYGGVI




B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is
Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524



**Tónlist** er góð í langri bílferð. Sérstaklega á veturna þegar myrkrið á til að þreyta bílstjóra. Tónlistin styttir stundirnar og kemur ferðalöngum í rétta stuðið fyrir helgina.

# Minjagripur frá Pakistan



Á landamærum Pakistans og Afganistans. Séð inn í Afganistan.

***Lesendur Fréttablaðsins eru líklega farnir að kannast við þá Jón Bjarka Magnússon og Sigurð Eyþórsson en birtar hafa verið sögur af ferðalagi þeirra um Asíu síðasta árið. Jón Bjarki og Sigurður eru loks komnir heim eftir þrettán mánaða ferðalag og tóku þeir skemmtilegan minjagrip með sér heim.***



Jón Bjarki Magnússon og Sigurður Eyþórsson halda á vini sínum, Robert Xanthopoulos, sem þeir kynntust á ferð sinni um Pakistan. Strákarnir eru klæddir í pakistanska kufla sem kallast Shawa Kamiz. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Gríska grjótið,“ stamar þreyttur Ástrali út úr sér við blaðamann á bjagaðri íslensku og bendir á sjálfan sig. Gríska grjótið er 27 ára gamall strákur frá Melbourne sem Jón Bjarki og Sigurður pikkuðu upp í Pakistan á ferð sinni um Asíu. Gríska grjótið er viðurnefni sem strákarnir gáfu Ástralanum en réttu nafni heitir hann Robert Xanthopoulos. „Ég er eins langt að heiman núna og er líkamlega mögulegt,“ segir Robert og brosir sposkur en hann kom til Íslands fyrr í vikunni til að heimsækja vini sína þá Jón Bjarka og Sigurð. „Þeir buðu mér að koma hingað,“ segir Robert ánægður. „Við hittumst fyrst í Pakistan og ferðuðumst um landið saman og urðum mjög góðir vinir á þeim tíma. Þegar við hittumst fyrst var ég á ferð með öðru fólki en hins vegar voru leiðir okkar um það bil að skiljast þannig ég var heppinn að hitta Jón Bjarka og Sigurð því þeir voru að ferðast í sömu átt og ég.“



Skilti á landamærunum Afganhistan sem varar við byssumönnum.

Sigurður segir kynni þeirra drengja hafa komið til fyrir nokkra tilviljun. „Við rákumst á Robert nokkrum dögum eftir að við höfðum fyrst hitt hann. Við vorum þá á jeppa, hann orðinn einn, og við áttum eitt sæti laust í jeppanum.“ Strákarnir buðu Róbert eina lausa sætið og var það byrjunin á dásamlegum vinskap. „Maður hittir auðvitað mikið af fólki þegar maður ferðast á þennan máta,“ segir Robert. „En í flestum tilfellum hangir fólk saman í nokkra daga. Það er ekki oft sem það gerist að fólk ferðast svona lengi saman eins og við gerðum og jafn góð vinátta myndast.“

Leið Jón Bjarka og Sigurðs lá landleiðina frá Rússlandi, til Mongólíu, Kína, Víetnam, Kambódíu, Laos, Taílands, Indlands, Pakistans, Írans, Tyrklands, nokkurra landa í Evrópu og svo aftur heim til Íslands. Robert ferðaðist frá Ástralíu til Kína og landleiðina til Evrópu með viðkomu í Pakistan, Íran, Tyrkland, Grikklandi, þar sem hann heimsótti ættmenni sín, Makedóníu og Slóveníu svo fátt eitt sé nefnt. Gaman er þess að geta að þetta var fyrsta ferð Roberts út fyrir Ástralíu og óhætt að segja að hann ráðist ekki á garðinn þar sem hann er lægstur.

„Leiðir okkar skildu svo í Íran,“ segir Jón Bjarki. „Þá vorum við búnir að ferðast saman í rúman mánuð.“ Og heimboðið til Íslands kom til með óvanalegum hætti. „Síðast þegar við sáum Robert vorum við allir á leið til Tyrklands frá Íran,“ segir Sigurður. „Við vorum spenntir fyrir því að geta loksins fengið okkur einn bjór saman enda erfitt að komast yfir bjór í múslimaríkjum. Þegar við vorum að stíga upp í lestina þá sneri Robert sér að okkur og sagði: „Strákar, ég verð að vera í Íran aðeins lengur, við fáum okkur bara bjór saman á Íslandi,“ og þar með skildust leiðir.“

Þrír mánuðir liðu þar til Robert kom til Íslands í þeim tilgangi að innheimta bjórinn sem ekki náðist að drekka í Tyrklandi. Robert segist heillaður af landinu þótt það sé heldur kalt. „Hér er kalt, dimmt og fólk djammar mikið. En það er einmitt það sem við erum búnir að gera, djamma,“ segir Robert og hlær. „Strákarnir fóru líka með mig til Þingvalla sem var stórfenglegt og einnig skoðuðum við Geysi en ég sá ekki mikið vegna myrkurs,“ bætir Robert við og brosir. „Þetta er endirinn á ferðinni minni. Ég ætla að staldra aðeins við í London og svo fer ég aftur heim til Ástralíu eftir fimm mánaða ferðalag.“



Robert á landamærum Pakistans og Afganistans. Alveg undrandi á því að vera á þessum stað fjarri Ástralíu.

Strákarnir eru allir sammála um að erfitt sé að gera upp á milli minninga úr svo langri ferð. „Eftirminnilegast fyrir okkur er þegar við vorum í Mongólíu,“ segir Jón Bjarki. „Þetta var í upphafi ferðar okkar. Við þurftum að ná ferju sem var við enda mikillar hásléttu. Við höfðum skamman tíma til að komast yfir sléttuna og notuðum til þess hesta og á stökki brunuðum við eftir sléttunni, öskrandi í áttina að Kína. Frelsið var svo mikið og þetta var ólýsanleg tilfinning.“ Robert hlær og segist ekki treysta sér til að toppa þessa sögu. „En kannski er eftirminnilegast allt fólkið sem varð á leið manns. Það var eitthvað sem ég hafði ekki búist við, að eignast jafn góða vini á slíku ferðalagi,“ segir Robert og Jón Bjarki og Sigurður eru sammála. „Maður hugsar meira um staðina sem maður ætlar að heimsækja og það sem maður mun koma til með að sjá, munka, klaustur og annað,“ segir Jón Bjarki. „En það sem skilur mest eftir sig eru tengslin sem maður myndar.“

*johannas@frettabladid.is*

hotel
4th floor
4thfloorhotel
Laugarvegur 101 • 4thfloorhotel.is
Vetrartilboð 1. nóvember - 1. maí

| | |
|---|---|
| 1 manns herbergi | kr. 5.900 |
| 2ja manna herbergi | kr. 7.900 |
| Hópar 10+ | kr. 5.000 á mann |
| Helgarferð | kr. 14.000, 2 nætur í hjónaherbergi |

Útvegum miða á leiksýningar og jólahlaðborð

4th floor hotel
Laugarvegur 101
Reykjavík
Sími 511 3030
Fax 511 3033
4thfloorhotel.is




Líka fyrir þig;
lífið, fréttirnar og fjörið á ensku
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG
Allar nýjustu upplýsingar og fréttir á ensku á vefnum reykjavik.com og í blaðinu Reykjavikmag.



Jón Loftur á niðurleið. Ætli fólk sér á annað borð að vera á niðurleið þá er jafn gott að útsýnið og náttúran skarti sínu fegursta til að létta róðurinn.

# VETRARBÚNINGUR SMJÖRHNÚKA

***Nokkrir vaskir göngugarpar héldu á Smjörhnúka í vetrarfegurðinni um síðustu helgi. Friðjón Þorleifsson fangaði ferðina á filmu og eiga myndirnar án efa eftir að smita ferðaþyrsta af fjallabakteríunni.***

Um síðustu var farið í stórskemmtilega ferð á vegum Netklúbbs Íslenskra fjallaleiðsögumanna. Stefnan var tekin að Hítarvatni í Mýrarsýslu þar sem klífa átti tinda Smjörhnúka. Ferðalangar fengu dýrindis veður, eins og best verður á kosið fyrir fjallaferð, fimm metrar á sekúndu úr norðri og fimm stiga frost. Mikil ísing myndaðist hins vegar í föstudagsveðrinu og varð því úr að farið var á einn af Smjörhnúkunum, þann syðsta. Alls voru fjórir ferðafélagar sem nutu sín í vetrarbúningi Smjörhnjúka þessa helgina þau Friðjón Þorleifsson, Jón Loftur Björnsson, Guðmundur V. Guðmundsson og Erin D. Fiddick. - jóa



Ísaðir Smjörhnúkar framundan. Nyrðri hryggjaröð Smjörhnúka sem liggur að Tröllakirkju.



Erin Fiddick gengur upp suðvesturhrygg Smjörhnúka með Hítarvatn í baksýn..



Friðjón leit til baka um farinn veg og smellti mynd af sigruðum fjallstoppi. Leiðin sem hópurinn fór liggur upp vinstri hliðina, eftir hryggnum og alla leið á toppinn.



Síðasti spölurinn á toppinn. Jón Loftur og Guðmundur koma að síðasta hluta hryggsins í um 800 metra hæð.



Sælir ferðalangar með Smjörhnúka í baksýn. Netklúbbsfélagarnir Jón Loftur Björnsson, Guðmundur V. Guðmundsson og Erin D. Fiddick.



**Eyrnatappar** koma sér vel í próflestrinum. Tappar hjálpa til við að útiloka öll umhverfishljóð og umgang sem truflað geta við lesturinn.


**Reiki**
Heilunar- og sjálfsstyrkingarnámskeið RVK

FYRIR BÆTTA LÍÐAN OG BETRI STJÓRN Á LÍFI ÞÍNU

Kvöld- og helgarnámskeið í boði, næstu námskeið eru:

I. stig kvöldnámskeið
20. – 22. nóvember.

II. stig kvöldnámskeið
27. –29. nóvember.



Guðrún Óladóttir
reikimeistari

Þeir sem hafa áhuga á framhaldsnámskeiði í sjálfsstyrkingu hafi samband.

Pantanir í síma 553 3934, milli kl. 10 og 13 virka daga.



**Þau hafa lengt sinn sólarhring!**

"Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með ...margfalt meiri skilning."
**Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.**
"...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor."
**Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.**
"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

**TILBOÐ!!** KB Námsmenn og Mastercard korthafar
**NÝTT!!** 3 vikna hraðnámskeið **1. des.**

**Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin**
á **www.h.is** og í **síma 586-9400**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.



AUGLÝSINGASÍMI
FRÉTTABLAÐIÐ **550 5000**




AUS-hópurinn fagnar á laugardag. Kjartan og Anna eru efst en í neðri röð frá vinstri eru þær Sesselja Mortensen, Ragnhildur Einarsdóttir og Helga Ásgeirsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Haldið upp á afmæli AUS

***Alþjóðleg ungmennaskipti (AUS) eru sjálfboðaliða- og fræðslusamtök sem gefur ungu fólki tækifæri á að kynnast menningu og samfélagi annarra þjóða. Í ár fagna samtökin 45 afmæli og bjóða því til veislu á laugardagskvöld.***

Alþjóðleg ungmennaskipti (AUS) voru stofnuð árið 1961 og hafa starfað óslitið síðan. Á þeim árum hafa meira en þúsund sjálfboðaliðar farið út á vegum AUS á Íslandi og nær 850 sjálfboðaliðar komið hingað til lands.

„Markmið AUS er að stuðla að þroska ungs fólks til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu," segir Kjartan Due Nielssen, formaður samtakanna. „Fordómar og hleypidómar eru því miður ansi víða. Með því að bjóða erlenda gesti velkomna til Íslands og senda ungt íslenskt fólk til að skoða heiminn trúum við því að það stuðli að opnari samfélagi og betri heimi."

AUS eru frjáls félagasamtök sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða og að stærstum hluta í sjálfboðavinnu. „Slagorð AUS er „viltu gera meira en að ferðast?" Með því reynum við að höfða til ungmenna sem vilja sjá heiminn og láta gott af sér leiða samtímis," segir Anna Lúðvíksdóttir, framkvæmdastjóri AUS.

Tvenns konar verkefni í gangi í AUS, annars vegar innan Evrópu og eru styrkt af Evrópusambandinu þar sem ungt fólk tekur þátt í sjálfboðaliðastarfi og hins vegar utan Evrópu. Síðastliðin ár hefur verið langvinsælast að fara til Mið- og Suður-Ameríku þar sem margir hafa áhuga á spænsku um þessar mundir. Anna segir einnig vinsælt að sækja um til Afríku og það eru alltaf einhverjir sem vilja fara til Asíu. „Við erum einnig með verkefni hér á landi fyrir erlenda sjálfboðaliða og það kemur oft fólki á óvart að erlendir sjálfboðaliðar vilji koma hingað í 6-12 mánuði." Samtökin taka á móti 32 sjálfboðaliðum frá 22 löndum í ár og segir Kjartan að AUS sé með um 30 virka meðlimi hér á landi sem taka þátt í því félagslífi sem AUS býður upp á. „Við hittumst reglulega á kaffihúsum, spilum fótbolta, ferðumst saman og höldum utan um hóp þeirra erlendu sjálfboðaliða sem eru hér á landi," segir Kjartan. Á laugardaginn halda samtökin upp á 45 ára afmælið sem Landsbankinn og Ó. Johnson og Kaaber styrkja í sal Rúgbrauðsgerðarinnar í Borgartúni 6. Veislan hefst klukkan 20.00 og eru allir velkomnir en gott er að láta vita á www.aus.is.

*rh@frettabladid.is*


fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

**Innritun fyrir vorönn 2007**

Innritun fyrir vorönn 2007 stendur nú yfir. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu skólans sem er opin 8.00-15.00 eða á heimasíðu skólans, www.fa.is. Umsóknarfrestur er til 30. nóvember. Eftirtaldar námsbrautir eru í boði:

**Bóknámsbrautir til stúdentsprófs:**
málabraut,
félagsfræðibraut,
náttúrufræðibraut og
viðskipta- og hagfræðibraut.
Starfsnámsbraut;
upplýsinga- og fjölmiðlabraut –
veftæknanám,
-viðbótarnám til stúdentsprófs

**Heilbrigðisskólinn:**
framhaldsnám sjúkraliða
heilsunuddarabraut,
hjúkrunar- og móttökuritarabraut,
lyfjatæknabraut,
læknaritarabraut,
sjúkraliðabraut og
tanntæknabraut.
-viðbótarnám til stúdentsprófs
Almenn námsbraut.

Nánari upplýsingar um allar þessar brautir eru á heimasíðu skólans, www.fa.is.
**Skólinn býður einnig upp á fjarnám allt árið. Nánari upplýsingar á heimasíðu.**

***Skólameistari***


# Nýyrði óskast

***Dagur íslenskrar tungu hefur nú fest sig í sessi og er haldinn hátíðlegur í tíunda sinn á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember. Námsgagnastofnun efnir í ár til nýyrðasamkeppni í grunnskólum landsins.***



**JÓN GUÐMUNDSSON** Námsgagnastofnun er í forsvari fyrir nýyrðasamkeppni Námsgagnastofnunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Málræktarsvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum kom með hugmynd að þessari samkeppni. Hugmyndin er að virkja börn og unglinga til að smíða ný orð úr orðum og orðrótum sem fyrir eru til í málinu," segir Jón Guðmundsson hjá Námsgagnastofnun.

Á vef stofnunarinnar er hluti sem nefnist Í dagins önn. Þar er tekið fyrir námsefni sem tengist líðandi stund og þar þótti tilvalið að móta efni í tilefni dagsins. Veggspjaldi með upplýsingum um samkeppnina hefur verið dreift í alla grunnskóla og Jón segir viðbrögð kennara hafa verið gífurleg. „Við hlökkum mjög til að fá tillögurnar en viðbrögðin hafa verið slík að núna óttast ég mest að vera fram á vor að fara yfir tillögur," segir Jón hlæjandi.

Íslendingar hafa löngum verið uppteknir af málvernd og þjóðin hefur verið dugleg við að finna nýyrði í gegnum tíðina. Slangur og erlend tökuorð hafa þó alltaf verið til staðar og sum orð er einfaldara að íslenska en önnur. Ensku orðin sem um er rætt eru casual, crossover, date, fusion, nick, outlet, skate, surf, trendsetter, wannabe. „Með því að bjóða börnum og unglingum að taka þátt í að móta tungumálið held ég að þau verði meðvitaðri um möguleika íslenskunnar og líti svo á að þeirra skoðun skipti máli," segir Jón og bætir við. „Ég held það höfði mjög til krakkanna að vita til þess að orð sem þau búa til gætu jafnvel orðið hluti af tungumálinu og endað í orðabókum þegar fram líða stundir."

Almenningi er líka velkomið að taka þátt og Jón hlakkar til að sjá hvort samkeppnin stuðli að nýyrðum sem eiga eftir að festa sig í sessi í tungumálinu. Frestur rennur út 27.nóvember næstkomandi.

Nánari upplýsingar eru á www.menntamalaraduneyti.is og www.nams.is

Íslendingar hafa verið hvattir til að draga íslenska fánann að húni á degi íslenskrar tungu.

*rh@frettabladid.is*

# bílaland B&L

**Grjóthálsi 1, Reykjavík S: 575 1230.** Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.

## Tilboðsbílar



Hyundai Getz nýskr. 06/2005, 1300cc 5 dyra, fimmgíra, hvítur, ekinn 55.000 þ. Verð 1.230.000 tilboð 980,000.



Nissan Primera nýskr. 06/2004, 1800cc 5 dyra, fimmgíra, grænn, ekinn 64.000 þ. Verð 1.560.000 tilboð 1160,000.



Renault Laguna nýskr. 06/2000, 2000cc 5 dyra, sjálfskiptur, gulur, ekinn 111.000 þ. Verð 950.000 tilboð 750,000.



Renault Laguna II nýskr. 05/2003, 1800cc 5 dyra, sjálfskiptur, dökkgrænn, ekinn 56.000 þ. Verð 1.650.000 tilboð 1390,000.



Renault MeganeII nýskr. 12/2004, 1600cc 4 dyra, fimmgíra, dökkgrænn, ekinn 22.000 þ. Verð 1.790.000 tilboð 1490,000.



Toyota Corolla nýskr. 10/2004, 1800cc 5 dyra, hálf-sjálfskiptur, ljósbrúnn, ekinn 31.000 þ. Verð 2.090.000 tilboð 1790,000.

## Verð frá 500.000 til 1.500.000.-



Ford Focus nýskr. 01/2000, 1600cc 4 dyra, sjálfskiptur, grár, ekinn 61.000 þ. Verð 850.000.



Hyundai Accent nýskr. 12/2003, 1600cc 4 dyra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 34.000 þ. Verð 1.090.000.



Hyundai Elantra nýskr. 09/2001, 1600cc 4 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 110.000 þ. Verð 790.000.



Hyundai Getz nýskr. 06/2003, 1300cc 5 dyra, fimmgíra, rauður, ekinn 46.000 þ. Verð 1.030.000.



Hyundai Matrix nýskr. 06/2002, 1600cc 5 dyra, fimmgíra, ljósgrár, ekinn 47.000 þ. Verð 990.000.



Renault Clio nýskr. 12/2002, 1100cc 3 dyra, fimmgíra, hvítur, ekinn 65.000 þ. Verð 790.000.

## Verð frá 1.500.000 til 3.000.000.-



Hyundai Santa Fe nýskr. 09/2004, 2700cc 5 dyra, sjálfskiptur, blár / grár, ekinn 45.000 þ. Verð 2.550.000.



Renault Laguna II nýskr. 09/2003, 1800cc 5 dyra, fimmgíra, ljósgrár, ekinn 55.000 þ. Verð 1.650.000.



Renault Laguna II nýskr. 07/2005, 2000cc 5 dyra, sjálfskiptur, rauður, Ekinn 19.000 þ. Verð 2.490.000.



Renault Megane II nýskr. 08/2005, 1600cc 4 dyra, sjálfskiptur, rauður, ekinn 23.000 þ. Verð 2.130.000.



Toyota Avensis nýskr. 08/2004, 1800cc 4 dyra, sjálfskiptur, ljósgrænn, ekinn 106.000 þ. Verð 2.090.000.



Volvo S40 nýskr 03/2005, 2400cc 4 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 16.000 þ. Verð 2.970.000.

## Atvinnubílar



Cirtoen Berlingo nýsk.: 06/2003, 1400cc 6 dyra, fimmgíra, rauður, ekinn 49.000 þ. Verð 970.000.



Opel Combo nýskr. 08/2005, 1700cc 6 dyra, fimmgíra, grár, ekinn 17.000 þ. Verð 1.490.000.



Renault Kangoo nýskr. 1400cc 6 dyra, beinskiptur, gulur, ekinn 95.000 þ. Verð 990.000.



Renault Kangoo nýskr. 02/2003, 1400cc 6 dyra, fimmgíra, hvítur, ekinn 90.000 þ. Verð 850.000.



Renault At Master nýskr. 10/2003, 2500cc 6 dyra, fimmgíra, blár, ekinn 130.000 þ. Verð 2.050.000.



Toyota Hiace nýskr. 06/2005, 2700cc 5 dyra, fimmgíra, grænn, ekinn 18.000 þ. Verð 2.380.000.

**Kíktu á heimasíðu okkar www.bilaland.is**

**Margir möguleikar á fjármögnun, t.d. allt að 100% lán í 84 mánuði**

**Umboðsmenn Bílalands B&L á landsbyggðinni:**

**Akureyri S: 461 2533 - Reykjanesbær S: 421 4444 - Akranes S: 461 2622 - Egilsstaðir S: 471 2524 - Vestmannaeyjar S: 481 3074**

**Hvolsvöllur S: 487 8688 - Bolungarvík S:456 7440 - Hornafjörður S: 478 1577 - Húsavík S:464 1888 - Sauðárkrókur S: 453 5141 - Hvammstangi S: 451 2230**

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 15. nóvember 2006 – 44. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



**Afþreyingarrisinn Disney**

Methagnaður á þriðja fjórðungi

6





**Baugur og breska konungsveldið**

House of Fraser bætist í hópinn

10-11





**Einfaldara þjóðhagslíkan**

Bætir spágerð Seðlabankans

8




## Umtalsverð veiking krónu

Krónan hefur veikst hátt á fjórða prósent undanfarna tvo daga. Hún veiktist um 1,9 prósent í fyrradag vegna óróa í kjölfar ítrekunar matsfyrirtækisins Fitch á að enn séu neikvæðar horfur fyrir lánshæfismat ríkissjóðs, þótt lánshæfiseinkunnir ríkisins hafi verið staðfestar. Veikingin gekk örlítið til baka í gærmorgun en tók svo snarpa dýfu aftur og hafði um þrjú leytið í gærdag veikst um rúm tvö prósent.

Sögur voru á kreiki í gær um stóran gjaldeyrissamning sem hefði ýtt veikingu krónunnar af stað. Birti fréttastofa Reuters meðal annars fréttir þess efnis og tengdi það stórum samningi sem Fons eignarhaldsfélag var að ganga frá. Samkvæmt heimildum Markaðarins hefði sá samningur þó ekki nægt til þess að veikja gengið að svo miklu leyti sem raun bar vitni, nema af því að ekki var samsvarandi kaupáhugi fyrir krónu. - hhs

## TM selur nýtt hlutafé

Forgangsréttarútboði Tryggingamiðstöðvarinnar (TM) lauk á mánudag en rúmlega 134,6 milljón hlutir seldust fyrir rúman 5,1 milljarð króna.

Samþykkt var að veita stjórn TM undir lok september heimild til að hækka hlutafé í félaginu um rúma 186,5 milljón hluti til að styrkja eiginfjárstöðu TM vegna kaupa á hlutum í norska tryggingafélaginu NEMI.

Stjórn TM ákvað að hækka hlutafé um tæp 16,9 prósent og verða heildarhlutir eftir það tæplega 1,1 milljarður talsins. Hver hlutur er ein króna að nafnverði.

Fyrirtækjaráðgjöf Glitnis banka hf. hefur umsjón með útboðinu og hefur sölutryggt sölu allra hluta.

Almennt hlutafjárútboð hófst í gærmorgun og lýkur í dag en lágmarksáskrift er fimm milljónir króna að markaðsvirði. - jab

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Herða tökin** | Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, gerði það að umtalsefni á aðalfundi stofnunarinnar að eignarhald á íslensku viðskiptabönkunum og Straumi-Burðarási hefur verið að þrengjast á síðustu misserum.

**Aukin samkeppni** | Breska leiguflugfélagið Astraeus ætlar á næstunni að sækja um leyfi til íslenskra stjórnvalda fyrir flugi frá Íslandi til Bandaríkjanna í samvinnu við lággjaldaflugfélagið Iceland Express.



**Dýrt spaug** | Hagnaður Actavis á þriðja ársfjórðungi nam ekki nema 715 milljónum króna vegna kostnaðar af misheppnaðri tilraun til yfirtöku á króatíska lyfjafyrirtækinu Pliva. Undirliggjandi hagnaður nam rúmum 2,5 milljörðum króna.

**Lánshæfi staðfest** | Matsfyrirtækið Fitch Ratings hefur staðfest lánshæfismat ríkissjóðs Íslands. Lánshæfiseinkunn fyrir erlendar langtímaskuldbindingar er AA- og fyrir innlendar skuldbindingar AAA.

**Óbreytt verðbólga** | Vísitala neysluverðs lækkaði um 0,04 prósent milli október og nóvember. Verðbólgan er enn langt frá 2,5 prósenta verðbólgumarkmiði Seðlabanka Íslands og mælist 7,6 prósent á ársgrundvelli.

**FL stærri** | FL hefur aukið við hlut sinn í Finnair Oyj um rúmt prósentustig á þriðja ársfjórðungi og átti í lok september tólf prósent hlutafjár. Hlutur Straums-Burðaráss á sama tíma nam 11,1 prósenti.

**Hagnaður eykst** | FL Group skilaði rétt tæpum 11 milljörðum króna í hagnað á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við tæpa 6,6 milljarða króna í fyrra. Hagnaður félagsins á þriðja ársfjórðungi nam 5,25 milljörðum króna.

# Ákvörðun sem brýtur í bága við hluthafalýðræði

## Framkvæmdastjórn Stork hafnar tilmælum hluthafafundar um að skipta upp félaginu. Marel ásælist hluta félagsins.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar



**YFIRMENN STORK** N.V. Hans Bouland, framkvæmdastjóri vélahlutaframleiðslu Stork, Sjoerd Vollebregt, forstjóri samstæðunnar og Maarten Schonfeld, fjármálastjóri Stork. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Framkvæmdastjórn og ráðgjafarstjórn Stork fyrirtækjasamstæðunnar í Hollandi tilkynnti í gær um þá niðurstöðu sína að ekki væri félaginu í hag að skipta því upp líkt og samþykkt var á hluthafafundi í byrjun október. Sá fundur var haldinn að beiðni stærstu hluthafa félagsins, en það eru bandarísku fjárfestingasjóðirnir Centaurus og Paulson.

„Við höfum íhugað tillöguna vandlega, en í henni felst veruleg breyting frá farsælli stefnu félagsins síðustu ár," segir Sjoerd Vollebregt, forstjóri Stork. „Líkt og sjóðirnir teljum við að innan Stork séu mikilir möguleikar til virðisaukningar, en höfum eftir ítarlega greiningu komist að þeirri niðurstöðu að henni verði ekki náð með tillögu þeirra um uppskiptingu."

Niðurstaða framkvæmdastjórnar Stork er hins vegar önnur en greiningardeilda í Hollandi, en samhljómur er með þeim og stærstu hluthöfum fyrirtækisins um að verðmæti þess aukist til muna verði því skipt upp.

„Ef hluthafalýðræði væri virt að vettugi með þessum hætti annars staðar þá myndi nú eitthvað heyrast," segir Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marels, en fyrirtækið hefur um allangt skeið átt í óformlegum viðræðum við Stork um matvælavinnsluvélahluta samstæðunnar. Þær hafa hins vegar ekki enn komist á formlegt stig.

„Niðurstaða framkvæmdastjórnar Stork gengur á svig við hluthafalýðræði og nýlega samþykkt tilmæli um góða stjórnarhætti (corperate governance) í Hollandi," segir Árni Oddur. Hann kveður Marel deila þeirri sýn með stjórnendum Stork að töluverðir möguleikar séu á virðisaukningu þeirra félaga sem saman mynda Stork. „Við teljum hins vegar að einstök félög innan samstæðunnar hafi litla eða jafnvel neikvæða samlegð og erum sammála stærstu hluthöfum um að mesta virðisaukningin sé með þeim hætti að hver leggur í starfsemi Stork taki þátt í þeim samrunaferlum sem eiga sér stað í hverjum geira fyrir sig. Stork hefur enda sagt opinberlega að þeir hefðu áhuga á að kaupa félag á borð við Marel og við höfum lýst áhuga á Stork Food Systems," segir hann og kveður eðlilegast að hluthafar hvors félags fyrir sig ráði för.

Nokkur óvissa ríkir því um framhald málsins þar sem stærstu hluthafar og stjórn Stork eru ekki á einu máli um hvaða stefnu skuli taka í rekstrinum. Líklegast er talið að Centaurus og Paulson fari fram á nýjan hluthafafund þar sem kosin verði ný ráðgefandi stjórn, en hún myndi svo ráða nýja framkvæmdastjórn. Ekki er þó útséð um að þessi leið sé stærstu hluthöfum fær, því til að kjósa nýja stjórn þarf 51 prósent virkra hlutabréfa. Saman fara sjóðirnir og Marel með 40 prósent í Stork. Fari málið þá leið að skipt verði um stjórn Stork telja sérfróðir að það myndi tefja uppskiptingu samstæðunnar um hálft ár eða svo.

# Yfir 6,3 milljarða hagnaður sparisjóða á fyrri hluta árs

Heildarhagnaður 23 sparisjóða var rúmir 6,3 milljarðar króna eftir skatta á fyrri helmingi ársins samkvæmt tölum frá Sambandi íslenskra sparisjóða. Til samanburðar nam hagnaður þessara sömu sparisjóða 9,5 milljörðum króna allt árið 2005.

SPRON skilaði 2,6 milljarða hagnaði á fyrri hluta ársins, SpKef hagnaðist um einn milljarð og SPM og SPV skiluðu um 600 milljóna króna hagnaði.

Veruleg aukning hagnaðar varð á þriðja ársfjórðungi 2006 hjá þeim sparisjóðum sem gert hafa upp. Þannig hagnaðist SPRON um tæpan 7,1 milljarð króna á ársfjórðungnum einum sem er meiri hagnaður en sparisjóðirnir 23 sýndu á fyrri hluta ársins.

Er því samanlagður hagnaður sparisjóðanna orðinn 13,4 milljarðar á þessu ári; fjórtíu prósentum meiri en allt árið í fyrra. - eþa


120 1886 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

ISK 14,4%*

GBP 6,0%*

USD 6,2%*

EUR 3,8%*

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 2. október - 1. nóvember 2006.

GOTT FÓLK McCANN

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | 0% | 32% |
| Alfesca | 1% | 21% |
| Atlantic Petroleum | 0% | 36% |
| Atorka Group | 0% | -2% |
| Avion Group | -8% | -30% |
| Bakkavör | -1% | 17% |
| Dagsbrún | -3% | -23% |
| FL Group | -1% | 18% |
| Glitnir | -3% | 30% |
| KB banki | -1% | 11% |
| Landsbankinn | -2% | 0% |
| Marel | -2% | 20% |
| Mosaic Fashions | -1% | -10% |
| Straumur | -1% | 8% |
| Össur | -3% | 0% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Sala á ostum og smjöri eykst



Landsmenn tóku vel við sér í neyslu á mjólkurafurðum í október. Milli september og október jókst sala mjólkurafurða um 9,8 prósent á prótíngrunni miðað við sama tímabil í fyrra, en 13,9 prósent á fitugrunni. Þetta kemur fram á heimasíðu Landssambands kúabænda. Þar er þó tekið fram að í október í ár voru söludagar einum fleiri en í fyrra.

Mest varð aukningin í neyslu á viðbiti og ostum. Jókst ostasala um 18 prósent og viðbitssala um 28,9 prósent á tímabilinu. Hins vegar varð samdráttur á sölu skyrs um tólf prósent og á jógúrti um sjö prósent. Síðustu tólf mánuði hefur prótínsala numið 113,4 milljónum lítra, sem er aukning um eitt prósent. Fitusala á sama tímabili hefur aukist um 3,1 prósent og nam hún 103,3 milljónum lítra. - hhs

# FL Group stærri í Finnair

Áfram heldur hlutur Íslendinga í Finnair Oy að aukast en FL Group jók hlut sinn um rúmt prósentustig á þriðja ársfjórðungi og átti í lok september tólf prósent hlutafjár. Straumur-Burðarás átti á sama tíma 11,1 prósents hlut í Finnair. Samanlagt verðmæti Finnairbréfa í eigu FL og Straums nam ríflega 26 milljörðum króna.

Þar með er eignarhlutur þriggja stærstu eigendanna í Finnair tæp áttatíu prósent en finnska ríkið er stærsti hluthafinn með yfir 55 prósent hlutafjár. - eþa



**EIGNARHLUTUR ÍSLENDINDA VEX** FL og Straumur eiga um 23% í Finnair.

# Merrill Lynch gerir upp á milli bankanna

Merrill Lynch segir Landsbankann núna eftirlætisbanka sinn á Íslandi í nýrri greiningu á íslenska bankakerfinu.

Ástæða þess er að Merrill Lynch telur Landsbankann síst áhættusækinn í rekstri sínum og gerir athugasemdir við aðkomu Glitnis að kaupum Baugs Group á House of Fraser og söluttryggingunni á hlutabréfum Icelandair. Þá er hnýtt í kaup Kaupþings banka á 7,8 prósenta hlut í norska tryggingafélaginu Storebrand og aðkomu bankans að kaupum John Hargreaves á Matalan.

„Færslur sem þessar teljum við nýbreytni hjá Glitni,“ segir í greiningu Merrill Lynch og rekur aukna áhættusækni bankanna til árangurs þeirra við að sækja sér fé með skuldabréfaútgáfu utan Evrópu.

Þó kveður við nokkuð jákvæðari tón í umfjölluninni um íslensku bankana en áður. Þannig segir Merrill Lynch að fleiri ákjósanlegir fjárfestingarkostir séu til við hlið íslensku bankanna, en kveðst ekki afhuga fjárfestingum í þeim til lengri tíma.

Merrill Lynch dregur þá ályktun af hlutafjáraukningu Kaupþings að til standi kaup á erlendum banka. Eins er talið líklegt að Glitnir færi frekar út kvíarnar. - óká

# Óvíst með afslátt af Sterling

Þrátt fyrir að mikill bati hafi orðið á rekstri Sterlings, norræna lággjaldaflugfélagsins, frá árinu 2005 gæti FL Group fengið afslátt af Sterling þar sem kaupverðið, 1,5 milljarðar danskra króna, er háð afkomu ársins 2006. „Þetta skýrist um leið og niðurstaða ársins liggur fyrir. Því kemur ekkert í ljós fyrr en í mars árið 2007, hvernig það mál endar,“ segir Hannes Smárason, forstjóri FL.

Í kaupsamningi FL Group við fyrrum eigendur Sterlings miðaðist kaupverðið á Sterling við að félagið myndi skila rekstrarhagnaði fyrir afskriftir (EBITDA) að upphæð 345 milljónir danskra króna, eða fjórir milljarðar króna, árið 2006. Sterling skilaði neikvæðum rekstrarhagnaði upp á 75 milljónir danskra króna, eða



**STERLING** Að sögn Hannesar Smárasonar skýrist það í mars hvort kaupvirði á Sterling lækki vegna ákvæða í kaupsamningi.

877 milljónir króna, á fyrstu níu mánuðum ársins að viðbættum einskiptiskostnaði vegna samruna Sterling og Maersk.

Getur kaupverðið því hækkað eða lækkað um 500 milljónir danskra króna (5,8 milljarða) verði frávik frá forsendum.

„Okkar áætlanir gera ráð fyrir að við náum að skila félaginu [Sterling] réttu megin við núllið með tilliti til einskiptiskostnaðar sem tengist samrunanum,“ segir Hannes. - eþa

# Bretar spara í LÍ

## Sparnaðarreikningur LÍ í Bretlandi hefur fengið mikla umfjöllun þar í landi og viðskiptavinum hefur fjölgað ört.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Breskir fjölmiðlar hafa síðastliðinn mánuðinn fjallað mikið um sparnaðarreikning Landsbankans í Bretlandi. Reikningnum, sem heitir Icesave og er einungis á netinu, var hleypt af stokkunum í Bretlandi fyrir rétt rúmum mánuði. Oftar en ekki er mælt sérstaklega með honum í sérstökum neytendadálkum í bresku pressunni. Reikningseigendur eru rúmlega 8.000 og fjölgar þeim dag frá degi.

Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans, segir erfitt að henda reiður á hversu margir reikningseigendur eru nákvæmlega því þeim fjölgar hratt. Hann er hæstánægður með árangurinn, ekki síst vegna þess að þessi þjónusta Landsbankans var stofnuð frá grunni í Bretlandi en var ekki keypt í fullum rekstri. „Mér finnst langmerkilegast að þetta er í fyrsta skipti sem íslenskt fyrirtæki, í einhverjum skilningi, fer að veita þjónustu til almennings frá grunni,“ segir hann og bætir við að sér finnist viðbrögðin ótrúlega jákvæð en einungis þeir sem eru með bankareikning í Bretlandi geta byrjað að spara í netbanka Landsbankans þar í landi.

Sigurjón bendir enn fremur á að nokkur atriði geri sparnaðarreikninginn aðlaðandi í augum þeirra sem vilji spara. Í fyrsta lagi sé hann einfaldur í notkun. Í öðru lagi vísar hann til Íslands. Á forsíðu vefjarins er mynd af íslenskri náttúru, mosa í svörtum sandi, en auk þess vísi litir í nafni reikningsins til íslenskrar náttúru. Litirnir eru allt frá ljósbláum út í grænan og fjólubláan.



**SIGURJÓN ÁRNASON** Er ánægður með árangurinn í Bretlandi. MARKAÐURINN/GVA

Tenging nafns netbankans við Ísland byggist á því góða orðspori sem Ísland nýtur á alþjóðavettvangi, að sögn Sigurjóns. „Við reyndum að ná fram öllu því jákvæða sem felst í Íslandi. Það er ákveðin ímynd af Íslandi í hugum Breta, að landið sé ferskt, kalt, svalt og með ákveðna náttúruímynd,“ segir Sigurjón og bætir við að bankinn hafi ákveðið að nýta sér það. Þá eru nokkuð góðir innlánsvextir á reikningnum í samanburði við aðra banka, að sögn Sigurjóns.

# Mistök upp á 214 milljónir króna

„Samtals virðist sem útgerðin hafi hagnast um 214 milljónir króna á þremur árum vegna sakleysislegra mistaka starfsmanna sjávarútvegsráðuneytisins,“ segir Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, í nýrri grein í tímaritinu Vísbendingu.

Þórólfur rekur hvernig ekki hafi verið tekið tillit til breytingar á gengi krónu gagnvart bandaríkjadal á tímabilinu sem um ræðir. Að teknu tilliti til þeirra breytinga hefðu greiðslur útgerðarmanna verið 78 milljónum króna lægri fiskveiðiárið 2004 til 2005, 113 milljónum króna hærri á 2005 til 2006 og 179 milljónum króna hærri á yfirstandandi fiskveiðiári en sjávarútvegsráðuneytið hefur ákveðið.

Fiskveiðigjaldið var sett á í stað ýmissa opinberra gjalda sem lögð höfðu verið á útgerðarfyrirtæki með lagasetningu árið 2002.

Veltir það upp þeirri spurningu hvort rétt sé að leggja í hendur fag-ráðuneytis að ákvarða opinberar álögur þegar löggjafinn hafi falið það verkefni sérstöku ráðuneyti og stofnunum. „Ætla verður að verkferli í fjármálaráðuneytinu og hjá ríkisskattstjóra séu betur til þess fallin en í sjávarútvegsráðuneytinu að koma í veg fyrir mistök af því tagi sem hér hafa orðið,“ segir hann. - óká



120 1886 2006



# Leggðu góðu málefni lið

Landsbankinn er samfélagslega ábyrgt fyrirtæki og hefur mótað þá stefnu að íslenskt samfélag eigi að njóta góðs af verðmætasköpun fyrirtækisins. Samfélagslegt hlutverk sitt rækir bankinn fyrst og fremst með því að ná góðum árangri í rekstri.

Landsbankinn hugar að samfélagslegri ábyrgð í allri sinni starfsemi. Bankinn fylgir bestu viðmiðum varðandi ábyrga fjármálaþjónustu, góða stjórnarhætti, öfluga regluvörslu og umhverfismál. Við þetta bætist beinn fjárhagslegur stuðningur við íslenskt samfélag – á sviði mannúðar, menningar og lista, menntunar og íþrótta- og æskulýðsmála. Landsbankinn vill skipta máli í íslensku samfélagi.

Landsbankinn hefur nú skapað viðskiptavinum sínum tækifæri til að leggja góðu málefni lið með einföldum hætti. Leggðu góðu málefni lið er ný þjónusta í Einkabankanum en þar er hægt að gerast áskrifandi að mánaðarlegum stuðningi eða framkvæma staka greiðslu. Hægt er að velja milli um 70 góðgerðarfélaga á Íslandi. Sambærileg þjónusta verður tekin í notkun í Fyrirtækjabankanum í desember.

Það er auðvelt að skipta máli

Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

## Tanganyika tapar

Olíu- og gasleitarfyrirtækið Tanganyika tapaði rúmum fjórum milljónum Bandaríkjadala, eða 290 milljónum króna, á þriðja ársfjórðungi. Tap félagsins nam um 540 milljónum króna fyrir fyrstu níu mánuði ársins.

Tekjur félagsins voru um 7,4 milljónir króna á þriðja ársfjórðungi og hækkuðu um tæp fjörutíu prósent á milli ára.

Straumur-Burðarás heldur utan um tæplega þrettán prósenta hlut í Tanganyika sem metinn var á 5,3 milljarða króna við lok þriðja ársfjórðungs. - eþa

## Stórverslanir opna í Kauptúni

Mikil uppbygging verslunarhúsnæðis á sér stað í Kauptúninu í Garðabæ þar sem IKEA opnaði tuttugu þúsund fermetra verslun í október.

Hagar hafa skrifað undir samning um opnun 1.200 fermetra Bónusverslunar á næsta ári sem verður í sama húsnæði og Max, stærsta raftækjaverslun landsins, sem opnar í lok vikunnar. Hagar reka þá verslun í félagi við Sjónvarpsmiðstöðina og nemur stærð hennar 3.500 fermetrum.

Þá hefur BYKO boðað opnun tólf þúsund fermetra stórverslunar á næsta ári og eins stefnir Leikbær að því að hefja rekstur stórverslunar með leikföng. - eþa



IKEA Í URRIÐAHOLTI

## Gera dómssátt

Fjármálaeftirlitið hefur gert dómssátt í máli sem það höfðaði til ógildingar á úrskurði Kærunefndar. Varðaði það mál niðurstöðu Kærunefndar um að útgefanda bæri ekki að tilkynna viðskipti með eigin bréf til birtingar í Kauphöll eins og kveður á um í lögum um verðbréfaviðskipti. Fjármálaeftirlitið taldi niðurstöðu Kærunefndar ekki standast lög og leitaði því til dómstóla. Þar varð það sameiginlegur skilningur málsaðila að úrskurðurinn væri byggður á röngum lagaforsendum og var málinu því lokið með dómssátt þar sem fallist var á dómskröfu FME um ógildingu úrskurðar Kærunefndar.



JÓNAS FR. JÓNSSON, FORSTJÓRI FME

„Þessi niðurstaða er afar mikilvæg fyrir gegnsæi og heilbrigði markaðarins og þess vegna ber að fagna því að þessum undarlega úrskurði Kærunefndar hafi verið hnekkt og hann standi ekki sem fordæmi," er haft eftir Jónasi Fr. Jónssyni, forstjóra FME, í fréttatilkynningu. - hhs

# Vatnsvirkinn kaupir Vatn og hita

### Reksturinn verður sameinaður undir heiti Vatnsvirkjans. Kaupverð er trúnaðarmál.

Vatnsvirkinn hf. hefur keypt allt hlutafé í fyrirtækinu Vatni og hita ehf. af Sævari Stefánssyni og Valtý Sævarssyni. Fyrirtækið hefur selt lagnaefni til pípulagningamanna frá árinu 1998.

Nýir eigendur hafa þegar tekið við rekstri Vatns og hita, en stefnt er að sameiningu fyrirtækjanna undir nafni Vatnsvirkjans. Kaupverðið fæst ekki gefið upp, en áætluð samanlögð velta fyrirtækjanna í ár er sögð vera nærri einn milljarður króna.

„Með kaupunum er Vatnsvirkinn að renna frekari stoðum undir meginstarfsemi sína, sem er sala á lagnaefni fyrir pípulagningamenn. Vatn og hiti er þekkt nafn á markaðnum og markmiðið er að reka fyrirtækið með sama fyrirkomulagi og hefur verið gert með góðum árangri undanfarin ár," segir Hjalti Ólafsson, framkvæmdastjóri Vatnsvirkjans.



**EIGENDUR VATNSVIRKJANS** Róbert Melax, Anna Linda Magnúsdóttir og Hjalti Ólafsson. Á myndina vantar Fjölvar Darra Rafnsson.

Vatnsvirkinn rekur þrjá verslanir, á Smiðjuvegi í Kópavogi, í Dalshrauni í Hafnarfirði og í Ármúla í Reykjavík þar sem einnig er starfrækt hreinlætistækjaverslun. Hjá fyrirtækinu starfa 25 manns. - óká

# Stærsta raftækjaverslunin opnar um helgina

Stærsta raftækjaverslun landsins opnar í nýju verslunarhúsnæði við Kauptún 1 í Garðabæ klukkan ellefu árdegis núna á laugardaginn. Verslunin ber heitið MAX og lofa forsvarsmenn hennar miklu vöruúrvali og lágmarksverði sem ýta muni undir samkeppni á markaðnum. Á sama stað er ný verslun IKEA.

Við hönnun verslunarinnar voru meðal annars fengnir ítalskir hönnuðir til að skapa hentuga „áhugaverða umgjörð eftir nýjustu straumum", líkt og segir í tilkynningu, þar sem einnig kemur fram að í versluninni verði sértilboð á vörum í tilefni af opnuninni. - óká



**EINAR ÓLAFUR SPEIGHT** „Við hjá MAX kappkostum að hafa glæsilegasta vöruúrvalið frá sem flestum framleiðendum," segir Einar Ólafur Speight, rekstrarstjóri MAX.

# Árvakur tapaði í þriðja skipti á fimm árum

### Hálfs milljarðs breyting til hins verra á rekstri útgáfufélags Morgunblaðsins frá 2004 til 2005. Rekstrartap fyrir afskriftir (EBITDA) nam 66 milljónum króna.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Árvakur, útgáfufélag Morgunblaðsins, tapaði 187 milljónum króna í fyrra samanborið við 358 milljóna króna hagnað árið áður. Þetta er í þriðja skipti á síðustu fimm rekstrarárum sem tap verður á rekstri fyrirtækisins.

Rekstrartekjur félagsins námu 3.262 milljónum króna og drógust saman um 7,5 prósent á milli ára. Mestu munar um að árið 2004 féll til söluhagnaður af fasteign við Kringlu. Að öðru leyti jukust tekjur Árvakurs af hefðbundinni starfsemi, svo sem áskriftar- og auglýsingasölu, prentun og dreifingu. Lausasala blaðsins dróst hins vegar saman um átta prósent.


Morgunblaðið
Minnst 19 Bandaríkjamenn féllu í Mosul




Rekstargjöld námu 3.329 milljónum króna og hækkuðu um 8,6 prósent frá fyrra ári. Launakostnaður, sem er vel rúmur helmingur af útgjöldum, hækkaði um fimm prósent.

Rekstrartap fyrir afskriftir (EBITDA) nam 66 milljónum króna samanborið við tæplega 462 milljóna króna rekstarhagnað árið 2004.

Eignir Árvakurs stóðu í rúmum 3,7 milljörðum króna í árslok og hækkuðu um tæpt prósent.

Meðal eigna er helmingshlutur í Ár og degi, útgáfufélagi Blaðsins, sem var bókfærður á 115 milljónir króna. Hluturinn var keyptur í árslok 2005 en samkvæmt skilmálum í kaupsamningi getur kaupverðið orðið allt að 250 milljónir króna til ársins 2008.

Eigið fé félagsins var 1.232 milljónir króna í lok árs 2005 og dróst saman um 9,5 prósent. Eiginfjárhlutfall var því yfir 33 prósent.

Í lok árs var Útgáfufélagið Valtýr stærsti hluthafinn með 21 prósents hlut en nokkrar breytingar hafa orðið á eigendahópi Árvakurs í ár. Meðal annars hafa stærstu hluthafarnir, Valtýr og félög í eigu Ólafs Jóhanns Ólafssonar og Straums-Burðaráss, styrkt stöðu sína. Þá keypti Ólafsfell, félag Björgólfs Guðmundssonar, átta prósenta hlut í Árvakri á dögunum.


Himinn og haf – SÍA

Sparnaður eftir þínum nótum

Ávöxtunarsafnið – **21,70% ávöxtun**




spron VERÐBRÉF

Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 01.01. 2006 til 01.11. 2006.




# Gutenberg
## gott betur

Gutenberg er þjónustufyrirtæki í prentiðnaði. Við byggjum á traustum grunni sem hefur þróast á undanförnum 100 árum. Við erum sérfræðingar í stórum og smáum prentlausnum fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Gutenberg leggur áherslu á persónulega þjónustu og að leita hagkvæmustu leiða í hverju tilfelli fyrir sig.  Við höfum skilning á þörfum viðskiptavinarins og uppfyllum kröfur hans.

Gutenberg

Gutenberg • Suðurlandsbraut 24 • 108 Reykjavík • Sími 545 4400 • Fax  545 4401 • www.gutenberg.is

# PS3 næstum uppseld í Japan

Sala á leikjatölvunni PlayStation 3 frá Sony hófst í Japan á laugardag. Tölvurnar dvöldu ekki lengi í hillum verslana því óþreyjufullir leikjatölvuunnendur rifu þær jafnóðum út. Strax á mánudag voru þær við það að seljast upp enda fóru einungis hundrað þúsund stykki í sölu.



**ÚR VERSLUN Í TÓKÝÓ** Hamagangur var í verslunum í Japan þegar sala hófst á PlayStation 3 leikjatölvunni á laugardag. MARKAÐURINN/AFP

Ástæðan fyrir því að svo takmarkað magn fór í sölu var galli í Blu-ray drifi leikjatölvunnar, sem hamlaði frekari framleiðslu. Sala á tölvunni hefst í Bandaríkjunum í næstu viku. Evrópubúar fá hana hins vegar ekki í hendur fyrr en í mars á næsta ári.

Breska dagblaðið The Guardian segir breska foreldra óánægða yfir því að fá leikjatölvuna í mars enda hafi margir ætlað að gleðja börn sín með hörðum pökkum um jólin. Nokkrir ætla að ganga svo langt að kaupa tölvuna í Bandaríkjunum og Japan. Það er hins vegar erfiðleikum bundið því Sony hefur lagt blátt bann við innflutningi á henni á milli heimsálfa. **- jab**

# Forstjóri ársins vinnur hjá Lego

Samtök stjórnenda í Danmörku völdu í síðustu viku Jørgen Vig Knudstorp, forstjóra danska leikfangaframleiðandans Lego, sem forstjóra ársins.

Danska dagblaðið Börsen segir rökstuðning samtakanna fyrir valinu vera þá að Knudstorp hafi tekið sér fyrir hendur það ábyrgðarfulla starf að standa vörð um þá þjóðargersemi sem Lego sé. Þá vinni hann sömuleiðis að einni erfiðustu hagræðingu í fyrirtækjasögu landsins, sem meðal annars felur í sér að níu hundruð manns verður sagt upp í Billund í Danmörku á næstu þremur árum.

Þá segir ennfremur að Knudstorp, sem er 37 ára og yngsti forstjórinn til að hljóta titilinn forstjóri ársins, hafi unnið gott starf við endurskipulagningu í rekstri Lego ásamt ungum stjórnendum fyrirtækisins, og „siglt fleyinu yfir á lygnan sjó,“ líkt og segir í Börsen.



**FORSTJÓRI LEGO** Jørgen Vig Knudstorp, forstjóri danska leikfangarisans Lego, er forstjóri ársins í Danmörku. Markaðurinn/AFP

Rekstur Lego hafði verið í járnum í nokkur ár þegar Knudstorp tók við forstjórastarfinu fyrir rétt rúmum tveimur árum. Lego var rekið með talsverðu tapi fyrir ári en Knudstorp tókst með aðhaldsaðgerðum að snúa tapinu í 2,8 milljarða króna hagnað á fyrsta fjórðungi ársins.

Fjölmiðlar hafa reyndar gert sér mat úr endurskipulagningu Knudstorps, sem fækkað hefur starfsfólki til að gera fyrirtækið samkeppnishæfara. Hægt hefur á framleiðslu á flestum vörum og eru líkur á að það nái ekki að anna eftirspurn fyrir jólaverslunina. **- jab**

# Disney með methagnað

Bandaríski afþreyingarrisinn Disney skilaði tvöfalt meiri hagnaði á þriðja fjórðungi ársins en á sama tíma í fyrra. Hagnaðurinn nam 782 milljónum bandaríkjadala, jafnvirði rúmlega 53 milljarða íslenskra króna, samanborið við 379 milljónir dala, eða 25,8 milljarða króna, í fyrra. Hagnaðurinn, sem hefur aldrei verið meiri, er að mestu tilkominn vegna góðrar aðsóknar að kvikmyndum undir merkjum Disney og í Disney-garðana.

Þá skilaði annað efni Disney-risans sömuleiðis hagnaði.

Tekjur fyrirtækisins námu 8,8 milljörðum dala eða 600,5 milljörðum króna sem er fjórtán prósentum betri afkoma en á sama tíma í fyrra. Bob Iger, forstjóri Disney, segir árið hafa verið sérstaklega gott enda hafi afkomumet verið slegið á öllum sviðum. „Þetta er niðurstaða ótrúlegrar sköpunargleði hjá fyrirtækinu,“ sagði hann.

Þessi fína afkoma hafði hins vegar slæmar afleiðingar fyrir gengi hlutabréfa í Disney. Gengið hefur hækkað um fjórtíu prósent það sem af er ári og telja fjárfestar ekki innistæðu fyrir meiri hækkunum. Seldu margir þeirra því bréf sín og tóku inn hagnað. Afleiðingarnar urðu þær að gengi bréfa í Disney lækkaði um þrjú prósent daginn eftir að uppgjörið birtist í síðustu viku. **- jab**



**MIKKI MÚS** Barnvæni afþreyingarisinn Disney skilaði methagnaði á þriðja fjórðungi ársins.

# Keníastjórn sökuð um að styðja svik

## Stjórnvöld í Kenía eru sögð styðja svikabanka enda renna tekjur hans beint í ríkiskassann.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Stjórnvöld í Austur-Afríkuríkinu Kenía eru sökuð um að gera ekkert til að stöðva fjársvik, skattsvik og peningaþvættisstarfsemi Charterhous-bankans í landinu. Umfangið er geysimikið en stór hluti af svikamyllunni er sagður renna beint í ríkiskassann.

Að sögn breska ríkisútvarpsins eru svikin talin nema allt að 1,5 milljörðum bandaríkjadala eða tæplega 102 milljörðum íslenskra króna.

Ríkisútvarpið segir ennfremur að stór hluti af þessari vafasömu starfsemi bankans renni beint í ríkiskassann og nemi jafnvel um tíu prósentum af heildartekjum Afríkuríkisins. Skrúfi stjórnvöld fyrir svikamylluna getur farið svo að hrikti í stoðum efnahags landsins, að sögn BBC.

Útvarpið hefur ennfremur eftir Titus Mwirigi, fyrrverandi ráðgjafa við bankann, að ekkert sé gert til að setja svikurunum stólinn fyrir dyrnar. Hann greindi heimspressunni frá fjárplógsstarfseminni fyrir tveimur árum og sagði hana gerða með fullri vitund stjórnvalda. Mwirigi flúði land í kjölfarið og er nú í felum í Bandaríkjunum.

Amos Kimunya, fjármálaráðherra Kenía, vísar því hins vegar á bug að stjórnvöld dragi lappirnar í málinu. Sannleikurinn sé að málinu ljúki senn og verði hinir grunuðu færðir í hendur réttvísinnar innan skamms.

Mwirigi sagði hins vegar í samtali við útvarpið að allir þeir sem hafi rannsakað fjársvikamálið á vegum bankans hafi ýmist verið fluttir til í starfi eða flúið land og virðist sem allt sé gert til að tryggja framgang svikahrappa í Kenía.



**MWAI KIBAKI, FORSETI KENÍA** Stjórnvöld í Kenía eru sökuð um að beita sér ekki gegn fjársvikastarfsemi Charterhouse-bankans því tíu prósent af svikunum renna í ríkiskassann. MARKAÐURINN/AFP

# Aeroflot kaupir ekki Boeing-vélar

Rússneska flugfélagið Aeroflot, sem er að stærstum hluta í eigu ríkisins, hefur frestað kaupum á 22 Dreamliner-farþegaþotum frá flugvélasmiðjum Boeing. Fyrirhugað var að kaupa vélarnar á næstu sex árum. Nú stefnir í að af kaupum verði ekki fyrr en eftir að minnsta kosti átta ár.

Að sögn Valery Okulov, forstjóra Aeroflot, fékkst ekki fjárveiting frá stjórnvöldum vegna kaupanna og rann samningurinn því út í sandinn.

Stjórnmálaskýrendur geta sér þess til að viðræður á milli Aeroflot og Boeing hafi siglt í strand eftir að Bandaríkjamenn ákváðu að setja viðskiptabann á rússneska hergagnaútflytjandann Rosoboronexport og herþotuframleiðandann Sukhol, sem eiga í viðskiptasamböndum við Írana.

Flugfélagið íhugaði að endurnýja flugflota sinn sem samanstendur að mestu af Ilyushinvélum. Vélarnar eru komnar til ára sinna og hafa þær bilað alloft.

Aeroflot hefur sömuleiðis stefnt að því að kaupa 22 Airbus 350 XWB farþegaþotur á árunum 2012 til 2013. Okulov benti hins vegar á að það væri óvíst hvort af kaupunum yrði þar sem Airbus ætti við framleiðsluvanda að stríða og hafi Aeroflot ekkert heyrt frá fyrirtækinu. **- jab**



**Í VÉL FRÁ AIRBUS** Gustav Humbert, fyrrum aðstoðarforstjóri Airbus, ásamt Valery Okulov, forstjóra Aeroflot, um borð í einni af vélum Airbus.

MARKAÐURINN/AFP

# Toyota stefnir á stærri hlutdeild

Japanski bílaframleiðandinn Toyota, sem er næststærsti bílaframleiðandi í heimi, ætlar að spýta í lófana á næstu árum. Markmiðið er að reisa meðal annars verksmiðjur í Bandaríkjunum, á Indlandi og í Kína og ná fimmtán prósenta markaðshlutdeild á heimsvísu á næstu fjórum árum.

Toyota seldi 65 milljónir nýrra bíla á síðasta ári, undir eigin merkjum, Daihatsu og Hino Motors, sem tilheyra dótturfélögum. Stefnt er að því að auka söluna um tólf prósent á næstu fjórum árum og selja allt að 73 milljónir bíla. Þá er sömuleiðis horft til þess að sala á bílum undir merkjum Toyota aukist um fjórtán prósent á sama tíma en fyrirtækið seldi rúmar 7,2 milljónir bíla á síðasta ári, sem jafngildir ellefu prósenta markaðshlutdeild á heimsvísu.

Toyota horfir til þess að auka sölu á nýjum bílum, mest í Brasilíu, Rússlandi, Indlandi og í Kína, samkvæmt upplýsingum frá stjórn japanska bílaframleiðandans.

Fyrirtækið hefur verið á góðu skriði síðastliðin ár en búist er við að Toyota fari fram úr bandarísku bílasmiðunum hjá General Motors við árslok. Gangi það eftir verður Toyota stærsti bílaframleiðandi í heimi. **- jab**



**TOYOTA COROLLA** Toyota stefnir að því að auka markaðshlutdeild sína um 4 prósentustig á næstu fjórum árum og verða stærsti bílaframleiðandi í heimi.




Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS
REYNSLUTÍMI
á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

mentis HUGBÚNAÐUR

www.icelandexpress.is

# Flug og díll!




Þarftu að gera yfirtökutilboð í alþjóðlegan banka? Ertu að hugsa um að kaupa þér matvörukeðju, fyrirtækjasamstæðu eða bara að fara með starfsfólkið út að borða? Hver sem tilgangur ferðarinnar er, býður Iceland Express alltaf ódýrar og þægilegar lausnir á viðskiptaferðum. Gerðu fjármálastjórann glaðan og fljúgðu með Iceland Express.

Hafðu samband og við hjálpum þér að finna ódýrustu fargjöldin.

**Beinn sími: 5 500 600**

**vidskiptaferdir@icelandexpress.is**

**DAGLEGT FLUG**
**ALLTAF LÁG FARGJÖLD**
**ENGIN SUNNUDAGSREGLA**

**ENGIN HÁMARKSDVÖL**
**AÐSTOÐ VIÐ HÓTELBÓKANIR**
**OG FRAMHALDSFLUG**
**AUÐVELT AÐ BREYTA BÓKUNUM**

**VERÐ FRÁ:**

# 7.995 kr.

Aðra leið með sköttum.

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600

www.icelandexpress.is

Iceland Express

# Nýtt og betra þjóðhagslíkan bætir spár Seðlabankans

**QMM kallast þjóðhagslíkan sem rannsóknar- og spádeild hagfræðisviðs Seðlabankans hefur verið með í þróun síðustu ár. Líkanið leysir af hólmi gamalt og þunglamalegt líkan sem búið var til fyrir margt löngu hjá Þjóðhagsstofnun. *Óli Kristján Ármannsson* hitti að máli Þórarin G. Pétursson sem leitt hefur vinnuna við þróun nýja líkansins.**

„Nýja þjóðhagslíkanið hjálpar okkur að vinna okkar vinnu betur, en hún snýst um að ráðleggja stjórn bankans um ákvarðanir í stjórn peningamála,“ segir Þórarinn G. Pétursson, staðgengill aðalhagfræðings í Seðlabanka Íslands, en hann hefur leitt vinnuna við þróun nýs þjóðhagslíkans sem bankinn hefur tekið í notkun og gagnagrunns sem því fylgir. Líkanið er notað við spágerð og greiningu á áhrifum og miðlun peningastefnu Seðlabanka Íslands og gegnir því mikilvægu hlutverki við mótun peningastefnunnar. Líkanið á hins vegar einnig að gagnast mun fleirum því innan tíðar ætlar Seðlabankinn að gera það aðgengilegt á vefnum ásamt gögnunum sem það byggir á. Þannig gæti það nýst ráðuneytum, stofnunum og fyrirtækjum sem einnig gætu þá lagað spálíkanið frekar að sínum þörfum.

### GAMLA LÍKANIÐ VAR ÚRELT

Þróun nýja líkansins, sem ber heitið Quarterly Macroeconomic Model of the Icelandic Economy og er skammstafað QMM, hefur staðið allt frá árinu 2001. „Og þetta er verkefni sem aldrei lýkur,“ áréttar líka Þórarinn og bætir við að kerfi sem þetta sé lifandi tæki sem taki breytingum í takt við umhverfi sitt og sé í stöðugri endurskoðun. Heitið á kerfinu segir hann svo hefðbundið. Þannig hafi norski seðlabankinn spálíkanið NEMO, Norwegian Economic Model. „Svo eru Englendingarnir líka flottir því kerfið þeirra heitir BEQM, Bank of England Quarterly Model, en þeir bera það hins vegar fram sem Beckham,“ bætir hann við.

Hann segir framfaraskrefið því ótvírætt enda sé bankinn þarna kominn með í hendurnar miklu betra tæki að vinna með en það sem hann hafði fyrir. Hann segir að nýja líkanið verði endurskoðað einu sinni á ári og jöfnur endurmetnar, auk þess sem stöðugt verði hugað að endurbótum. Áhersla er hins vegar lögð á að flækja líkanið ekki meira en orðið er.

Sjö höfundar eru að nýja spálíkaninu, tveir fyrrverandi starfsmenn bankans og fimm núverandi. „Fram að þeim tíma að vinna hófst við QMM var notað þjóðhagslíkan sem búið var til af Þjóðhagsstofnun, þegar hún var til, í samvinnu við okkur og fjármálaráðuneytið. Það líkan notuðum við svo alveg fram á síðasta ár þegar þetta tók smám saman við,“ segir Þórarinn, en fjármálaráðuneytið notar enn gamla líkanið. „Við vorum hins vegar aldrei alveg sátt við það líkan sem er gríðarlega stórt með yfir þúsund stærðir og því ógurlegt verk að halda við þeim gagnagrunni. Þar fyrir utan hefur aldrei verið farið út í að kanna hagræna eiginleika þess.“ Gamla líkanið var síðast endurmetið og lagað árið 1999, en Þórarinn segir að vegna þess hve umfangsmikið það var hafi í raun enginn lengur haft almennilega yfirsýn yfir virkni þess og því hafi það stundum skilað niðurstöðum sem aldrei hafi verið hægt að finna út úr hvernig urðu til. „Svo hefur náttúrulega margt breyst í íslensku hagkerfi. Við tökum nú til dæmis tillit til auðsáhrifa, svo sem hækkana á húsnæðisverði sem skila sér í einkaneyslu, eða hækkana á verði hlutabréfa. Þessa hluti vantar alveg inn í gamla líkanið því þessi áhrif skiptu áður sáralitlu máli.“ Þórarinn segir hins vegar að þótt Þjóðhagsstofnun hafi verið lögð niður hafi það ekki haft áhrif á þá ákvörðun að skipta um kerfi, því búið hafi verið að ákveða það áður. „En það náttúrlega knúði enn frekar á nauðsyn þess að gera þetta.“

Nýja líkanið er mun einfaldara en það gamla að því leyti að það byggir á mun færri breytum. Í því eru 147 hagstærðir, í stað þúsund í því gamla. Stór munur á nýja og gamla líkaninu er svo líka að það nýja er ársfjórðungslíkan, meðan það gamla byggði á tölum heils árs. Þetta tafði einnig nokkuð að hægt væri að taka kerfið í notkun því endurvinna þurfti í það gögn og skipta í ársfjórðunga en mikið af eldri gögnum voru bara til á ársgrundvelli. Ársfjórðungsskiptingin er hins vegar lykilatriði því hún gerir kleift að sjá fyrir þróun hagstærða yfir skemmri tíma. „Svo sem hvað gerist næstu sex mánuðina.“

### FYLGIR EFTIR GÁRUM Á HAGTJÖRNINNI

Þórarinn segir mestu vinnuna því hafa farið í að búa til gagnagrunn með ársfjórðungstíðni. „Ólíkt öðrum löndum þá er tiltölulega nýtilkomið hér að Hagstofan taki saman ársfjórðungslega þjóðhagsreikninga. Tölur um hluti á borð við einkaneyslu eru þannig bara til ársfjórðungslegar frá árinu 1997. Það er of stuttur tími til að meta hagræn sambönd.“ Því var lagst í að búa til ársfjórðungsgögn allt frá árinu 1970. Enn eru svo gögn sem bara eru til á ársgrundvelli, svo sem skattabókhald og ráðstöfunartekjur einstaklinga og var þá gerð áætluð ársfjórðungsskipting fyrir þau gögn með aðferðum tölfræðinnar. „Þetta tók langan tíma, en núna erum við komin með gagnagrunn sem að stærstum hluta er frá 1980 og sumar raðir sem ná enn lengra aftur.“

Spálíkanið notar svo Seðlabankinn meðal annars til að gægjast fram í tímann. „Peningastefnan tekur langan tíma að hafa áhrif. Ef við breytum vöxtum í dag sjáum við það koma fram í breytingum á eftirspurn eftir eitt ár og verðbólgu eftir tvö. Þetta þýðir að þegar Seðlabankinn tekur sína ákvörðun gagnast ekki að horfa á verðbólgu dagsins því of seint er orðið að gera eitthvað í henni. Því verður að hugsa um verðbólguþróunina næstu tvö árin og þá þarf að hafa tæki og tól til að meta hana og þar koma svona tæki inn í myndina. QMM er þá kjarninn í því tækjasafni þótt vissulega höfum við líka fullt af smærri líkönum að byggja á.“ Svo nýtist nýja þjóðhagslíkanið við aðra greiningarvinnu bankans svo sem með því að auðveldara er orðið að segja til um áhrif breytinga á hlutum á borð við olíuverð á aðrar hagstærðir. Kerfið heldur utan um áhrif eins hlutar á annan sem auðvelt getur verið að missa sjónar á. Ef breyting á hagstærð er líkt og að henda steinvölu í tjörn, þá tekur nýja þjóðhagslíkanið eftir öllum ölduhreyfingunum sem af hljótast.

Þórarinn segir nýja kerfið hafa verið prófað nokkuð rækilega síðan á síðasta ári. Fyrst var það keyrt eftir spágerð í þriðja hefti Peningamála í fyrra og niðurstöðurnar bornar saman við niðurstöður úr gamla kerfinu. Í fjórða heftinu var það svo keyrt samhliða spágerðinni þar og svo hefur eingöngu verið stuðst við það í spágerð Peningamála á þessu ári. Skoðun á kerfinu hefur svo leitt í ljós að hegðunarsambönd standast helstu próf varðandi hagræna og tölfræðilega eiginleika. Þannig var kerfið látið undirgangast það þunga próf að herma eftir sögulegri hagþróun áranna 1995 til 2005 og stóðst prófið ágætlega, utan að það missti af gengisfalli krónunnar árin 2001 og 2002. Í þessu prófi fékk kerfið engar viðbótarupplýsingar og því varla við því að búast að það gæti séð fyrir gengisfall, en þegar kerfið er notað í raun er það náttúrlega stöðugt matað á nýjum upplýsingum. Þannig fékk þjóðhagslíkanið nýja ekki að vita í þessu prófi að hér hefði verið breytt um peningastefnu á tímabilinu. „Svo eru tíu ár líka miklu lengra tímabil en maður er yfirleitt að nota svona verkfæri í. Almennt er bara verið að spá til tveggja ára í senn,“ segir Þórarinn.



**„Þetta er lifandi tæki og verkefnið klárast aldrei.“**

**ÞÓRARINN G. PÉTURSSON** Þórarinn hefur leitt vinnuna við gerð nýs þjóðhagslíkans sem Seðlabanki Íslands hefur tekið í notkun. Meðhöfundar að líkaninu eru Ásgeir Daníelsson, Magnús F. Guðmundsson, Ragnhildur Jónsdóttir, Lúðvík Elíasson, Björn A. Hauksson og Þorvarður T. Ólafsson. MARKAÐURINN/GVA

### UMRÆÐAN ER GAGNLEG

Trú manna er að nýja spálíkanið sé svo miklu betra verkfæri en gamla þjóðhagslíkanið að það boði nokkra byltingu. Þórarinn áréttar þó að kerfið sé enn svo nýtt að ekki fáist við því svör fyrr en eftir einhver ár hvernig gengið hefur að spá. „Öll okkar vinna hefur gjörbreyst við þetta. Með gamla líkaninu fór alveg gríðarlegur tími bara í að uppfæra gagnagrunninn og mörg hundruð stærðir sem mörg ár voru síðan höfðu verið uppfærðar. Hin hagræna lógík sem við erum að fá út úr nýja líkaninu er allt önnur, þótt tíminn verði svo að leiða í ljós hvort spárnar séu betri. Okkur líður mikið betur með þetta tæki en það gamla og ég er alveg viss um að ef við byggjum til einhverja spákeppni þar sem kerfin væru mötuð á sambærilegum gögnum þá myndi þetta kerfi standa sig betur.“

Þórarinn segir að áður en Seðlabankinn geti boðið öðrum aðgang að nýja þjóðhagslíkaninu þurfi að huga að leyfum vegna talna frá alþjóðlegum gagnaveitum. „Þar gæti verið spurning um hvort við megum birta gögnin. Hugsunin hjá okkur hefur hins vegar alltaf verið að sá sem á þetta kann og hefur þau forrit sem til þarf til að keyra líkanið geti fengið aðgang að líkaninu og undirliggjandi gögnum,“ segir hann og bætir við að fjármálaráðuneytið hafi til dæmis áhuga á að nýta sér nýja líkanið. „Þau gætu þá lagt meiri áherslu á ríkisfjármálin í sinni notkun á spálíkaninu heldur en við gerum. Við vonum bara að sem flestir geti notað þetta.“ Þórarinn segist sjá fyrir sér að um leið og náist að huga að eignarhaldi gagnanna verði upplýsingarnar gerðar aðgengilegar á vef bankans, en þá hugsanlega án raða sem ekki megi birta, eða með upplýsingum um hvar þær séu fáanlegar. Þannig sé stefnt að því að birta líkanið sjálft, handbók um notkun þess og gagnagrunninn sem það byggir á.

Þórarinn segir mat Seðlabankans að öll umræða um spágerð og rökstuðning bankans sé gagnleg, enda hæft fólk víða sem mark sé takandi á og hafi kannski prófað hluti sem gagnist. „Stundum koma menn náttúrlega með rök sem fara um víðan völl og reynir þá jafnvel verulega á hin hagfræðilegu þyngdarlögmál svo sem þegar menn halda því fram að vaxtahækkanir auki verðbólgu, eða eitthvað slíkt. Oft er þessi umræða hins vegar mjög gagnleg, bæði fyrir okkur og aðra.“ Þetta segir Þórarinn eina sterkustu röksemdina fyrir því að gera aðgengileg þau tól sem Seðlabankinn hefur á að skipa og vera með gagnsæja röksemdafærslu sem skýri ákvarðanir bankans, en þá leið kjósi svo sem ekki allir Seðlabankar að fara. „Þetta er lifandi tæki og verkefnið klárast aldrei.“






Humarhúsið

HUMARHÚSIÐ RESTAURANT

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Viðskiptavinir SPRON Factoring hf. fela okkur umsjón og eftirlit með lánsviðskiptum til þess að geta veitt viðskiptavinum sínum betri þjónustu, aukið söluna og losnað við áhyggjur. Við hjálpum þeim að finna trausta viðskiptavini, fjármögnum vöxtinn, bókum viðskiptamannabókhaldið og þjónustum skuldunauta þeirra.
Fáðu 80% af öllum reikningum greidd strax
www.spf.is
spron FACTORING
SPRON Factoring hf.
Suðurlandsbraut 20
108 Reykjavík
S: (+354) 553 6300
F: (+354) 553 6336
mottaka@spf.is



# Við eigum eftir að landa þei

**House of Frasier bættist í hóp fyrirtækja Baugs í síðustu viku. Fyrir tveimur árum vann Baugur að Kaup þar sem boginn var spenntur til hins ítrasta. „Magapínuverkefni“ segir Jón Ásgeir Jóhann tök hefðu getað gert út af við Baug. *Hafliði Helgason* ræddi um Baug í Bretlandi við Jón Ásgeir o kvæmdastjóra Baugs í Bretlandi.**

> **„Þetta var algjör geðveiki. Það fóru fimmtán þúsund emailar á milli ... Við vorum að kaupa Big Food, MK One, Magasin du Nord og að setja saman Shoe Studio og Rubicon ... Þetta þótti okkur eðlilegt að þessum tíma,“**

Baugur tók í síðustu viku við lyklunum í House of Frasier. Fjárfesting þar sem heildarfjármögnunin nam 77 milljörðum króna. Með Baugi í þessari fjárfestingu eru gamlir kunningjar sem eiga það sameiginlegt að hafa selt Baugi rekstur á undanförnum misserum.

HoF er stórt verkefni og markmiðið er að vekja þennan virðulega risa sem hefur dottað að undanförunu. Fríska upp á vöruúrval og framsetningu og auka söluna.

### 15 ÞÚSUND TÖLVUBRÉF

Enda þótt verkefnið sé stórt er það mun minna en stærsta fjárfestingarverkefni Baugs og þá umfangsmestu kaup íslenskrar viðskiptasögu. Kaupin á Big Food Group. Alls nam fjármögnun þeirra kaupa 112 milljörðum króna. Fyrir réttum tveimur árum unnu fimm starfsmenn Baugs að þessum kaupum og luku þeim, ásamt hópi fjárfesta og bönkunum Kaupþingi, Landsbankanum og Bank of Scotland. Flækjustig verkefnisins var mikið. „Það voru margir sveittir,“ segir Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs. „Það var mikið í gangi á þessum tímapunkti,“ segir Gunnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri fjárfestinga Baugs í Bretlandi. „Þetta var algjör geðveiki. Það fóru fimmtán þúsund tölvubréf á milli.“ Það var fleira í gangi. „Við vorum að kaupa Big Food, MK One, Magasin du Nord og að setja saman Shoe Studio og Rubicon,“ segir Jón Ásgeir. Þeir hlæja og hrista hausinn. „Þetta þótti okkur eðlilegt á þessum tíma,“ segir Gunnar og brosir.

### KOMNIR MEÐ EINSTAKT FYRIRTÆKI

Í látlausum skrifstofunum í gamla húsnæðinu á New Bond Street voru allir á þönum. Lögfræðingar með háa pappírsstafla í einu herbergi og starfsmenn Baugs á þönum með pappíra á milli herbergja. Andrúmsloftið virtist samt ekkert yfirstressað, en blaðamanni í heimsókn í desember 2004 varð fljótlega ljóst að tími fyrir óþarft hjal var enginn.

Verkefnið var gríðarleg ögrun og mál manna að ef það heppnaðist væru fáar dyr í fjármálaheimi Lundúna sem ekki stæðu fyrirtækinu opnar. „Ég held að það gildi, eins og menn skrifuðu hér í blöð í aðdraganda House of Frasier-kaupanna, að ef einhver gæti klárað verkefnið þá væri það Baugur. Það er orðsporið sem við höfum. Baugur fer ekki í verkefni nema að ætla sér að klára það,“ segir Jón Ásgeir. „Það er mjög gott veganesti. Við erum komin með einstakt fyrirtæki hérna. Gæðin á vinnunni og þekkingin á því sem við erum að fást við er þannig að bankarnir verða undrandi þegar við leggjum fyrir þá verkefnin. Þessi þekking er rosalega mikils virði.“

Hann segir að það sé fyrst núna sem búið sé að byggja upp nægjanlegan fjölda og þekkingu til að styðja við verkefnin. „Við vorum náttúrulega alltof fá með alltof mikið.“

### ENDURVINNSLA FJÁRFESTA

Fjárfestingargeta Baugs hefur vaxið mikið og hópurinn sem fjárfestir með þeim stækkað. Meðfjárfestarnir eru margir hverjir þeir sem selt hafa Baugi sín fyrirtæki. „Það er svolítið sérstakt. Þetta er eins og að kaupa hús af einhverjum og síðan verði hann besti vinur manns. Í Big Food-kaupunum var mjög mikilvægt að sjá að þessi hópur vann ekki bara vel saman að því að leysa það flókna verkefni að kaupa fyrirtækið, heldur einnig þegar menn tókust á við þá erfiðleika í rekstrinum sem blöstu við þegar við tókum við félaginu,“ segir Gunnar. „Financial Times kallaði þetta endurvinnslu á fjármunum hjá Baugi. Þessir fjárfestar hafa unnið með okkur í verkefnum sem við leiðum og við höfum einnig komið að verkefnum þar sem þeir eru í forystu.“

### MAGAPÍNUYFIRTAKA

Ástand Big Food var verra en menn bjuggust

meistarinn.is
Þar sem þú finnur meistara og fagmenn til verksins

Námsefnisstyrkir

Samtök iðnaðarins auglýsa eftir umsóknum um styrki til námsefnisgerðar í greinum sem varða iðnað.
Umsóknarfrestur: 30. nóvember 2006
Nánari upplýsingar á www.si.is

IDAN.IS
veldu þér framtíð

[ SÉRBLAÐ UM VIÐSKIPTI OG ATVINNULÍF– MIÐVIKUDAGUR 15. NÓVEMBER 2006 ]

# Íslenskur iðnaður



## EFNISYFIRLIT

BÆÐI ATVINNA OG ÁHUGAMÁL
*Rut Hallgrímsdóttir hefur rekið ljósmyndastofu í tæp 20 ár* BLS. 2

ÖRFLÖGUR FYRIR ALÞJÓÐAMARKAÐ
*NimbleGen Systems á Íslandi framleiðir DNA-örflögur* BLS. 4

STÓRIÐJUSKÓLINN Í STRAUMSVÍK
*Hluti af lærdómsmenningu sem Alcan hefur þróað með sér í gegnum árin* BLS. 6

TÆKNI OG VIT 2007
*Verður haldin í Fífunni í Smáranum í mars á næsta ári* BLS. 8

GÓÐUR TÆKJAKOSTUR
*Héraðsprent á Austurlandi* BLS. 10

ÍSLENDINGAR NÝJUNGAGJARNIR
*Kaffitár er leiðandi í nýsköpun* BLS. 12

BYRJUÐU Í BÍLSKÚRNUM
*Barnasmiðjan er 20 ára* BLS. 14

UPPSKRIFTIRNAR KODDAHJAL
*Móðir Náttúra* BLS. 16

MARKAÐURINN ALLTAF AÐ STÆKKA
*Stærsta snyrtistofa landsins, Laugar Spa* BLS. 18

0101010ATGC10101010ATGC
1010ATG
01010A
10ATG
01010101010ATGC1010
01010ATGC10ATGC0
0101010ATGC
010ATGC1010
ATGC01010A

Framtíðin er í okkar höndum

**Áskorun til ríkisstjórnarinnar ásamt upplýsingum um stefnu og tillögur Samtaka iðnaðarins er að finna í heild sinni á www.si.is**

Samtök iðnaðarins - Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja - Samtök sprotafyrirtækja - Samtök upplýsingatæknifyrirtækja

Náttúruvernd og nýting náttúruauðlinda

Er sátt í sjónmáli?
Opinn framhaldsfundur SI um nýja skýrslu auðlindanefndar á Grand Hótel þriðjudaginn 21. nóvember nk.
Sjá dagskrá á **www.si.is**
SI Samtök iðnaðarins

# Ljósmyndunin er bæði atvinna og áhugamál

Rut Hallgrímsdóttir hefur rekið ljósmyndastofu við Grensásveg í tæplega 20 ár en flutti fyrir stuttu í glæsilegt húsnæði í Skipholti. Rut hefur markað sér sérstöðu með því að taka flestar myndirnar á filmu.

„Ég nota að mestu filmu. Þó tek ég stafrænar myndir fyrir ferilskrár, vefsíður og fleira ef fólk þarf að fá myndirnar fljótt. Hins vegar finnst mér filman vera tryggari og í myrkraherberginu nota ég hundrað ára gamla aðferð. Stafræna tæknin er orðin mjög góð, en mér finnst ég ekki ná sömu áhrifunum, til dæmis í svart/hvítum myndum, og ég næ með filmunni.“

Rut segist hafa áhyggjur af geymslu stafrænna mynda þegar til lengri tíma sé litið. „Fólk er duglegt að taka myndir, en fæstir láta færa þær á prent. Þær eru í tölvunni og það er hætta á að þær glatist þegar tækin bila eða tæknin breytist.“

Rut byrjaði að mynda fyrir tæpum þrjátíu árum. „Ég gaf manninum mínum góða myndavél í þrítugsafmælisgjöf, en það fór reyndar svo að ljósmyndaáhuginn náði tökum á mér og ég hef verið að mynda síðan þá. Ég fór út til Bandaríkjanna í nám og kláraði svo hér heima árið 1986. Ég opnaði stofu á Grensásvegi 11 árið 1988 og hef verið þar þangað til í síðasta mánuði þegar ég flutti í þetta glæsilega húsnæði í Skipholti 31.“


Rut hefur tekið mikið af mynduj af börnum, og sum þeirra hafa komið til hennar þegar þau gifta sig á fullorðinsárum.

Á stofu sinni er Rut með safn mynda sem spanna allan hennar tuttugu ára feril og er safnið í raun verðmæt heimild um líf fjölda fólks sem hún hefur tekið myndir af um árin.

„Ég var um daginn að taka brúðkaupsmyndir, en brúðurin hafði komið í fyrstu myndatökuna til mín sem ungabarn. Mér finnst ég eiga dálítinn hlut í lífi fólks sem ég hef fylgst með vaxa og dafna á þessum árum sem ég hef verið að ljósmynda.“

Rut segist ekki ánægð með þá stefnu ríkisins að nú séu allar myndir fyrir vegabréf teknar inni á sýsluskrifstofunum af ófaglærðu fólki. „Okkur ljósmyndurum þykir skrítið að ríkið sé að sækja inn á þennan markað.“

Rut segir ljósmyndunina vera bæði atvinnu og áhugamál. „Mér finnst mjög gaman að mynda fólk, hvort sem það eru börn eða fullorðnir, en svo leik ég mér líka að því að mynda landslag þegar ég á frí.“ Maður hennar, Emil Ágústsson, tekur líka myndir og synir þeirra hafa líka gaman af ljósmyndun. „Strákarnir eru núna teknir við gömlu myndavélinni sem kom þessu öllu af stað á sínum tíma.“ *hnefill@frettabladid.is*


Rut myndar mest á filmu og framkallar sjálf í myrkraherberginu.




# Frárennslisrör og súrefnisslöngur

Pípulagningamenn vinna margbrotið starf eins og Ólafur Guðmundsson í Snittvélinni getur vottað.

Ólafur hefur sinnt pípulögnum í þrjátíu ár og á þeim tíma hefur margt breyst í faginu, mest þó efnin og áhöldin. „Það eru fá ár síðan við vorum eingöngu með svart og galvaniserað efni en nú eru öll þessi plastefni komin til sögunnar og galvaniserað nær dottið út. Svo er ryðfrítt stál notað líka, það þolir mikinn hita.“

Fjölbreytnina telur Ólafur þó ekki eingöngu til góðs. Hún hafi aukið tjón vegna mistaka þegar röngum verkfærum sé beitt á hin ýmsu efni. Hann segir pípulagnir njóta vaxandi virðingar og telur það liðna tíð að fólki detti fyrst klóakkrör og stíflur í hug þegar þær heyrist nefndar. Hann er í prófnefnd í faginu sem hefur útskrifað 25-30 manns á ári undanfarið. Auk þess rekur hann Snittvélina og hefur lagt í ýmis stórhýsi eins og skóla og sjúkarhús, enda eingöngu á útboðsmarkaði í 25 ár. „Þetta eru svolítið flókin verkefni sem við erum í. Allt frá því að leggja grunnlagnir í húsin að súrefnisslöngum fyrir sjúklinga. Þar á milli eru svo meðal annars vatnslagnir, snjóbræðslulagnir og hitakerfi. Pípulagningamenn koma að öllum þáttum og vinna einna fjölbreyttasta starfið af öllum iðngreinum.“

*-gg*


Ólafur þarf að eiga ansi mörg verkfæri til að sinna sínu starfi. Svo er hann líka í bókhaldinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




BAKKAVÖR

Bakkavör Group var stofnað árið 1986 og fagnar 20 ára starfsafmæli á þessu ári. Starfsemin hefur vaxið verulega á umliðnum árum og rekur félagið nú á fimmta tug verksmiðja í sjö löndum. Starfsmenn eru um 16 þúsund. Meginhluti starfseminnar fer fram í Bretlandi þar sem félagið er stærsti framleiðandi ferskrar tilbúinnar matvöru. Auk þess starfar félagið í Frakklandi og Belgíu, á Spáni, í Suður Afríku og Kína. Bakkavör Group framleiðir yfir 4.700 vörutegundir í 17 vöruflokkum.

- ALRESFORD SALADS
- ANGLIA CROWN LTD.
- BAKKAVÖR ASIA
- BAKKAVÖR BIRMINGHAM
- BAKKAVÖR FRESH FOODS
- BAKKAVÖR FRESH PRODUCE
- BAKKAVÖR IBERIA
- BAKKAVÖR LIMITED
- BAKKAVÖR MARINER FOODS
- BAKKAVÖR PREPARED FOODS
- BAKKAVÖR RFG FRESHCOOK LTD
- BAKKAVÖR SELECT PRODUCE
- BOURNE SALADS
- BOURNE STIR FRY
- CALEDONIAN PRODUCE
- CINQUIÈME SAISON
- CRUDI & SOGESOL
- ENGLISH VILLAGE SALADS
- FRESH CUT PRODUCE
- HITCHEN FOODS LIMITED
- INTERNATIONAL PRODUCE
- ISLEPORT FOODS LTD
- KATIES
- KATSOURIS FRESH FOODS
- LAURENS PATISSERIES
- LINCS. CUISINE
- MARINER FOODS
- MELROW SALADS
- NEW PRIMEBAKE
- PASTA COMPANY
- SAXON VALLEY FOODS
- SOGESOL
- SPRING VALLEY FOODS
- THE BAKERY
- THE DELICATESSEN
- THE PIZZERIA
- TILMANSTONE SALADS
- VACO
- WELLAND FRESH FOODS
- WINGLAND FOODS
- YORKSHIRE FRESH SALADS


















Sigríður Valgeirsdóttir, framkvæmdastjóri NimbleGen á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Framleiða örflögurfyrir alþjóðamarkað

Sigríður Valgeirsdóttir er framkvæmdastjóri NimbleGen Systems á Íslandi. Fyrirtækið, sem framleiðir DNA-örflögur sem notaðar eru í líftæknirannsóknir, hefur margfaldast að stærð frá opnun útibús hér á landi árið 2002.

NimbleGen Systems er þjónustufyrirtæki á sviði líftækni, starfar á alþjóðamarkaði og framleiðir DNA-örflögur sem notaðar eru í rannsóknir á sviði líftækni og heilbrigðivísinda. Fyrirtækið, sem var stofnað árið 1999 í Bandaríkjunum, var lengi vel í þróunarvinnu og sinnti markaðssetningu einungis að litlu leyti. Eftir að virtir vísindamenn tóku eftir vörunni, fóru að nota hana og tala um hana sín á milli fóru hjólin að snúast og er NimbleGen nú eitt þeirra fyrirtækja á þessu sviði sem eru í hvað örustum vexti.

NimbleGen hefur starfað á Íslandi í tæp fimm ár, eða frá því snemma árs 2002. Fyrirtækið hefur vaxið jafnt og þétt og árið 2004 varð stjórnendum fyrirtækisins ljóst að þáverandi húsnæði myndi ekki standa undir vexti fyrirtækisins. Ári síðar flutti starfsemin í nýtt og glæsilegt húsnæði að Vínlandsleið í Grafarholti. Þar er rúm til heilmikillar stækkunar sem ekki virðist vanþörf á ef væntingar stjórnenda um aukinn vöxt rætast.



Unnur Unnsteinsdóttir, starfsmaður á rannsóknarstofu NimbleGen, vinnur að undirbúningi sýna fyrir tilraun með örflögutækni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Fimmtíu þúsund örflögur

Í haust náði NimbleGen þeim áfanga að smíða fimmtíu þúsundustu örflöguna hér á landi. Sigríður Valgeirsdóttir, framkvæmdastjóri NimbleGen á Íslandi, segir talsverða nákvæmnisvinnu við að gera eina flögu en í dag séu um hundrað flögur smíðaðar á degi hverjum. „Við höfum stækkað hratt á þessu sviði að undanförnu. Til marks um það má benda á að um helmingur af þessum 50 þúsund örflögum var smíðaður á síðastu tólf mánuðum,“ segir Sigríður. „Auk þess að smíða DNA-örflögur, þá starfrækjum við einnig rannsóknastofu sem sér um þjónusturannsóknir með örflögutækni og hefur umfang rannsóknanna farið vaxandi.“

Starfsmannafjöldinn hefur vaxið í samræmi við aukningu starfseminnar og tvöfaldaðist hann í fyrra. Hópurinn heldur áfram að stækka og starfa nú hjá fyrirtækinu á Íslandi yfir þrjátíu manns og alls hundrað í fyrirtækinu öllu. Flestir eru í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Madison-borg í Wisconsin-ríki í Bandaríkjunum, um sex í Waldkraiburg Í Þýskalandi auk þess sem um tuttugu manns vinna við sölu- og markaðsstörf víðs vegar um heim.

### Hagstætt einkaleyfaumhverfi

Þegar leit NimbleGen Systems að fýsilegum kosti undir rannsóknarstofu stóð yfir varð Ísland fyrir valinu þar sem ýmsir kostir þóttu fylgja því að halda úti starfsemi sem þessari hér á landi. Það sem hafði mest að segja var að ákveðin einkaleyfi samkeppnisaðila á DNA-örflögum eru ekki í gildi hér á landi og þar með opnaðist svigrúm til að smíða örflögur hérlendis og stunda rannsóknir með örflögutækni. Hins vegar voru ákveðnar hömlur á útflutningi á örflögunum og því hefur NimbleGen í mörgum tilfellum selt bæði flögur og rannsóknaniðurstöður í einum pakka. Tvö fyrirtæki í eigu bandarískra vísindastofnana hafa orðið til í tengslum við starfsemi NimbleGen á Íslandi, Lindgen ehf. og WiCell ehf., og leigja þau aðstöðu af NimbleGen og nota flögurnar við rannsóknir sínar.



Séð yfir rannsóknarstofu NimbleGen. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Mikilvæg kaflaskil í haust

Kaflaskil urðu í starfsemi NimbleGen í haust sem opnuðu fyrirtækinu fjölmörg ný sóknarfæri. Samningar náðust við örflögufyrirtækið Affymetrics sem hefur víðtækt einkaleyfi fyrir sölu á örflögum. Við samninginn var hömlum um útflutning létt af framleiðslunni og möguleikarnir fyrir frekari vöxt á alþjóðavettvangi jukust til muna. Það er eftir sem áður hagkvæmast að smíða flögur og stunda þjónusturannsóknir á Íslandi, ekki síst vegna þess að hér er gott framboð af góðu, víðsýnu og velmenntuðu fólki. Því sjá stjórnendur fram á mikinn vöxt hér á landi. Sigríður segir þó samkeppnina við útlönd fara harðnandi, meðal annars hvað varðar rekstrar- og launakostnað og vegna þess að hér á landi eru engar aðgerðir af hálfu stjórnvalda til að auðvelda fyrirtækjum eins og NimbleGen að koma undir sig fótunum. Þar að auki sé aðgangur að fjármagni mjög takmarkaður. „Það eru fáir fjárfestar á Íslandi sem hafa áhuga á líftæknifyrirtækjum,“ segir hún. Allt fjármagn sem fer í starfsemi NimbleGen kemur erlendis frá, ef frá eru taldir styrkir frá vísindasjóðum.


ora
ora
JÓLASÍLDIN
2006
JÓLASÍLDIN
2006
ÍSAM
www.isam.is
www.ora.is

VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU



**Allar gerðir af kerrum**
Allir hlutir til kerrusmíða

VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

**Traust**
**dráttarbeisli**
*Ásetning á staðnum.*



VÍKURVAGNAR EHF.

Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is



Auður Þórhallsdóttir, leiðtogi fræðslumála hjá Alcan á Íslandi hf.

# Stóriðjuskóli í Straumvík

Stóriðjuskólinn er orðinn hluti af þeirri lærdómsmenningu sem Alcan á Íslandi hefur þróað með sér í gegnum árin. Hann hefur verið starfræktur í Straumsvík frá 1998 og hefur 171 starfsmaður þegar útskrifast og 12 munu bætast í hópinn nú um áramótin.

Stóriðjuskólinn er sérhæfður með tvíþætt fagnám og starfsnám fyrir áliðnað, annars vegar grunnnám og hins vegar framhaldsnám. „Tilurð skólans má rekja til þess að framkvæmdastjórn Íslenska álfélagsins hf., síðar Alcan á Íslandi hf., taldi brýnt að efla starfsmenntun hjá því starfsfólki fyrirtækisins sem hafði litla formlega menntun," segir Auður Þórhallsdóttir, leiðtogi fræðslumála hjá Alcan á Íslandi hf. „Áður höfðu starfsmenn setið ýmis námskeið en talið var að heildstæðara nám yrði markvissara og gæti skilað fyrirtækinu og starfsfólkinu mun betri árangri en það fyrirkomulag sem áður var við lýði. Þetta var sannarlega þarft frumkvæði þar sem ekkert nám tengt stóriðju var í boði í almenna skólakerfinu hér á landi," bætir hún við.

Námsefni og námsskrá skólans öðlaðist viðurkenningu menntamálaráðuneytisins árið 2002 sem hluti af námsskrá framhaldsskóla og var metið til 24 eininga. Einnig hlaut fyrirtækið Starfsmenntaverðlaunin árið 2000 en þau eru veitt af Starfsmenntaráði og Mennt.

Meginmarkmið skólans eru að efla fagþekkingu, færni og öryggi starfsfólksins og auka möguleika þess á starfsþróun, jafnframt að efla samkeppnisstöðu fyrirtækisins í ört harðnandi samkeppnisumhverfi.

„Hátæknilegur og flókinn búnaður stýrir öllu framleiðsluferli Alcan á Íslandi. Álverið er þannig hátæknifyrirtæki og í raun gott dæmi um hvernig rótgrónir atvinnuvegir geta nýtt sér það besta sem tölvu- og tæknisamfélagið býður upp á til að auka afköst og gæði framleiðslunnar," segir Auður.

Í ljósi fenginnar reynslu fyrirtækisins af grunnnámi við Stóriðjuskólann var ákveðið að bjóða upp á framhaldsnám við skólann haustið 2004. Það er fyrir stóriðjugreina og þá sem lokið hafa iðnskólaprófi. Markmið framhaldsnámsins er að efla færni nemenda til að gegna lykilhlutverki í hópstarfi og breytingaferlum og rækta hjá þeim frumkvæði og sjálfstæði við mikilvæga ákvarðanatöku innan fyrirtækisins.

Haustið 2005 var allt námið við skólann endurskoðað, ásamt námsbókum og síðan gefin út ný námsskrá með grunn- og framhaldsnámi sem gildir tímabilið 2005-2007. Í námsskránni koma fram markmið og sýn skólans og þær námsaðstæður og viðfangsefni sem talin eru hæfa þessum markmiðum best. Kennsluhættir og kennsluaðferðir eru tilgreindar og sama má segja um mat á námsframvindu og námsárangri.

„Lögð er áhersla á mikilvægi gæðastjórnunar og mats á skólastarfinu til að tryggja stöðugar umbætur á starfseminni. Námið þarf á hverjum tíma að taka mið af örri tækniþróun og síbreytilegu starfsumhverfi Alcan á Íslandi og þörfum starfsmanna okkar," segir Auður og tekur fram að allur rekstur skólans sé kostaður af fyrirtækinu og flestar námsbækur gefnar út af Alcan og sérsniðnar fyrir þau fög sem kennd eru. „Í haust voru gefnar út nýjar námsbækur bæði í rafgreiningar- og steypuskálafræðum og höfundar þeirra eru starfsmenn og kennarar Stóriðjuskólans."

Fyrirtækið gerði í október 2006 samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um einingamat á nýju námsskránni. Í samningnum mun skólanefnd Stóriðjuskólans einnig vinna almenna námsskrá fyrir starfsfólk í stóriðju á Íslandi í samstarfi við FA. Þessi almenna námsskrá mun verða unnin með hliðsjón af námsskrá Stóriðjuskólans og skal uppfylla kröfur Menntamálaráðuneytisins vegna einingamats á óformlegu námi.

„Aukin þekking, hæfni og jákvætt viðhorf starfsfólksins hefur svo sannarlega haft sitt að segja í velgengni okkar enda gerir forstjóri sér grein fyrir mikilvægi þess að starfsfólkið búi yfir sjálfstrausti og sjálfsöryggi og veit að þannig geta einstaklingarnir frekar tekist á við breytingar og áskoranir. Hvatning, skilningur og metnaður yfirmanna til skólans hefur svo sannarlega skilað sér í hærra menntunarstigi starfsfólksins og eflt fyrirtækið á allan hátt," segir Auður.







Eldhús innréttingar

Innréttingarnar eru sérsmíðaðar eftir þínum óskum.
Þú ákveður viðartegund, höldur og innviði.
Við teiknum, smíðum og setjum þær upp.
Aðeins hágæða efni á verði sem hentar öllum.

BJÖRNINN

Innréttingaþjónusta Bjarnarins ehf.-Ármúla 20-Sími 562 5000-Fax 562 5045-bjorninn@bjorninn.is-www.bjorninn.is

# Álver fyrir iðnaðarmenn



## Iðnaðarmannadagur Alcoa Fjarðaáls laugardaginn 25. nóvember

Laugardaginn 25. nóvember opnum við dyrnar fyrir iðnaðarmönnum og iðnnemum. Við förum í skoðunarferð um álverið og kynnum starfsemina í framtíðinni. Á kynningarfundi verður fjallað sérstaklega um atvinnu- og námstækifæri iðnaðarmanna hjá Alcoa Fjarðaáli og þjónustusamninga sem fyrirtækið mun gera við verktaka.

Kl. 12:30 verður lagt af stað í skoðunarferðina frá bílastæðinu við álverslóðina. Við bjóðum einnig upp á rútuferðir frá helstu þéttbýliskjörnum á Austurlandi. Þar sem gera þarf ráð fyrir öryggisbúnaði eru þátttakendur vinsamlegast beðnir um að skrá sig í ferðina á alcoa@alcoa.is eða í síma 470 7900.

Kl. 14:00 byrjum við kynningarfund í Veislumiðstöðinni (Barbeque Centre) í starfsmannaþorpinu á Haga við Reyðarfjörð. Við fáum góða gesti í heimsókn til okkar, ræðum málin saman og bjóðum upp á léttar veitingar. Formlegri dagskrá lýkur um kl. 16:00.

Nánari upplýsingar um rútuferðir og dagskrá fundarins fást á alcoa.is og í síma 470 7900.

Í álveri Alcoa Fjarðaáls verður meðal annars afkastamesta rafveita á landinu, 336 tölvustýrð rafgreiningarker, háþróaður lofthreinsibúnaður, fullkomin álvírasteypa, atvinnuslökkvilið og 250 farartæki af öllum stærðum og gerðum.



Kerskálakrani

## Rafvirkjar (8 störf) og vélvirkjar (9 störf)

Við leitum að faglærðum rafvirkjum og vélvirkjum til að sinna viðhaldi tækja og búnaðar í hátæknivæddu álveri Alcoa Fjarðaáls við Reyðarfjörð. Faglegur metnaður og stöðug þróun verða leiðarljós okkar inn í framtíðina. Unnið er í teymum samkvæmt stöðluðum verkferlum og ýtrustu öryggiskröfum. Verkefni hvers starfsmanns verða fjölbreytt og mikið er lagt upp úr starfsþróun og símenntun.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. nóvember. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf 1. janúar 2007 eða síðar.**

capacent RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störfin á **capacent.is** (áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á **www.alcoa.is** og hjá **Sigurlaugu Þorsteinsdóttur (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is)** og **Helgu S. Guðmundsdóttur (helga.snaedal-@capacent.is)** hjá Capacent í síma 540 1000.



www.alcoa.is

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA

ÍSLENSKA/SIA.IS ALC 34964 11/06

# Tækni og vit 2007




Margit Elva Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Tækni og Vits, segir markmið sýningarinnar vera að draga fram það sem þekkingariðnaðurinn hefur fram að færa.

**Sýningin Tækni og vit 2007 verður haldin í Fífunni í Smáranum 8. til 11. mars á næsta ári. Markmið sýningarinnar er að kynna nýjungar og þjónustu sem í boði er í hátækni- og þekkingariðnaði og þau tækifæri sem eru til varðandi aðstöðu, fjármögnun og þjónustu.**

Sýningin Tækni og vit 2007 er ætluð þeim sem vilja kynna sér hvað þekkingariðnaðurinn hefur fram að færa. Sýningin er því áhugaverð fyrir alla þá sem starfa í hátækni- og þekkingariðnaði, fyrir stjórnendur og sérfræðinga í atvinnulífinu og einnig fyrir almenning sem hefur áhuga því nýjasta í tækniþróun.

„Við höfum verið að kynna sýninguna í mánuð og fengið mjög góð viðbrögð," segir Margit Elva Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Tækni og vits 2007. „Á þessum stutta tíma höfum við selt í um helminginn af sýningarsvæðinu en við veitum þeim tíu prósenta afslátt af fermetraverði sýningarrýmis sem skrá sig fyrir 24. nóvember. Þetta er fyrst og fremst fagsýning en við erum að reyna að víkka út sviðið og taka inn fleiri þætti í íslenskum iðnaði," segir Margit. Meðal þátttakenda á sýningunni verða tölvu- og upplýsingatæknifyrirtæki, fjarskiptafyrirtæki, fyrirtæki í líf- og lyfjatækni og mörg öflugustu iðntæknifyrirtæki landsins. Að auki munu menntastofnanir, ráðgjafa- og fjármálafyrirtæki og ýmsar opinberar stofnanir koma að sýningunni. Einnig verður UT-dagurinn haldinn í tenglsum við Tækni og vit 2007. Ráðstefna verður haldin í Salnum í Kópavogi þar sem meðal annars verður rætt um hvernig auka megi rafræna sjálfsafgreiðslu opinberra stofnana.

„Sýningin Tækni og vit 2007 gefur þannig fólki kost á að kynnast íslenskum hátækniiðnaði og þeim geira sem í kringum hann er," segir Margit. „Sýningin verður mjög fjölbreytt, enda eru þátttakendur af mjög breiðu sviði."

Nánari upplýsingar um Tækni og vit 2007 má finna á www.taekniog-vit.is.

*johannas@frettabladid.is*




## Járn úr mýrarauða



Óhætt er að fullyrða að vinnsla á járni úr jörðu hafi verið þróaðasta náttúrunám á Íslandi á miðöldum. Járnið var unnið úr mýrarauða en sú aðferð var algeng í Noregi fyrir landnám Íslands og líklegt að aðferðin hafi flust með norskum landnámsmönnum hingað til lands. Aðferðin, sem notuð var við járngerðina, var kölluð rauðablástur og byggðist á því að bræða járnið úr mýrarauða yfir viðarkolaglóð í þar til gerðum ofni.

Á þjóðveldisöld er líklegt að mestallt járn, sem notað var til framleiðslu á ýmsum nytjahlutum, hafi verið unnið hér á landi og má því til stuðnings benda á að engar heimildir eru til um innflutning á smíðajárni á þeim tíma.

Járngerð á Íslandi, rauðablástur, lagðist af um 1500 þegar vinnsla járngrýtis hófst á Norðurlöndum. Í kjölfar þess hófst innflutningur á svokölluðu Ásmundarjárn en þó er líklegt að vinnsla járns úr mýrarauða hafi tíðkast eitthvað eftir 1500 þar sem slík þekking leggst ekki af á einni nóttu.

Fyrsti Íslendingurinn, sem ber starfsheitið járnsmiður í rituðri heimild, er landnámsmaðurinn Ljótólfur og má því segja að hann sé fyrsti járniðnaðarmaðurinn sem sögur fara af.

*(www.idan.is)*



# Við framleiðum glugga og gler fyrir þig

## Einnig hurðir, svalalokanir og sólstofur

PVC plastgluggar og hurðir
Frábær viðhaldslaus lausn
fyrir bæði gömul
og ný hús









**DANLiNE frá VEKA**
Frábær lausn í gömul hús (einnig ný)
Líta út eins og gömlu íslensku
gluggarnir, einstaklega fallegir

**GLUGGA- OG GLERHÖLLIN**

Ægisbraut 30 • 300 Akranes • Sími: 431 2028 • Fax: 431 3828
Netfang: glerhollin@aknet.is • Heimasíða: www.glerhollin.is

**Einangrunargler – Öryggisgler – Speglar**







Héraðsprent á Egilsstöðum var stofnað árið 1972.

# Góður tækjakostur

Héraðsprent snertir líf fólks á Austurlandi á hverjum degi en fyrirtækið gefur út Dagskrána. Jafnframt er það ein tæknilegasta prentsmiðjan utan höfuðborgarsvæðisins.

Fyrir ellefu árum hóf Héraðsprent útgáfu á Dagskránni á Austurlandi sem er langöflugasti auglýsinga- og upplýsingamiðill Austurlands enda er henni dreift ókeypis inn á heimilin. Þannig kemur fyrirtækið, sem er í eigu Gunnhildar Ingvarsdóttur prentsmiðs og Þráins Skarphéðinssonar prentara, við sögu í lífi fólks á hverjum degi á Austurlandi.

Fyrirtækið var stofnað árið 1972 og eru starfsmenn níu talsins. Tækjakostur er mjög góður og var nýverið fjárfest í Heidelberg Suprasetter-plötuskrifara, auk þess sem Héraðsprent á fjögurra lita Roland-prentvél. Með þessum fjárfestingum er Héraðsprent tæknilegasta prentsmiðjan utan höfuðborgarsvæðisins og eina prentsmiðjan á Austurlandi með þessa tækni.

„Tækjakostur er endurnýjaður reglulega og yfirfarinn til að fylgja straumum og stefnum í iðnaðinum. Við bjóðum einnig upp á hæðarprent (gamla blýið) ef þannig verkefni koma inn fyrir dyr. Starfsfólk Héraðsprents ber mikla virðingu fyrir gömlum hefðum og viðheldur notkun Eickhoff-hæðarprentvélarinnar," segir Gunnhildur og bætir við að starfsfólk prentsmiðjunnar sé mjög duglegt við að búa til ný verkefni og skapa nýjar leiðir fyrir fyrirtækið. „Að lokum má segja frá því að Héraðsprent flytur inn handgerðan pappír frá Japan sem notið hefur gífurlegra vinsælda í alls konar föndur og hönnunargripi. Einnig framleiðir starfsmaður Héraðsprents, Ingunn Þráinsdóttir, handgerðar bækur úr japönskum pappír, ull og hrosshári," segir Gunnhildur.



Hér sést í fjögurra lita Roland-prentvél, en tækjakostur Héraðsprents er mjög góður. Nýverið fékk fyrirtækið Heidelberg Suprasetter-plötuskrifara.








alltmatur
Alla föstudaga

## Námskeið }

Næstu námskeið á dagskrá hjá Iðunni fræðslusetri er eftirfarandi;

**Brunaþéttingar. 24. nóvember.**
Á námskeiðinu er fjallað um brunaþéttingar í mannvirkjum. Kynnt eru efni til brunaþéttinga.

**Rafmagnsfræði fyrir málmiðnaðarmenn. 24. nóvember.**
Nemendur kynnast grunnatriðum rafmagnsfræðinnar og notkun mælitækja. Fjallað um helstu íhluti rafkerfa svo sem rofa, öryggi, spólur, lekaliða og mótora. Farið er í uppbyggingu tákna og rafmagnsteikninga. Skoðuð virkni iðntölva (PLC) og forritun þeirra. Áhersla er lögð á verklega kennslu.

**Utanhússklæðningar. 25. nóvember.**
Á námskeiðinu er fjallað um klæðningu útveggja og mat á viðgerða- og viðhaldsaðgerðum. Farið yfir vinnuaðferðir og frágang festingakerfa. Fjallað um val á réttum efnum til klæðninga og klæðningarefni kynnt.

**Plastkubbahús. 2. desember.**
Á námskeiðinu er kynnt byggingaaðferð sem hefur verið að ryðja sér til rúms á síðustu árum. Steypumót byggð úr plastkubbum. Fjallað um undirstöður mótanna. Einnig um um afréttingu og stífingar. Námskeiðið er haldið í samvinnu við framleiðendur plastkubba.

**Uppbygging loftræsikerfa. 8. desember.**
Fjallað um tilgang, eiginleika og virkni einstakra hluta kerfanna og tengslin milli þeirra. Kennt er að nýta upplýsingar framleiðenda um einstök tæki sem notuð eru í loftræsikerfum.

**AutCAD 2006 Essentials. 17. febrúar.**
Farið yfir notendaviðmót forritsins, hvernig á að byrja vinnu og halda utan um teikningaskrár. Farið í skjáskipanir, teikniskipanir og gerð staðalteikninga, hnitakerfi, gripaðgerðir, breytiaðgerðir, fyrirspurnaaðgerðir og skástrikun. Textavinnsla og málsetningar í AutoCAD. Hjálpartæki og blokkarhugtakið kynnt ásamt útprentun.



Starfsmenn í kerskála.

# Sagan – Upphaf prentverks



Að þrýsta lófa í blautan sand er prentun ef miðað er við þá skilgreiningu að prentun sé fólgin í að flytja mynd frá einum fleti yfir á annan með þrýstingi. Sé þetta haft sem viðmiðun hafa fyrstu mennirnir vafalaust stundað prentun. Það er aðeins með tæknimenningu síðmiðalda að fljótvirknin og kunnáttan aukast til muna.

Nú er talið víst að Jón Arason biskup á Hólum 1525 -1550 hafi fyrstur Íslendinga innleitt prenttæknina hér á landi. Jón var biskup kaþólsku kirkjunnar og er merkilegt til þess að vita að upphafsmenn prentverksins á Íslandi hafi verið embættismenn kaþólsku kirkjunnar.

Það er hugsanlegt að Jón Arason hafi viljað nýta sér prentlistina í baráttu sinni við lúterska „villutrúarmenn“ og við bakhjarl lútherskunnar á Norðurlöndum Konung Danmerkur. Ef svo er þá er það þveröfugt við þá þróun sem átti sér stað á tímum Jóns biskups í mörgum héruðum Evrópu þar sem helsta vopn Lútherstrúarmanna í útbreiðslu hins nýja siðar var einmitt prentverkið.

Fyrstu bækur sem prentaðar voru á Íslandi báru einkenni þess að í landinu var fyrir töluverð rithefð sem rekja mátti til íslensku skinnhandritanna. Í þessum bókum kemur fram sama stafagerð og í gömlu handritunum, til dæmis gamla góða þ-ið sem hefur alltaf verið sérkenni íslensks ritmáls.

Segja má að þróun prentverksins á Íslandi hafi gengið í gegnum þrjú ólík stig til dagsins í dag. Þessi stig einkennast af því hverjir höfðu yfirráð yfir prentverkinu og í hvaða skyni þeir nýttu sér hina nýju tækni.

*(www.idan.is)*


Náttúruvernd og nýting náttúruauðlinda



Er sátt í sjónmáli?

Opinn fundur Samtaka iðnaðarins um nýja skýrslu auðlindanefndar:
„Framtíðarsýn um verndun og nýtingu auðlinda í jörðu og vatnsafls"

Stjórn og ráðgjafaráð SI efna til framhaldsfundar um náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda í ljósi nýrrar skýrslu nefndar iðnaðarráðherra um málið.

Staður: Grand Hótel Reykjavík
Dagur: Þriðjudaginn 21. nóvember
Stund: Frá 15:00 til 17:00

Dagskrá:

Jónína Bjartmarz
umhverfisráðherra

Árni Finnsson
formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands

Víglundur Þorsteinsson
stjórnarformaður BM Vallár ehf.





Pallborðsumræður ræðumanna
Stjórnandi: Sveinn Hannesson framkvæmdastjóri SI




Fundarstjóri:
Helgi Magnússon formaður SI

Fundurinn er öllum opinn.
Félagsmenn SI eru eindregið hvattir til að koma.

SI
Samtök iðnaðarins



allt bílar
Alla laugardaga



Fyrirtækið Kaffitár hefur vaxið gríðarlega á undanförnum árum eins og reyndar kaffimarkaðurinn í heild sinni og hefur Sonja Björk Grant verið ein af þátttakendum þeirrar uppbyggingar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Íslendingar eru nýjungagjarnir og smá snobbaðir

**Kaffitár er eitt þeirra fyrirtækja sem hefur verið leiðandi í nýsköpun í iðnaði hérlendis. Fyrirtækið hefur vaxið hratt undanfarin ár og virðist ekkert lát ætla að verða á því.**

Sonja Björk Grant er framkvæmdastjóri kaffihúsa Kaffitárs en hún hefur unnið hjá fyrirtækinu í rúm ellefu ár og tekið þar þátt í frumkvöðlastarfi. „Fyrirtækið hefur vaxið hægt og sígandi en nokkuð hratt undanfarin sex ár. Við teljum að það sé svolítið í kjölfar kaffibarþjónakeppnanna sem hafa verið að ryðja sér til rúms. Kaffibarþjónastarfið nýtur meiri virðingar en áður þar sem fólk er ekki eingöngu að afgreiða á kaffihúsi, heldur starfar sem kaffibarþjónar, og þannig hefur myndast ný starfsstétt,“ segir Sonja.

Aukinn áhuga Íslendinga á kaffi og kaffimenningu almennt má þó ekki eingöngu rekja til keppnanna heldur spilar þar fleira inn í.

„Íslendingar eru pínu nýjungagjarnir. Við höfum samt alltaf drukkið mikið kaffi en við erum farin að drekka miklu betra kaffi. Íslendingar eru býsna góðir í að velja sér almennilegt hráefni, og orðnir pínu snobbaðri,“ útskýrir Sonja og telur að innflutningur Kaffitárs á framandi og spennandi kaffibaunum hafi heillað Íslendinga.

Í þessu samhengi má einnig nefna vaxandi áhuga Íslendinga á léttvíni og er drykkjumenningin ekki eins einhæf og áður þekktist. Sonja tekur undir þetta en segir jafnframt að svo virðist sem sum veitingahús séu að dragast aftur úr og bjóði einfaldlega ekki upp á nógu gott kaffi.

Kaffitár hefur undanfarin ár sinnt þessari auknu eftirspurn eftir góðu kaffi og opnað ný kaffihús, nú síðast í Listasafni Íslands. Sonja segir að Kaffitár sé enn að vaxa og dafna en mjög trúlega verða tvö ný kaffihús opnuð á næsta ári. „Síðan er hugsanleg útrás,“ segir hún bjartsýn og brosandi að lokum.

*- sha*

# Söðla- og reiðtygjasmíði

Lítið er vitað með vissu um söðlasmíði og almenna reiðtygjasmíði á Íslandi á miðöldum þar sem heimildir skortir eða þær eru ekki áreiðanlegar en hnakkur var alltaf nefndur söðull í fornu máli Íslendinga. Flestar heimildir um söðlasmíði eru frá 19. öld en söðlasmíði var þá farin að festast í sessi sem iðngrein á Íslandi.

Þrátt fyrir heimildaskort er óhætt að fullyrða að söðlar og reiðtygi hafi verið smíðuð á Íslandi frá landnámi. Það hefur vafalítið verið metnaðarmál fyrir fyrirmenni og stórhöfðingja að sitja í fallegum söðli og nota falleg reiðtygi þótt ekki væri það til annars en að skera sig úr sauðsvörtum almúganum.

Sjálfsþurftarbúskapur var eitt af einkennum íslensks bændasamfélags á fyrstu öldum eftir landnám. Slíkt fyrirkomulag leiddi af sér að sjaldan voru aðföng sótt út fyrir bæjarsamfélagið heldur allt framleitt heima fyrir. Á þeirri forsendu má ætla að laghentir bændur, húskarlar eða vinnumenn hafi smíðað þau reiðtygi sem þurfti til daglegra nota þótt engar áreiðanlegar heimildir staðfesti slíkt.

Starfsheitið handverksmaður er ekki bundið í lög fyrr en árið 1787 en þá gengu lög í gildi sem leyfðu handverksmönnum að starfa í kaupstöðum að fengnu leyfisbréfi og löggildingu yfirvalda.

Ekki er vitað með vissu hver fyrstur lagði fyrir sig söðlasmíði á Íslandi á þann hátt að kalla mætti iðngrein en árið 1808 var Tómas Björnsson Beck talinn eini „gildislærði“ meistarinn í söðlasmíði hér á landi. Tómas lærði söðlasmíði í útlöndum og er því í heimildum notað orðið „gildi“ um handverksmanninn en „gildi“ var óþekkt á Íslandi á þessum tíma.

*(www.idan.is)*








KÓTELETTUKARLINN
ELSKAR LAMBAKJÖT
Lambakjöt
ALLIR ELSKA LAMBAKJÖT, MAÐUR
ENNEMM / SÍA / NM21209



Elín er leikskólakennari að mennt og fannst á sínum tíma lítið úrval af góðum útileiktækjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Leiktækin eru fjölbreytt og skemmtileg.

# Byrjuðu að smíða í bílskúrnum heima

Elín Ágústsdóttir og maður hennar Hrafn Ingimundarson stofnuðu Barnasmiðjuna fyrir tuttugu árum. Þau hanna og smíða útileiktæki og barnahúsgögn undir vörumerkinu KRUMMA-GULL.

„Fyrir tuttugu árum byrjuðum við hjónin að smíða útileiktæki því okkur fannst að vantaði svolítið af leiktækjum úr tré,“ útskýrir Elín sem starfaði á þessum tíma sem leikskólakennari og fannst úrval leiktækja ekki nógu gott. Maður Elínar, Hrafn, er vélstjóri og þau ákváðu að samnýta krafta sína og stofna fyrirtæki í bílskúrnum heima. „Svo þróaðist þetta þannig að við keyptum fyrstu hundrað og svo tvö hundruð fermetra, nú erum við komin í Grafarvoginn í þúsund fermetra hús,“ segir Elín en í dag starfa allt að fjórtán manns í Barnasmiðjunni. „Við erum um átta til fjórtán eftir árstíðum, fæst á veturna,“ útskýrir hún.

Hrafn hefur útfært öll tækniatriði og sér alfarið um hönnunina í dag. Þau hjónin leggja áherslu á leikmöguleika og öryggi leiktækjanna sem búin eru til úr tré en styrkt með járni. Þá eru þau máluð með eiturefnalausri málningu og lökkuð til að auðveldara sé að þrífa af þeim krot.

Elín sér um rekstrarhlið Barnasmiðjunnar og allan innflutning en þau hjónin hafa einnig rekið leikfangaverslun frá árinu 1993 þar sem seld eru þroskandi leikföng auk þess sem þau flytja inn mikið af námsgögnum fyrir leikskóla og skóla.



Hrafn sér alfarið um hönnun leiktækjanna.

Elín segir róðurinn hafa verið harðan til að byrja með. Þau hafi byrjað með tvær hendur tómar, samkeppnin á markaðnum sé töluverð enda mikið flutt inn af leiktækjum. „Okkur hefur hins vegar verið mjög vel tekið og við horfum alltaf fram á við,“ segir Elín kankvís.



Skemmtileg lausn á marki.


# Innritun á vorönn 2007

almennt svið

Almennar bóklegar greinar eru hluti af námi á öllum brautum skólans. **Allt almenna námið er matshæft á milli skóla eftir því sem við á.** Einnig er hægt að stunda nám í almennum greinum í eina til fjórar annir. Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

fjarnám

Fjarnám er áhugaverður kostur fyrir þá sem ekki geta nýtt sér staðbundið nám, t.d. vegna vinnu eða búsetu. Í fjarnáminu er boðið upp á **fjölbreytt námsúrval í bóklegum og fagbóklegum greinum** ásamt ýmsum greinum meistaranámsins.

sérdeildarsvið

Á sérdeildarsviði eru tvær brautir: **Starfsdeild • Nýbúabraut.** Auk þess er endurhæfingarnám Janusar (rekið í tengslum við skólann). Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

rafiðnasvið

Á rafiðnasviði eru eftirtaldar brautir: **Grunnnám rafiðna • Rafvirkjun • Rafeindavirkjun • Rafvélavirkjun • Rafveituvirkjun Símsmíði.** Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

hönnunarsvið

Á hönnunarsviði eru fjórar brautir: **Listnámsbraut** (almenn hönnun og keramik) **• Hársnyrting • Fataiðnabraut** (klæðskurður og kjólasaumur) **• Gull- og silfursmíði.** Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

byggingasvið

Á byggingasviði eru fimm iðnbrautir í framhaldi af grunnámi bygginga- og mannvirkjagreina: **Húsasmíði • Húsgagnasmíði • Múrsmíði • Málun • Veggfóðrun og dúklagningar.** Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

upplýsinga- og margmiðlunarsvið

Á upplýsinga- og margmiðlunarsviði eru þrjár brautir: **Upplýsinga- og fjölmiðlabraut • Tækniteiknun • Margmiðlunarskólinn.** Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

tölvusvið

Á tölvusviði er ein braut: **Tölvubraut** sem býður upp á sérhæfingu í **forritun** og **netkerfum.** Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

***Innritun í dagskóla á vorönn 2007 er hafin. Tekið er við umsóknum á skrifstofu skólans.***
***Aðstoð við innritun verður í skólanum dagana 21. og 22. nóvember kl. 12–16. Námsráðgjafar og sviðsstjórar leiðbeina þá um námsval og brautir skólans.***

*Innritun í fjarnám og kvöldskóla hefst á vef skólans 17. nóvember.*

*Allar nánari upplýsingar á www.ir.is og á skrifstofu skólans, sími 522 6500.*

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Skólavörðuholti | 101 Reykjavík
Sími 522 6500 | Fax 522 6501
www.ir.is | ir@ir.is



# Hve marga þjóna vilt þú hafa?

Eitt sinn í árdaga rafmagnsins var sagt að not af rafmagni á heimili væri á við marga þjóna. Heimilistækin t.d. þvottavélin, örbylgjuofninn, eldavélin, ljósin og tölvurnar vinna margra manna verk á hverjum degi með hjálp rafmagns. Nú á dögum er þörf fyrir enn fleiri þjóna og þá getum við hjálpað.

Getur þú hugsað þér daglegt líf án rafmagns?

RARIK

*lifandi afl*

RARIK HF • RAUÐARÁRSTÍG 10 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 528 9000 • WWW.RARIK.IS



Valentína Björnsdóttir framkvæmdastjóri Móður Náttúru, var áður matráður á leikskóla og hefur kennt á fjölmörgum matreiðslunámskeiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Uppskriftirnar koddahjal

Valentína Björnsdóttir rekur fyrirtækið Móðir Náttúra með eiginmanni sínum Karli Eiríkssyni. Þau sérhæfa sig í gerð næringarríkra, ljúffengra og hollra grænmetisrétta.

„Okkur fannst vanta hollan skyndibita á markaðinn,“ segir Valentína Björnsdóttir aðspurð um stofnun fyrirtækisins Móður Náttúru sem selur holla og næringarríka grænmetisrétti til matvöruverslana, mötuneyta og skóla. Fyrirtækið á sér engan líka og á þeim þremur árum sem fyrirtækið hefur starfað hefur viðskiptavinum farið ört fjölgandi og viðtökur verið góðar.

„Við framleiðum eingöngu grænmetisrétti og höfum gæðin að að leiðarljósi. Þótt þeir séu fjöldaframleiddir, viljum við að hægt sé að bjóða gestum heima fyrir upp á þennan mat. Þar af leiðandi er áhersla lögð á að maturinn sé handgerður sem gefur honum persónulegan blæ og leggjum við okkur fram við að handverkið haldist í gegnum alla framleiðsluna,“ segir Valentína.

Hversu stór er framleiðslan?

„Við segjum að þetta sé rúmlega eldhúsútgerð og erum við samtals tíu starfsmenn. Við erum með svakalega gott starfsfólk sem okkur þykir mjög vænt um og þegar við segjumst leggja ást og umhyggju í matargerðina þá meinum við það,“ segir Valentína.

Aðallega er notast við íslenskt hráefni þó ekki sé það alltaf á boðstólnum. Baunirnar eru til dæmis innfluttar, en valið er vandað og eru þær að mestu lífrænt ræktaðar. „Við reynum að nota eins vandað hráefni og kostur er.“

Vinsælustu réttirnir eru grænmetisbuff, en meðal nýjunga hjá fyrirtækinu eru pottréttir þar sem notast er við sérinnflutt lífrænt sojakjöt og munu þeir fljótlega koma á markað í pakkningum. Pottréttirnir hafa þó verið til sölu í heita borðinu í Nóatúni og notið þar mikilla vinsælda.

Áður en Valentína stofnaði fyrirtækið með manni sínum starfaði hún sem matráður á leikskóla og hélt mörg matreiðslunámskeið og Karl starfaði sem kokkur á Grænum kosti í tíu ár. Hún segir þau ekki hafa séð eftir því að demba sér í viðskiptalífið með þessum hætti og séu þau hjónin góðir vinnufélagar.

„Ég er framkvæmdastjórinn og sé um heildarreksturinn á meðan hann stjórnar framleiðslunni, Svo segjum við stundum að uppskriftirnar séu koddahjal,“ segir Valentína og brosir. *kristineva@frettabladid.is*



Grænmetisbuffið frá Móður Náttúru er mjög vinsælt. MYND/GÍSLI EGILL HRAFNSSON


Alvöru verslunar- og bókhaldskerfi
198.900 kr.
Tilboðið gildir til 16. des.

*Lífið er einfalt með*
**LS Easy Retail**





LS EASY RETAIL

*LS Easy Retail er byggt á Microsoft hugbúnaði og fellur viðmótið inni kunnuglegt viðmót forrita eins og Outlook, Word og Excel.*

*Einfaldur rekstur - fjölbreyttir eiginleikar*

LS Easy Retail er kjörið kerfi fyrir aðila í leit að heildarlausn sem fljótlegt er að koma í gagnið, einfalt að nota og er sniðin að framtíðarþörfum. **Með LS Easy Retail færð þú:**

- Fjárhagsbókhald
- Birgðir og forðabókhald
- Viðskiptamanna- og sölubókhald
- Starfsmannahald
- Tengslastjórnarkerfi (CRM)
- LS Retail verslun
- Eignakerfi
- LS Retail bakvinnslukerfi
- Lánadrottna- og innkaupakerfi
- Þrjá samtímanotendur

*Nú býðst þér einstakt tækifæri á að koma rekstrinum þínum í enn betra horf á einfaldan hátt með LS Easy Retail frá Landsteinum Streng.*

Við hönnun LS Easy Retail voru sérstaklega hafðar í huga þarfir verslana og veitingastaða með einn til tvo afgreiðslukassa. Kröfur sem gerðar eru til getu og virkni kerfis fyrir slíkar einingar eru þær sömu og í stærri verslunum en mælikvarðinn er annar. Í LS Easy Retail eru til staðar allir nauðsynlegir þættir fyrir þarfir verslunarreksturs eins og í viðameiri kerfum, en munurinn felst í einfaldari uppsetningu og ríkari áherslu á þarfir minni rekstraraðila. Handtölvutengingar auðvelda síðan kortagreiðslur og pantanir í veitingarekstri .

Allt þetta og meira til býðst þér á aðeins 198.900 kr.* Nýttu þér tækifærið og gerðu lífið einfaldara með LS Easy Retail. Hafðu samband við söludeild okkar í síma 550 9000. **Tilboðið stendur til 16. desember.**

Samstarfsaðilar okkar eru: *Nýherji, Opin kerfi, Tæknival og Þekking.*

Landsteinar Strengur
Ármúla 7 - 108 Reykjavík - Sími 550 9000 - www.landsteinarstrengur.is

**Microsoft Business Solutions**
**Global ISV Partner of the Year 2005**

Lausnir frá Landsteinum Streng eru notaðar í fleiri en 11.600 verslunum með yfir 28.000 afgreiðslukössum víðsvegar um heim. Meðal ánægðra viðskiptavina má nefna: IKEA, Adidas, Debenhams, Pizza Hut, Booths stórmarkaðirnir, Alliance Pharmacy og Concept Sports International (EM 2004, ÓL í Aþenu árið 2004).

Microsoft Dynamics
Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

*Verð er án vsk. og vélbúnaðar.




**BLIKKSMIÐJA GYLFA EHF.**

KLETTHÁLS 9 ● 110 REYKJAVÍK ● SÍMI 567 4222 ● FAX 567 4232

Á undanförnum árum hefur það færst í vöxt að gera upp gömul hús víða um land og þar kemur bárujárnið sannarlega við sögu. Einnig hafa hönnuðir húsa aldrei lagt bárujárnið á hilluna þrátt fyrir miklar tískusveiflur í hönnun. Það sést vel á mörgum nýjum húsum. Blikksmiðja Gylfa býður uppá heildarlausnir á þakfrágangi og veggklæðningum úr bárujárni. Allir fylgihlutir eru framleiddir hjá Blikksmiðju Gylfa og ávallt til á lager. Þaulreyndir fagmenn með áratuga reynslu eru til staðar og veita tæknilegar upplýsingar og ráðgjöf. Nóg er að koma með teikningar á staðinn og fagmenn Blikksmiðju Gylfa finna réttu lausnina.

FÉLAG BLIKKSMIÐJUEIGENDA

þakrennur • klæðningar • stallastál • fylgihlutir






LÁTTU DÆLUNA GANGA
www.rs.is

ITUR
ITUR dælur þarf vart að kynna en þær sameina hámarksgæði og sanngjarnt verð. Leitið tilboða hjá sölumönnum okkar.
VÉLASALAN SKIPAPÓL radiomidun
R. SIGMUNDSSON
ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000


Anna María Jónsdóttir snyrtifræðingur og annar eigandi langstærstu snyrtistofu landsins, Lauga Spa, sem þó er orðin of lítil að sögn Önnu Maríu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Markaðurinn alltaf að stækka

Stærsta snyrtistofa landsins, Laugar Spa í Laugardalnum, hefur gengið vonum framar enda hefur allur heilsugeirinn verið á mikilli uppleið. Fleiri karlmenn vantar þó í snyrtigeirann.

„Viðbrögðin voru ekki góð í upphafi á þeim forsendum að allir vissu að þetta myndi aldrei ganga, að þetta væri einfaldlega alltof stór stofa og ekki væri til nógu stór markaður,“ útskýrir Anna María Jónsdóttir, snyrtifræðingur og annar eigandi Lauga Spa, sem svo sannarlega hefur sýnt þessum neikvæðniröddum í tvo heimana. Anna hefur verið lengi í snyrtistofubransanum þar sem hún byrjaði smátt og vann sig síðan upp.

Laugar Spa hefur verið á stöðugri uppleið frá því að stofan opnaði fyrir um þremur árum síðan en núna hefur stofan einfaldlega sprengt utan af sér. Fátt annað kemur því til greina en að stofan stækki eins og reyndar öll Lauga líkamsræktarstöðin. „Við þurfum einfaldlega að stækka til þess að sinna okkar viðskiptavinum.“

Anna finnur sérstaklega fyrir því að karlmenn eru farnir að streyma í auknum mæli inn á stofuna hennar. Brátt verður meðal annars boðið upp sérstaka meðferð sem er eingöngu fyrir karlmenn, hönnuð af karlmönnum. „Í nútímaþjóðfélagi þá eru kröfurnar orðnar allt aðrar en þær voru hér áður fyrr. Karlmenn vilja hafa mjúka, hreina húð og að hún sé ungleg, alveg eins við konurnar.“

En þarf þá ekki karlmenn inn í starfsstéttina? „Við erum einmitt að fá fyrsta karlmanninn í nám núna á næstunni,“ útskýrir Anna María glöð í bragði. Hún segir jafnframt að það sé alveg jafn mikilvægt fyrir snyrtifræðinga að hafa karlmenn innan stéttarinnar og það er fyrir til dæmis hárgreiðslufólk. „Við erum í raun og veru eina landið í heiminum í dag sem er ekki komið með karlmenn.“ Anna María telur að þessum þætti verði að breyta hérlendis en til þess þurfi hugarfarsbreytingu. „Við ætlum að gera Ísland að alþjóðlegri heilsulind heimsins og til þess þurfum við karlmenn.“

*- sha*

NÝI ÖKUSKÓLINN
Öll vinnuvélaréttindi
Öll ökuréttindi
Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Nýi ökuskólinn ET húsinu Klettagörðum 11
S: 588-4500 www.et.is

allt tíska
Alla fimmtudaga

Rennismíði
Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta
'A góðum járnum
HÉÐINN
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is


VERTU MEÐ...
VERTU DÚNDUR!
Lakkrís dúndur
Góa
Lakkrís dúndur
Góa
Stofnað 1968
hausverk / SÍA / 5971

# Spennandi tímar framundan

## Með nýsköpun að leiðarljósi



- **2006** Marel kaupir Scanvaegt í Danmörku
- **2006** Marel kaupir AEW Thurne og Delford Sortaweigh
- **2005** Starfsemi í Slóvakíu hefst
- **2002** Íslensku gæðaverðlaunin
- **1999** Byltingarkennd þverskurðarvél
- **1997** Staðfesting á gæðastefnu með ISO 9001 gæðavottun
- **1997** Marel kaupir allt hlutafé Carnitech A/S í Danmörku
- **1996** Marel haslar sér völl í bandarískum kjötiðnaði
- **1994** Fyrsta tölvustýrða skurðarvélin
- **1992** Marel skráð í Kauphöll Íslands
- **1984** Fyrsta sjóvogin seld

Marel SCANVAEGT CARNITECH aew delford systems




„Ef að þetta „beast“ byrjar að garga á peninga, þá verða skjóðurnar tómar fljótt“

# m stóra

kaupum á Big Food Group. esson og bætir við að mis- g **Gunnar Sigurðsson**, fram-

við og áreiðanleikakannanir gáfu til kynna. „Þetta var magapínuyfirtaka, því þetta hefði getað sett okkur á hliðina,“ segir Jón Ásgeir. „Ég skil ekki hvernig okkur datt þetta í hug,“ segir Jón Ásgeir og hlær. Gunnar er ekki alveg á sama máli. „Eins og við teiknuðum þetta upp, þá leit þetta vel út. Það byggðist á því að Booker sem er stærsta gripið og greitt-keðjan í Bretlandi væri með sjóðstreymi sem undir réttri stjórn myndi skila miklu. Við stilltum Iceland upp á móti sem viðsnúningsverkefni. Sem hefur reynst miklu betur en við þorðum að vona. Þegar við lögðum af stað þá var þetta allt mjög skynsamlegt.“

Jón segir að menn hafi teygt sig langt í verkefninu. „Þetta er alveg rosalega óþægilegur tími í yfirtökum frá því að maður skrifar undir og ekki er aftur snúið og þangað til maður fær lyklana. Það eru tveir mánuðir. Þetta er hræðilega langur tími. Stjórnendur í lausu lofti. Þeir eru að vinna fyrir fyrri eigendur og geta ekki farið að vinna fyrir okkur. Það kemur losarabragur á allan mannskapinn og reksturinn. Booker seldi í gær fyrir 1,9 milljarða króna. Ef menn fara að tapa fimm til sex prósentum af veltunni í einhverju rugli, þá er það fljótt að safnast upp.“

## STAÐAN MIKLU VERRI

Booker reyndist í miklu verra ástandi en búist var við. Staðan hjá Big Food var þannig að af 36 milljarða yfirdráttarheimild var svigrúmið 130 þúsund krónur. „Þar við bættist að teygt hafði verið á öllum skuldum við birgja,“ segir Gunnar. „Ég held að það sé ekki djúpt í árinni tekið að segja að félagið hefði lent í verulegum vandræðum ef við hefðum ekki tekið það yfir.“

Baugur hafði átt hlut í félaginu um skeið og gagnrýnt stefnuna. Planið var að skipta upp félögunum og ná bættum rekstri með réttum stjórnendum. „Stjórnendur eru lykilatriði í þessu,“ segir Jón Ásgeir. „Smásala er flókin. Þeir sem kunna þetta skila árangri, alveg sama hvort veðrið er heitt eða kalt eða vextir háir eða lágir.“

Iceland-verslunakeðjan var líka í verri málum. Þar tók við stjórninni stofnandi keðjunnar, Malcolm Walker. Ástandið var verra en búist var við, en Gunnar segir Malcolm hafa verið vissan um að allt gengi vel þegar hann steig inn fyrir dyrnar. Hann hafi strax séð hvað gera þurfti. Einkenni rekstursins hjá Big Food var gríðarleg yfirbygging og stjórnunarkostnaður. „Á aðalaskrifstofum fyrirtækisins er búið að fækka fólki um yfir þúsund manns. Það var skýrsla ofan á skýrslu og það fóru tveir milljarðar í kaup á ráðgjöf á ári,“ segur Jón. Hann segir þarna koma fram veikleika sem gjarnan birtist í skráðum félögum að menn forðist áhættu og varpi frá sér ábyrgð yfir til ráðgjafa. „Það var rosaleg óráðsía þarna inni,“ segir Gunnar.

## ICELAND Á FLUGI

Gunnar segir að í skráðum félögum í smásölu séu menn of mikið metnir út frá söluaukningu og refsað ef hún dregst saman, jafnvel þótt hagnaður aukist. „Hjá Iceland voru menn á því að frystivara væri á undanhaldi og kældar matvörur í vexti. Menn fóru af stað að breyta búðum í verslanir með hærra þjónustustig, en áttu ekki séns í sambærilegar verslanir stærri matvörukeðja. Þeir urðu fangar strategíunnar. Þeir fengu aukningu í skamman tíma við breytingu á búðum, þannig að þeir urðu að halda áfram til að sýna söluaukningu. Ef þeir hefðu viðurkennt að þeir væru á rangri leið og snúið aftur til upphafsins, þá hefði hlutabréfaverðið fallið.“ Eftir yfirtökuna var blaðinu snúið við og farið aftur til upphafsins með þeim árangri að þegar er búið að endurfjármagna félagið einu sinni og greiða fjárfestum það sem þeir lögðu í fyrirtækið í upphafi. Reksturinn er á þeirri siglingu að önnur endurfjármögnun væri möguleg á næsta ári. „Iceland hefur gengið frábærlega.“

Með sterkum meðfjárfestum og árangri í fyrri fjárfestingum vex geta Baugs til að ráðast í stærri verkefni. Jón Ásgeir segir að þetta þýði að stærð verkefna sem hægt sé að ráðast í sé allt að milljarði punda eða 130 milljarðar króna. „Það fer reyndar eftir strúktúrnum, Hversu mikið af fasteignum er í félögunum. Það er fullt af félögum hér í Bretlandi sem eru rík af eignum. Marks og Spencer, Morrison og Sainsburys eru félög sem eru rík af eignum. Fasteignirnar eru verðmætari en félögin sjálf. Síðan er spurningin hvort reksturinn gæti borið leiguna ef fasteignirnar eru seldar út.“

Marks og Spencer er dálítið stór biti eða 10 milljarða punda virði. Undir forystu Stuarts Rose hefur félagið náð að rétta úr kútnum. „Þetta er frábær árangur hjá Stuart Rose, Félagið er að sýna afkomutölur sem við reiknuðum með hjá þeim árið 2009,“ segir Jón Ásgeir. Hann segir mikið hafa verið fjárfest í búðunum. „Það er dýrt að halda því uppi. Markaðssetning þeirra hefur verið brilljant. Vöruúrvalið hjá þeim hefur lagast aðeins, en fyrst og fremst hafa þeir náð að búa til sterkari ímynd.“ Philip Green gengur ekki eins vel í augnablikinu með Arcadia og Debenhams. „Philip er frábær í að ná niður kostnaði og semja við birgja. Honum hefur hins vegar ekki gengið jafn vel í að láta fyrirtækin vaxa,“ segir Jón Ásgeir og bendir á að Green hafi misst frá sér góða stjórnendur þar sem hann sé of mikið að skipta sér af þeim. „Maður fær ekki gott fólk ef maður treystir því ekki. Þá bara fer það annað.“

## NÆSTU MÁLTÍÐIR

Baugur hefur að undanförnu byggt upp eignarhluti í Woolworths og French Connection. Bæði þessi félög eru líkleg til að verða að yfirtökuverkefnum. Jón Ásgeir segir örvæntingu gæta í rekstrinum. „Ætli við eigum ekki einhvern tímann eftir að svitna yfir Woolworths,“ segir hann. Woolworths á alveg séns. Það er svipað og Big Food. Það þarf að brjóta það upp og fókusera. Það eru fínar einingar þarna innan um. Þannig að þarna eru tækifæri. Þeir eru orðnir dálítið ráðalausir. Þeir eyða peningum í búðirnar því þeir fá smá skammtímaaukningu við það.“



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON, FORSTJÓRI BAUGS GROUP** Það Skiptir höfuðmáli að hafa réttu stjórnendurna með sér í verkefnin.

Stofnandi og aðaleigandi French Connections hefur ekki viljað selja. „Það var haft eftir honum um daginn að hann ætlaði sér ekki að verða elsti stjórnarmaðurinn í tískubransanum. Við lítum á það sem jákvæðar fréttir.“

## SÁ STÓRI

Áhættan af Big Food-kaupunum var gríðarleg. „Maður lagði kofann undir,“ segir Jón Ásgeir. Gunnar bætir því við að ef eitthvað færi úrskeiðis í House of Frasier, þá myndi það ekki setja fyrirtækið í hættu. „Það væri vissulega ekki gott fyrir okkur, en ef það hefði gerst í Big Food þá hefði farið illa. Jón hringdi í mig þegar við vorum að klára þetta og við vorum að meta hvað gerðist ef það væri fjárþörf í fyrirtækinu. Þá sagði Jón: „Ef að þetta „beast“ byrjar að garga á peninga, þá verða skjóðurnar tómar fljótt.“ Og það er rétt því bara ef birgjar hefðu breytt greiðsluskilmálum þá hefði það kostað mikið því veltutölurnar eru svo háar.“



**GUNNAR SIGURÐSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI BAUGS Í BRETLANDI** Áhættan af Big Food var mikil og ástandið mun verra en menn bjuggust við.

Það er greinilegt að áhættan var gríðarleg í Big Food Group og spurning hvort menn væru tilbúnir í slíka áhættu á ný. Jón Ásgeir verður hugsi og greinilegt að honum hrýs hugur við að endurtaka leikinn. „Við eigum eftir að taka þann stóra,“ segir hann og brosir.

Hver er sá stóri? Gunnar grípur fram í til að tryggja að ekkert fari á sveim sem ekki á að vera þar. „Það verður að koma í ljós.“

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Peningarnir í íslensku útrásinni koma úr vel heppnuðum verkefnum:

## *Vilji til að taka skynsamlega áhættu*

**Hafliði Helgason**

Í erlendri umfjöllun undanfarinna missera er leiðarstefið risastórt spurningarmerki um hvaðan peningarnir hafi komið. Þeir sem ekki hafa fylgst með framgangi íslenskra fjárfesta eiga bágt með að skilja stærðirnar.

Í Markaðnum í dag er farið yfir eina slíka sögu. Kaup Baugs og annarra fjárfesta á Big Food Group. Fjárfestingin var risastór og áhættusöm. Verkefnið var ögrandi og Baugur sem leiddi verkefnið lagði allt undir. Í viðtalinu viðurkenna forsvarsmenn félagsins að fyrirtækið hefði líklega ekki þolað það ef illa færi. Staðan er önnur nú og dreifing eigna og áhættu meiri en nokkru sinni, svo ekki sé talað um fjárhagslegan styrk.

Þetta er á margan hátt lýsandi fyrir áhættusækni sem skilað hefur gríðarlegum hagnaði. Án áhættu er enginn ávinningur og mikilvægt að gera greinarmun á þeim sem eru djarfir og taka útreiknaða áhættu í rekstri sem þeir gjörþekkja og hinna sem gera sig seka um tilviljanakennda fífldirfsku.

Reglan er venjulega sú að menn verða áhættufælnari eftir því sem lengra líður á ferilinn. Í upphafi er allt lagt undir, enda litlu að tapa, en þegar lengra líður fram þá er meira í húfi. Þróunin hefur líka verið í þessa átt. Stærstu fjárfestarnir eru orðnir vel eignadreifðir og áhætta íslenskra fjárfesta vel dreifð milli hagkerfa og atvinnugreina. Tíminn hefur verið vel nýttur.

Á það hefur margoft verið bent að þótt illa kunni að fara í einhverjum verkefna, þá er ferðalagið sem íslenskt athafnafólk hefur lagt í gríðarlega mikilvægt fyrir samfélagið.

Kaupin á Big Food eru gott dæmi. Þar var ráðist í gríðarstórt verkefni þar sem verulegrar hagræðingar og skerpingar á áherslum var þörf. Slík vinna er afar krefjandi og erfið og tekist hefur að snúa rekstri félaganna innan samstæðunnar til betri vegar á skömmum tíma. Ef heldur fram sem horfir þá mun þessi fjárfesting skila miklu. Sama gildir um Sterling ef það flugfélag heldur áfram á þeirri braut sem stefnir í. Slíkt gildir líka um Bakkavör sem hefur skilað hluthöfum sínum miklum hagnaði af djarfri og skuldsettri yfirtöku á Geest.

**Í erlendri umfjöllun undanfarinna missera er leiðarstefið risastórt spurningarmerki um hvaðan peningarnir hafi komið. Þeir sem ekki hafa fylgst með framgangi íslenskra fjárfesta eiga bágt með að skilja stærðirnar. Í Markaðnum í dag er farið yfir eina slíka sögu. Kaup Baugs og annarra fjárfesta á Big Food Group ... Í viðtalinu viðurkenna forsvarsmenn félagsins að fyrirtækið hefði líklega ekki þolað það ef illa færi.**

Ex nihili nihil, úr engu ekkert, er gamalt spakmæli sem gildir ekki síst um árangur í viðskiptum. Á bak við útrásarárangurinn er nefnilega gríðarleg vinna, áræði, vilji og metnaður, auk þess sem menn eru jafnvel tilbúnir að leggja allan árangur sinn undir þegar verkefnin eru ögrandi og spennandi. Án þessa gerist ekkert.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olikr@markadurinn.is

KÍKTU Á CAPACENT.IS

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is.



capacent RÁÐNINGAR

Borgartún 27 Sími 540 1000

# Allir njóta ávaxtarins

ORÐ Í BELG



**Halla Tómasdóttir,** framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Umræða um sóknarfæri Íslands á sviði fjármálaþjónustu hefur farið vaxandi á undanförnum misserum. Áhugaverðar hugmyndir þess efnis voru viðraðar í nýútgefnu riti nefndar forsætisráðuneytisins, sem var kynnt í Þjóðleikhúsinu á föstudag.

Stundum vill loða við hugmyndavinnu sem þessa, að hún fari einungis fram innan þröngs hóps og kynningu hennar sé beint til markhóps sem er þegar sannfærður um ágæti málefnisins. Þetta eru engu að síður markmið og framtíðarsýn sem koma samfélaginu í heild til góða. Því er mikilvægt að fram fari virk og opin umræða um málefnið. Hugmyndir um Ísland sem alþjóðlega miðstöð fjármála eru ekki einungis hagsmunamál örfárra aðila heldur samfélagsins í heild.

### ELDMÓÐUR OG METNAÐUR

Viðskiptaráð hefur ávallt verið hlynnt uppbyggingu alþjóðlegrar fjármálastarfsemi hérlendis og tekið forystuhlutverk í þeirri umræðu. Í tilefni af Viðskiptaþingi árið 2005 gaf ráðið út skýrslu þar sem kynntar voru hugmyndir um flata og einfalda skattlagningu til að bæta samkeppnisstöðu landsins. Í skýrslunni er gefin glögg mynd af þeim ávinningi sem slíkar breytingar gætu haft í för með sér. Meðal þess sem var lögð rík áhersla á er að sníða ýmsa annmarka af skattalögum sem varða fyrirkomulag gagnvart erlendum aðilum. Þar væri um mikla framför að ræða með litlum tilkostnaði. Helsti Akkilesarhæll framrásar undanfarinna ára hefur verið ójafnvægi í inn- og útstreymi fjárfestinga, en þar ræður há endanleg raunskattbyrði á Íslandi miklu. Framfarir á því sviði hafa því mikið að segja um samkeppnisstöðu okkar til lengri tíma.

Ísland hefur upp á margt að bjóða. Við erum ung og nýjungagjörn þjóð, full af eldmóði og metnaði. Efnahagur landsins hefur styrkst til muna á síðustu árum og má þar ekki síst þakka örri framþróun innan fjármálageira landsins. Vinnumarkaður og stjórnsýsla einkennist af sveigjanleika og skilvirkni auk þess sem við höfum vel menntað fólk. Þetta eru allt þættir sem kæmu tvímælalaust til með að styrkjast sé unnið markvisst að áðurnefndri framtíðarsýn. Ef hugmyndin er að skapa komandi kynslóðum frjósaman farveg er um afar gjöfulan áburð að ræða.

### MARKVISS FRAMTÍÐARSÝN

Eitt af best þekktu spakmælum hagfræðinnar segir að ókeypis málsverður sé í raun ekki til. Uppbygging og sókn í átt að alþjóðlegum fjármálamörkuðum er líklega það sem kemst næst því að vera undantekning á þeirri reglu. Kostnaður við breytingar til að gera Ísland að ákjósanlegri höfn alþjóðlegra höfuðstöðva er hverfandi, en ávinningurinn gríðarlegur. Örlítil sneið af alþjóðlegum fjármálamörkuðum væri á við brúðkaupstertu soldánsins af Brúnei fyrir lítið land eins og Ísland. Hér erum við ekki að tala um ábata fyrir lítinn hóp manna, heldur landið í heild. Skattekjurnar væri hægt að nota til ýmissa þarfra verka, svo sem lægri skattaálagna á almenning, uppbyggingar bestu skóla í heimi og reksturs velferðarkerfis sem skarar fram úr.

Hagsmunir eru ekki eingöngu bundnir við vöxt á skattstofnum því afleidd áhrif af umræddri framþróun væru fjölþætt. Aukin fjölbreytni í atvinnuvegum og vaxandi þörf á menntun krefur stjórnvöld um hugarfarsbreytingu í þeim efnum. Aukinn hvati til framfara á sviði menntunar skapar grundvöll fyrir jákvæða og hraða þróun á því sviði, sem kæmi framtíðarkynslóðum afar vel. Að sama skapi skilar hagvöxtur og kaupmáttaraukning sér til allra, eins og við höfum fengið að kynnast á síðastliðnum áratug.

Viðskiptaráð hvetur stjórnvöld og atvinnulífið í heild til að skapa sér markvissa framtíðarsýn þar sem hagsmunir heildarinnar eru hafðir að leiðarljósi. Uppbygging alþjóðlegrar fjármálastarfsemi fellur tvímælalaust undir slíka sýn. Það er von mín að okkur beri gæfa til að ræða þessar hugmyndir án fordóma, með það að leiðarljósi að Ísland standi áfram í fremstu röð.



**FRANKFURT Í ÞÝSKALANDI** Frankfurt er fjármálamiðstöð Evrópu og þar eru til húsa sumar stærstu bankastofnanir álvunnar auk Seðlabanka Evrópu og þýsku kauphallarinnar, þótt þessi sumarlega mynd beri ef til vill ekki með sér að vera í nágrenni hringiðu fjármála. Hér á landi eru uppi hugmyndir um að koma á fót alþjóðlegri fjármálamiðsltöð. Markaðurinn/AFP

STARFSMANNAMÁL

## Starfsþrot – vandi starfsmanna eða fyrirtækis?

Michael Leiter og Christina Maslach, prófessorar og sérfræðingar á sviði vinnuskipulags og sálfræði hafa í áratug rannsakað starfsþrot og vandamál á vinnustöðum. Mörg fyrirtæki hafa litla þolinmæði gagnvart starfsmönnum sem finna fyrir starfsþroti og tilhneiging er til að gera vandamálið persónulegt frekar en tengt menningu fyrirtækis. Þá eru starfsmenn sendir í námskeið í jóga, tímastjórnun eða sjálfsstyrkingu.

Slík svör til einstaklinga segja Leiter og Maslach ekki vera rétt og skoða þurfi málið í stærra samhengi. Því stærra sem misræmi er á milli einstaklings og vinnu hans, því meiri líkur eru á að hann finni fyrir starfsþroti. Sex meginþættir ráða ferðinni í því misræmi og mikilvægt er að skoða; vinnuálag, ábyrgð, umbun, félagsanda, sanngirni og siðferðisleg gildi innan fyrirtækis.

Of mikið vinnuálag er algengt og slítandi en of lítið álag er líka slæmt. Margt starfsfólk er undir annars konar álagi sem tengist því að sýna tilfinningar sem þeir bera ekki endilega, s.s. sölumenn og fólk við aðhlynningu.

Misræmi getur skapast þegar starfsmenn hafa ekki nógu mikið vald til að sinna starfi sínu eða að ábyrgðin er öll á einni hendi. Misræmi verður líka þegar skortir umbun, hvort sem um er að ræða ónóg laun fyrir unna vinnu eða starfið er ekki metið af öðru fólki á vinnustað.

Starfsfólk þrífst best í aðstæðum þar sem er að finna stuðning, gleði og góðan félagsanda. Þegar það skortir verður til misræmi sem er algengt í fyrirtækjum sem einangra starfsmenn hvern frá öðrum og koma í veg fyrir að þeir geti talað saman. Sanngirni á vinnustað er mikilvæg og algengt er að skapist óánægja ef starfsmaður upplifir að misræmi er á milli starfsmanna varðandi kaup og stöðuhækkanir.

Þá getur misræmi á gildum starfsmanns og fyrirtækis haft mikil áhrif s.s. ef vinnan felur í sér hegðun eða verkefni sem starfsmaður telur vera ólíkt sínum gildum, s.s. að þurfa að blekkja eða ljúga til að koma samning eða sölu í framkvæmd. Þessa þætti þykir Maslach og Leiter verðugt að skoða áður en starfsmenn eru send- ir í námskeið vegna einkenna um starfsþrot.



**Sif Sigfúsdóttir MA í mannauðsstjórnun.**

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elínborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Fara þarf varlega með byssur

Eigendur fyrirtækja og starfsmenn hafa ýmis áhugamál. Veiðiskapur hefur fylgt Íslendingum lengi og alltaf eykst sá fjöldi manna sem leggur stund á skotveiðar í sínum frítíma. Í vöxt fer að samstarfsmenn fari í hópum til veiða og komi gírugir á kaffistofuna daginn eftir með góðar veiðisögur. Manni verður þó um og ó að heyra sögur af veiðiferðum skotveiðimanna þar sem svo mikill fjöldi er saman kominn á tiltölulega litlu svæði, allir í sama tilganginum, að skjóta gæsir eða rjúpur. Fréttir herma að menn hafi hreinlega flúið af góðum veiðistöðum vegna þess að skothríð er mikil, hún kemur úr öllum áttum þannig að ekki er mögulegt að átta sig á hvaðan skotin koma og ástandið því stórhættulegt.

Á haustmánuðum hafa borist tjónstilkynningar til Sjóvár sem fá mig til að hafa áhyggjur af því að menn sýni ekki ýtrustu varkárni við meðferð skotvopna. Áverkar geta verið alvarlegir og því viljum við árétta að þeir sem fá byssuleyfi taki alvarlega þær leiðbeiningar sem koma fram á námskeiðum sem haldin eru af Umhverfisstofnun um sjálfsagðar öryggisreglur.

Það segja mér fróðir menn að þegar skotmaður gengur með hlaðna byssu á veiðum skal alltaf opna byssulásinn og afhlaða byssuna þegar farið er yfir t.d. skurði, klifrað upp kletta eða klöngrast yfir urð og móa. Gangi margir menn saman með hlaðnar byssur skal halda þeim þannig að hlaupin stefni aldrei að samferðamönnum ef menn hrasa og detta. Það þykir einnig sjálfsögð kurteisi að opna byssuna og afhlaða er menn hittast á veiðum og fara að ræða málin eða setjast niður að snæðingi.

Þetta eru mjög góðar reglur og afar áríðandi að sem flestir skotveiðimenn tileinki sér þær.

ÖRUGG FYRIRTÆKI
Átak Markaðarins og Sjóvá

Það er grafalvarlegt mál að verða fyrir slysaskoti því afleiðingarnar geta haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir þann sem fyrir verður svo ekki sé talað um þann sem veldur. Það hlýtur að vera hræðileg tilfinning og erfitt að lifa með því að valda besta vini sínum eða nánum ættingja slíkum skaða, kannski af algeru kæruleysi og óvarkárni. Þótt við bjóðum upp á góðar slysatryggingar þá getum við ekki annað en greitt ákveðnar fjárhæðir en atburðurinn hverfur ekki þrátt fyrir þær greiðslur.

Með þessu greinarkorni langar mig að vekja skotveiðimenn til meðvitundar um alvarleika þessa sports, tileinka sér varúð og gætni í meðferð skotvopna og klæðast áberandi fatnaði í þeim tilfellum sem slíkt fælir ekki bráðina, t.d. við rjúpnaveiðar. Það er mjög auðvelt og ódýrt að verða sér úti um neonlituð þunn nælon-vesti sem gera það að verkum að veiðimenn sjá vel hver annan, sérstaklega í aðstæðum þar sem fjöldi skotveiðimanna er slíkur að hætta stafar af eins og áður kom fram.

Bestu kveðjur og góða veiði!

**Sólveig Ólafsdóttir**
**þjónustufulltrúi á tjónasviði Sjóvár**

SPÁKAUPMAÐURINN

## Ástlaust hjónaband

Ástlaus hjónabönd geta lafað af ýmsum ástæðum. Stundum eru það börnin, stundum hagsmunir og stundum eitthvert bölvað sinnuleysi sem lætur það litla lafa.

Sjálfur er ég hamingjusamlega kvæntur og elska konuna mína og reikna með að það sé gagnkvæmt. Hef reyndar ekki spurt hana að því síðastliðin ár, en í ljósi augljósra mannkosta og sjarma, þá hlýt ég að gera ráð fyrir því. Ef ekki, þá á ég alltaf uppi í erminni að ég er svakalega góður skaffari.

Ég fylgist aðeins með einu ástlausu hjónabandi á markaðnum. Það eru engin sérstök átök á ferðinni, en hvorugur er sérstaklega ánægður. Þetta hjónaband er Straumur-Burðarás. Ég er lengi búinn að spá uppskiptum eða að annaðhvort Björgólfur Thor eða FL selji sig út og taki einhverjar eignir með sér. Eða eitthvert barnanna, svo haldið sé áfram með hjónabandslíkinguna. Mér finnst líklegast að FL fari út og taki Finnair með sér. Það væri ekkert óskynsamlegt og meira á þeirra sviði en Björgólfs.

Það eru sennilega fleiri ástæður en aðgerðarlítið ástleysi þarna á ferðinni. Mér finnst líklegt að Fjármálaeftirlitið sé ekkert afskaplega hrifið af þessu hjónabandi. Líti svo á að það sé ekki heppilegt að stórir hluthafar í sitthvorum bankanum séu saman í þeim þriðja.

Þar fyrir utan er þetta samband gjörsamlega tilgangslaust. FL búið að ná markmiðum og stækka sitt félag og sennilega fyrir þeim bara spurning um að komast tjónlaust frá þessu.

Þetta verður leyst einhvernveginn og bara spurning hvar er skynsamlegast að setja sig niður og reyna að græða á þessu. Annars finnst mér einhver helvítis taugaveiklun í gangi. Ég létti a.m.k. á erlendum skuldum í síðustu viku. Danska bullið hefur einhver áhrif og svo eru bara nógir til að túlka allt sem kemur fram okkur í óhag. Þannig er bara stemningin og þeir sem þurftu að éta ofan í sig bullið í vor nota hvert tækifæri til að sýna að þeir hafi haft eitthvað til síns máls.

Mér fannst reyndar sniðugt að sjá svart á hvítu að Merrill Lynch er á móti stórum fjárfestingarverkefnum. Þannig hefur Landsbankinn einbeitt sér að innri vexti og innlánum og nýtur þess á meðan Glitnir sem hagnast vel á Icelandair og kemst í feitan pakka í House of Frasier fær skammir fyrir. Jæja það verður hver að fá að fljúga eins og hann er fiðraður, en ég efast um að greinandi Merrill Lynch hafi nokkurn tímann grætt á nokkrum hlut.

**Spákaupmaðurinn á horninu**

Skrifstofuhúsgögn













Dönsku Prima línunni má raða saman á ótal vegu. Níðsterk og endingargóð húsgögn á mjög góðu verði, til afhendingar strax.

Hirzlan
Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040
www.hirzlan.is

# Flex-T skrifstofuhúsgögn á tilboðsverði!

**30% afsláttur**



**Flex-T vinnustöð** (180x200 cm)
Verð áður 71.369 kr.
**Tilboð 49.958 kr.**

Flex-T skrifstofuhúsgögn fást í ýmsum stærðum og útfærslum. Þau eru hönnuð af Guðrúnu Margréti Ólafsdóttur og Oddgeiri Þórðarsyni, húsgagna- og innanhússarkitektum FHI.



**20% afsláttur**

**Flex-T með rafmagnsstillingu** (180x80 cm)
Verð áður 110.531 kr.
**Tilboð 88.425 kr.**

Himinn og haf / SÍA

**Á. GUÐMUNDSSON**
Bæjarlind 8–10 · Kópavogi · Sími 510 7300 · www.ag.is
STOFNAÐ 1956






# Elta engar tískubylgjur í fjárfestingum

Eignastýringarfyrirtækið Vanguard er það annað stærsta sinnar tegundar í Bandaríkjunum með yfir 950 milljarða dollara í stýringu. Forstjóri bankans, **John J. Brennan**, var staddur hér á landi í tilefni af afmælisráðstefnu Glitnis Eignastýringar. Hann settist niður með *Hólmfríði Helgu Sigurðardóttur* og sagði henni frá hugmyndafræði Vanguard.

John J. Brennan, forstjóri Vanguard, hefur stundum verið nefndur sem einn af áhrifamestu mönnum á bandarískum fjármálamarkaði. Sjálfur gefur hann lítið fyrir sín persónulegu völd. Segir hann þó að þar sem Vanguard hafi gríðarlegt fjármagn í eignastýringu, yfir 950 milljarða bandaríkjadala, hafi fyrirtækið eðli málsins samkvæmt nokkuð mikil áhrif.

Vanguard er að öllu leyti í eigu fjárfesta í sjóðum fyrirtækisins, sem þýðir að rekstrarhagnaður rennur beint til sjóðsbréfaeigenda. Þetta rekstrarform er einsdæmi meðal eignastýringarfélaga í Bandaríkjunum og þakkar Brennan því mikinn vöxt fyrirtækisins undanfarin ár. Sérstök áhersla er góða þjónustu og lágan




DHL kemur sendingum til Asíu eftir ýmsum leiðum. Þar sem DHL er með heimsins stærsta flutningsnet komum við sendingum til skila á fleiri áfangastaði í Asíu fyrir kl. 9.00 og fyrir kl. 12.00 en nokkur annar. Ástæðan er sú að frábært starfsfólk okkar í Asíu færir okkur betri þekkingu á staðháttum. Ráðgjafar okkar eru í viðbragðsstöðu núna, það er ekki eftir neinu að bíða.

**FYRIR KL. 9.00. FYRIR KL. 12.00. EKKERT STÖÐVAR OKKUR.**

**HRINGDU Í SÍMA 535 1100 EÐA HEIMSÆKTU VEFINN OKKAR, WWW.DHL.IS, TIL AÐ SENDA PAKKANN AF STAÐ NÚNA.**

DHL EXPRESS



**JOHN J. BRENNAN, STJÓRNARFORMAÐUR OG FORSTJÓRI VANGUARD, ANNARS STÆRSTA EIGNASTÝRINGARBANKA HEIMS.** Rekstur vísitölusjóða er kjarnahæfni Vanguard og af mörgum talinn lykillinn að árangri félagsins. MARKAÐURINN/GVA

kostnað, sem hefur gengið vel eftir en á meðan kostnaður sjóða í Bandaríkjunum hefur farið hækkandi hefur kostnaður hjá Vanguard farið lækkandi.

### VÍSITÖLUSJÓÐIR LYKILLINN AÐ ÁRANGRI

Rekstur vísitölusjóða er kjarnahæfni Vanguard og af mörgum talinn lykillinn að árangri félagsins. Vísitölusjóðir beita hlutlausri eignastýringu sem þýðir að sjóðirnir eiga hlutabréf í því sem næst sömu hlutföllum og eru í þeirri vísitölu sem miðað er við. Rekstur vísitölusjóða fellur vel að hugmyndum Vanguard um að fjárfesta til lengri tíma, bæði sem fyrirtæki og eins í fjárfestingum. Fyrirtækið býður líka aðra fjárfestingasjóði en hefur þá leitað til annarra fyrirtækja með að reka þá. Hvernig svo sem sjóðirnir eru upp byggðir segir Brennan þá alla rekna á mjög agaðan hátt, enda sé mikilvægt að leita eftir jafnvægi og dreifingu í fjárfestingum til að hafa stjórn á áhættu. „Ein algengustu mistök við fjárfestingar er að elta tískubylgjur, sem er ekki góð leið til að græða peninga. Við hugsum til lengri tíma, oft til fimm eða tíu ára, ekki í mánuðum eða jafnvel árum. Markaðir rísa og falla, það er bara þannig. Það eru fjölmargir hlutabréfamarkaðir í heiminum þar sem enginn hefur grætt neitt undanfarin sex ár og þar vill enginn fjárfesta í hlutabréfum núna. Annars staðar, eins og hér, hafa markaðir verið á blússandi siglingu og skyndilega vilja allir fjárfesta í hlutabréfum. Ein af ástæðunum fyrir því að við erum virt fyrirtæki er að þegar þrengir að segjum við „þetta verður ekki alltaf svona“ en þegar markaðir eru á siglingu segjum við það sama.

### TÆKIFÆRIN LIGGJA Í ALÞJÓÐAVÆÐINGUNNI

Um það hvar tækifærin liggja í framtíðinni segir Brennan að fjárfestar séu að verða alþjóðlegri í stefnu sinni. „Fyrir tíu árum voru fjárfestar smeykir við nýju markaðina, eins og Indland, Kína og Austur-Evrópu. Núna eru fjárfestar farnir að átta sig á að alþjóðlegar fjárfestingar eru frekar leið til að minnka áhættu en öfugt.“ Hann telur að alþjóðavæðingin muni hafa góð áhrif á alla markaði þar sem fyrirtæki neyðast til að gerast samkeppnishæf á alþjóðlegum vettvangi sem muni hafa í för með sér betri arðsemi fyrir fjárfesta.


Ráðstefna í boði Lánasýslu ríkisins og samstarfsaðila á fjármálamarkaði

## Íslenski skuldabréfamarkaðurinn – á vit nýrra tækifæra

Hótel Nordica, 15. nóvember 2006

Fjallað verður um fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum skuldabréfum og Jöklabréfum, horfur og áhrif. Einnig verður opnaður nýr vefur á ensku sem hefur það hlutverk að miðla alþjóðlega upplýsingum um íslensk skuldabréf og efnahagsmál.

Framsögumenn á ráðstefnunni verða:

- **Árni M. Mathiesen**, fjármálaráðherra.
- **Beat Siegenthaler**, Senior Strategist, frá Toronto Dominion Securities. TD hefur staðið að baki flestum Jöklabréfaútgáfum til þessa.
- **Andrew Bosomworth**, Executive Vice President and Senior Portfolio Manager frá PIMCO Fixed Income Portfolio Management. PIMCO stýrir alþjóðlegum skuldabréfasjóðum fyrir um 640 milljarða bandaríkjadala og telst leiðandi á sviði eignaumsýslu í heiminum.

Fundarstjóri er **Þórður Geir Jónasson**, forstjóri Lánasýslu ríkisins.

Fundurinn verður á Hótel Nordica í dag, miðvikudaginn 15. nóvember, og hefst kl. 16.00.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á lanasysla@lanasysla.is eða í síma 540 7500.

LÁNASÝSLA RÍKISINS

Samstarfsaðilar:
**Glitnir**
**Íbúðalánasjóður**
**Kauphöll Íslands**
**KB Banki**
**Landsbanki Íslands**
**MP Fjárfestingarbanki**
**Straumur - Burðarás**



AUGLÝSINGASTOFAN DAGSVERK - LS0906







*„Við hjá Parlogis leggjum metnað okkar í að hafa örugga yfirsýn yfir vöruflæði viðskiptavina okkar. Microsoft Dynamics AX gerir okkur og viðskiptavinum okkar kleift að fylgjast með vöruflæði frá framleiðanda til neytanda.“*

*Ingólfur Þór Ágústsson, rekstrarstjóri Parlogis hf.*

## Það getur verið erfitt að fylgjast með

*... en gerðu kröfur um örugga yfirsýn*

**Microsoft Dynamics AX auðveldar allt vöruhúsaferlið með því að laga það að þörfum fyrirtækisins. Á þann hátt fæst örugg yfirsýn yfir staðsetningu og stöðu vörubirgða sem stuðlar að skilvirkari dreifingu og vöruflæði.**

EiginleikarMicrosoft Dynamics AX styðja auk þess fyrirtækið með þáttum sem lúta að framleiðslu, dreifingu, stjórnun aðfangakeðju, verkstjórn, fjármálastjórnun, tengslastjórnun, starfsmannahaldi og viðskiptagreiningu.

***Microsoft Dynamics AX - traustur grunnur öruggra upplýsinga!***

**Meðal annarra lausna frá Landsteinum Streng eru:**

- Launakerfi
- Verkbókhaldskerfi
- Tímaskráningarkerfi
- Stjórnendalausnir
- Leigukerfi
- Tengslastjórnunarkerfi
- Þjónustukerfi

Microsoft Business Solutions
Global ISV Partner of the Year 2005

Lausnir frá Landsteinum Streng eru notaðar í fleiri en 11.600 verslunum og rúmlega 27.800 afgreiðslukössum víðsvegar um heim. Meðal ánægðra viðskiptavina má nefna: IKEA, Adidas, Debenhams, Pizza Hut, Booths stórmarkaðirnir, Alliance Pharmacy og Concept Sports International (EM 2004, ÓL í Aþenu árið 2004).

Landsteinar Strengur
Ármúla 7 - 108 Reykjavík - Sími 550 9000 - www.landsteinarstrengur.is

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Microsoft Dynamics

# Ys og þys á markaði með vinnuafl

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skrifar

Á Krókhálsinum í Reykjavík er Ráðningarþjónustan starfrækt sem, eins og nafnið gefur glögglega til kynna, er sérhæfð í ráðningum og þjónustar jafnt fyrirtækja sem umsækjendur. Ráðningarþjónustan var sett á fót árið 1995 en María Jónasdóttir, núverandi eigandi fyrirtækisins, tók við því í apríl árið 2005. Hjá þjónustunni vinna, auk Maríu, fjórir ráðgjafar og túlkar vegna erlends vinnuafls. Pólsku túlkurinn er án alls vafa sá sem mest hefur að gera, enda eru, eins og allir vita, Pólverjar orðnir umtalsverður hluti íslensku þjóðarinnar.

Meðal þeirra tækja sem Ráðningarstofan notar til að velja hæfasta einstaklinginn í vissa stöðu er persónumat frá Insight Learning and Development sem víða er notað á ráðningarstofum eða í um þrjátíu löndum. Það er notað sem valmöguleiki á lokastigum ráðninga og gefst þá nokkrum af hæfustu umsækjendunum kostur á að taka þetta próf sem byggist á hundrað spurningum og 7.200 fullyrðingum sem liggja þar að baki. Þetta segir María ótrúlega áhrifaríka leið og útkoman sé nánast lýsing á manneskju eins og einhver hefði fylgst með henni frá blautu barnsbeini. „Ég hef gert þetta sjálf og mig rak í rogastans þegar ég las þetta, svo nákvæm lýsing var á mínum persónueinkennum í skýrslunni.“

**ÍSLENDINGAR VINNA EKKI SUM STÖRF**

Ráðningarþjónustan sér um allar gerðir ráðninga, allt frá almennu starfsfólki til sérhæfðra stjórnenda. Hún hefur þar að auki sérhæft sig sérstaklega í ráðningu á erlendu vinnuafli. María segir ekki vanþörf á, enda sé gríðarlegur skortur á hæfu starfsfólki í hin ýmsu störf og nær ógerningur að finna Íslendinga sem fást til að taka þau að sér. Hún segir ekkert til í því að atvinnurekendur leiti til þeirra í því miði að geta borgað lægri laun. Þeir séu einfaldlega að leita leiða til að manna ákveðnar stöður og borgi útlendingunum sömu laun og Íslendingar fengju greidd. Sem dæmi um störf sem skortir starfsfólk í nefnir hún umönnun, leikskólakennslu, ræstingar, bifvélavirkjun, smíðar, byggingarvinnu, forritun, vélvirkjun, rafvirkjun, hin ýmsu tæknistörf sem og ófaglærð störf af ýmsum toga.

**ÞARF AÐ TAKAST FAGLEGA Á VIÐ BREYTINGARNAR**

Til þess að komast í kynni við gott starfsf ólk hefur Ráðningarþjónustan komið á samstarfi við erlendar vinnumiðlanir sem, að Maríu sögn, hafa reynst vel. „Okkur er mikið í mun að farið sé eftir lögum og reglum gagnvart því fólki sem við útvegum vinnu og tryggjum það með því að vinna með góðum fyrirtækjum,“ segir hún og bætir við að það fólk sem Ráðningarstofan hafi útvegað vinnu hér á landi hafi nær undantekningalaust reynst vel, það sé vinnusamt enda fyrst og fremst komið hingað til lands til að vinna. Hún telur íslenskukennslu vera grundvöll þess að þeir sem áfram búi á Íslandi aðlagist landi og þjóð en mikið sé einnig um tímabundið vinnuafl. María ber beyg í brjósti vegna umræðu undanfarinna daga um erlent vinnuafl. Henni þurfi að lyfta á hærra plan og fara málefnalega og faglega í málefni nýbúa og erlends vinnuafls á Íslandi. „Það er sjálfsagt að skoða allar hliðar á þeim breytingum sem orðið hafa, kosti þeirra og galla. En við verðum að bera virðingu fyrir fólki og tilfinningum þeirra. Við eigum að skoða hvernig við myndum vilja láta taka á móti okkur. Þar sem þjóðfélagið samþykkti að opna landið fyrir öðrum þjóðum þá ber okkur skylda til að koma vel fram, sýna virðingu og ábyrgð og takast faglega á við þær breytingar sem eru að eiga sér stað.“



**MARÍA JÓNASDÓTTIR, EIGANDI RÁÐNINGARÞJÓNUSTUNNAR** María segir það fólk sem Ráðningarþjónustan hafi útvegað vinnu hér á landi nær undantekningalaust hafa reynst vel. Markaðurinn/Pjetur

**Hluthafafundur Líftæknisjóðsins hf.**

Hluthafafundur Líftæknisjóðsins hf., kt. 640100-3540 verður haldinn að Gylfaflöt 5, 2. hæð, 112 Reykjavík, (húsnæði Prokaria ehf.), fimmtudaginn 23. nóvember 2006, og hefst fundurinn kl. 16:00. Á dagskrá fundarins verða eftirtalin mál:

1 Lögð verður fram tillaga um að breyta 6. gr. samþykkta félagsins á þann veg að stjórn félagsins hafi heimild til að ákveða hvort hlutabréf í félaginu verði gefin út rafrænt.

2 Lögð verður fram tillaga um að breyta samþykktum félagsins á þann veg að öll hlutabréf í félaginu verði jafn rétthá og með sama atkvæðavægi.

3 Lögð verður fram tillaga um endurnýjun á heimild stjórnar félagsins til að auka hlutafé í félaginu, þannig að hlutafé félagsins geti orðið allt að 300 m.kr. að nafnverði. Útboðsgengi skal vera nafnverð hlutabréfa eða 1,0. Eldri hluthafar hafa ekki forgangsrétt til áskriftar að nýju hlutafé. Heimildin gildir til 1. júní 2007.

Dagskrá og tillögur verða hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins, viku fyrir aðalfund.

**Stjórn Líftæknisjóðins hf.**

Tækni og vit 2007
Fagsýning tækni- og þekkingariðnaðarins

Stórsýningin Tækni og vit 2007
í Fífunni, Kópavogi, **8.-11. mars 2007.**

**Tryggðu þér svæði!**
- bókaðu strax á taekniogvit.is
eða í síma 511 1230

AP almannatengsl / H2 hönnun

www.taekniogvit.is

samstarfsaðilar
Forsætisráðuneyti · Fjármálaráðuneyti · Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti · SI Samtök iðnaðarins · Háskólinn í Reykjavík · Orkuveita Reykjavíkur · EM Software

TÖLVUSKJÁIR • PRENTARAR • FJÖLNOTATÆKI

SAMSUNG
SKRIFSTOFUTÆKI

SAMSUNG
SyncMaster 970P
19" skjár
Upplausn 1280 x 1024
Ljósmagn 250cd/m2
Skerpa 1000:1
Svartími 6 ms
Litafjöldi 16.7 milljónir
Litur Hvítur háglans
VERÐ: 56.900,-

SAMSUNG
SyncMaster 920N
19" skjár
Upplausn 1280 x 1024
Ljósmagn 250cd/m2
Skerpa 700:1
Svartími 8 ms
Litafjöldi 16.2 milljónir
Litur silfur
VERÐ: 33.900,-

SAMSUNG
SyncMaster 204B
20,1" skjár
Upplausn 1600 x 1200
Ljósmagn 300cd/m2
Skerpa 800:1
Svartími 5 ms
Litafjöldi 16.7 milljónir
Litur Silfur
VERÐ: 59.900,-

SAMSUNG
SyncMaster 710N
Skjástærð: 17"
Upplausn: 1280 x 1024
Ljósmagn: 300cd/m2
Skerpa: 600:1
Svartími: 12 ms
Litafjöldi: 16.2 milljónir
Litur silfur
VERÐ: 25.900,-

VORUM AÐ FÁ SENDINGU AF FRÁBÆRUM TÖLVUSKJÁM!

*Þú gengur að gæðunum vísum!*

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 · Sími 530 2800 | SMÁRALIND · Sími 530 2900 | AKUREYRI · Sími 461 5000 | KEFLAVÍK · Sími 421 1535 | www.ormsson.is

# Rafeindastýrður gervifótur Össurar fær bandarísk verðlaun

**Stoðtækjafyrirtækið Össur hlaut á föstudag verðlaun frá bandarísku vísindatímariti fyrir gervifót með gervigreind. Fóturinn, sem hefur verið í þróun í rúmt eitt og hálft ár, er sá fyrsti sinnar tegundar í heiminum. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* fór á kynningu á fætinum hjá Össuri og ræddi við Guðmund Ólafsson sem segir gervifótinn hafa breytt lífi sínu.**

Bandaríska vísindatímaritið Popular Science hefur veitt stoðfyrirtækinu Össur hf. viðurkenninguna „Best of What's New“ fyrir rafeindastýrðan gervifót með gervigreind, þann fyrsta sinnar tegundar í heiminum. Fóturinn er íslensk hönnun frá grunni og framleiddur í húsnæði Össurar á Grjóthálsi í Reykjavík.

Fyrirtækið hlýtur verðlaunin í annað sinn en Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, telur að slíkt sé einsdæmi. Össur hlaut verðlaunin í fyrra fyrir mótorknúið gervihné. Popular Science hefur veitt verðlaunin frá árinu 1987 en á meðal þeirra sem þau hafa hlotið eru bílasmiðirnir hjá BMW og Porsce og tæknifyrirtækin Sony, Apple og Intel.

Gervifóturinn hefur fengið mjög góðar viðtökur og fengið talsverða umfjöllun á erlendri grundu en bandaríska dagblaðið New York Times og sjónvarpsfréttastofan CBS Evening News hafa meðal annars fjallað um hann.

Til að færa enn frekari sönnur á þá styrku stöðu sem Össur skipar á alþjóðlegu tæknisviði var blaðamaður bandaríska tæknitímaritsins Wired Magazine mættur hingað til lands í síðustu viku, gagngert til að vera viðstaddur kynningarfund Össurar á föstudag þar sem gervifóturinn var sýndur og þróunarferli hans lýst.

Þá sýndi Guðmundur Ólafsson hvernig fóturinn virkar. Guðmundur var ungur að aldri þegar hann fótbrotnaði. Brotið greri illa og var Guðmundur vart vinnufær þar til hann lét taka af sér fótinn fyrir tveimur árum. Hann hefur upp frá því unnið með þróunardeild Össurar og tekið þátt í prófunum á gervifætinum.



**FRÁ KYNNINGARFUNDINUM** Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, og Hilmar Janusson, framkvæmdastjóri þróunardeildar Össurar, virða rafeindastýrða gervifótinn með gervigreindinni fyrir sér. MARKAÐURINN/GVA

### FRAMFÖR FRÁ FYRRI GERVIFÓTUM

Þróun gervifótarins hófst í febrúar í fyrra en hann byggir á þeim grunni sem lagður var með mótorknúna gervihnénu sem fyrirtækið hlaut verðlaun fyrir á síðasta ári og skýrir það að mörgu leyti hversu stuttan tíma tók að þróa fótinn, sem nefnist Proprio Foot.

Gervigreindin, sem fóturinn býr yfir, hefur þá kosti umfram aðra gervifætur að fóturinn lagar sig að mismunandi undirlagi og skiptir engu hvort heldur er gengið á ís, upp brekku, í stiga eða á jafnsléttu. Þetta er mikil framför, bæði fyrir þá sem þurfa á gervifæti að halda og fyrir Össur, að sögn Jóns Sigurðssonar sem benti á að eldri gerðir gervifóta hafi haft ýmsa vankanta. Fólk hafi líkt og haltrað, átt í erfiðleikum með að velja skó þar sem gervifóturinn þurfti aðrar stærðir en heili fóturinn og svo mætti lengi telja.

Jón segir nýja gervifótinn, sem gerður er úr trefjaefni, mikla breytingu fyrir þann sem þarf slíkan. Og eftirspurnin sé mikil hjá þeim sem á fætinum þurfi að halda, ekki síst hjá ungu fólki sem til dæmis hafi misst fót eða fætur í stríðsátökum eða slysum.

### BEINTENGT VIÐ TAUGARNAR

Gervigreindin í gervifæti Össurar býr yfir þeim kosti að tiltölulega auðvelt er að þjálfa hann auk þess sem fóturinn hefur mjög gott fjarlægðarskyn, jafnvel betra en notandi fótarins hefur. Jón segir framleiðendur gervilima á borð við Össur horfa til þess að tengja gervifæturnar beint við taugar líkamans í framtíðinni en slíkt gefur notandanum umtalsvert meiri stjórn yfir gervifætinum en nokkru sinni fyrr. Þótt slíkt sé fræðilega mögulegt er þó enn langt þangað til það verður að veruleika, að hans sögn.



**ÞRÓUNARTEYMIÐ** Fjöldi starfsmanna hjá Össuri hefur síðan í febrúar á síðasta ári unnið að þróun rafeindastýrða gervifótarins, sem er sá fyrsti sinnar tegundar í heiminum. MARKAÐURINN/GVA

## Gervifótur Össurar skipti sköpum

Guðmundur Ólafsson brotnaði illa á hægri fæti níu ára gamall. Brotið greri illa. Hann þjáðist af verkjum vegna þessa og þurfti lengi vel að taka verkjalyf. Þá þjáðist hann ennfremur af bakverkjum vegna skekkju fótarins og átti erfitt með alla hreyfingu.

Guðmundur lagðist undir hnífinn fyrir nokkrum árum þar sem hluti af kálfa vinstri fótar var fluttur yfir í hægri fótlegginn. Árangurinn var lítill, að sögn Guðmundar sem ákvað að láta taka fótinn af fyrir tveimur árum, þá 35 ára gamall.

Eftir þetta hóf Guðmundur að vinna með Össuri að þróun og prófanaferli rafeindastýrða gervifótarins. Hann segir fótinn skipta sköpum. Bæði sé hann þægilegri en gervifótur sem hann notaði áður auk þess sem hann er öruggari. Guðmundur bendir á að hann hafi runnið til á dögunum og dottið. Það hafi hins vegar ekki verið gervifóturinn sem skrikaði til heldur heili fóturinn sem hafi misreiknað sig.

Þá segir Guðmundur öll vandamál úr sögunni með nýja fætinum enda geti hann lagað sig að flestum aðstæðum, jafnvel nýjum skóm.

Það má með sanni segja að lífið horfi öðruvísi við Guðmundi eftir að hann fékk nýja gervifótinn frá Össuri því hann stundar nú nám í knattspyrnuþjálfun og segist geta sparkað bolta með sonum sínum. **- jab**



**GUÐMUNDUR ÓLAFSSON** Guðmundur Ólafsson hefur unnið að prófunum á gervifætinum hjá Össuri. Hann stefnir nú á að þjálfa í knattspyrnu en slíkt gat hann ekki áður en hann fékk fótinn. MARKAÐURINN/GVA





Tækni og vit 2007
Fagsýning tækni- og þekkingariðnaðarins
Stórsýningin Tækni og vit 2007
í Fífunni, Kópavogi, **8.-11. mars 2007**.
**Tryggðu þér svæði!**
- bókaðu strax á taekniogvit.is
eða í síma 511 1230
AP almannatengsl / H2 hönnun
www.taekniogvit.is
samstarfsaðilar
Forsætisráðuneyti · Fjármálaráðuneyti · Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti · SI Samtök iðnaðarins · Háskólinn í Reykjavík · Orkuveita Reykjavíkur · TM Software

actavis
hagur í heilsu
Meiri upplýsingar, þægilegra aðgengi
Kíktu á nýja vefinn okkar
www.actavis.com
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


# Storfoss er nýjasta viðbótin í ört stækkandi flota Eimskips

Eimskip tók síðasta laugardag við nýju frystiskipi sem samdægurs var gefið nafnið Storfoss.

Lára Konráðsdóttir, yfirmaður hjá Eimskip í Noregi, sem gaf skipinu nafnið, sagði félagið vilja halda í þá hefð að nefna þau eftir fossum. Skipið kemur ekki til með að koma hingað til lands heldur verður í siglingum milli Noregs, Englands og Hollands. Fyrr á þessu ári tók Eimskip við systurskipi Storfoss, sem heitir Svartfoss, og á svo von á fjórum skipum til viðbótar á næsta ári.

Frystiskipið var byggt af Vaagland Båtbyggeri AS í Álasundi í Noregi.

Hans Martin Iversen, framkvæmdastjóri Eimskip-CTG í Noregi, var að vonum ánægður með nýju viðbótina í flotann og sagði að þótt Svartfoss hefði verið flottur, þá væri nýja skipið enn þá flottara. „Nýju frystiskipin gera okkur kleift að bæta þjónustu okkar enn frekar,“ segir hann, en með breytingunni kynnir Eimskip-CTG nýja og bætta siglingaáætlun frá Noregi til Bretlands og Belgíu og Hollands.

Félagið býður þannig upp á aukið flutningsmagn á hraðskreiðustu frystiskipunum og hönnun þeirra er þannig að losun og lestun tekur skemmri tíma en hjá sambærilegum skipum. Í stað þess að lyfta vörum upp í skipið er síðuport þess opnað og keyrt með bretti beint inn í frystilestir á þremur hæðum, en lyfta gengur á milli þeirra. Storfoss er blanda af frysti- og gámaskipi og er 80 metra langt og 16 metra breitt. Hámarksganghraði þess verður 16 sjómílur á klukkustund og burðargeta er 2.500 tonn. Skipin geta borið 1.800 bretti og tæplega þrjátíu 40 feta gáma á þilfari.

Með nýrri siglingaáætlun sem þegar er komin í gang getur Eimskip boðið reglulega gámaþjónustu frá norðurhluta Noregs til Bretlands og Hollands, en slík þjónusta segir Bragi Þór Marinósson, yfirmaður Norður-Atlantshafssviðs Eimskips, vera nýmæli í Norður-Noregi. Í Hollandi og Bretlandi tengist svo flutningaleiðin inn á alþjóðlegt flutninganet Eimskips sem teygir sig nú um allan heim.

Bragi segir stórkostlegt hafa verið að fá að taka þátt í gríðarlegum vexti félagsins síðustu tvö árin, en á þeim tíma hefur Eimskip bætt við sig fjölda félaga og eflst mjög. „Við ætlum að vera öflugasta félagið á Norður-Atlantshafi,“ segir Bragi og kveður einstakt hvernig félagið getur nú boðið hitastýrða flutninga í tengslum við net kæligeymsla um heim allan. Hann segir nýju skipin svo bjóða upp á mikinn sveigjanleika í því að þótt þau flytji frosinn fisk frá Noregi, geti þau tekið til baka nánast hvað sem er, svo sem þungaflutninga, sérhæfðar vélar eða hvað eina annað.

„Eimskip rekur núna um 157 starfsstöðvar í Evrópu, Norður- og Suður-Ameríku og Asíu. Félagið er með 40 til 50 skip í rekstri, um 1.350 flutningabíla og yfir 100 kæli- og frystigeymslur. Starfsmenn félagsins eru um 8.500 talsins,“ segir Bragi Þór.

- óká



**STORFOSS SIGLIR UM ÁLASUND** Nýjasta fraktskipið í flota Eimskips siglir hér um Álasund í Noregi þar sem það var smíðað. Skipið var afhent með viðhöfn um síðustu helgi og því gefið nafn. MARKAÐURINN/ÓKÁ



**BRAGI ÞÓR MARINÓSSON OG LÁRA KONRÁÐSDÓTTIR** Bragi Þór er yfir Norður-Atlantshafs-starfsemi Eimskips og Lára er yfirmaður hjá Eimskip-CTG í Noregi og guðmóðir Svartfoss, nýs skips félagsins. MARKAÐURINN/ÓKÁ



**HANS MARTIN IVERSEN** Hans Martin, sem er framkvæmdastjóri Eimskips-CTG, segist stoltur af því að geta kynnt til sögunnar annað nýja frystiskip flotans á einu ári. Í baksýn sjást nýju skipin tvö, Svartfoss fjær og Storfoss nær. MARKAÐURINN/ÓKÁ

Adams · BabySam · Bæjarins bestu pylsur · Ben&Jerry´s · Benetton & Sisley · Bianco · Blend · Blómaval · Body Shop Breytilegt saumastofa · Brilliant · BT · Burger King · Byggt og búið · Café Adesso · Carat - Haukur gullsmiður · Dýraríkið · Change Coast · Debenhams · Dorothy Perkins · Dótabúðin · Drangey · Dressmann · energia bar · Ecco · Exit · Eymundsson · Evans · Fatahreinsunin Hraði · Gullsmiðja Óla · Hagkaup · Hans Petersen · Herragarðurinn · Hestar og menn · Hjörtur Nielsen · Home Art · Hygea Ice in a bucket · Intersport · Isis · Ís-inn · Jack & Jones · Joe Boxer · Jói Fel · Kaupfélagið · Levi´s · Líf og list · Lukkusmárinn · Lyfja · Meba-Rhodium · nammi.is · Nings Wokbar · Nóatún · Nova Bossanova · Oasis · Office 1 · Only · Optical Studio RX Optical Studio Sól · Ormsson · Ozio · Pizza Hut · Retro · Saumur og merking · Síminn · Skífan · Skór.is · Smára skóari · Smárabíó · Steinar Waage · Söstrene Grene · T.G.I. Friday's · Te & kaffi · Tiger · Top Man · Top Shop · Tous · Útilíf · Vero Moda · Veröldin okkar · Vila · Vodafone Zara · Zink



YFIR MILLJÓN GJAFIR
Í EINUM PAKKA!



Rafræna gjafakortið í Smáralind er jólagjöf sem hittir í mark hjá starfsmönnum jafnt sem viðskiptavinum. Hafðu samband við þjónustudeild Smáralindar í síma 528 8000 og pantaðu gjafakort, sérmerkt þínu fyrirtæki. Gegn vægu gjaldi pökkum við kortinu í fallega gjafaöskju.

JÓLAGJAFAKORT SMÁRALINDAR ER HIN FULLKOMNA GJÖF




Opið: mán, þri, mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18, sun 13-18 / 528 8000/ smaralind.is

Tölvukælar



Fyrir tækni- og tölvurými

ís-húsið 566 6000

allt matur

Alla föstudaga

# Gæðamálning

á góðu verði







**1.678kr**
Polytex 2 / 3 lítrar

**- 40% afsl.**
Skin 10 / 3 lítrar

## Gæðaverkfæri

á góðu verði



Handfang 25cm
**209kr**



Skaft
**245kr**



Kefli 25cm
**620kr**




Pensill 50mm
**360kr**



Málningarbakki 25cm
**252kr**

Allt þetta á aðeins
**1.686kr**

# Flügger litir



Flügger ehf
Stórhöfða 44
110 Reykjavík
Sími 567 4400

Skeifan 4
Snorrabraut 56

Dalshraun 13
Bæjarlind 6

Hafnargata 90 Keflavík
Egilsholti 1 Borgarnesi
Austursíða 2 Akureyri

www.flugger.is

MARKAÐURINN

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**7,6%** verðbólga á ársgrundvelli en vísitala neysluverðs lækkaði um 0,04 prósent milli október og nóvember.

**11** milljarða króna hagnaður FL Group á fyrstu níu mánuðum ársins.

**1,9%** veiking krónunnar á mánudag eftir að ný skýrsla Fitch sagði lánshæfishorfur ríkissjóðs enn neikvæðar.

## BANKAHÓLFIÐ



### Eins og kandís hjá tannlækni

Stoðtækjafyrirtækið Össur hélt kynningu á verðlaunuðum rafeindastýrðum gervifæti í lok síðustu viku.

Fóturinn vakti mikla athygli enda þótti rúmskynjun og eiginleikar fótarins standa mannshuganum langtum framar. Kynningin var hin veglegasta og líkt og góðum gestgjafa sæmir var boðið upp á sætmeti. Viðstaddir mauluðu því súkkulaðimola sem þeim stóðu til boða á kynningunni.

Kaldhæðinn og meinfýsinn veislugestur líkti hins vegar súkkulaðimolunum við það að boðið væri upp á kandís á biðstofu tannlæknis. Mikil sykurneysla ásamt öðrum slæmum neysluvenjum getur nefnilega leitt af sér sykursýki tvö, sem líka nefnist áunnin sykursýki. Í verstu tilvikum geta þeir sem af henni sýkjast lent í því að missa útlim.

### EasyJet í skýjunum

EasyJet, annað stærsta lággjaldaflugfélag Evrópu, er á miklu flugi þessa dagana. Gengi hlutabréfa félagsins hefur hækkað nær samfellt frá því í vor, um svipað leyti og FL Group losaði um sautján prósenta hlut sinn. Hluturinn kostaði í gær um 570 pens og hefur því hækkað um 70 prósent eftir að FL Group fór út! Rekstur EasyJet er í miklum blóma þrátt fyrir hækkandi eldsneytisverð og önnur áföll. Skilaði félagið nærri sautján milljarða króna hagnaði fyrir skatta á síðasta rekstrarári sem lauk í september. Það var 56 prósenta aukning á milli ára.

### Nýr Trölli?

Eins og greint er frá hér að framan völdu Samtök stjórnenda í Danmörku Jørgen Vig Knudstorp, forstjóra danska leikfangaframleiðandans Lego, sem forstjóra ársins.

Óvíst er hvort foreldrar og börn þeirra víða um heim eru sammála valinu enda hefur Lego hagrætt svo mikið í rekstri að fyrirtækið annar ekki eftirspurn og má gera ráð fyrir gömlu góðu Legokubbarnir leynist í færri pökkum um þessi jól en undanfarin ár.

Því má ætla að í hugum vonsvikinna foreldra og barna hljóti Knudstorp svipaðan sess um hátíðirnar og Trölli sem stal jólunum í bókunum víðfrægu eftir dr. Seuss.






## Fyrir veiðimenn




**Urriðasvæðið í Laxá í Þingeyjasýslu**
**Veiðileifi sumarið 2007. Pantanir berist fyrir áramót til Áskels Jónassonar, Þverá, Laxárdal, 641 Húsavík, sími & fax 464 3212 eða til Hólmfríðar Jónsdóttur Arnarvatni, Mývatnssveit, 660 Mývatn, fax 464 4332. Netfang veidi@laxamyvatn.is. Heimasíða www.laxamyvatn.is. Úhlutun verður í febrúar.**
**Veiðifélag Laxár og Krákár**

VESTURRÖST
BYSSUTILBOÐ
Maverick pumpa frá USA.
Sterk og góð.
Verð kr. 29,700.-
Nánari upplýsingar á www.vesturrost.is
Laugavegi 178 - S.551 6770

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Mieszkanie do wynajecia**
GSM 824 4530

Til leigu 4 herb 110 f.m. íbúð í Rjúpnasölum, Kópavogi. Reyklaus og reglusemi skilyrði. Uppl. í 692 5163.

## Húsnæði óskast

Tveir reglusamir vinnualkar óska eftir 3-4 herb. íbúð á höfuðborgarsv. Góð meðmæli & skilvísum greiðslum heitið. S. 863 3836, Brynjar.

Óska eftir íbúð eða herbergi með aðgang að öllu(wc/eldhús o.fl.). Fyrir unga og reglusama stúlku. S. 661 2000.

Einstæð móðir óskar eftir litlili íbúð, helst í 220. Greiðslugeta 55 þ. Reyklaus og reglusöm. S. 698 2517.

## Atvinnuhúsnæði

Ódýr skrifstofuherbergi til leigu á sv. 104. Uppl. í s. 864 4182 og á fffjordur.is

## Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

**Hjól - og fellihýsi og húsbílar.**
Upphitað húsnæði á Eyrarbakka. Síðustu plássin. Geymsla Eitt ehf. S. 564 6500.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Viltu vinna aðra hverja helgi frá 12-21? Hæfniskröfur: 18 ára eða eldri, dugnaður, stundvísi, snyrtimennska. Umsóknir berist á hs@foodco.is.**

**ÖRLAGALÍNAN**
**Óskar eftir hæfileikaríkum miðlum og lesurum á línuna. Draumráðendur eru sérstaklega boðnir velkomnir til starfa á línunni. Vinsamlega sendið umsókn á bjork@nt.is eða hringið í síma 863 8055.**

**Frístundaheimili**
**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum. Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

**Veitingahúsið Lækjarbrekka**
**Lækjarbrekka veitingahús óskar eftir þjóni til starfa í fulla vaktavinnu. Einnig getum við bætt við okkur þjónanemum og vönu aðstoðarfólki í veitingasal. Upplýsingar fást á staðnum milli kl 14 17 alla daga eða í síma 551 4430. Tökum einnig á móti umsóknum í gegnum tölvupóstinn info@laekjarbrekka.is .**
**Lækjarbrekka Alltaf Sígild Alltaf Ljúf**

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ

**Afgreiðslufólk - Yfirmenn.**
**Óskast til starfa. Hentar fólki á öllum aldri. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Uppl í s. 864 1585 eða á www.kornid.is**

**Smart - Starfsfólk**
**Starfsmaður óskast á sólbaðstofuna Smart ehf., Grensásvegi 7. Reyklaus vinnustaður. Umsóknareyðublöð á staðnum. Sólbaðstofan Smart.**

**Starfskraftur óskast í veitingasal**
**Dagvinna, góð laun fyrir rétta aðila. Upplýsingar á staðnum, ekki í síma Café Milanó, Faxafeni 11.**

**Kökuhornið í Bæjarlind.**
**Óska eftir að ráða starfsmann, fast starf í verslun okkar. Tvískiptar vaktir. Ekki yngri enn 25 ára. Uppl. í síma 897 0702, Sirrý & 861 4545 Guðni.**

**Cafe Bleu.**
**Okkur vantar góðan starfskraft í eldhús, ef þú ert dugleg/ur og hefur áhuga á skemmtilegri vinnu og vinnuumhverfi þá ert þú sá eða sú sem við erum að leita að. Einnig vantar á sama stað vana þjóna í sal í fullt starf og aukavinnu um helgar. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.**
**Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.**

Olíudreifing

**Meirabílprófsbílstjórar í Reykjavík**
**Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í framtíðarstarf í Reykjavík. Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf. Olíudreifing greiðir fyrir ADR námskeið. Starfið stendur báðum kynjum til boða.**
**Allar nánari upplýsingar veitir Helgi í síma 550 9937 tölvupóstfang helgim@odr.is**

UmbreVirnet

Borgarnes! Óskum eftir að ráða starfsmann til afgreiðslustarfa. Lyftarapróf skilyrði. Um að ræða vaktavinnu. Upplýsingar veitir Reynir Guðmundsson starfsmannastjóri í síma 893 1426 reynir@limtrevirnet.is. Umsóknir á www.limtrevirnet.is

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
**Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi og Smáralind. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar, hentar vel skólafólki.**
**Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum Kleppsvegi eða hjá Önnu í s 699 7967 eða á staðnum Smáralind. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Leikskólinn Ösp - Iðufelli 16**
**Óskar eftir starfsmanni í skilastöðu. Vinnutími ca 15.30/16 - 17.30 alla virka daga. Uppl. veitir Kristín í s. 557 6989 eða 896 2109.**

**Ræsting.**
**Ræstingaþjónustan sf auglýsir laust 40% ræstingastarf á morgnana.**
**Nánari upplýsingar gefur Guðfinna á skrifstofutíma, í síma 821 5054.**

**Kvöldvinna**
Rótgróið og traust markaðsfyrirtæki óskar eftir fólki á aldrinum 20-60+ ára til að safna áskriftum fyrir nýtt og glæsilegt tímarit.
Einnig vantar til starfa einstaklinga til að framkvæma landsafnanir fyrir mörg af stærstu félagssamtökum í landinu.
Vinnutími kl. 18-22 virka daga.
Hæfniskröfur
Góð íslenskukunnátta (talað mál)
Góð samskiptahæfni
Ath! að ekki er farið fram á reynslu í sölumennsku.
**Áhugasamir hringi í síma 699 0005 & 533-4443 milli kl. 10-21 daglega.**

Faglagnir

**Pípulagnir**
Faglagnir ehf óska eftir að ráða vana pípulagningamenn vegna aukinna umsvifa. Uppl. í síma 824 0240, Steinar.

**Starfsfólk óskast**
**Við leitum að ábyggilegu íslenskumælandi fólki til afgreiðslustarfa. Annars vegar í bakarí hálfan daginn og hinsvegar í söluturn frá 9-17. Ekki yngri en 25 ára. Uppl. í s. 899 8212.**

**Mosfellsbakarí Háaleitisbraut**
**Vorum að opna nýtt og glæsilegt bakarí á Háaleitisbraut 58-60. Okkur vantar ábyrgt og skemmtilegt fólk til að starfa með okkur alla virka daga frá kl. 13 - 18.30 og 1 dag aðra hvora helgi. Æskilegur aldur 25 ára og eldri.**
**Nánari upplýsingar veitir Ellisif í s. 553 5280 & 660 2153**

Cafe VICTOR

**Cafe Victor**
**Cafe Victor óskar eftir hressum og duglegum barþjónum, og fólki í sal á helgarvaktir. Uppl. veitir Baldur í s. 692 0735 eða sendið umsókn á baldur@victor.is**

**Veitingahúsið - Lauga-ás.**
**Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila.**
**Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.**

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

**Hvar í veröldinnni sem er!!**
Nýtt, spennandi, skemmtilegt og fjölbreytt tækifæri. Kíktu á www.peningar.com

Viltu vinna í öruggu og góðu starfsumhverfi? Óskum eftir góðu fólki til starfa í íbúðakjarna fyrir fólk með fötlun. Dag-, kvöld- og helgarvinna. Starfshlutfall eftir samkomulagi. Nánari upplýsingar veitir Sighvatur Blöndahl í síma 561-3141/ 896-5907, sighvatur.b.magnusson@reykjavik.is,

Sölubörn óskast til að selja jólakort f. Félagsst. Þroskaheftra. Góð sölulaun. S. 694 7768.

**Grillhúsið Tryggvagötu**
Óskar eftir starfsfólki í sal, í kvöld og helgarvinnu. Uppl. á staðnum eða í s. 696 8397. Brynja.

**Grillhúsið Tryggvagötu**
Óskar eftir vaktstjóra í sal. Unnið er á vöktum. Upplýsingar í síma 696 8397 Brynja.

Vanan háseta vantar á beitingarvélabát, gert út frá Ísafirði. Uppl. í síma 894 4612, 852 0680.

**Myndir & Myndbönd**
Leita að 6-8 áhugasömum sem vilja búa til tekjur í eigin viðskiptum, vefmyndir.ws

Óskum að ráða leiðbeinendur í vinnu í leikskólann Gullborg við Rekagranda. Upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 562 2455 eða 693 9820.

## Atvinna óskast

Samvisku- og reglus. ungur maður leitar að hlutastarfi. Byrja strax. S. 846 4863.

Starfsfólk frá Lettlandi- smiðir, verkamenn, suðumenn etc. S. 845 7158.

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Hvít læða, eins árs, týndist frá Sléttahrauni 12 í Hafnarfirði þ. 7.nóv. Hún er örmerkt, með rauða ól m/semelíusteinum, mjög gæf. Gæti hafa lokast inni í bílskúr eða kofa, gott ef fólk hefði auga með því í grenndinni. Sárt saknað af bræðrum. Hafa samband í s. 565 3498 & 846 4689.

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál

SPJALL
SÖGUR OG DEIT
Karlar 515-8800
Konur 515-8888
ALLAR ÞJÓNUSTUR Í EINU NÚMERI
905-2580

Spjallrásin 1+1
Konur: 595-5555
Karlar: 908-5555



Lengflottasta spjallrás á Íslandi
Símastefnumótið ....... 905-5555

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Exotic, Erótísk svört nuddstelpa. Uppl. í s. 659 9420.

**Símaspjall 908 6666.**
Hæ ég heiti Heiða, ég er heit og vilt og mig langar til að heyra í þér í kvöld í símaspjalli. Opið allan sólahringinn. Ef til fyrir þig.

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

**Afgreiðslustarf málningarvöruverslun**
Verksvið er þjónusta við viðskiptavini og almenn verslunarstörf. Óskum einnig eftir starfskrafti í helgarvinnu. Íslandsmálning ehf. im@islandsmalning.is
Upplýsingar í síma 896 9747 og 517 1500

Draumahús 530 1820

# — SÖLUSÝNING —

## Í DAG KL. 17:30 - 19:00

## Drekavellir 6, íbúð 201 - 221 Hfj

**STÓRGLÆSILEG ÍBÚÐ Í NÝJU 4RA ÍBÚÐA HÚSI Á VÖLLUNUM. SÉRINNGANGUR Í ALLAR ÍBÚÐIR OG 34 FM BÍLSKÚR MEÐ EFRI HÆÐ.**




**37.500.000**

Hér er um að ræða einstaklega vandaða 189,3 fm. íbúð á 2. hæð (merkt 0201) sem mikið hefur verður lagt í. Glæsilegar og vandaðar innréttingar frá Brúnás, eldhústæki frá AEG, fataskápar og sólbekkir einnig frá Brúnás. Innfeld halogen lýsing frá Lumex. Allar flísar frá Flísabúðinni. Í baðherbergjum verður m.a. hornbaðkar með nuddi og sturtuklefi og hitalögn undir flísum. Innihurðir verða frá Víkurás. Hiti verður í stéttum og tröppum á efri hæð auk þess sem skyggni verður yfir útihurðum. Stórar hornsvalir.

**Bóas sölumaður Draumahúsa tekur á móti gestum s. 699-6165**

# VALHÖLL
## FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

**www.valholl.is - Opið mánud. - föstud. 9-17**
**Lokað um helgar**

Frum



Ingólfur Gissurarson lögg. fast.sali 896 5222 · Bárður Tryggvason sölustjóri 896 5221 · Þórarinn Friðgeirsson lögg. fast.sali 899 1882 · Ellert Róbertsson sölumaður 893 4477 · Magnús Gunnarsson sölustj. atvinnuh. 822 8242 · Viggó Jörgensson lögg. fast-eignasali. · Sigurður Jökull Ólafsson Ljósmyndari · Pétur Jóhannsson sölum. Snæfellsbæ. S 893 4718 · Margrét Sigurgeirsdóttir ritari · Þóra Þorgeirsdóttir ritari · Guðrún Pétursdóttir skjalagerð

**YFIR 100 ÁRA SAMANLÖGÐ REYNSLA VIÐ FASTEIGNASÖLU!**

## Krókabyggð Glæsilegt einbýlishús



Valhöll fasteignasala kynnir mjög glæsilegt einbýlishús á einni hæð ásamt tvöföldum bílskúr, samtals 230,8 fm. Þar af 47,1 fm bílskúr. Rúmg.stofa. Vandaðar innrétt. Glæsil. baðherb. 3-4 svefnherb. **Glæsil. verðlaunagarður. Einstaklega velstaðsett hús.** 7272

## Skógarhæð - glæsilegt hús



Í einkasölu glæsilegt 190 fm hús á 1 hæð. Glæsilegur verðlaunagarður. Gatan var kosin fallegasta gata Garðabæjar 2002. 4 svefnherb. Vandaðar innréttingar. Falleg eign á frábærum stað. Stutt í bæði grunnskóla og framhaldsskóla. **V. 61,0 m.** 7218

## Skógarás - mjög góð íbúð á fínu verði!



Mjög velskipulögð 5 herb.110,3 fm endaíbúð á 3.hæð í góðu velstaðs. húsi. Aðeins einn stigi upp í íbúðina. 3 svefnherb. en mögul. að hafa þau 4. Parket. Innbyggð tæki í eldhúsi. Húsið var viðgert að utan 2005. Eign sem vert er að líta á. **V. 24,5 millj.** 7275

## Laugarnesvegur - nýlegt hús



Í einkasölu falleg 3ja herb. íb. á 3.hæð í nýl. sjö íb. húsi rétt við Laugardalinn. Góðar innréttingar. **Parket og flísar. Frábær staðsetning.** 7136

## Selvogsgrunn - stórglæsileg sérhæð með bílskúr



Valhöll fasteignasala kynnir stórglæsil. 157 fm efri sérh á glæsil. útsýnisstað ásamt 28,9 fm bílskúr og 27,3 fm rými. Hæðin var öll endurn. f.ca 5 árum. Allar innrétt. sérsmíðaðar eftir hönnun Rutar Káradóttur. Glæsil. massíft parket og vandaðar flísar á gólfum. Stórar suðvestursvalir m. glæsil. útsýni yfir flóann og vestur á Snæfellsjökul 3 góð svefnherb., stórar stofur. Glæsil. eldhús og baðherb. Eign í sérflokki. **V. 48 millj.** 7255

## Hulduland - með bílskúr samtals 147,2 fm



Vorum að fá í einkasölu góða 127,8 fm íbúð á 2. hæð + bílskúr í góðri vel staðsettri blokk. Góð vel skipulögð íbúð, þvottahús í íbúð. Suðursvalir. Snyrtileg sameign bæði úti og inni. **V. 31,7 m.** 7257

## Litlihjalli - tvær íbúðir



Vorum að fá gott ca 240 fm endaraðhús á tveimur hæðum. Innb. bílskúr. Góðar stofur, suður svalir, þrjú svefnherbergi í stærri íbúð.Sér 2ja herbergja íbúð á jarðhæð. **V. 44,9 m.** 7260

## Skrúðás - Garðabæ



Í einkasölu fallegt nýlegt 230 fm einbýlishús á 2 hæðum á frábærum útsýnisstað. 4 góð svefnherb. Innb. 37 fm bílskúr. Fallegur garður með timburverönd og heitum potti. Frágengið bílaplan og stéttar. **Verð tilboð.** 7193

### Fyrir eldri borgara.



**Hvassaleiti. Eldri borgarar.** Góð sérl. vel skipul. 114 fm endaíb. á 3. h. Stórar suðursv. snyrtil. sameign bæði úti og inni. Ýmisleg þjón. í boði gegn gjaldi. 32,5 m. 7201



**Skúlagata 40 m. bílsk. f. 50 ára og eldri.** Í einkasölu falleg 99,5 fm íb. á 7. h. m. glæsil. útsýni til suðurs ásamt stæði í góðu bílskýli/bílskúr og mikilli sameign. Parket. Suðursv. Laus fljótl. V.29,9 m. 6996



**Fjarðarás - Selás - Einbýli - mjög gott verð.** Í einkasölu gott ca 330 fm einb. á 2. h., innb. bílsk. Stórar stofur, fimm svefnherb. Garðskáli með heitum potti. Mögul. að útbúa sér íb. á jarðh. Góð staðs. stutt hjá t.d. skóla, sundlaug, Fylki og Elliðárdal. V. 56,0 3635

**Engjasel - glæsil. útsýni.** Mjög gott velskipul. endaraðh. á 3.hæðum á fráb. útsýnisst. ásamt stæði í bílskýli (stórt stæði.) Húsið er klætt að utan. Mjög gott hús. Góð sólarverönd. Afgirtur garður. v. 37,8 m. 7174

**Marbakkabraut - Kópavogi.** Í einkasölu glæsil. nýl. parh. á tveimur hæðum. Í dag er eignin nýtt sem tvær íb. litið mál að br. aftur. Allar innrétt., tæki og gólfefni eru sérl. vönduð, innb. lýsing. V. 38,5 m. 7122

**Breiðavík - endahús á einni hæð.** Glæsil. mjög velskipul. 152,2 fm endaraðh. á einni hæð. Vand. innrétt., parket og flísar á gólfum, fallegur suðurgarður með góðri timburverönd. Hiti í plani og stéttum. Góð staðs. V. 41,0 m. 7062

**Hrauntunga - glæsil. útsýni** Fallegt 262,5 fm einb. í suðurhl. Kópav. Nýl. viðg. að utan og málað. Glæsil. útsýni, nýl. þak og skólp. V. 51,0 m. 6848

### Stærri eignir



**Vesturhús - Grafarv. Glæsil. sérhæð með aukaíbúð á glæsilegum útsýnisstað.** Nýkomin í einkasölu glæsil. nýleg ca 240 fm efri sérh. m. bílsk., og sér lítilli 2ja herb. íbúð á jarðhæð m. sérinngangi. Rólegur staður s.t. innst í lokaðri götu, örstutt frá skólum, sundlaug, íþróttum og þjónustu. Aðalhæðin er með alls 4 svefnherb., vönduðum innréttingum, gegnheilu parketi, stórum suðvestur svölum með mögnuðu útsýni yfir borgina, Bláfjöll, Faxaflóa, Snæf.nes og fl. Aukaíb. er í leigu í dag og gefur góðar tekjur. V. 49,8 millj. 7202



**Austurgerði - glæsil. einb. m. 2 aukaíb.** Glæsil. 333 fm einb. á 2. h. og innb. bílsk. Húsið er sérl. velskipul, glæsil. stofur, nýtt eldhús og gólfefni. Tvær 2ja herb. aukaíb. m. sérinng. eru á jarðh. V.72 millj. 6963



**Fannafold - mjög vandað hús.** Í einkasölu gott velskipul. 150,8 fm hús á 2 h. Góður 24,8 fm bílskúr. Þrjú svefnherb., vand. innrétt. og gólfefni, parket og flísar á gólfum. V. 39,9 m. 7101

**Miðhús. skipti á minna.** Vorum að fá í einkasölu glæsilegt 271,3 fm einbýli sem er með sér 2ja herbergja íbúð á jarðhæð. Húsið er staðset á góðum útsýnisstað. Möguleg skipti á minna sérbýli í Grafarvogi. 6808

**Strandvegur - glæsil. útsýni.** Stórglæsil.160 fm íb. á 3.h/efstu í nýl. vönd. húsi ásamt stæði í bílsk. íb. er glæsil. innrétt. m. vönd. sérsm. innrétt. glæsil. flísal. baðherb. Granít borðplötur. 7001

### Í smíðum.



**Kórahverfi - Kópavogur - tvær 4ra herb. og þrjár 3ja herb. íbúðir eftir.** Í einkasölu glæsil. íbúðir í 12.íb. lyftuhúsi ásamt st. í bílskýli. 3ja herb.íb. eru 110 fm og 4ra herb. frá 140 fm. Suðursvalir. Afh. fullb. án gólfefna m. vönd. innrétt. og flísal. baðherb. Sérinng. af svölum. Eignir á mjög góðu verði. Búið að taka lán frá íls 10 millj. á hluta íb. Uppl. á Valhöll eða á www.nmedia.is/baugakor 4600



**Nýjar glæsiíbúðir í Fannahvarfi.** í einkasölu nýjar glæsil. sérib. í 2ja h. húsi með sérinng. í allar íbúðir. Stærðir íb. er frá 111,5 fm 3ja herb. íb. og uppí 136,7 fm 4ra herb. íb. Íb. verða afh. fullb. án gólfefna með vönd. innrétt. frá AXIS að hluta til að vali kaupenda. Hús, lóð og bílast. fullb. V. 3ja 26,9-27,4 m. V. 4ra herb. 31,4 - 32,9 millj. Sjá www.nybyggingar.is 7035

**Kleifakór - glæsilegt einbýli** Á frábærum útsýnisstað 315 fm einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Húsið verður afhent fullbúið að utan og fokhelt að innan. Frábært skipulag. Verð 57 m. 7170

**Hamrakór - rað/tengihús afh. fullb.** Glæsileg 254 fm frábærl. velskipul. raðh./tengihús á mjög góðum útsýnisstað. Húsin afh. fullb. án gólfefna m. vönd. sérsm. íslenskum innrétt. og flísal. aðalbaðherb. Gólfhiti í húsinu. Mjög gott skipul. Lóð og bílastæði afh. fullb. Suðv.garður og stórar svalir.Sjá nán upplýs. á www.nybyggingar.is 6862

**Goðakór - Tilb. til innréttinga eða fullb. m. frág. lóð - Möguleg skipti á ód. eða góð lánakjör.** Glæsileg raðhús/einb. á frábærum útsýnisstað. Samt. 228 fm að stærð með innb. bílsk. Húsin afh. tilb. til innrétt. m grófj. lóð á 48-49 millj. eða fullb. án gólfefna m. vönduðum innrétt. og flísal. baðherb. Lóð og bílastæði fullfrág. Vönduð hús á einstaklega góðum stað. V. milli hús 56,0 m og endahús 57,0 millj. Uppl. á skrifstofu Valhallar eða á www.nybyggingar.is 7105

**Sérhæðir við Andarhvarf í Kópavogi þrjár eftir.** Sérhæðir á fínum útsýnisst. við Andarhvarf í Kópav. Um er að ræða 134,3 fm sérh. ásamt bílsk. sem eru 25,1 fm og 26,9 fm. Íb. afh. fullfrág. án gólfefna. Fráb. skipulag með tveimur baðherb, sérlóð með íb. neðri hæðar og svalir með íb. efri hæðar. V. 35,9 m. 3722



**Raðhús á einni hæð með bílskúr.** Ný glæsileg raðhús á einni hæð með bílskúr samt. ca 170 fm. Afhendast fullbúin án gólfefna með vönd. innréttingum en án gólfefna. Mjög góð staðsetning. V. 39,8 millj. 4290



**Brekkuás - Garðabæ** Nýtt glæsilegt 303 fm einbýli á frábærum útsýnisstað í Garðabæ. Húsið er rúmlega fokhelt að innan. Frágengið að utan og steinað og til afhendingar strax. V. 65,0 m. 6971

**Selvað - nýtt lyftuhús m.bílskýli - Skipti mögul. á ód. eign eða mjög góð lánakjör.** Glæsil. nýjar íb. í nýl. lyftuhúsi á mjög góðum stað í Norðlingah. ásamt stæði í bílskýli. Íb. verða afh. fullb. án gólfefna og flísal. á baðherb. Flott hús. V. frá 25,4 m. Selj. lánar hluta kaupverðs ef kaup. þarf á því að halda !! 4120

**Rauðavað 4ra herb. til afh. strax - Möguleg allt að 90 % lánakjör.** Í einkasölu ný glæsileg 119 fm 4ra herb. íb. á 2. h. Afh. fljótlega fullb.án gólfefna. Sérinng. af svölum. Stæði í fullb. glæsil. bílskýli fylgir eigninni. V. 26,9 millj. Verðið gerist varla betra en þetta ! **V. 26,9 m.** 3747

**Bræðraborgarst. ný íb. m. bílskýli. ein íbúð eftir 12. seldar !** Einkasala: í nýju lyftuhúsi á frábærum stað í vesturbæ Reykjavíkur eigum við eftir eina íbúð ásamt stæði í bílageymslu. Íb. er 111,4 fm. Íbúðin afhend. fullb. án gólfefna m. vönduðum innrétt. og flísal. baðherb. 4259

## Sérhæðir og 5-6 herb.

**Básbryggja - m. bílskúr - ein glæsil. íb. á svæðinu.** Í einkasölu stórglæsil. íb, á efstu hæð og risi Innang. í góðan endabílsk m.glugga. Vand. sérsm. innrétt og flott tæki, innb. ísskáp. og uppþv.vél fylgja. 2 stórglæsil. flísal. baðherb. Parket og flísar V. 38,2 m. 6856



**Borgargerði. Smáíbúðahverfi.** Í einkasölu góð velskipul. ca 135 fm efri hæð ásamt 34,7 fm góðum nýl.bílsk. Parket á fl. gólfum, góð sérverönd. V. 37,5 m. 4665



**Hólmgarður - glæsil. eign** Í einkasölu sérl. glæsil. efri sérh. ásamt nýb. risi, samt. ca 150 fm. Hæðin er um 103 fm og hefur verið endurn. öll á síð. 5 árum, eldhús,baðherb, innihurðir, skápar, parket, rafl. o.fl. Risið er rúml. fokh að innan. Nýjar 15 fm suðursv. V. 29,9 m. 7098

**Garðhús - með bílskúr.** Góð 132,3 fm 5-6 herb. íb. á jarðh. m. sérinng. í vel staðs. húsi. Íb. fylgir 26,2 fm góður bílsk. Sér verönd, parket og flísar. V. 32,5 m. 7095

**Selvogsgrunn - jarðhæð mikið endurnýjuð.** Í einkasölu glæsil. 130,5 fm íb. á jarðh. í nýl. klæddu húsi á fráb. stað í Austurborginni. Nýl. gólfefni, fataskápar, innihurðir loft íbúðar og fl. Sólstofa. Flísar og parket. Eign í mjög góðu standi. V.29,9 m. 7185

## 4ra-6 herb. íb.

**Breiðavík - laus strax.** Mjög góð velskipul. 4ra herb. 100 fm íb. á jarðh. í fallegu fjölb. Sérinng. Sérverönd. Parket, góðar innrétt. Laus strax. V. 23,9 m. 7156



**Keilugrandi - m.bílskýli - útsýnissíbúð.** Velskipul. 4ra herb. íb. á 3.hæð þ.er 2 frá inngangi í velstaðs. fallegu húsi m. útsýni á sjóinn. Mjög barnvænt hverfi. Stutt í skóla og íþróttasvæði. V. 27,9 m. 7241



**Flúðasel - m. bílsk. laus fljótlega** Í einkasölu rúmgóð velskipul. 4ra herb. íb. á 2.hæð í klæddu húsi ásamt stæði í bílageymslu. 3 svefnherb. Yfirb. suðursv. Mjög góð staðsetn. Falleg aðkoma að húsi. V. 19,4 millj. 7261



**Hvassaleiti- endurnýjuð m. bílskúr.** Í einkasölu glæsileg mikið uppgerð 4ra herb. íb. á 1.hæð í góðu húsi. Glæsil. endurn. eldhús, ný gólfefni, nýtt glæsil. baðherb. m. sturtukl. frá Sturta.is. Nýjar innihurðir og fl. Áhv. hagst. lán frá Kbbanka ca 17 millj. V. 26,9 millj. 7249



**Kórsalir - 130 fm útsýnisíbúð.** Falleg og rúmgóð 4-5 herb. íbúð á 3 hæð ásamt stæði í bílskýli. Eignin er 130 fm og sérþvottahús, stórar suðvestursvalir. Sérlega rúmgóð stofa. 3 svefnherb. V. 29,5 m. 7217



**Hraunbær - falleg íbúð** Í einkasölu falleg og rúmg. íb. á 2. h. 3 svefnherb. á sérg., stór stofa með suðursv. Parket. Fráb. skipulag, hús klætt utan sunnanmegin. V. 18,8 m. 7117



**Jörfabakki. með aukaherb. í kj.** í einkasölu góð velskipul. ca 115 fm 4ra til 5 herb. endaíb. á 3.h.(efstu hæð) í góðu fjölb.Sérþvottah. V. 19,9 m. 7068



**Sæviðarsund - fráb. staðs.** Í einkasölu góð vel skipul. ca 95 fm efri h. í mjög velstaðs. fjórb. Stórar suðursv. Parket og flísar á gólfum. V. 22,3 m. 6977



**Þorláksgeisli - m. bílskúr - Tilboð óskast:** Í einkasölu glæsil. fullb. íb. á 2. h. (jarðh. að ofanv) í flottu litlu fjölb. á mjög góðum stað. Sérinng. af svalag. Maghony innrétt. Parket, sérþvottah, Mjög góður 27,7 fm bílsk. m. góðri geymslu. Verð 29,5 millj. eða/tilboð ! Áhvílandi lán við Landsb. m. 4,15% vöxtum getur fylgt allt að 16 m. 6815

**Núpalind. 6.hæð í lyftuh.** Glæsil. fullb. 114,0 fm íb. á 6.h. í álkl. lyftuhúsi á fráb. stað í Lindarhverfi í Kópav. Parket, flísar. Góðar svalir. V. 27,5 m. 7171



**Gvendargeisli m/stæði í bílskýli** Glæsil. íbúð á 3.h. ásamt stæði í bílsk. Sér inng. af svölum. Parket. Glæsil. innrétt. mikið skápapláss. Stórar svalir. Fallegt útsýni. V. 24,6 m. 7088



**Grýtubakki - mikið endurn.** Í einkasölu mikið endurn. ca 105 fm íb. á 3.h. í mjög velstaðs. húsi, suðursv., parket og flísar. Allt nýtt á baði. V.18,5m. 3283

## 3ja herb. íbúðir.

**Birkiholt - Álftanesi** Stórglæsileg 95 fm íbúð á 3 hæð m. sérinngangi. Íbúðin er ný og sérlega glæsilega innréttuð. Sérhönnuð lýsing. Granít í borðplötu. Parket. Glæsilegt útsýni. V. 22,5 m. 7254



**Flókagata - mjög góð á frábærum stað.** Í einkasölu góð 2-3ja herbergja velskipulögð íbúð í risi á þessu fallega frábærlega velstaðsetta húsi efst á Flókagötunni steinsnar frá Kennaraháskólanum. Verðlaunalóð. V. 16,9 millj. Íb. er laus við kaupsamning. 7262



**Hofteigur - mjög góð staðsetn.** Vorum að fá góða 3ja herbergja risíbúð í góðu vel staðsettu húsi. Gólflötur ca 77 fm. Íbúð er öll mikið endurnýjuð. Stutt hjá t.d. skóla, leikskóla, og sundlaug. V. 16,5 m. 7244



**Fífulind - glæsileg íbúð m. sérinngangi.** Nýkomin í einkasölu glæsil. 93 fm íb. á 2.hæð í góðu nýlegu fjölbýli. Sérinngangur af svalagangi, vandaðar innr., parket, sérþvottaherb. í íbúð, flísalagðar suðvestur svalir. Toppíbúð á mjög góðum stað. Örstutt í alla verslun, þjónustu, skóla, sund og fl. Verð 22,9 millj. 7215



**Engihjalli - glæsilegt útsýni.** Í einkasölu velskipul. 85 fm íb. á 4.h. í góðu lyftuh. Íb. er m. stórum suðvestursv. Parket. V.16,2 m. 7154



**Lyngmóar - m. bílskúr** Glæsil. 89 fm íb. á 3. h. ásamt bílsk. í glæsil. fjölb í Garðab. Nýl. baðherb. Hús klætt að utan. Yfirb. svalir. V. 20,9 m. 7118



**Dynsalir - Kópav. Glæsileg íb. m. sérinng.** Nýl. glæsil. 111 fm íb. á 3.h. í litlu fjölb. Sérinng., vand. kirsuberjainnr., parket, stórar suðv.sv., þvottaherb.+ geymsla í íb. Getur losnað fljótl. V. 25,8 m. 3962



**Dalsel - bílskýli.** Mjög glæsil. 95 fm íb. á 3.h. m. st. í lok. bílsk. Hús klætt að utan á 3 hliðar. Glæsil. útsýni yfir borgina. Nýl. eldhús. V. 17,5 m. 7090



**Austurberg - m. bílskúr** Falleg 81 fm íb. á 2. h. m. bílskúr. Nýtt fallegt eldh. Parket. Stórar suðursv. V.18,0 m. 6970



**Krummahólar - klætt hús.** Góð 91 fm íb. á 2. h. í góðu fjölb. sem er klætt að utan. 2 góð herb. Yfirb. svalir. Nýtt eldh. Bílskúrsplata. V. 15,9 m. 4652



**Þórðarsveigur - lyftuhús.** Stórglæsil. endaíb. á 3 h. í nýju glæsil. lyftuh. Sérþvottah. Stæði í bílsk. Suðursvalir. V. 21,9 m 6823

**Njálsgata - mikið endurnýjuð** Góð vel skipulögð ca 75 fm 3ja herb. íbúð á 2.hæð í góðu vel staðsettu húsi. Vestursvalir. Íbúð er laus fklótlega. V. 16,5 m. 7064

**Núpalind - m. . stæði í bílskýli.** Vorum að fá í sölu góða vel staðs. ca 100 fm 3ja herb. íb. á 4.h. í kl. fjölb. Góðar suðv.svalir, glæsil. útsýni. Innb. bílskýli möguleiki að kaupa annað. stæði. Öll sameign til fyrirm. bæði úti og inni. V. 26 m. 7206

**Berjarimi - bílskýli - mjög gott verð.** Í einkasölu falleg og einstakl.velskipul. 3ja herb. íb. á jarðh. ásamt bílskýli. Vand. innréttingar. Flísal. baðherb. Parket. Stór sérverönd. Sérinng. Laus í des.06. Gott verð 20,3 m. 7155

**Æsufell - falleg íbúð -laus - nýl. klætt hús.** Mjög falleg 93 fm íb. á 7. h. í lyftuh. Hús nýl. klætt að utan m. nýjum gluggum. Allar framkv. greiddar. Nýl. parket, gott eldhús. Falleg íbúð m. glæsil. útsýni. V. 15,9 m. 7015

**Tröllaborgir - m. bílskýli** Í einkasölu mjög góð efri hæð. Fráb. staðs. í ról. botnlanga. Stórar svalir. Parket. 2 svefnherb. og góð stofa. Mjög gott útsýni. V.18,9 m. 6973

**Torfufell.** Vel skipulögð ca 50 fm íbúð á 3.hæð í góðri blokk. Snyrtileg sameign. V. 13,4 m. 6878

**Möðrufell.** Góð ca 80 fm íbúð í vel staðsettri blokk, góðar svalir. Snyrileg sameign bæði úti og inni. V. 14,9 m. 7194

**Austurbrún - mikið endurn. íb.** Vönduð mikið endurn. 96,5 fm íb. á jarðh. (0101) í fallegu fjórb. á góðum stað í austurb. Nýl. eldhús, gólfefni, innihurðir ofnalagnir, skólp, gler og gluggar(að mestu) o.fl. Mögul. að yfirt. lán frá Kbbanka allt að 12,4 milj. Gott verð 19,6 m. 7197

**Tröllaborgir - m. bílskúr.** Í einkasölu mjög góð íbþ á 2. h. í vel staðs. húsi. Góður innb. bílsk. Parket og flísar. Snyrtil. sameign. V. 21,7m. 7081

**Heiðargerði- Vatnsleysuströnd.** Í einkasölu ca 80 fm 3ja herb. íb. á efstu hæð í klæddri blokk að Vogum Vatnsleysuströnd. Sérinng. af svölum. Vandað parket og flísar á gólfum. Glæsil. útsýni, stórar svalir. V. 15,6 m. 7033

**Gvendargeisli- stórglæsil. íbúð.** Stórglæsil. 130 fm íb. á 2.h. m. sérinng. St. í bílsk. Allt sér. Parket. Gott þvottah. Glæsil. eldh. og baðherb. Stórar suðursv. V. 28,9 m. 6932

**Eskihlíð - góð 3ja + aukaherb.** Í einkasölu rúmg. íb. á 3.h. ásamt aukaherb. í risi, alls 104 fm. Hús nýstands. að utan ,nýtt þak. Fallegt útsýni. Áhv. ca 12 m. íb.lánasj. V. 18,9 m. Laus. 6813

**Álfkonuhvarf. - Sérinng. - bílskýli.** Vönduð ca 100 fm íb. m. sérinng. af svölum. Suðursv. Gott stæði í lok. bílsk. fylgir. V. 24,9 m. 4584

## 2ja herb.íbúðir.



**Sólvallagata með bílskýli.** Vorum að fá í einkasölu mjög góða ca 72 fm útsýnisíbúð á 4. hæð í glæsilegu lyftuhúsi. Góðar svalir. Góð vel skipulögð íbúð. Öll sameign til fyrirmyndar bæði úti og inni. Áhv góð lán ca 12 miljónir. V. 21,9 m 7253



**Jöklafold - jarðh. m. sérgarði.** Í einkasölu góð ca 60 fm íb. á jarðh. m. sér garði. Góð velskipul. íb. á góðum stað. V. 14,9 m. 7178

**Hverfisgata - laus** Lítil 36 fm ósamþykkt íbúð í kjallara. Íbúðin er í þokkalegu standi. V. 6,5 m. 7243

**Sogavegur 216 1.hæð - glæsil. uppg.** Mikið endurn. íbúð á jarðh. í góðu þríb. á mjög góðum stað við Sogaveginn.Hús byggt 1983. Áhv. ca 12,5 m. (grb. ca 65 þ. pr. mán.) v. 15,9 millj. 6899

**Skipholt - 2ja herb.** Snyrtileg 46 fm íb..í kj. á fráb. stað. Nýl. eldhús og plastparket. V. 12,9 m. 6875

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.274 **+0,49%** **Fjöldi viðskipta:** 534 **Velta:** 8.547 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Landsbankinn** | +3,56% | **Actavis** | -0,76% |
| **Flaga** | +1,46% | **Tryggingamiðst.** | -0,50% |
| **Alfesca** | +1,42% | **Exista** | -0,46% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 65,00 -0,76% ... Alfesca 5,00 +1,42% ... Atlantic Petroleum 592,00 +0,34% ... Atorka 6,32 +0,32% ... Avion 32,10 +0,31% ... Bakkavör 59,90 +0,50% ... Dagsbrún 4,60 +0,00% ... FL Group 22,90 +0,88% ... Glitnir 22,40 -0,44% ... Kaupþing 826,00 +0,12% ... Landsbankinn 26,20 +3,56% ... Marel 78,50 +0,64% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,30 +0,58% ... Össur 114,00 +0,00%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Glitnir sækir 500 milljónir dala




Glitnir hefur gefið út í Bandaríkjunum skuldabréf fyrir 500 milljónir bandaríkjadala eða sem nemur 33,5 milljörðum íslenskra króna. Útgáfan fór fram síðasta föstudag, en skuldabréfin eru á gjalddaga í janúar árið 2011. Kjör bréfanna eru 44 punktum yfir bandarískum millibankavöxtum (LIBOR).

Um er að ræða fyrstu opinberu skuldabréfaútgáfu bankans síðan í febrúar þar sem ekki er um að ræða víkjandi útgáfu. „Á þessu ári hefur Glitnir gefið út tvær opinberar víkjandi útgáfur til styrkingar á eiginfjárstöðu bankans en meirihluti annarrar fjármögnunar hefur verið í formi einkaútgáfna. Í lok ágúst tilkynnti Glitnir að bankinn hefði tryggt endurfjármögnun fyrir árið 2007. Mikill áhugi hefur verið undanfarið meðal bandarískra fagfjárfesta á skuldabréfum bankans og mun útgáfan nú styðja við frekari vöxt bankans á næsta ári sem og að viðhalda sterkri lausafjárstöðu hans,“ segir í tilkynningu bankans.

Útgáfan nú er jafnframt fyrsta skuldabréfaútgáfa Glitnis undir nýjum MTN rammasamningi bankans um skuldabréfaútgáfu í Bandaríkjunum. JP Morgan Securities hafði umsjón með gerð rammasamningsins fyrir Glitni, en umsjón með útgáfunni nú höfðu ásamt JP Morgan, Merrill Lynch og Wachovia Capital Markets. **- óká**



**SIGURGEIR B. KRISTGEIRSSON HJÁ VINNSLUSTÖÐINNI** Félagið fór úr tapi á fyrri hluta ársins í hagnað á þriðja ársfjórðungi.

## Vinnslustöðin úr tapi í hagnað

Hagnaður Vinnslustöðvarinnar nam 87 milljónum króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Á sama tíma í fyrra nam hagnaðurinn 480 milljónum króna. Þetta jafngildir 82 prósenta samdætti á milli ára.

Hagnaðurinn á þriðja ársfjórðungi nam 455 milljónum króna sem er 40 milljónum meira en greiningardeild Kaupþings gerði ráð fyrir. Deildin segir uppgjör félagsins á þriðja ársfjórðungi mjög gott og langt yfir væntingum. Þá nam velta Vinnslustöðvarinnar á þriðja ársfjórðungi rúmum 1,1 milljarði króna.

Framlegð (hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði) var sú hæsta í fimm ár en hún nam tæpum 1,2 milljörðum og jókst um 66,6 prósent. Framlegðin á þriðja ársfjórðungi nam svo 266 milljónum samanborið við spá Kaupþings um 134 milljónir króna. **- jab**



**HÖRÐUR ARNARSON FORSTJÓRI** Greiningardeild Glitnis hefur lækkað verðmat sitt á Marel úr 79 krónum í 75 krónur á hlut.

## Verðmat á Marel lækkað

Greiningardeild Glitnis hefur uppfært verðmat sitt á Marel. Hefur verðmatsgengi verið lækkað úr 79 krónum í 75 krónur á hlut og er virði fyrirtækisins nú metið á 27,4 milljarða króna. Nýja verðmatsgengið er 5,1 prósenti undir gengi á markaði og 1,4 prósentum yfir útboðsgengi í hlutafjárútboði félagsins í september. Ráðleggur greiningardeildin hluthöfum að halda bréfum sínum horft til lengri tíma.

Markgengi félagsins, það er spá um hvar gengi bréfa í félaginu muni standa eftir sex mánuði, er 80 krónur á hlut. Til samanburðar var markgengi við síðasta verðmat, sem gert var í september, 84 krónur á hlut.

Ástæður þess að verðmatið er lækkað eru meðal annars þær að afkoma þriðja ársfjórðungs var undir væntingum greiningardeildarinnar. Að auki hefur komið fram áætlun frá Marel um samþættingarkostnað vegna kaupanna á AEW Delford og Scanvægt og var kostnaðurinn nokkuð hærri en gert hafði verið ráð fyrir. **- hhs**



**SNÆBJÖRN ARNGRÍMSSON FORLEGGJARI ER 45 ÁRA Í DAG**

*„Það sést varla orðið í bækurnar í auglýsingum fyrir endalausum vísunum í sölutölur: Hæstur hér og söluhæstur og þarna … Jú, kannski er þessi metsölupæling komin út í öfgar.“*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 15. OKTÓBER 1889

## *Keisara Brasilíu steypt af stóli*



Á þessum degi árið 1889 var Pedro II (Pétur II upp á íslensku), síðari keisara Brasilíu, steypt af stóli eftir 49 ára valdatíð og keisaradæmið afnumið. Brasilíska keisaradæmið var stofnað árið 1822 þegar portúgalski krónprinsinn Dom Pedro lýsti yfir sjálfstæði Brasilíu og sjálfan sig einvald þess, þvert gegn vilja þingsins.

Byrjunin var brösótt fyrir brasilíska keisarann og árið 1831 steig hann úr valdastóli og flutti aftur til Portúgals, en arfleiddi fimm ára gamlan son sinn, Pedro II, að krúnunni. Sá tók formlega við stjórnartaumunum árið 1841 og reyndist föðurbetrungur hvað stjórn landsins snerti. Næstu fimm áratugi ríkti mesti stöðugleiki í Brasilíu frá því að Evrópubúar námu þar land. Hagkerfið komst í fastari skorður og fór vaxandi.

Pedro II lét hins vegar mikilvæg mál sitja á hakanum, skeytti til dæmis lítt um ört stækkandi millistétt í borgum landsins og lét herinn reka á reiðanum, sem varð honum að falli. Herinn steypti honum af stóli og sendi hann í útlegð. Hann lést í Frakklandi tveimur árum síðar.

## MERKISATBURÐIR

**1923** Þórbergur Þórðarson rithöfundur byrjar að skrifa bréf til Láru Ólafsdóttur.

**1977** Anna Bretaprinsessa eignast fyrsta barn sitt.

**1978** Mesta slys íslenskrar flugsögu verður þegar 197 manns farast, þegar þota í eigu Flugleiða hf. hrapar á Srí Lanka. Þar af eru átta íslenskir flugliðar.

**1990** Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að gefa afgreiðslutíma verslana frjálsan.

**1999** Edduverðlaun íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar eru afhent í fyrsta sinn.

**2004** Colin Powell tilkynnir uppsögn sína úr embætti utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

PÉTUR H. ÁRMANNSSON: ERINDI Á ALDARAFMÆLI EINARS SVEINSSONAR

# Mótaði umhverfi okkar

Í tilefni af því að á morgun er öld liðin frá fæðingu Einars Sveinssonar, arkitekts og húsameistara Reykjavíkur, mun Pétur H. Ármannsson arkitekt flytja erindi um ævistarf Einars í Listasafni Reykjavíkur. „Ævistarf Einars er mjög merkt og reyndar afar sýnilegt í borgarmynd Reykjavíkur, ef maður veit af því,“ sagði Pétur. „Einar var í raun opinber arkitekt borgarinnar frá 1934 til dánardags. Á því tímabili teiknaði hann flest allar byggingar sem Reykjavíkurborg byggði,“ sagði Pétur, en á meðal verka Einars eru Melaskóli, Laugarnesskóli, Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, Borgarspítalinn og Sundlaugarnar í Laugardal. „Þetta eru byggingar sem eru sérkennandi fyrir Reykjavík,“ sagði Pétur.

Frá 1934–1949 voru skipulagsmál borgarinnar líka í höndum Einars. „Skipulagsdeildin var stofnuð vegna þess að Einar hafði svo mikið að gera í öðru,“ útskýrði Pétur. Á þessum árum spruttu mörg vinsælustu hverfi höfuðborgarinnar upp. „Einar skipulagði Norðurmýrina, Melahverfið, Hlíðarnar, Laugarnes og Vogahverfið. Þessi hverfi hafa ákveðin sérkenni og Einar átti stóran þátt í að móta byggingarstíl á þessum tíma.“

„Mér finnst Melaskólinn eitt hans allra skemmtilegasta verk,“ sagði Pétur. „Einar var mjög góður tæknimaður og vel menntaður í byggingatækni og burðarþolsfræði. Hann fór yfir burðarþolsútreikninga verkfræðinganna og gerði athugasemdir, en það eru ekki margir arkitektar sem geta gert það í dag,“ sagði Pétur. Hann telur þessa kunnáttu hafa gert Einari kleift að vinna með flóknari, óhefðbundin form. „Melaskóli er ekki kassalaga bygging, heldur sveigð, sem gerir hana miklu erfiðari í byggingu,“ sagði Pétur, sem segir Einar einnig hafa verið sérstaklega vandvirkan. „Hann var óskaplega nákvæmur í efnisvali og gerði miklar kröfur til iðnaðarmanna. Enda hafa byggingar hans enst ótrúlega vel. Hann sýnir fram á að það borgar sig að vanda vel til bygginga í upphafi,“ sagði Pétur.

Pétur flytur erindi sitt klukkan átta annað kvöld. „Mér finnst full ástæða til að rifja ævistarf Einars upp. Ég held að fáir átti sig á því hvað einn einstaklingur, sem er tiltölulega lítið þekktur, mótaði mikinn hluta af borginni og því umhverfi sem við þekkjum,“ sagði Pétur. **sunna@frettabladid.is**



**PÉTUR H. ÁRMANNSSON** Flytur erindi um hið merka ævistarf Einars Sveinssonar arkitekts annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**MELASKÓLI** Sú bygging Einars sem er í uppáhaldi hjá Pétri.

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hildigunnur Sveinsdóttir**
Miðleiti 5, Reykjavík

lést á Landspítalanum í Fossvogi, aðfaranótt föstudagsins 10. nóvember. Útför verður gerð frá Fossvogskirkju föstudaginn 17. nóvember kl. 13.00.

**Eygló Guðmundsdóttir** **Pálmi Ragnar Pálmason**
**Björk Guðmundsdóttir** **Birgir Páll Jónsson**
**Sveinn Guðmundsson** **Margrét Þormundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær faðir, tengdafaðir og afi okkar,*

**Stefán Hannesson**
Hagamel 24, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 7. nóvember verður jarðsunginn frá Neskirkju fimmtudaginn 16. nóvember kl. 15.00.

**Hildigunnur Friðjónsdóttir** **Guðlaugur Sigmundsson**
**Ólöf Stefánsdóttir** **Axel Guðbjörnsson**
**Jón Kristján Stefánsson** **Ása Björk Matthíasdóttir**
**Árni Guðlaugsson**
**Guðni Hrafn Guðlaugsson**
**María Kristinsdóttir**
**Bryndís Dagmar Jónsdóttir**
**Ásdís Elín Jónsdóttir**
**Stefán Matthías Jónsson**

---



*Ástkær faðir okkar, sambýlismaður, sonur, bróðir og frændi,*

**Egill Sigurður Þorkelsson**

sem lést fimmtudaginn 9. nóvember verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 16. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Samtök sykursjúkra.

**Elinóra Inga Egilsdóttir**
**Pétur Laxdal Egilsson**
**Kristín Björg Pétursdóttir**
**Þorkell Snævar Árnason** **Rakel Egilsdóttir**
**Georg Þorkelsson** **Elísabet I. Einarsdóttir**
**Árni Þorkelsson**
**Sigðurður Þorkelsson**
**Auður Rakel Georgsdóttir**
**Einar Þorri Georgsson**
**Agnes Rut Georgsdóttir**
**og aðrir vandamenn.**




Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is





Rúnar Geirmundsson — Sigurður Rúnarsson — Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

Alhliða útfararþjónusta í 16 ár

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • utfarir@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

## AFMÆLI



**Hjálmar Árnason** alþingismaður er 56 ára.



**Sigrún Bender**, fyrrum fegurðardrottning, er 21 árs.

---



*Okkar ástkæri,*

**Þórður Sigurðsson**
frá Akranesi, Blikahólum 12, Reykjavík,

sem lést á Landspítala Fossvogi mánudaginn 6. nóvember, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju í dag, miðvikudaginn 15. nóvember kl. 14.00. Fyrir hönd aðstandenda,

**Kristín H. Kristjánsdóttir**
**Þóra Ólafsdóttir** **Aad Groeneweg**
**Jón Pétur Jóelsson**
**Ólafur Þór Jóelsson** **Lára Óskarsdóttir**

---



*Útför elskulegrar eiginkonu minnar,*

**Marólínu Arnheiðar Magnúsdóttur (Möllu)**

fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 16. nóvember kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Bogi Sigurðsson.**


Kíló af Kellogg's kornflögum
KÍLÓ AF KORNFLÖGUM
298 KR.
50% afsláttur af jólagjafapappír!
50% afsláttur við kassann
Ljósapýramídarnir góðu!
30 sm hár
1299 KR.
45 sm hár
1599 KR.
60 sm hár
1899 KR.
bonus.is
6 jólakúlur í kassa
6 KÚLUR
199 KR.
Bónus býður betur!
30% afsláttur við kassann
FERSKT BLANDAÐ HAKK KÍLÓVERÐ NÚ:
489 KR.
Merkt verð 698KR.
Ferskt blandað hakk
125 ml
29 KR.
Soja hristingur
ROÐ- OG BEINLAUS ÝSA KÍLÓVERÐ NÚ:
595 KR.
Merkt verð 699KR.
Frosnir Bónus ýsubitar roðlausir og beinlausir
Nauðsyn í bílinn
Sjáðu verðið!
RÚÐUSKAFA
198 KR.
500 ml
69 KR.
Bónus malt
Soya Shake
Banana- súkkulaði- og jarðarberjahristingur
BÓNUS





# STUÐ MILLI STRÍÐA: Íslenskir rasistar eru fleiri en tveir

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** HITTIR HITLERSÆSKUNA Á LAUGAVEGINUM



Íslendingar hafa lengi siglt sofandi að feigðarósi blindaðir af geggjaðri ranghugmynd um að þeir séu fram úr hófi umburðarlyndir og að mestu lausir við kynþáttafordóma. Lítið sem ekkert hefur fallið á þessa brjáluðu sjálfsmynd okkar þótt reglulega berist fréttir af andlegu og líkamlegu ofbeldi sem við beitum innflytjendur innan kerfisins, veggja heimilisins og ekki síst á almannafæri.

Fylgisaukning Frjálslynda flokksins í skoðanakönnun strax í kjölfar undarlegrar stefnubreytingar í innflytjendamálum tekur af öll tvímæli um að undir lygnu yfirborði sjálfsblekkingarinnar krauma bullandi kynþáttafordómar.

Þeim sem eyða nú öllu púðri sínu í að úthrópa þessa rangnefndu frjálslyndismenn rasista væri nær að beina athygli sinni að því að íslenskir rasistar eru miklu fleiri en tveir. Værum Magnús Þór Hafsteinsson og Jón Magnússon rót vandans værum við í góðum málum.

Fylgisaukning þeirra félaga kemur mér þó síður en svo á óvart enda hef ég ítrekað á síðnæturbrölti mínu um Laugaveginn mátt horfa upp á og blanda mér í ryskingar þar sem hörundsdökkt fólk hefur, fyrir engar sakir, átt undir högg að sækja.

Ekki alls fyrir löngu kjaftaði ég þeldökkan Lundúnabúa úr klónum á ungum og vöskum þjóðhetjum sem bauluðu hátt um arískan uppruna sinn en tært víkingablóðið var góðu heilli svo mengað af spítti að berserkirnir gátu aldrei ákveðið almennilega hvort berja ætti blessaðan ferðamanninn eða draga hann með í dópleiðangur. Manngreyið vissi ekki hvaðan á hann stóð veðrið, sagðist hafa ferðast víða en aldrei lent í öðru eins.

Það er svo miklu meira að í fari Íslendinga en bara það sem er að endurspeglast í vænisýkisvaðli Frjálslyndra þannig að okkur væri öllum hollara að líta okkur nær áður en við förum með löngu tímabæra umræðu um innflytjendur og fordóma út í móa með þeim.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Robbie á tónleikum

Breski tónlistarmaðurinn Robbie Williams hefur gefið út DVD-mynddiskinn And Through It All sem hefur að geyma tónleikaupptökur frá árunum 1997 til 2006.

Á disknum, sem er tvöfaldur, eru m.a. upptökur frá fyrstu tónleikum hans í París, frá Live 8 og frá síðustu tónleikaferð hans, Close Encounters, sem vakti mikla hrifningu. Yfir fimmtíu lög eru á disknum sem spanna allan feril Robbie, þar á meðal Feel, Angels, No Regrets, Let Me Entertain You, Come Undone og nýjasta smáskífulagið Rudebox. Er það einmitt að finna á samnefndri plötu hans sem kom út í síðasta mánuði.

# Ævintýralegt ferli hjá Ragnheiði Gröndal

Tónlistarkonan Ragnheiður Gröndal hefur gefið út sína fjórðu sólóplötu, sem nefnist Þjóðlög. Platan hefur að geyma íslensk þjóðlög í hennar eigin útsetningum. Við þær naut hún einnig aðstoðar þeirra Hauks Gröndal og Huga Guðmundssonar.

„Hugmyndin um að gera plötu með íslenskum þjóðlögum fæddist þegar við systkinin vorum að túra í Norður-Noregi. Þar vorum við að gera tilraunir með þessi lög og það var svo gaman að við ákváðum að gera plötu og taka hana upp í Búlgaríu,“ segir Ragnheiður, sem stundar tónlistarnám í New York um þessar mundir. „Ferlið var mjög strembið en ævintýralegt og við komum víða við, m.a. í Búlgaríu, Noregi og Kaupmannahöfn. Við vorum með mjög ákveðnar hugmyndir um hverju við vildum ná fram og það getur oft verið erfitt. Það fólk sem við fengum til að spila á plötunni býr allt yfir mjög miklu næmi fyrir músík og fyrir okkur var það eina leiðin til þess að platan myndi gera sig því þessi gömlu þjóðlög eru svo viðkvæm,“ segir hún.

Á meðal laga á plötunni eru Sofðu unga ástin mín, Vísur Vatnsenda-Rósu og Allt eins og blómstrið eina, í fallegum útgáfum. Þjóðlög er önnur plata Ragnheiðar hjá 12 tónum en á undan kom After The Rain sem fékk mjög góðar viðtökur í fyrra með lögum og textum eftir Ragnheiði. - fb



**RAGNHEIÐUR GRÖNDAL** Söngkonan Ragnheiður Gröndal hefur gefið út sína fjórðu sólóplötu, Þjóðlög.



**JOHN LENNON**

# Bætt við tónleikum

Uppselt er á tónleika til minningar um John Lennon sem verða haldnir í Háskólabíói hinn 1. desember. Vegna mikillar eftirspurnar hefur verið ákveðið að halda tvenna tónleika til viðbótar dagana 2. og 3. desember.

Að sögn Sigurðar Kaiser, skipuleggjanda tónleikanna, kom eftirspurnin skemmtilega á óvart. Bætti hann því við að allir tónlistarmennirnir hefðu verið tilbúnir í að spila aftur og því hafi eftirleikurinn verið auðveldur.

Á tónleikunum verða flutt lög eftir Lennon sem hafa verið sérstaklega útsett fyrir sinfóníuhljómsveit og rokkhljómsveit af þessu tilefni. Miðasala fer fram á midi.is og er miðaverð 6.500 krónur.



**ED BRADLEY** Sjónvarpsmaðurinn Ed Bradley var 65 ára þegar hann lést úr hvítblæði.

# Bradley heiðraður

George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, gaf út yfirlýsingu eftir að fréttamaðurinn Ed Bradley dó þar sem hann heiðraði hann með því að segja hann „einn færasta blaðamann okkar tíma“. Bradley lést á fimmtudag eftir harða baráttu við hvítblæði.

Fleiri þekkt nöfn hafa tjáð sig um dauða Bradley, þar á meðal Walter Cronkite, fyrrum fréttamaður CBS. „Bradley var grimmur í viðtölum og lagði hart að sér til að fá viðtöl,“ sagði hann. „Um leið og viðtalinu var lokið, eftir að viðmælandinn hafði fengið mikla útreið hjá honum, skildu þeir sem vinir. Hann var þannig náungi.“

Bradley, sem var mikill djassáhugamaður, gekk árið 1971 til liðs við CBS-sjónvarpsstöðina og tíu árum síðar komst hann inn í 60 mínútur, þar sem hann átti eftir að hafa mikil áhrif.



**kl. 19.35 /00.15**

*Mínútumyndir í tilefni af 40 ára afmæli Félags kvikmyndagerðarmanna.*
*Í kvöld eru það myndir Róberts Douglas, Karlmenn eru ekki kerlingar, og Helga Sverrissonar, S, sem eru í Kastljósi Ríkisútvarpsins. Bent er á seinni sýningu Kastljóssins og svo má sjá þær á vefnum: ruv.is*

# menning

menning@frettabladid.is

## Aðfangadagur tungunnar

Í kvöld verður upplestrarhátíð Bjarts á Kaffi Sólon í Bankastræti. Þær Bjartsfreyjur segja hátíðina bera upp á aðfangadag íslenskrar tungu, en á morgun verður afmælisdagur Jónasar haldinn hátíðlegur. Hefst hátíðahaldið í kvöld kl. 20.30, stundvíslega. Þar mun Eiríkur Guðmundsson lesa upp úr bókinni Undir himninum, Sigurjón Magnússon upp úr Gaddavír, Steinar Bragi upp úr Hinu stórfenglega leyndarmáli heimsins og sérlegur fulltrúi Jökuls Valssonar, sem er fastur í Svíþjóð, lesa upp úr Skuldadögum. Stjarna Bjartur Records Ltd, Magga Stína, syngur nokkur lög eftir Megas og þýðendur lesa upp úr nýútkomnum erlendum skáldsögum: Árni Óskarsson upp úr Laugardegi eftir Ian McEwan, Jón Karl Helgason upp úr Brestir í Brooklyn eftir Paul Auster og Hermann Stefánsson upp úr Ósýnilegum glæpum eftir Argentínumanninn Guillermo Martínes. Síðast en ekki síst mun Silja Aðalsteinsdóttir lesa upp úr nýrri þýðingu sinni á hinu stórkostlega 160 ára gamla bókmenntaverki Wuthering Heigths eftir Emily Bronte. Bóksalar verða staddir á hátíðinni og bjóða gestum sérstök kjör í tilefni dagsins. Í tilkynningu forlagsins segir: „Er hátíð þessi í senn haldin til þess að fagna glæsilegri útgáfu Bjarts síðustu vikurnar og degi íslenskrar tungu, fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, sem ber upp daginn eftir. Á aðfangadag opnar maður pakkana og er sæll á jólunum.“

**- pbb**



**STEINAR BRAGI SKÁLD** Les á aðfangakvöldi tungunnar í Sólon.

### > Ekki missa af...

Sykurmolunum á föstudaginn í Laugardalshöll. Enn fást miðar. múm, Rass og DJ Mundo koma einnig fram.

Fyrirlestri Péturs Ármannssonar um Einar Sveinsson í Listasafni Reykjavíkur annað kvöld. Einar á hundrað ára afmæli. Hann hgaf okkur Melaskólann, Laugarness- og Langholtsskóla, Heilsuverndarstöðina við Barónsstíg og Sundlaugarnar í Laugardal.

Jóhanni Helgasyni í Salnum annað kvöld með einvalaliði

# Sögufélagið með stórvirki í bígerð

Sögufélagið er enn í fullu fjöri. Hélt nýlega aðalfund sinn og er með ýmislegt á prjónunum: hjá félaginu er komið út fjórða ritið í ritröðinni Smárit Sögufélags. Bókin ber titilinn Barnauppeldisins heilaga skylda. Barnavernd á fyrri hluta 19. aldar og er eftir Hildi Biering sagnfræðing. Og fleira er í pípunum sem tíðindum sætir. Meðal verkefna sem nú er unnið að á vegum félagsins eru Acta yfirréttarins og extralögþinganna. Um er að ræða samstarfsverkefni Sögufélags og Þjóðskjalasafns Íslands og sér Björk Ingimundardóttir um útgáfuna.

Þá hefur félagið hafið undirbúning að útgáfu ritsins Æviskrár íslenskra kvenna, en þar verða æviskrár um 500 kvenna frá upphafi byggðar á Íslandi fram til ársins 2000 skráðar af ýmsum fræðimönnum. Einnig er í undirbúningi bók um innreið nútímans á Íslandi á 19. og 20. öld frá mörgum sjónarhornum. Meðal markmiða er að gera nútímanum skil með aðgengilegum hætti fyrir allt áhugafólk um nútímasögu. Ritstjórar verða Guðmundur Hálfdanarson og Páll Björnsson.

Á næsta ári er væntanlegt fjórða bindið í ritröðinni Rit Sögufélags, en þar er á ferðinni endurskoðuð þýðing á Brevis Commentarius de Islandia eftir Arngrím Jónsson hinn lærða, riti sem olli byltingu í hugmyndum hins menntaða heims um Ísland og eyjarskeggjana. Loks má nefna bók um alla konunga Íslands frá 1264 til 1944 sem vonast er til að komi út 2008.

Sögufélagið er mikilvægur félagsskapur: félagið heldur úti skrifstofu í þremur sambyggðum húsum í Fischersundi þar sem áður var rekstur tengdur gamla bakaríinu. Þar ræður Ragnheiður Þorláksdóttir ríkjum. Félagið heldur úti vefsíðu: www.sogufelag.is, og tímarit þeirra, Saga, er fagnaðarefni hverjum þeim sem hefur áhuga á sögu lands og þjóðar. Er nýtt hefti væntanlegt á næstunni. Stjórn skipa nú Anna Agnarsdóttir forseti, Már Jónsson ritari og Kristrún Halla Helgadóttir gjaldkeri. Meðstjórnendur eru Illugi Gunnarsson og Ragnheiður Kristjánsdóttir. **- pbb**




**KVENNAFRÍDAGURINN 1975** Í undirbúningi er á vegum Sögufélagsins ritverkið Æviskrár íslenskra kvenna sem tekur til 500 nafntogaðra kvenna.




**Fös. 17. nóv. kl.20** -nokkur sæti laus.
**Sun. 19. nóv. kl.20** -laus sæti
**Fim. 23. nóv. kl.20** -Næstsíðasta sýning!
**Fös. 24. nóv. kl.20** -Allra síðasta sýning!

“Frábær kvöldstund” Kópavogsblaðið

*ATH. hlaðborð fyrir hópa í veislusal hússins*
*Nánari upplýsingar á: einleikhusid.is.*

*Sýnt í Reiðhöll Gusts, Álalind 3, Kópavogi*

# Tveggja turna tal komið út

**Í dag kemur út rit Halldórs Guðmundssonar bókmenntafræðings, Skáldalíf – ofvitinn í Suðursveit og skáldið á Skriðuklaustri, um þá Gunnar Gunnarsson og Þórberg Þórðarson. Rannsóknarverk Halldórs er um fimm hundruð síður, ríkulega myndskreytt með skrám mynda, heimilda og nafnaskrá.**



**GUNNAR GUNNARSSON** Ferill hans frá unga aldri til æviloka er rakinn í Skáldalífi.



**ÞÓRBERGUR ÞÓRÐARSON** Í verki sínu leiðir Halldór að því líkur að Þórbergur hafi verið með asberger-heilkenni.

Í ritinu fjallar Halldór um þessa tvo jöfra íslenskrar sagnaritunar á síðustu öld og gerir upp hlut þeirra, æviferils þeirra í skáldskapnum og hvernig báðir læstust inni í stjórnmálaátökum sinnar aldar.

Skammt er síðan Halldór sendi frá sér viðamikið rit um Halldór Laxness, rétt eins Hannes Hólmsteinn Gissurarson. Hlaut hann Bókmenntaverðlaun fyrir í flokki fræða. Það var við vinnslu þess verks sem hugmyndin um tveggjastjörnu rit um þá Þórberg og Gunnar kviknaði. Formið kom mörgum spánskt fyrir sjónir en Halldór sækir það í ævaforn rit Plútarks sem setti saman slík rit um samanburð eða hliðstæður mikilmenna úr grískri og rómverskri sögu.

Halldór fer ekki launkofa með að hann stendur í rannsóknum sínum á herðum fyrri manna sem unnið hafa úttektir á ferli þeirra Gunnars og Þórbergs: Sveinn Skorri Höskuldsson hafði unnið lengi að rannsóknum á Gunnari Gunnarssyni, Þór Whitehead rakti tengsl hans í Þýskalandi fyrir stríðið 1939 til 1945. Rannsóknir Helga M. Sigurðssonar og fleiri. Ýmsir þræðir liggja því að þessu mikla verki, bæði úr útgefnum gögnum og öðrum sem geymd eru í söfnum, þar á meðal eru persónuleg gögn þeirra skáldbræðra.

Margt kemur á óvart í bók Halldórs. Hér er að finna lýsingar á árunum sem þeir báðir hleypa heimdraganum og búa við allsleysi og nánast hungur fjarri heimaslóðum, skútulífi Þórbergs og fyrstu árum Gunnars í Danmörku.

Hér er tæpt á persónulegum málum þeirra: ástarsambandi Þórbergs veturinn 1917 til 1918 við unga stúlku sem fátt hefur verið vitað um, þótt faldar vísanir í það samband finnist í Bréfi til Láru, Eddu og Ofvitanum. Nú er hún nafngreind, Finnlaug Einarsdóttir úr Flatey. Vel kann að vera að samband þeirra hafi borið ávöxt og segir Halldór frá því í verkinu.



**HALLDÓR GUÐMUNDSSON** Rak af slóðum Halldórs Laxness inn á feril þeirra Gunnars og Þórbergs.

Áður var vitað um dóttur Þórbergs úr sambandi hans við Sólu, en bréfaskipti þeirra Þórbergs voru efni bókar á sinni tíð, Bréf til Sólu. Sem kunnugt er áttu þau Sóla dóttur sem var alla tíð sniðgengin.

Persónulegir hagir Gunnars Gunnarssonar skýrast enn frekar en áður í ritverki Halldórs: hann lenti í löngu ástarsambandi við Ruth Lange, eiginkonu Tom Kristiansen, og er í Skáldalífi rakið í fyrsta sinn hvern hug Ruth bar til þessa sambands með ívitnunum í áður óbirt bréf hennar.

Meginverkefni rannsóknar Halldórs eru hin stjórnmálalegu afskipti þessara tveggja höfunda sem báðir stigu nærri þeim félögum Hitler og Stalín. Þannig snertir Halldór bæði á einkasviði þeirra og hinu opinbera. Þar er í fyrsta sinn rakið hvernig pólitíkin kom inn í líf þeirra og hvernig hugur þeirra þróaðist í tvær gagnstæðar áttir og staðnaði í raun á tímabili. Rannsókn Halldórs og samantekt verður að telja með stærstu bókmenntasögulegum tíðindum þessa árs.

**- pbb**



# Ferðalagið til Havana

Í formála plötunnar Romm Tomm Tomm skrifar rithöfundurinn Einar Kárason að þegar Tómas R. Einarsson sé í Kúbutaktinum sé hann á heimavelli. Einar hefur lög að mæla ef marka má útkomu nýjustu afurðar Tómasar.

Romm Tomm Tomm veitir hlustandanum innsýn í lítið ferðalag. Hún fær áheyrendur til að gleyma skammdeginu á litlu eyjunni í norðri sem hverfa á aðra litla eyju í suðri en þar drýpur rommið af hverju strái. Hann situr allt í einu undir pálmatréi með glas af mojito og Kúbuvindil, klæddur í hörskyrtu og virðir fyrir sér allar gömlu en glæsilegu amerísku bifreiðarnar.

Platan hefst á Jörfagleði sem lýsir kannski best því hugarástandi sem Tómas kemst í þegar hann er kominn á þennan svokallaða heimavöll. Hlustandinn er ekki lengi að komast í gírinn og gleymir því að frostið og snjórinn sé á næsta leiti. Við tekur titillag plötunnar og dansskórnir hafa verið pússaðir og þannig líður platan áfram, hún er eins og þaulkunnugur fararstjóri um eyjuna og allt sem hún hefur upp á að bjóða.

Tómas hefur aldrei verið hræddur við að njóta liðsinnis sér yngri manna, gítarleikarinn Ómar Guðjónsson sýnir snilldartakta og ekki má gleyma þætti Gísla Galdurs sem skankar skífum. Þá verður varla hægt að segja skilið við Romm Tomm Tomm án þess að minnast á hljóðfæraleikarana frá Kúbu sem gefa plötunni upprunalegan hljóm og leyfa manni ekki að efast eina sekúndu um að svona tónlist hljóti að hljóma á hverju götuhorni. Íslensku blásararnir með Samúel J. Samúelsson og Óskar Guðjónsson fremsta í flokki stíga síðan varla feilspor í spilamennsku sinni.

Romm Tomm Tomm lýkur á kveðjunni Söknuður með afbragðsleik af hendi höfðingjans á bassann og hlustandinn sér Tómas stíga upp í flugvél og horfa á eftir landinu úr fjarlægð sem hann hefur tekið svo miklu ástfóstri við.

Freyr Gígja Gunnarsson






**TÓNLIST**

**Romm Tomm Tomm**

Tómas R. Einarsson

Blánótt

★★★★

Romm Tomm Tomm er notalegt ferðalag um kúbverska og latneska tónlist þar sem fararstjórinn Tómas R. Einarsson slær varla feilnótu.


HREINLEGA VIRKAR Á BLETTINA




25% afsláttur*

SPEEDBALL blettahreinsir skotvirkar á erfiða bletti eins og fitu, blek, vaxliti, varalit, vín, matarleifar og fleira. Efninu er úðað beint úr brúsanum á blettinn og síðan þurrkað. Þarf ekki að skola. Skilur ekki eftir leifar.

Prófaðu SPEEDBALL – hann hreinlega virkar!

* Tilboð gildir til 30. nóvember 2006 eða á meðan birgðir endast.

BESTA
www.besta.is

Suðurlandsbraut 26, Reykjavík, Sími: 510 0000
Brekkustíg 39, Njarðvík, Sími: 420 0000
Miðási 7, Egilsstöðum, Sími: 470 0000
Grundargötu 61, Grundarfirði, Sími: 430 0000

KJÓSTU EDDU!

Nú getur þú tekið þátt í að velja verðlaunahafa á Edduhátíðinni sem haldin verður á sunnudagskvöldið.

Á vefslóðinni visir.is geta allir kosið milli þeirra sem tilnefndir eru til verðlauna. Kosningu lýkur kl. 17 á föstudag 17. nóvember.

Þá verður ljóst hvaða 5 einstaklingar eru efstir í kjöri vinsælasta sjónvarpsmanns ársins. Milli þeirra er síðan kosið í símakosningu og munu úrslitin ráðast í beinni útsendingu Sjónvarpsins sunnudagskvöldið 19. nóvember 2006.

Meðlimir Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar hafa fengið sendan kjörseðil í tölvupósti og verða að hafa kosið fyrir kl. 17 á föstudaginn. Hafi einhverjir ekki fengið sendan kjörseðil geta þeir kosið föstudaginn 17. nóvember milli klukkan 10 og 17 hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands að Túngötu 14, 101 Reykjavík. Sjá nánar á logs.is

Taktu þátt í að velja sigurvegara Eddunnar!

Íslenska kvikmynda- og sjónvarpsakademían

SJÓNVARPIÐ

Forval á vinsælustu sjónvarpsmönnum ársins með hjálp:

capacent
vísir

Framkvæmdastjórn Eddunnar 2006 er í höndum Sagaevents

sagaevents

EDDA 2006

GLITNIR FRÉTTABLAÐIÐ Nordica hotel ICELANDAIR HOTELS CITROËN sagafilm

# Myndbrot úr lífi Bubba

Bubbi Morthens var rétt rúmlega þrítugur þegar Silja Aðalsteinsdóttir skrifaði ævisögu hans fyrir tæpum tveimur áratugum. Æviferill Bubba hafði hins vegar verið með þeim ólíkindum að í þessu tilfelli var hægur vandi að réttlæta það að ævisaga jafn ungs manns væri færð í letur.

Bubbi hefur sjálfsagt lifað jafngildi tveggja mannsaldra frá því Silja skilaði sögu hans í prentsmiðju en síðan þá hafa fjölmiðlar myndast við að skrifa ævisögu hans jafn óðum þannig að Bubbi er án efa einn þekktasti núlifandi Íslendingurinn. Það vita allir allt um hann, eða telja sig vita allt um hann, og þjóðin er svo upptekin af honum að það telst fréttaefni ef hann kveikir sér í sígarettu á almannafæri.

Jón Atli Jónasson ræðst því síður en svo á garðinn þar sem hann er lægstur í Ballöðunni um Bubba Morthens, skáldævisögu sem byggist á lífi manns sem við þykjumst öll þekkja, eða eins og Jón Atli lýsir honum í bókarlok: „…hér úti á þessum dimma og dökka vegi hefur limbóið loks slegið eign sinni á hann og nú tilheyrir hann öllu og öllum en í sömu andrá engum nema sjálfum sér og þeirri duldu leið sem hann hefur valið sér“.



JÓN ATLI JÓNASSON OG BUBBI MORTHENS

**Fersk mynd af þekktum manni**

Það verður þó ekki af Bubba tekið að æviferill hans er vel til þess fallinn byggja skáldskap á og Jóni Atla tekst merkilega vel að draga upp ferska mynd af þessum manni sem allir eiga og meginstyrkur bókarinnar er fólginn í því að hann dýpkar þá mynd sem við höfum af manninum og þótt sagan sem hann segi sé á allra vitorði. Efnistök hans eru líka með slíkum ágætum að hann kemst að kviku þessa margbrotna manns sem hefur sopið ófáar fjörurnar en stendur uppi sem sigurvegari og hefur aldrei verið sterkari.

Jón Atli fer þá skynsamlegu leið að reyna ekki að rekja ævisögu Bubba í línulaga frásögn þar sem allar helstu vörður á veginum eru vel þekktar. Þess í stað bregður hann upp lifandi og skýrum myndum af Bubba á ýmsum æviskeiðum og púslar þannig saman brotakenndri mynd sem rennur saman í þétta heild í lokin þegar hann slengir inn hálfgerðu „mannlífsviðtali“ í bókarlok.

Bubbi er ekki kallaður Bubbi í gegnum frásögnina heldur „drengurinn með stingandi augun“ og „söngvarinn“ þannig að skáletraður viðtalskaflinn brýtur frásögnina því upp þegar Bubbi mætir til leiks í öllu sínu sjálfsörugga veldi þótt bókin hefjist einnig á svipuðum nótum. Þetta stílbrot gengur hins vegar skemmtilega upp þegar strákurinn með stingandi augun rennur saman við lífsreyndan rokkarann sem er nýbúinn að kaupa sér heitan pott með nuddi.

**Lipur textinn ekki laus við tilgerð**

Drengurinn er kynntur til leiks í sínum fyrsta fiskveiðitúr þar sem hann reynir, sífelaið, að öðlast sess í grjóthörðu karlaveldinu um borð. Síðan tekur við slormett og hráslagalegt verbúðarlífið en Jón Atli fangar stemninguna sem gúanórokkarinn reis þar upp úr með myndrænum og áhrifamiklum lýsingum.



**BÆKUR**

**Ballaðan um Bubba**

Jón Atli Jónasson

JPV

★★★

Skemmtileg og lifandi frásögn þar sem staldrað er við nokkrar vörður á trylltum ferli Bubba Morthens en með ferskum efnistökum tekst höfundi að dýpka og bæta einhverju við sögu sem allir þekkja.

Jón Atli nær oft býsna góðu flugi í þessum lýsingum sínum þótt hann missi stundum tökin þegar hann freistar þess að skrúfa stílinn upp í ljóðrænu sem hann virðist ekki alveg ráða við.

Það örlar því stundum á tilgerð og endurtekningum mynda og stefja sem skila sér ekki alla leið en textinn er samt lipur, lifandi og flæðir fram af þeim krafti sem einkennir viðfangsefnið. Hnökrarnir draga óneitanlega aðeins úr heildaráhrifunum sem eru engu að síður býsna mögnuð.

**Gúanórokkari í grófum dráttum**

Þegar kassagítarplokk verbúðarinnar er að baki hittum við Bubba fyrir sem leðraðan utangarðsmann sem keyrir pönkhljómsveit sína áfram af offorsi og hörku. Þá er einnig staldrað við með honum í Los Angeles þar sem hann fór útúrkókaður á vit heimsfrægðarinnar. Þessir kaflar eru, rétt eins og gúanóhlutinn, líflegir og þrælskemmtilegir aflestrar og einhvers staðar inn á milli þeirra rekst lesandinn inn á afmælistónleika Bubba í Höllinni í sumar.

Þetta tímaflakk styrkir frásögnina og gerir þessa brotamynd af stráknum með stingandi augun miklu skemmtilegri og áhugaverðari en ef honum hefði verið fylgt í tíma frá verstöðinni ofan í heitan nuddpottinn. Þegar allir vita hvernig heildarmyndin lítur út er miklu skemmtilegra að taka nokkur púsl og leika sér með þau og skoða hvað leynist bak við þau.

Þessi minningarbrot Bubba leika í höndum Jóns Atla sem skilar áhugaverði og læsilegri bók um þennan óumdeilda risa í íslenskri tónlistarsögu. Frægð Bubba gefur höfundinum svigrúm til þess að fara hratt yfir sögu enda eiga sjálfsagt flestir lesendur sína eigin mynd af Bubba og Jóni Atla tekst hið ómögulega með frásagnaraðferð sinni, að dýpka og bæta einhverju við söguna sem allir þekkja.

**Þórarinn Þórarinsson**


AUSTURBÆR

HAFIÐ BLÁA



Fékk áhorfendaverðlaun grímunar 2006.
Þrjár tilnefningar til grímuverðlaunanna:
- Barnasýning ársins.
- Búningaverðlaun ársins.
- Áhorfendaverðlaun ársins.

Sýningar
Sun 19. nóv kl. 13:30
síðasta sýning fyrir jól

Stúdentaleikhúsið kynnir
„Þú ert enginn Johnny Depp!"
þri 14/11, mið 15/11, sun19/11,
mán 20/11, fim 23/11. fös 24/11.
Miðaverð kr. 1.500
Skólafólk og hópar kr. 1.000

IsMedia

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

„ÞÚ ERT MEIRA VIRÐI EN ÞÚSUND HNÍFAR.“
RONJA RÆNINGJADÓTTIR

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 19/11 kl. 14 Sun 26/11 kl. 14
Sun 3/12 kl. 14 Sun 10/12 kl. 14

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fim 16/11 kl. 20 Sun 26/11 kl. 20
Fös 1/12 kl. 20 Fös 8/12 kl. 20

FOOTLOOSE
Fös 17/11 kl. 20 Fös 24/11 kl. 20
Lau 2/12 kl. 20 Lau 9/12 kl. 20

BRILLJANT SKILNAÐUR
Fim 16/11 kl. 20 UPPS. Fim 23/11 kl. 20
Sun 3/12 kl. 20 Fös 8/12 kl. 20

MANNTAFL
Sun 19/11 kl. 20 Síðasta sýning.

FJÖLSKYLDUSÝNING ld
Lau 18/11 kl. 14 Lau 25/11 kl. 14
Frítt fyrir 12 ára og yngri

ÚTFÁFUTÓNLEIKAR HELGA RAFNS
Mið 22/11 kl. 20 Miðaverð 2.300

WATCH MY BACK
Kómískur spuni. Flutt á ensku.
Sun 19/11, sun 26/11 kl. 20.10
Miðaverð 1.000 kr.

MEIN KAMPF
Fös 17/11 kl. 20 Lau 18/11 kl. 20
Fös 24/11 kl. 20 Lau 25/11 kl. 20
Lau 2/12 kl. 20 Lau 9/12 kl. 20
Síðustu sýningar

SAKAMÁL Á SVIÐ
Leiklestrar á 3ju hæðinni.
Sun 19/11 kl. 20. Ókeypis aðgangur

AMADEUS
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 Lau 25/11 kl. 20

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR SNIGLABANDSINS
Fim 23/11 kl. 21
Miðaverð 3.500

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR STEBBA OG EYFA
Mið 29/11 kl. 20 og 22.
Miðaverð 4.000

JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN
Mið 22/11 kl. 18 og 20 Frums. UPPS.
Fim 23/11, Fös 24/11, Mán 27/11
Sýnt kl. 9:30 og 13:00
Sýningartími 1 klst. Miðaverð 500 kr.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00

STÓRFENGLEG eftir Peter Quilter
8. sýn. lau. 18/11 örfá sæti laus, sun. 19/11 örfá sæti laus, lau. 25/11 örfá sæti laus, sun. 26/11 örfá sæti laus, fös. 1/12, lau. 2/12. Síðustu sýningar fyrir jól.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 18/11 kl. 14:00 uppselt, sun. 19/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, fös. 29/12 kl. 20:00 örfá sæti laus, lau. 30/12 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 17:00 örfá sæti laus, sun. 7/1 kl. 14:00 og kl. 20:00.

PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fim 16/11 nokkur sæti laus, fös. 17/11 örfá sæti laus, fim. 23/11 örfá sæti laus, fös. 24/11 örfá sæti laus. Aukasýningar fös. 8/12 og lau. 9/12. Allra síðustu sýningar!

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Í kvöld mið. 15/11 í Fjölbrautaskóla Vesturlands kl. 20:00, fös. 17/11 kl:10:00 uppselt og kl 13:00 uppselt, sun. 19/11, örfá sæti laus, aukasýning fös. 24/11, sun. 26/11 örfá sæti laus. Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.

KÚLAN Lindargötu 7, kl. 17:00 og 20:00

UMBREYTING – brúðusýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik.
Sun. 19/11 örfá sæti laus, fös. 24/11 kl. 20:00 örfá sæti laus. Sýningum lýkur fyrir jól!

LEIKHÚSLOFTIÐ aðalbyggingu

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
Lau. 18/11 kl. 11:00 uppselt og 12:15 uppselt. Sýningar hefjast í Kúlunni í janúar.

LEITIN AÐ JÓLUNUM eftir Þorvald Þorsteinsson
Lau. 25/11 kl. 13:00 uppselt og kl. 15:00 uppselt, sun. 26/11 kl. 13:00 uppselt og kl. 15:00 uppselt, lau. 2/12 kl. 13:00 uppselt, og kl. 14:30 uppselt - aukasýning kl. 16:00, sun. 3/12 kl. 13:00 uppselt og kl. 14:30 uppselt, lau. 9/12 kl. 13:00, kl. 14:30 og kl. 16:00, sun. 10/12 kl. 13:00, kl. 14:30 og kl. 16:00.

HVERS VEGNA LÁTA KONURNAR SVONA?
Námskeið fyrir almenning um Bakkynjur hefst 21/11.
Skráning á midasala@leikhusid.is eða í síma 551 1200.
Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

lau. 18. nóv. -uppselt
sun. 19. nóv. -uppselt
fim. 23. nóv. -aukas
fös. 24. nóv.
lau. 25. nóv.

BEST Í HEIMI



Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna

SKUGGALEIKUR
Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur, Sjón og Messíönu Tómasdóttur

Frumsýning 18. nóvember kl. 20
2. sýning 25. nóvember kl. 20
3. sýning 2. desember kl. 20
MIÐAVERÐ KR. 2.500
ATH! AÐEINS ÞESSAR ÞRJÁR SÝNINGAR

STRENGJALEIKHÚSIÐ ÍSLENSKA ÓPERAN

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

# Ævar Örn hrifsar til sín krúnuna

Við erum kannski ekki að tala um „Loksins, loksins“ ritdóm. En lætur nærri. Ævar Örn Jósepsson hefur verið í hraðri og öruggri þróun sem reyfarahöfundur. Og hann slær ekkert af. Ný glæpasaga hans, „Sá yðar sem syndlaus er“ er hans besta hingað til. Og telst reyndar til bestu glæpasagna sem íslenskur höfundur hefur sent frá sér.

**Margslunginn vefur spunninn**

Ævar Örn spinnur margslunginn vef í „Sá yðar sem syndlaus er“. Af miklu öryggi og yfirsýn. Í byrjun bókar, sem tekur til páska 2005, er fórnarlambið kynnt til sögunnar. Alkóhólistinn og auminginn Ólafur Áki Bárðarson er meðlimur í sértrúarsöfnuðinum Sannleikurinn þar sem Meistari Magnús hefur sauðina á valdi sínu. Með fulltingi bróður síns Ara sem er sjónvarpsstjóri á Alfa. Þá er stokkið fram í tíma, rúmt ár líður þá er lík Ólafs finnst. Lögum samkvæmt koma ýmsir til greina sem morðingjar: Glæpahyski, vafasamir meðlimir sértrúarsafnaðarins og brotin fjölskylda Ólafs. Við þetta þarf svo lögreglugengið, sem Ævar Örn hefur verið að teikna upp í fyrri bókum sínum (Skítadjobbi, Svörtum englum og Blóðbergi), að eiga: Stefán, Árni, Katrín að ógleymdum hinum harðskeytta Guðna sem höfundur hlífir hvergi frekar en fyrri daginn.

Þegar bókinni svo lýkur er innri tími október 2006. Með öðrum orðum staðsetur Ævar Örn sögu sína eins nálægt núinu og unnt er.

Helsti styrkur Ævars Arnar sem höfundar felst einkum í því að hann kann að notfæra sér fréttir líðandi stundar til að auka á trúverðugleika sögunnar: Hlerunarmál, málefni Litla-Hrauns, dóp frá Litháen ... og þannig má áfram telja. Þessi mál koma eðlilega við sögu en ekki þannig að þeim sé troðið kauðslega inn í söguna. Og íkon eins og Bubbi og Bó eru nefnd sem partur af leikmyndinni en höfundur fer hvergi yfir línuna þannig að tala megi um lykilróman þó svo að kunnuglegir séu ýmsir drættir til dæmis sé litið til leiðtoga sértrúarsafnaðarins og að sjónvarpsstöðin heiti Alfa en ekki Ómega.

Ævar Örn er öllum hnútum kunnugur þegar glæpasagnaformið er annars vegar og gramsar í vopnabúrinu eins og hentar. En sver sig þó einkum í hina skandinavísku glæpasagnahefð þar sem lögreglugengið er venjulegt fólk sem á við sinn hversdagslega vanda að etja. Ekki síst í þessari bók. Kjöt á beinin eru ýmis samfélagsleg málefni sem í deiglunni eru svo sem einsemd og firring í nútímasamfélagi og brotakennd og innihaldslaus sambönd fólks. Verður þetta til að dýpa söguna og gefa henni aukið vægi.

**Rembihnútar en ekki pelastikk**

Í ljósi þeirrar lofrullu sem hér hefur verið framsett mætti ætla að bókin sé gallalaus. Ekki er það alveg. Meistaraleg glæpasaga er sú þar sem allir lausir endar eru hnýttir á sannfærandi hátt, með afhjúpandi hætti og jafnvel óvæntum. Ævar Örn hefur reyndar alla þræði í hendi sér og hnýtir þá svo sem samviskusamlega. En, án þess að hér sé sagt of mikið, fær lesandinn á tilfinninguna að hann sleppi of ódýrt frá því – rembihnútar en ekki pelastikk. Sem kostar Ævar eina stjörnu.

Í ritdómi um Blóðberg, síðustu bók Ævars Arnar Jósepssonar, sem birtist í DV, var því haldið fram að höfundur gerði tilkall til krúnunnar þeirrar sem Arnaldur Indriðason hefur borið sem konungur hins íslenska krimma. Ekki verður betur séð en Ævar Örn hrifsi hana nú til sín með „Sá yðar sem syndlaus er“. Nýverið fréttist að Ævar Örn hefði söðlað um, hætt hjá Eddu og gengið til liðs við Uppheima sem er lítið forlag á Skaganum. Það hlýtur að vera umhugsunarefni þeim Eddu-mönnum í ljósi þess hversu opnum örmum lesendur hafa tekið íslenska krimmanum. Jakob Bjarnar Grétarsson




**BÆKUR**

**Sá yðar sem syndlaus er**

Ævar Örn Jósepsson

Uppheimar

★★★★

Glæsilega spunnin glæpasaga þar sem höfundur heldur öruggum höndum um alla þræði og dýpkar sögu sína með að vísa lipurlega í samtímann. Flokkast með bestu krimmum íslenskum. Hefði fengið fullt hús ef meiri alúð hefði verið lögð í að hnýta lausu endana í lokin.




BAUGUR GROUP

**Þriðja úthlutun**

**STYRKTARSJÓÐUR BAUGS GROUP HF.**

**AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM UM STYRKI ÚR SJÓÐNUM**



**Markmið sjóðsins er að styðja við bakið á menningar- og listalífi, auk þess að hlúa að mannréttinda- og líknarmálum.**
**Það verður m.a. gert með framlögum til stofnana, samtaka og félaga á Íslandi, sem hafa framangreind málefni sem aðaltilgang sinn.**

Áhugasamir aðilar sem uppfylla ofangreind skilyrði eru hvattir til að senda inn umsókn ásamt stuttri greinargerð.
Samanlögð lengd umsóknar og greinargerðar skal takmarkast við eina vélritaða síðu (A4).

Umsóknum skal skilað fyrir 15. desember n.k. til:

Styrktarsjóður Baugs Group hf.,
b.t. Soffíu Lárusdóttur,
Túngötu 6, 101 Reykjavík

eða á netfangið styrktarsjodur@baugurgroup.com.

Úthlutun fer fram í janúar.

Formaður stjórnar sjóðsins er Jóhannes Jónsson, en aðrir stjórnarmenn eru Hreinn Loftsson og Ingibjörg S. Pálmadóttir.
Ritari stjórnar sjóðsins er Soffía Lárusdóttir.

hzeta ehf





fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is



**MICHAEL JACKSON** Lifir í ótta við klæðskipting sem sendir honum yfir 100 bréf á dag og hefur aukið öryggisgæslu í kringum sig til muna.

# Lifir í ótta

Michael Jackson er búinn að auka gæsluna í kringum sig til muna eftir að klæðskiptingur frá Ástralíu byrjaði að senda honum yfir 100 bréf á dag. Jackson er með fjóra lífverði sem fylgja honum hvert fótmál og klæðist skotheldu vesti á hverjum degi.

Klæðskiptingurinn ber nafnið Melanie og kemur meðal annars fram í bréfunum að hann vilji giftast Jackson og að leiðir þeirra eigi eftir að liggja saman einhvern daginn. „Michael lifir í ótta og á erfitt með svefn vegna þessa enda Melanie orðin mjög ýtin og ógnandi í bréfaskriftum sínum,“ segir talsmaður söngvarans við breska blaðið Daily Star.

Jackson er þekktur fyrir að vera dulbúinn þegar hann fer meðal almennings og um daginn vakti hann athygli fyrir að hafa klæðst kvenmannsfötum þegar hann var göngu í St.Tropez.



**FRÁ SÝNINGUNNI 1995** Björn Jörundur Friðbjörnsson í góðum félagsskap árið 1995.

# Barist um Frank-N-Furter

**Rokksýningin Rocky Horror hefur verið vinsæl hjá bæði áhugaleikhópum og atvinnuleikhúsum. Ekki fær þó hver sem er að bregða sér í hlutverk Frank- N-Furter. Sigurður Kaiser setur verkið upp eftir áramót.**

Menntaskólinn á Ísafirði fær ekki að setja upp rokksöngleikinn Rocky Horror á sólrisuhátíðinni í lok febrúar. Þetta upplýsir Oddur Elíasson hjá leikfélaginu en sýningarrétturinn er í eigu Sigurðar Kaiser og Loftkastalans. „Við setjum bara upp einhverja aðra sýningu, það næst alveg,“ segir Oddur og reiknaði með að einhver uppfærsla yrði fljótlega valin.

„Þetta er mikið vandamál,“ segir Sigurður Kaiser hjá Loftkastalanum en að hans sögn er þetta ekki í fyrsta skipti sem þeir stöðva uppsetningu á Rocky Horror Picture Show hjá áhugamannaleikfélagi. Í apríl frétti Sigurður af því að leikfélag Menntaskólans í Kópavogi hefði unnið baki brotnu við að setja þessa sýningu upp og neyddist hann til að stöðva sýninguna tveimur dögum fyrir frumsýningu. „Auðvitað var það erfitt fyrir mann eins og mig sem hefur starfað náið með leikfélögum menntaskólans að stöðva sýninguna svona skömmu fyrir stóra daginn en við eigum sýningarréttinn og verðum að vernda hann,“ útskýrir Sigurður og bætir því við að það sé erfitt fyrir hann persónulega að horfa framhjá áhuga áhugamannaleikfélaganna vegna persónulegra tengsla við höfund verksins, Richard O'Brien. „Ég mæli með því að áhugamannaleikfélögin og leikfélögin í menntaskólum kynni sér hvar sýningarrétturinn er en þær upplýsingar er hægt að nálgast hjá Bandalagi íslenskra leikfélaga,“ segir Sigurður.

Loftkastalinn hyggst sjálfur setja upp Rocky Horror eftir áramót í nýju leikhúsrými sem ber nafnið Verið og rúmar í kringum sex hundruð manns. Samkvæmt Sigurði mun Gunnar Helgason leikstýra verkinu en Rocky Horror var fyrsta verkið sem sett var upp í Loftkastalanum árið 1995, þá með Helga Björnsson í hlutverki Frank-N-Furter. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Björgvin Franz setja sig í stellingar og klæðast korselettunni víðfrægu sem dr. Frank en auk þess hefur Felix Bergsson verið ráðinn í annað af aðalhlutverkunum. freyrgigja@frettabladid.is



**SIGURÐUR KAISER** Stöðvaði sýningu leikfélags Menntaskólans í Kópavogi á Rocky Horror aðeins tveimur dögum fyrir frumsýningu.



**GUNNAR HELGASON** Leikstýrir verkinu en að öllum líkindum verður Felix Bergsson í einu af aðalhlutverkunum.



**BJÖRGVIN FRANZ** Verður að öllum líkindum Frank N' Furter í nýrri uppfærslu Loftkastalans sem frumsýnd verður skömmu eftir áramót.






# Túperað hár og krumpugallar

Menntaskólinn við Sund hefur haldið í þá hefð að halda hið svokallaða 85-þemaball á hverju ári. Þetta ball er meðal þeirra vinsælustu hjá menntaskólanemum enda bæði lögin og tískan hin skemmtilegasta á þessum áratug.

Nemendur skólans voru klædd samkvæmt tískustraumum níunda áratugarins alla vikuna til að hita upp fyrir ballið og skemmtilegt er að sjá hversu litríkur og fyndinn þessi fatnaður er samanber tískuna í dag. Ljósmyndari Fréttablaðsins brá sér aftur um nokkur ár í Menntaskólanum í Sund og fangaði steminguna á filmu. - áp



**MEÐ PÓSURNAR Á HREINU** Þær Þóra, Steinunn, Rebekka og Íris hikuðu ekki við að stilla sér upp í svona líka litríkum göllum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Í LEIT AÐ FÖTUM FYRIR KVÖLDIÐ** Nemendur fengu tækifæri til að gramsa í fatapokum í skólanum til að geta dressað sig upp fyrir ballið.



**SÆTIR** Þeir Hallgrímur, Daníel og Guðmundur létu ekki bara stelpurnar vera í sviðsljósinu. Þeir eru eflaust ekki svona á hverjum degi.



**KRUMPUGALLAR** Hver man ekki eftir þeim? Þær Íris og Þórhildur voru allavega búnar að grafa einhverja upp úr geymslunni.

# INNANHÚSSVETRARDEKK



**Vetrarútgáfa af alþýðutúttunum.**
Heldur fótunum hlýjum og bónar parkettið. Fást í stærðunum 36-41 og líka í karlmannlegum bláum lit. 400 krónur parið.

**Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri**

**TIGER**

**Villidýr í verði**




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| SKÓGARSTRÍÐ | kl. 4 og 6 |
| OPEN SEASON ENSKT TAL | kl. 4, 8 og 10 |
| BORAT | kl. 4, 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20 |
| FEARLESS | kl. 10.20 B.I. 16 ÁRA |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| SKÓGARSTRÍÐ ÍSL. TAL | kl. 6 |
| OPEN SEASON ENSKT TAL | kl. 6, 8, og 10 |
| MÝRIN | kl. 6, 8.30 og 10.30 B.I. 12 ÁRA |
| FEARLESS | kl. 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 10.20 |
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL. TAL | kl. 6 B.I. 7 ÁRA |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| SKÓGARSTRÍÐ ÍSL. TAL | kl. 6 |
| BORAT | kl. 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI



Söngkonan íturvaxna Beyoncé Knowles vill nú fara að eignast börn og fjölskyldu ásamt unnusta sínum Jay-Z. „Það er fullt af hlutum í heiminum sem ég á ekki en vil eiga. Núna er ég tilbúin að eignast börn, fjölskyldu og taka mér smá frí,“ segir Beyoncé.


Xit hárstofa
Sími 564 6444
Hlíðasmára 9
OPIÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14




MASTER
HITABLÁSARAR



ÞÓR HF
Reykjavík - Akureyri
Reykjavík: Ármúla 11 - sími 568-1500
Akureyri: Lónsbakka - sími 461-1070


# Brúðkaup ársins á Ítalíu

**Tom Cruise hefur sett allt á annan endann á Ítalíu en leikarinn er nú kominn til Rómar og undirbýr brúðkaup sitt og leikkonunnar Katie Holmes.**

Ítalska þjóðin stendur á öndinni yfir komu Cruise og hafa fjölmiðlar hreiðrað um sig fyrir framan Hotel Hassler í miðborg Rómar þar sem Cruise er sagður gista ásamt tíu aðstoðarmönnum sínum, móður og þremur börnum en frá þessu greinir fréttavefur BBC. Hótelstjórnendur vildu hins vegar ekki staðfesta að Cruise væri gestur þeirra og lýstu því meðal annars yfir við AP-fréttastofuna að Cruise gisti ekki á hótelinu. Sú yfirlýsing kom ekki að sök því hundruð æstra aðdáenda söfnuðust fyrir framan anddyri hótelsins og biðu spenntir eftir því að fá að berja goðið augum. Þeim var þó vörnuð innkoma því lögreglan í borginni hélt þeim í skefjum á meðan lífverðir Cruise pössuðu upp á límósínu kappans.



**KASTALINN ODESCALCHI** Væntanlega verður mikið um dýrðir í þessum gamla kastala þegar Tom Cruise gengur að eiga unnustu sína, Katie Holmes.



**HJÓNALEYSIN** Brúðkaup Holmes og Cruise verður væntanlega eitt það glæsilegasta í ár og mun Giorgio Armani meðal annars hanna brúðarkjól Holmes.

Samkvæmt erlendum fréttaveitum er líklegt að giftingin fari fram í Odescalchi-kastalanum við Bracciano-vatnið en þetta er bygging frá miðri fimmtándu öldinni og þykir einstaklega glæsilegur, með stóra garða og rúmar í kringum fjórtán hundruð gesti. Bæjaryfirvöld hafa ekki viljað staðfesta eitt né neitt hvað brúðkaupið varðar og sagði bæjarstjóri Bracciano, Patrizia Riccioni, að þeim hefði einungis borist beiðni um að rýma torgið fyrir framan kastalann einhvern tímann í næstu viku.

Mikið hefur verið rætt og ritað um samband Katie Holmes og Tom Cruise en þeir voru ófáir sem héldu að þetta væri bara markaðsbrella. Cruise þótti síðan missa tökin á tilveru sinni, lét eins og óður maður í spjallþætti Opruh Winfrey og fyrr á þessu ári rifti Paramount-kvikmyndaverið samningi sínum við hann. Holmes og Cruise trúlofuðu sig í París um miðjan júní og eiga saman eitt barn, dótturina Suri, sem fæddist í apríl.

# *Heimskur er heimaalinn björn*



**KVIKMYNDIR**

**Skógarstríð (Open Season)**

Leikstjórar: Roger Allers & Jill Culton

★

Leiðinleg mynd sem hverfur hvergi frá formúlunni með klisjukenndum afleiðingum.

Ólíkt flestum meðbræðrum sínum hefur gråbjörninn Búi aldrei þurft að komast af upp á eigin spýtur í óbyggðunum. Hann býr í góðu yfirlæti í bílskúrnum hjá skógarverðinum Betu, sem er smám saman að siða hann til og og venja hann við sín náttúrulegu heimkynni áður en hún sleppir honum lausum. Hjörturinn og ólátabelgurinn Elli kemur Búa hins vegar í klandur, sem gerir að verkum að búferlaflutningunum er flýtt. Félagarnir eru fluttir til fjalla í þann mund sem veiðitímabilið hefst og þurfa að hafa sig alla við til að komast undan skotglöðum sveitavörgum með blóðbragð í munninum.

Skemmst er frá því að segja að Skógarstríð bætir engu við teiknimyndaflóru undanfarinna ára. Flestar teiknimyndir síðari ára eiga það sameiginlegt að hverfast um þrautargöngu tveggja ólíkra félaga – annar oftar en ekki luralegur og skapstyggur en hinn gáskafullur æringi, samanber myndir á borð við Shrek, Skrímsli ehf. og Ísöld.

Helsti galli Skógarstríðs er að hún hverfur hvergi frá formúlunni, persónur Búa og Ella eru trénaðar klisjur sem hafa sést margoft á stuttum tíma. Sagan er fyrirsjáanleg, grínið ófágað og framvindan gisin. Ekki hjálpaði til að íslensku þýðingunni var verulega ábótavant, mikið um beinþýðingar á orðum sem hljómuðu ankannalega á íslensku („Frjóstu!“ í staðinn fyrir „(Stattu) kyrr!“) og orðalag á köflum undarlegt og óþjált („Þú ert tekinn höndum“). Ekki beinlínis til þess fallið að skerpa á málvitund krakkanna.

Yngstu áhorfendurnir fá ef til vill eitthvað fyrir sinn snúð (það er dýr sem geta talað og detta á rassinn) en á heildina litið hefur Skógarstríð ekkert fram yfir Morgunsjónvarp barnanna að færa. Þegar börn gera sér ferð í bíó eiga þau heimtingu á einhverju betra.

**Bergsteinn Sigurðsson**



**ROMEO BECKHAM** Victoria Beckham missti út sér við papparazzi ljósmyndara að sonur hennar þjáist af flogaveiki. Hér sést Romeo í fangi föður síns, fótboltastjörnunni David Beckham.

# Beckham-hjónin í mínus

Fótboltafrúin og fyrrum söngkonan Victoria Beckham er í mínus þessa dagana yfir að hafa óvart misst út sér við papparazzi-ljósmyndara á Heathrow-flugvelli að sonur hennar Romeo þjáist af flogaveiki. Beckham-hjónin hafa leynt þessu fyrir fjölmiðlum í nokkra mánuði og er Victoria með mikið samviskubit yfir að hafa látið þetta út úr sér. Hún var hrædd um að flassið í myndavélum ljósmyndaranna hefði vond áhrif á Romeo og því sagði hún þeim frá þessu svo ljósmyndararnir myndu hætta að mynda fjölskylduna. David og Victoria Beckham eiga þrjá syni og Romeo er næstelstur þeirra.



**RASS** Hljómsveitin Rass spilar á afmælistónleikum Sykurmolanna í Höllinni.

# Rass bætist í hópinn

Hljómsveitin Rass og plötusnúðurinn Dj@mundo koma fram á afmælistónleikum Sykurmolanna í Laugardalshöll á föstudaginn. Þegar hafði verið tilkynnt um upphitun Múm.

Dj@mundo hefur verið einn áhrifamesti plötusnúður landsins undanfarna tvo áratugi. Hann hefur haldið sig frá sviðsljósinu að mestu, en látið að sér kveða í ráðgjafarstarfi fyrir aðra íslenska plötusnúða varðandi tónlistarval.

Enn eru til miðar á tónleikana. Miðasala fer fram í verslunum Skífunnar í Kringlunni og Smáralind, BT á Akureyri, Selfossi og Egilsstöðum og á midi.is. Miðaverð er 5.000 krónur auk 350 króna miðagjalds.







| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MÝRIN | kl. 5:50 - 7 - 9 - 10:15 | B.i. 12 | THE LAST KISS | kl. 8 | B.i.12 |
| FLY BOYS | kl. 6 - 9 | B.i.12 | THE QUEEN | kl. 5:50 | B.i. 12 |
| THE DEPARTED | kl. 6 - 9 | B.i. 16 | BÖRN | kl. 8 | B.i.12 |
| | | | THE GUARDIAN | kl. 10:30 | B.i. 12 |

HAGATORGI • S. 530 1919

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FLY BOYS | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | B.i. 12 | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| FLY BOYS VIP | kl. 8 - 10:30 | | BARNYARD M/- Ensku tal | kl. 6 | Leyfð |
| ADRIFT | kl. 5:45 - 8 - 10:10 | B.i.12 | JACKASS NUMBER TWO | kl. 4 - 8 | B.i. 12 |
| THE DEPARTED | kl. 8:30 - 10:10 | B.i. 16 | ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal | kl. 3:50 | Leyfð |
| THE DEPARTED VIP | kl. 5 | | | | |
| THE LAST KISS | kl. 5:45 - 8 - 10:30 | B.i.12 | | | |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| ADRIFT | kl. 8 - 10:10 | B.i.12 |
| BORAT | kl. 6 - 8 - 10 | B.i. 12 |
| THE DEPARTED | kl. 8 | B.i. 16 |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| MATERIAL GIRLS | kl. 6 | Leyfð |

DIGITAL

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| BORAT | kl. 8 - 10 | B.i. 12 |
| BÖRN | kl. 8 | B.i. 12 |
| THE DEPARTED | kl. 10 | B.i. 16 |

Munið afsláttinn

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| FLY BOYS | kl. 8 | B.i.12 |
| BARNYARD M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| MATERIAL GIRLS | kl. 6 | Leyfð |
| THE DEPARTED | kl 10 | B.i.16 |

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is

# Petula Clark til landsins í desember

**Sannkallaðir stórtónleikar verða í Laugardalshöll 5. desember. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun breska goðsögnin Petula Clark koma fram á tónleikunum.**

Petula Clark mun þar syngja ásamt hinni norsku Sissel Kirkjebö á Frostroses: European Divas en tónleikarnir leysa af hólmi tónleika hinna íslensku Frostrósa og eru beint framhald af því verkefni. Clark mun einnig syngja í sérstakri sjónvarpsútsendingu sem tekin verður upp í Hallgrímskirkju en ekki verður selt inn á þá tónleika sem væntanlega verða sendir út til fjölda Evrópulanda. Heimildir Fréttablaðsins herma jafnframt að Ragnhildur Gísladóttir verði fulltrúi Íslendinga á tónleikunum en hún hefur látið fremur lítið fyrir sér fara að undanförnu.

Clark mun syngja Silent Night, eða Heims um ból, í Laugardalshöll auk þess sem hin virta söngkona tekur þátt í nokkrum atriðum með hinum dívunum fjórum en tilkynnt verður í dag hverjar þær eru. Forsvarsmenn Frost, sem halda tónleikana, vildu ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið hafði samband við þá.

Petula Clark ætti að vera flestum tónlistarunnendum kunn en hún hefur verið að í nálægt hálfa öld. Hún varð stjarna aðeins ellefu ára gömul þegar hún söng fyrir breska hermenn sem börðust gegn yfirgangi þýskra nasista. Hún fluttist síðan til Frakklands og náði þar miklum árangri en sneri aftur heim og sló í gegn með slögurum á borð við Downtown og Don't Sleep on the Subway. Clark var tilnefnd til Golden Globe-verðlauna fyrir leik sinn í söngvamyndinni The Finian's Rainbow þar sem hún var í aðalhlutverki á móti goðsögninni Fred Astaire og hefur auk þess unnið til tvennra Grammy- verðlauna og verið boðin innganga í The Grammy Hall of Fame.



**PETULA CLARK** Engin bresk sönngkona hefur selt fleiri plötur en Clark enda hefur hún selt yfir sjötíu milljónir platna.



**MEÐ PETER O'TOOLE** Clark lék aðalhlutverkið í kvikmyndinni Goodbye, Mr. Chips á móti stórleikaranum Peter O'Toole.

Clark hefur selt í kringum sjötíu milljónir platna um allan heim og er söluhæsta söngkona Breta. Hún nýtur einnig mikilla vinsælda í Frakklandi og er söluhæsti listamaðurinn þar í landi og því ljóst að hér er um hvalreka að ræða fyrir íslenska tónlistaráhugamenn.

freyrgigja@frettabladid.is



**RAGNHILDUR GÍSLADÓTTIR** Verður fulltrúi Íslendinga á stórtónleikunum Frostroses: European Divas en hún hefur látið fremur lítið fyrir sér fara.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Myndband er nú farið að ganga á netinu sem sagt er vera kynlífsmyndband Britney Spears. Mikið hefur verið fjallað um það í fjölmiðlum undanfarið að von sé á einu slíku en ekki hefur fengist staðfest að Britney Spears sjáist í umræddu myndbandi. Um er að ræða 19 sekúndna myndbrot þar sem stúlka sem líkist Britney sést í kynlífsathöfnum með ógreinanlegum manni.



París Hilton er nú ákveðin í að ná sér í írskan kærasta. París var í Dublin á dögunum að kynna ilmvatn sitt þegar hún tilkynnti þetta. „Írskir strákar eru flottir. Colin Farrell er æðislegur og Cillian Murphy er með ótrúlega kynæsandi augu. Ég væri til í að eignast írskan kærasta, enda á ég ættir mínar að rekja hingað," sagði París.







## > Birgir Leifur áfram

Birgir Leifur Hafþórsson komst í gær í gegnum niðurskurðinn á lokaúrtökumóti fyrir Evrópumótaröðina næsta tímabilið. Hann lék á einu höggi undir pari í gær eftir að hafa fengið tvo fugla á síðari níu holunum og er því samtals á einu höggi undir pari eftir fjóra hringi. Sjötíu kylfingar komast áfram á síðustu hringina tvo þar sem þrjátíu kylfingar tryggja sér þátttökurétt á næstu Evrópumótaröð. Birgir Leifur er sem stendur í 29.-39. sæti og því spennan mikil í hans herbúðum.



# sport

sport@frettabladid.is

**STUÐNINGSMANNAFÉLAG ÍA:** ER Á LEIÐ TIL ENGLANDS TIL AÐ LÆRA AF STUÐNINGSMÖNNUM WEST HAM OG CHARLTON

# *Skipulögðu fund með vitlausum Guðjóni*

Stuðningsmannafélag ÍA í fótbolta var valið besta stuðningsmannafélagið í Landsbankadeildinni í sumar. Félagið ætlar ekki að slá slöku við næsta sumar og ætlar að fara til Englands í næsta mánuði til að læra af stuðningsmönnum Charlton og West Ham hvernig skapa eigi alvöru stemmningu. „Eftir sumarið þá vorum við alveg að gefast upp. Þá var ekkert samband milli stjórnar og stuðningsmannafélagsins en um leið og ný stjórn var mynduð þá hafði Gísli Gíslason samband við mig og sagði að við yrðum að redda þeim, bæði fjárhagslega og félagslega. Við erum byrjaðir í fjáröflunum og að redda styrktaraðilum og það gengur mjög vel,“ sagði Þórður Már Gylfason, formaður stuðningsmannafélagsins, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Þórður Már fundaði með Guðjóni Þórðarsyni, þjálfara ÍA, sem tók vel í þá tillögu að stuðningsmannafélagið ætti að kynna sér starfsemi Charlton og West Ham.

„Það var algjört slys hvernig við hittum Guðjón Þórðarson. Við ætlum að halda ball um áramótin og ég ætlaði að hafa samband við Guðjón í Vífilfell. Ég var ekki með númerið hjá Guðjóni í Vífilfell og hringi í Gísla formann til að fá númerið hjá honum. Það var brjálað að gera hjá Gísla en hann lét mig fá númerið hjá Guðjóni. Ég hringdi svo í Guðjón og sagði „Blessaður Guðjón, Þórður Már hérna. Hvar á ég að hitta þig?“ Þá sagði Guðjón „Blessaður, heyrðu ég var að koma af fundi en það væri fínt að hittast einhvers staðar niður með kaffi.“ Þá sagði ég „Já er ekki best að hittast í Vífilfelli?“ „Í Vífilfelli? Ég hef ekkert þangað að gera,“ sagði Guðjón og við ákváðum að hittast á Mokkakaffi. Ég bruna þangað og með stjórnina með mér og þá tók Guðjón Þórðarson á móti okkur. Ég hafði sem sagt hringt í vitlausan Guðjón. Ég þorði ekki að segja Guðjóni frá þessu þegar ég hitti hann og við þóttumst vera hrikalega vel skipulagðir, en þá vorum við ekki með neitt í höndunum,“ sagði Þórður Már og bætti við fundur hafi verið skipulagður með Guðjóni en sá fundur átti ekki að vera fyrr en eftir áramót.





**ÓLAFUR STEFÁNSSON** Er hér í úrslitaleiknum á síðustu leiktíð.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Meistaradeildin í handbolta:

## Ciudad Real mætir GOG

**HANDBOLTI** Í gær var dregið í 16 liða úrslit í Meistaradeild Evrópu í handbolta. Ólafur Stefánsson og félagar hans í Ciudad Real mæta danska liðinu GOG en Ciudad Real eru ríkjandi Evrópumeistarar. Ciudad Real vann alla sína leiki í riðlinum og leika fyrri leikinn á útivelli gegn GOG.

Íslendingaliðið Gummersbach dróst gegn Medvedi frá Rússlandi og leika fyrri leikinn á útivelli. Gummersbach var með Fram í riðli og komst upp úr þeim riðli ásamt slóvenska liðinu Celje Lasko.

Lærisveinar Viggós Sigurðssonar í Flensburg mæta einmitt Celje Lasko í 16 liða úrslitunum og fyrri leikurinn fer fram í Slóveníu.

**16 LIÐA ÚRSLIT:**

**MEDVEDI (RÚS)-GUMMERSBACH (ÞÝS)**
GOG (DAN)-CIUDAD REAL (SPÁ)
**CELJA (SLÓ)-FLENSBURG (ÞÝS)**
VESZPREM (UNG)-KOLDING (DAN)
**CHAMBERY SAVOIE (FRA)-KIEL (ÞÝS)**
MONTPELLIER (FRA)-BARCELONA (SPÁ)
**PICK SZEGED (UNG)-VALLADOLID (SPÁ)**
KOZINA (SLÓ)-PORTL. SAN ANTONIO (SPÁ)

# Sigurður nýr aðalþjálfari Djurgården

**Sigurður Jónsson hefur verið ráðinn aðalþjálfari sænska úrvalsdeildarliðsins Djurgården. Ráðningin kemur mörgum á óvart en fulltrúi félagsins segir að Sigurður sé sá þjálfari sem henti Djurgården best nú.**

**FÓTBOLTI** Sigurður Jónsson hefur verið ráðinn aðalþjálfari sænska úrvalsdeildarliðsins Djurgården. Liðið varð tvöfaldur meistari í fyrra en lenti í sjötta sæti í deildinni í ár. Með liðinu leika þeir Sölvi Geir Ottesen og Kári Árnason sem voru báðir keyptir frá Víkingi í Reykjavík þegar Sigurður þjálfaði meistaraflokk félagsins.

Fréttirnar koma íslenskum knattspyrnuheimi talsvert á óvart en síðan Sigurður hætti hjá Grindavík, þegar tvær umferðir voru eftir af úrvalsdeild karla í sumar, hefur lítið til hans spurst. Hann var orðaður við aðstoðarþjálfarastöðuna hjá ÍA sem og þjálfarastarf hjá Djurgården, þó ekki starf aðalþjálfarans.

Sigurður hóf sinn þjálfaraferil hjá FH en fór þaðan til Víkings þar sem hann féll með liðið úr úrvalsdeild karla en liðið vann sér aftur sæti í deildinni haustið eftir undir hans stjórn. Þegar hann var ráðinn til Grindavíkur fyrir ári stóð til að hefja mikið uppbyggingarstarf en árangurinn í sumar stóð ekki undir væntingum. Fyrst hætti Sigurður, svo féll liðið. Gunnlaugur Hreinsson, formaður aðalstjórnar Grindavíkur, fór til að mynda mikinn í pistli á heimasíðu félagsins þar sem hann gagnrýndi Sigurð og hans störf óspart. Hann hefur síðan beðist afsökunar á ummælum sínum en dró þau ekki að fullu til baka. „Vonbrigði mín með sumarið voru að sjálfsögðu mikil, að svona skyldi fara hjá gömlu átrúnaðargoði og að hann skyldi labba frá borði þegar tveir leikir voru eftir,“ sagði Gunnlaugur í afsökunarbeiðninni sem birtist á sömu heimasíðu.



**SIGURÐUR JÓNSSON** Leggur sínum mönnum í Grindavík línurnar í leik gegn Fylki í úrvalsdeild karla í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Okkur líst afar vel á Sigurð,“ sagði Jonas Riedel, fjölmiðlafulltrúi Djurgården, við Fréttablaðið í gær. Ekki náðist í Sigurð sjálfan þar sem hann er staddur hér á landi til að gangast undir smávægilega aðgerð vegna sýkingar í augnloki. „Undanfarnar vikur höfum við verið að skoða nokkra þjálfara og kanna hver væri bestur fyrir félagið. Ég held að þær viðræður sem við áttum við Sigurð hafi verið mjög góðar og hann virðist vera afar góður þjálfari. Hann er einmitt sá þjálfari sem félagið þarf á að halda nú,“ sagði Riedel.

Sigurður lék sem atvinnumaður í Svíþjóð og Englandi og þekkir því heim atvinnumannafótbolta vel. En sem þjálfari takmarkast reynsla hans við íslenska knattspyrnu. „Við teljum að Sigurður sé reiðubúinn að taka næsta skref á sínum ferli og erum þar að auki með mjög reynda menn honum til aðstoðar,“ sagði Riedel og vísaði til þess að Tord Grip, fyrrum aðstoðarmaður Sven-Göran Eriksson hjá enska landsliðinu, verður ráðgjafi félagsins í knattspyrnumálum.

Meðþjálfari Sigurðar verður Finninn Paul Lindholm sem hefur þjálfað lið Djurgården skipað leikmönnum átján ára og yngri undanfarin ár. Lindholm mun hafa umsjón með þjálfun einstakra leikmanna en Sigurður stýra sjálfu liðinu.

Birt er ítarlegt viðtal við Sigurð á heimasíðu Djurgården þar sem hann er spurður út í nýja starfið. Meðal annars segir hann að starfið uppfylli þær væntingar sem hann geri til síns sjálfs sem þjálfara.

„Ég hef mikinn metnað sjálfur og vil taka næsta skrefið á mínum ferli,“ sagði Sigurður.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.i

VERKÞING
BYGGINGAVERKTAKAR

**Ert þú leiður á að starfa hjá stóru fyrirtæki þar sem þú nánast týnist í fjöldanum. Viltu breyta til ?**

Verkþing óskar eftir að ráða smiði eða menn vana móta og byggingavinnu. Góð launakjör í boði og öll aðstaða til fyrirmyndar.

Nánari upplýsingar í síma 696-2066 eða senda má fyrirspurnir á **verkthing@work.is**

*Verkþing ehf hefur verið starfandi síðan 1996 á byggingamarkaði og hefur bæði verið starfandi á íbúðamarkaði sem og í verktöku fyrir fyrirtæki og einstaklinga.*

Sölvi Geir Ottesen hittir fyrir gamlan þjálfara sinn hjá Djurgården:

# Draumur í dós að fá Sigurð

**FÓTBOLTI** Sölvi Geir Ottesen er annar íslenskra leikmanna hjá sænska úrvalsdeildarfélaginu Djurgården. Hinn er Kári Árnason en báðir voru þeir keyptir frá Víkingi árið 2004 þegar Sigurður Jónsson var þjálfari félagsins. Hann var í gær ráðinn aðalþjálfari Djurgården og hittir hann því fyrir gamla lærisveina sína.

„Þetta er alger draumur í dós að fá Sigga til félagsins,“ sagði Sölvi Geir við Fréttablaðið í gær. „Ég þekki hann mjög vel og hann hefur þjálfað mig áður. Vissulega kom þetta okkur talsvert á óvart enda held ég að í fyrstu hafi hann búist við að taka að sér annars konar þjálfunarstarf innan félagsins. En þeir sem stjórna félaginu hafa örugglega fulla trú á honum og ég hef líka fulla trú á því að hann eigi eftir að standa sig mjög vel.“



**MEISTARAR** Þeir Sölvi Geir Ottesen (til vinstri) og Kári Árnason fagna sænska meistaratitlinum í fyrra.
FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR

Sölvi segir að Sigurður megi búast við allt öðru starfsumhverfi en þekkist hjá íslenskum félögum. „Hlutverk hans nú verður miklu stærra og annað en hingað til. En hann þekkir þetta líka sjálfur frá sínum eigin dögum sem atvinnumaður.“

Hann býst þó ekki við því að fá neina sérmeðferð hjá Sigurði. „Siggi verður ekkert frábrugðinn öðrum þjálfurum okkar nema að því leyti að hann þekkir okkur betur en okkar gömlu þjálfarar. Hann er fyrst og fremst góður þjálfari og fagmaður og mun ekki velja okkur Kára í liðið bara af því að við erum Íslendingar og þekkjum hann. Hann mun stilla upp sínu besta liði hverju sinni.“

Leikmönnum var tilkynnt um ráðningu Sigurðar á æfingu í gær. Sigurður var sjálfur ekki viðstaddur þar sem hann er nú staddur hér á landi. Sölvi segir að leikmenn hefðu spurt sig mikið út í nýja þjálfarann. „Auðvitað er gaman að fá hann til félagsins. Hann er gamall þjálfari okkar og góður vinur.“ - esá

Áttu von á gestum?

# EITT MESTA ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM Á LANDINU!








**TILBOÐ!**
Mirai svefnsofi
(120x190)
Til í mörgum litum
**49.400 kr.**



## Svefnherbergishúsgögn

sem gera hvert svefnherbergi
að hlýlegum draumastað



**TILBOÐ!**
Oxford Pillow
(Queen size 153x203)
Sophia náttborð
og höfðagafl.
**139.400 kr.**

COMFORT solutions®
By King Koil®

## Comfort by King Koil solutions

- Amerískar heilsudýnur í hæsta gæðaflokki.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (alþjóðarannsóknasamtök kíropraktora) og Good housekeeping, stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum. King Koil heilsudýnurnar eru til með þriggja og fimm svæða skiptri mýkt bæði gormar og einnig bólstrun í þeirri viðleitni að það sé alltaf góður stuðningur við mjóbak. Einnig eru þær með tvíhert háþróað gormakerfi.

Rekkjan Heilsurúm

Rekkjan ehf | Skipholti 35 | 105 Reykjavík | 588 1955 | www.rekkjan.is

2 Tvöfaldur pottur
100
1. vinningur
+ 30
130 milljónir
Bónus-vinningur 14 milljónir
MILLJÓNIR Á LAUSU!
Potturinn stefnir í 100 milljónir. Ofurpotturinn stefnir í 30 milljónir og bónusvinningurinn í 14 milljónir.
Vertu með fyrir kl. 17
VÍKINGA LOTTÓ
Alltaf á miðvikudögum!

Eggert Magnússon skoðaði leikvang og æfingasvæði West Ham:

# Vinskapur að takast með Eggerti og núverandi stjórnarformanni?

**FÓTBOLTI** The Guardian lætur líkur leiða að því í frétt sinni í gær að aukinn skilningur og vinskapur sé að skapast á milli Eggerts Magnússonar og Terry Brown, núverandi stjórnarformanni West Ham og stærsta hluthafa félagsins. Eggert mun hafa eytt síðastliðnum föstudegi að skoða aðstæður félagsins, bæði á leikvangi þess sem og æfingasvæði.

Eggert þykir nú líklegastur til að eignast meirihluta hlutabréfa í félaginu og gerast þar með stjórnarformaður West Ham. Viðræður eiga sér stað og hefur hann fengið að skoða bókhald félagsins. Samkvæmt venju væri því að vænta formlegu tilboði fyrir lok vikunnar og félagið gæti þá formlega skipt um eigendur í janúar næstkomandi.



**UPTON PARK** Heimavöllur West Ham sem gæti senn skipt um eigendur. NORDIC PHOTOS/AFP

Íraninn Kia Joorabchian og Ísraelinn Eli Papaouchado voru nálægt því að festa kaup á félaginu í síðustu viku en fregnir þess efnis að félagið fengi ekki að flytja á nýjan Ólympíuleikvang sem verið er að reisa í borginni mun hafa slegið verulega á áhuga þeirra. - esá

# KSÍ fundar um málefni kvennaliðsins fyrir helgi

**Stjórn KSÍ mun funda með landsliðsnefnd kvenna fyrir helgi. Kjartan Daníelsson, formaður landsliðsnefndarinnar, segir ekkert hafa verið gert í málinu síðustu tvær vikur á meðan beðið hafi verið eftir fundinum.**

**FÓTBOLTI** Kjartan Daníelsson, formaður landsliðsnefndar kvenna, sagði í samtali við Fréttablaðið fyrir tveim vikum að landsliðsnefndin myndi „gera eitthvað“ vegna ójöfnuðarins í launagreiðslum til handa landsliðum karla og kvenna. Í gær sagði Kjartan nefndina ekkert hafa gert en til stæði að funda með stjórn knattspyrnusambandsins.

„Það var fundur hjá okkur skömmu áður en þetta meinta mál kom upp en það er stjórnarfundur seinna í vikunni og þar verða þessi mál örugglega rædd,“ sagði Kjartan við Fréttablaðið í gær en hann segist gjarnan vilja sjá hvetjandi greiðslur til handa kvennalandsliðinu en stelpurnar fá enga árangurstengda bónusa eins og staðan er í dag.

Kjartan segist hafa verið í sambandi við félaga sína í landsliðsnefndinni sem og Eggert Magnússon, formann KSÍ, og Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóra KSÍ, og rætt málið við þá þótt engir formlegir fundir hafi verið haldnir.

Fréttablaðið skoðaði á dögunum greiðslur til handa landsliðsfólkinu okkar en hvaða greiðslur fær landsliðsnefndarfólkið sem fer með sem fararstjórar í keppnisferðir?



**FUNDUR FYRIR HELGI** Stjórn KSÍ mun funda með landsliðsnefnd kvenna fyrir helgi en hún hefur ekkert látið hafa eftir sér um málið fyrir utan stutta yfirlýsingu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

„Það er ekki mikið. Mig minnir að það sé um 3.500 kr. á dag,“ sagði Kjartan en tveir aðilar úr landsliðsnefndinni fara með í ferðirnar og oftast er einn starfsmaður frá KSÍ einnig með í för. Þessi greiðsla er vissulega ekki há en hún er hlutfallslega mun hærri en leikmenn landsliðsins fá sem er að jafnaði um 2.000 kr. á dag. Kjartan segir að hlutverk landsliðsnefndarfólksins sé margþætt.

„Það eru móttökur sem þarf að mæta í og svo getur ýmislegt komið upp á eins og meiðsli, vandræði með hótel og annað. Annars er það þannig að því minna sem er að gera hjá okkur þeim betur gengur ferðin,“ sagði Kjartan.

henry@frettabladid.is

Ryan Giggs leikur sinn 60. landsleik með Wales í kvöld:

# Nýtur fótboltans sem aldrei fyrr

**FÓTBOLTI** Ryan Giggs mun í kvöld leika sinn 60. landsleik fyrir Wales. Hann verður fyrirliði er liðið mætir Liechtenstein í kvöld í vináttulandsleik. Hann sagði af þessu tilefni að hann hefði aldrei búist við að spila jafn marga leiki og hann hefur gert nú í haust. Hann nyti fótboltans sem aldrei fyrr.

Giggs er 32 ára gamall og hefur allan sinn feril leikið með Manchester United þar sem hann er löngu orðinn goðsögn. Hann er vitanlega ánægður með gott gengi í úrvalsdeildinni og að eins og stendur hafi þeir vinninginn í baráttunni við Chelsea. „Maður verður að hafa sigurviljann að vopni. Það veitir manni mikla ánægju að geta veitt Chelsea alvöru samkeppni,“ sagði hann á blaðamannafundi í vikunni. „Hvað leikmenn varðar stöndum við Chelsea jafnfætis. En þeir hafa sýnt mikinn stöðugleika síðastliðin tvö ár og hafa hin liðin liðið fyrir það. Munurinn nú liggur í því að við höfum ekki gefið eins mikið eftir í upphafi tímabilsins eins og við gerðum síðustu tvö árin. Vonandi höldum við áfram á sömu braut.“

Giggs segist vera ánægður með það stóra hlutverk sem hann hefur spilað með liðinu en hann hefur verið einn besti leikmaður liðsins það sem af er tímabili. „Ég bjóst ekki við að spila svona marga leiki en ég er enn þá nokkuð ferskur. Ég er vitanlega reynslumeiri en margir aðrir leikmenn liðsins og það er hlutverk þeirra eldri að leiðbeina þeim yngri, bæði í leikjum og á æfingum. Eini munurinn er að ég hleyp ekki jafn hratt og ég gerði áður. Maður verður því að velja sprettina skynsamlega.“



**RYAN GIGGS** Brosir sínu blíðasta þessar vikurnar og mánuðina enda gengið gott. NORDIC PHOTOS/AFP

Teddy Sheringham er níu árum eldri en Giggs en er enn að skora mörk í ensku úrvalsdeildinni. Giggs segir þó að hann muni ekki vera enn að eftir níu ár. „Það er ótrúlegt afrek að spila enn í deildinni 41 árs gamall. Ég sé ekki fyrir mér að ég muni ná því.“ - esá

Michael Ballack hefur litla hvíld fengið undanfarin ár og segist finna fyrir álaginu:

# Líkamlegt álag alltof mikið

**FÓTBOLTI** Michael Ballack, miðvallarleikmaður Chelsea, hefur viðurkennt að hann finni fyrir álagi eftir að hafa fengið litla hvíld undanfarin ár. Þessi þrítugi leikmaður var fyrirliði Þjóðverja sem komust í undanúrslit á HM í sumar og lék sinn fyrsta leik með Chelsea mánuði síðar.

„Ég er ekki farinn að nota varatankinn ennþá. En ég er alveg á ystu nöf hvað varðar líkamlegt álag. Það mun koma í ljós í vor hvaða áhrif það hefur að hafa ekki vetrarhlé,“ sagði Ballack í samtali við þýska dagblaðið Frankfurter Allgemeine Zeitung.

Ballack bætti því við að hann yrði glaður ef hann fengi frí í „auðveldari leikjunum“ eins og hann orðaði það, til að vera í góðu ástandi í lok tímabilsins.

Ballack segist vera ánægður með að hafa farið til Chelsea og yfirgefið sitt gamla félag Bayern München.

„Lífið gekk vel hjá mér í München en ég gaf það vísvitandi upp á bátinn af því að ég vildi sanna mig. Umhverfið er allt öðruvísi núna, liðið er öðruvísi og væntingarnar eru aðrar. Hjá Chelsea eru allir leikmennirnir í hæsta gæðaflokki,“ sagði Ballack sem leikur sinn 75. landsleik fyrir Þjóðverja í kvöld. - dsd



**MICHAEL BALLACK** Hefur áhyggjur af því að ofgera sér á þessu tímabili. NORDIC PHOTOS/GETTY

David Beckham:

# Útilokar endurkomu til United

**FÓTBOLTI David Beckham hefur útilokað að hann muni snúa aftur til Manchester United eins og enskir fjölmiðlar gerðu að því skóna um helgina.**

**Var sagt að Beckham væri tilbúinn að taka á sig stóra launalækkun og sættast við Alex Ferguson, stjóra liðsins.**

**„Ég naut margra frábærra ára hjá Manchester United en þessum kafla í lífi mínu er lokið. Ég sakna margra vina minna í Manchester eins og margra annarra hluta þar. En ég hef snúið mér að öðrum hlutum núna.“ - esá**



**GUÐLAUGUR ARNARSSON** Stóð vaktina í vörn Gummersbach er hér í baráttu við Filip Jicha leikmann Lemgo. NORDIC PHOTOS/GETTY

Íslendingaslagur í Þýskalandi:

# Lemgo lagði Gummersbach

**HANDBOLTI** Það var sannkallaður Íslendingaslagur í Þýsku úrvalsdeildinni í gær þegar Alfreð Gíslason og lærisveinar hans í Gummersbach heimsóttu Lemgo. Svo fór að Lemgo fór með sigur af hólmi í leiknum 34-29.

Logi Geirsson skoraði sex mörk fyrir lið Lemgo í leiknum en Ásgeir Örn Hallgrímsson komst ekki blað. Róbert Gunnarsson skoraði fimm mörk í jafn mörgum marktilraunum en Guðjón Valur Sigurðsson skoraði þrjú mörk í sex skotum fyrir Gummersbach. Guðlaugur Arnarsson lék í vörn Gummersbach en Sverre Andreas Jakobsson er meiddur og lék því ekki með í gær.

Með sigrinum komst Lemgo upp fyrir Gummersbach í efsta sæti deildarinnar. - dsd

Iceland Express-deild karla:

# Snæfell vann í framlengingu

**KÖRFUBOLTI Einn leikur fór fram í Iceland Express-deild karla í körfubolta í gær þegar Hamar/Selfoss tók á móti Snæfelli í Hveragerði. Leikurinn var æsispennandi og fór í framlengingu þar sem Snæfell hafði betur, 79-77.**

**Snæfellingar höfðu undirtökin lengst af í gær en Hamar/Selfoss komst eingöngu þrisvar sinnum yfir í leiknum. Hamar/Selfoss náði að jafna metin undir lokin og komst í framlengingu. Hamar/Selfoss var með boltann þegar 14 sekúndur voru eftir af leiknum og tók þá leikhlé. Hamar/Selfoss átti því síðustu sóknina í leiknum en allt kom fyrir ekki og Snæfell vann góðan útisigur í Hveragerði. - dsd**



**GILZENEGGER** Egill Gilzenegger Einarsson stóð ekki við stóru orðin, hvorki hvað varðar leikmenn né getu liðs Þróttar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SS-bikarkeppni karla:

# Vörusvik í Garðabæ

**HANDBOLTI** Stjarnan komst auðveldlega í átta liða úrslit SS-bikars karla í gær með sigri á Þrótti úr Vogum, 44-12.

Fjöldi áhorfenda lagði leið sína í Garðabæinn enda var Egill „Gilzenegger“ Einarsson búinn að lofa sannkölluðum stjörnufansi í Þróttaraliðinu. Þessi fjöldi áhorfenda varð fyrir miklum vonbrigðum. Í ljós kom að lið Egils var skipað lítt þekktum einstaklingum, fyrir utan Örn Arnarson sundkappa, og stjörnurnar víðs fjarri. „Vörusvik“ heyrðist í áhorfendum sem létu Egil hafa það óþvegið fyrir fölsku loforðin. Það vakti einnig athygli að Egill komst ekki einu sinni í byrjunarlið Þróttar. - hbg



## > Noah Wyle

Noah fæddist 4 júní 1971 í Hollywood. Hann er þekktastur fyrir hlutverkið sitt sem John Carter í þáttunum E.R. sem sjónvarpið sýnir í kvöld. Einnig hefur Noah leikið í kvikmyndum á borði við „A Few Good Men“, „Enough“ og í cultmyndinni Donnie Darko. Þess má geta eftirnafnið hans er borið fram sem „why-lee“.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á MISFRÆGT FÓLK KOMA SÉR Í FORM

# *Hvar var fræga fólkið?*

Sjónvarpsþátturinn Frægir í form á Skjá einum fór ágætlega af stað á dögunum. Hið versta var aftur á móti að þátturinn stendur ekki alveg undir nafni því maður þekkti varla helminginn af keppendunum með nafni. Þótti mér þetta því nokkuð pínlegt fyrir þátt með þessu nafni.

Annars er ekkert nema jákvætt hægt að segja um þáttinn sjálfan, þ.e. hugmyndina að baki honum. Þarna keppist fólk við að koma sér í form fyrir framan myndavélarnar og er tilbúið að leggja gífurlega mikið á sig til þess, sem hlýtur að teljast aðdáunarvert.

Gaman var að fylgjast með muninum á aldri keppenda og því hver aldurinn væri miðað við líkamsform. Verst kom Gaui litli út úr þeim samanburði því hann var með um fimmtán ár í mínus. Maður vorkenndi honum líka fyrir að þurfa að staulast um allt með hækjurnar meðferðis. Íþróttafrömuðurinn og rithöfundurinn Þorgrímur Þráinsson var eins og búist var við í feiknaformi og var að mig minnir 37 ára hvað varðar formið. Sjálfur er hann 47 ára en lítur svo sannarlega ekki út fyrir það.



**FRÆGIR Í FORM** Þátturinn Frægir í form fer ágætlega af stað. Samt vantar fleira frægt fólk í hann.

Eini gallinn við þennan þátt er einfaldlega sá að mér fannst vanta fleiri virkilega frægar persónur. Maður spyr sig hvort fleiri frægir hafi einfaldlega ekki viljað taka þátt en það þarf samt ekkert að vera. Hvað sem því líður þá verða þátttakendurnir alla vega töluvert frægari eftir þetta allt saman. Kannski þeir slái þar með tvær flugur í einu höggi?

## EKKI MISSA AF



▶ **16.00** Í takt við tímann STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.30** Seinfeld SIRKUS



▶ **21.00** America´s Next Top Model SKJÁR EINN



▶ **22.50** Grey´s Anatomy STÖÐ 2



▶ **23.00** Tónleikar með Pixies SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Líló og Stitch (37:39)** (Disney's Lilo & Stitch)
**18.23 Sígildar teiknimyndir (9:42)** (Classic Cartoons)
**18.30 Herkúles (9:28)** (Disney's Hercules)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Edduverðlaunin 2006** Kynntar verða tilnefningar til Edduverðlaunanna 2006 sem afhent verða í beinni útsendingu frá Hótel Nordica á sunnudagskvöld.
**20.10 Bráðavaktin (13:22)** (ER XII)
**20.55 Fréttahaukar (5:6)** (Broken News)
**21.25 Litla-Bretland (5:6)** (Little Britain III) Ný bresk gamanþáttaröð þar sem grínistarnir Matt Lucas og David Walliams bregða sér í ýmissa kvikinda líki og kynna áhorfendum Bretland og furður þess. Þættirnir hafa unnið til fjölda verðlauna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Íþróttakvöld**
**22.40 Tveir á tali** Helgi H. Jónsson ræðir við Thorbjörn Jagland, forseta norska Stórþingsins og fyrrverandi forsætis- og utanríkisráðherra, um öryggismál í norðurhöfum og mögulega norsk-íslenska samvinnu í því efni. Eins ber á góma viðbrögð í Noregi við uppljóstrunum um símahleranir og persónunjósnir þar í landi, umhverfismál o.fl.
▶**23.00 Pixies** Rokkhljómsveitin Pixies á tónleikum á Belfort-hátíðinni í Frakklandi í júlí 2004.
**0.35 Kastljós**
**1.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Rugrats Go Wild!**
**8.00 Í takt við tímann**
**10.00 Daddy Day Care**
**12.00 First $20 Million Is Always the Hardest**
**14.00 Rugrats Go Wild!**
▶**16.00 Í takt við tímann**
**18.00 Daddy Day Care**
**20.00 First $20 Million Is Always the Hardest**
**22.00 Without a Paddle**
**0.00 Girl Fever**
**2.00 Dagon**
**4.00 Without a Paddle**

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið**
**9.00 Bold and the Beautiful**
**9.20 Í fínu formi 2005**
**9.35 Oprah (75:145)**
**10.20 Ísland í bítið (e)**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Neighbours**
**13.05 Valentína**
**13.50 Mr. Bean** Hinn eini sanni herra Bean snýr aftur í þessum kostulega gamanþætti og lendir að sjálfsögðu í óborganlegum ævintýrum. (14:14) Í þessum lokaþætti lendir herra Bean í laglegum hártogunum. Aðalhlutverk: Rowan Atkinson.
**14.15 Amazing Race (Kapphlaupið mikla)**
**15.00 How I Met Your Mother (14:22)**
**15.25 Oliver Beene (6:14) (e)**
**16.00 Sabrina - Unglingsnornin**
**16.25 Shoebox Zoo**
**16.50 Cubix**
**17.15 Könnuðurinn Dóra**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.05 Neighbours** (Nágrannar)
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Simpsons (5:21) (Simpson-fjölskyldan)** (5:21) Bart ákveður að fullorðnast og vinna sér inn pening með því að selja stuttermaboli með krassandi slagorðum áprentuðum. Bolirnir slá í gegn og Bart fer að þéna svo mikið að Hómer ákveður að hætta að vinna.
**20.05 Eldsnöggt með Jóa Fel**
**20.35 Oprah**
**21.20 The Inside (11:13)**
▶**22.50 Grey´s Anatomy** Vinsælasti þátturinn í Bandaríkjunum, þar sem nú ríkir algjört Grey´s Anatomy-æði. Þátturinn sló einnig rækilega í gegn hér á landi síðastliðinn vetur og skipaði sér þá með vinsælustu erlendu þáttunum sem sýndir eru í íslensku sjónvarpi. Þriðja þáttaröðin af Grey´s Anatomy hefur trónað á toppi áhorfslistans í Bandaríkjunum allt síðan sýningar hófust í september. Í lok annarrar þáttaraðarinnar stóð Meridith frammi fyrir stórri spurningu, hvorn á hún að velja, hinn gifta McDreamy sem hefur dregið hana á asnaeyrunum allan þennan tíma, eða hinn trausta dýralækni.
**23.35 Big Love (11:12)**
**0.30 Crossing Jordan (8:21)** Woody fær það erfiða verkefni að hafa hendur í hári lögreglumorðingja á meðan Nigel fær geimverur á heilann. Bönnuð börnum.
**1.15 Blue Collar Comedy Tour: The Movie (e)**
**2.55 The Inside (11:13)** (Nýliðinn) Stranglega bönnuð börnum.
**3.40 Ísland í bítið e**
**5.05 Fréttir og Ísland í dag (e)**
**6.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e)**
**8.00 Rachael Ray (e)**
**8.45 Dýravinir (e)**
**15.25 Innlit / útlit (e)**
**17.05 Rachael Ray**
**18.00 6 til sjö** Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson eru í beinni útsendingu alla virka daga og taka á móti góðum gestum í myndveri SkjásEins.
**19.00 Everybody Loves Raymond (e)**
**19.30 The King of Queens (e) Bandarísk gamansería.**
**20.00 Love, Inc.** Gamanþáttur um stefnumótaþjónustu sem gengur alla leið. Fyrrum prestur leitar að sálufélaga sínum og býður Cleo á stefnumót. Denise og Barry reyna að finna deit fyrir fyrrum fanga.
**20.30 Out of Practice**
▶**21.00 America's Next Top Model VI** Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Það eru aðeins fjórar stúlkur eftir og í kvöld halda þær til Phuket þar sem fljóðbylgja skall á árið 2004. Þar fer fram bikiní-myndataka á ströndinni.
**22.00 How to Look Good Naked** Glæný, bresk þáttaröð þar sem lögulegar línur fá að njóta sín. Konur með alvöru brjóst, mjaðmir og læri hætta að hata líkama sinn og læra að elska lögulegu línurnar. Zoe er 27 ára Lundúnamær með flottan líkama, en líkt og flestar konur þá er hún alls ekki sátt við hann. Hún skammast sín fyrir kroppinn og klæðir sig eftir því. Stjörnustílistinn Gok Wan ætlar að byggja upp sjálfstraust hennar og kenna henni að elska líkama sinn. En hvernig lítur Zoe út nakin?
**22.30 The L Word** Sjóðheitir þættir sem vakið hafa mikið umtal og hlotið einróma lof fyrir frábæra frásögn og raunsæja mynd af samfélagi samkynhneigðra kvenna.
**23.30 Everybody Loves Raymond Bandarísk gamansería.**
**0.00 Jay Leno**
**0.45 Close to Home (e) Lögfræðidrama af bestu gerð.**
**1.40 Conviction (e) Lögfræðidrama af bestu gerð.**
**2.30 Beverly Hills 90210 (e)**
**3.15 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
▶**19.30 Seinfeld**
**20.00 Entertainment Tonight**
**20.30 South Park** Þeir eru komnir aftur á skjáinn. 8. serían um Cartman, Kenny, Kyle, Stan og lífið í South Park en þar er alltaf eitthvað furðulegt í gangi. Ótrúlega vinsælir teiknimyndaþættir eftir þá Trey Parker og Matt Stone sem skrifuðu þættina eftir stuttmynd sem þeir gerðu. Síðan þá hafa þeir félagar unnið til fjölmargra verðlauna fyrir þættina og gert bíómynd um South Park og fengu m.a. Óskarstilnefningu fyrir besta frumsamda lagið.
**21.00 Sirkus Rvk**
**21.30 Ghost Whisperer** Melinda Gordon er ekki eins og flestir aðrir en hún hefur þá einstöku hæfileika að ná sambandi við þá látnu. Sálirnar sem hún nær sambandi við eiga það sameiginlegt að þurfa á hjálp Melindu að halda. Melinda notar hæfileikana til að fá mikilvægar upplýsingar að handan og kemur skilaboðunum til þeirra sem er ætlað að fá þau, en stundum getur það reynst erfitt þar sem ekki trúa allir því sem þeim er sagt.
**22.20 Pepper Dennis (2:13) 23.10 Insider** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight. Leyfð öllum aldurshópum.
**23.35 Rescue Me (e)**
**0.20 Weeds (e)**
**0.50 Seinfeld (e)**
**1.15 Entertainment Tonight (e)**
**1.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Að leikslokum (e)**
**14.00 Everton - Aston Villa (frá 11. nóv)**
**16.00 Parma - Inter (frá 12. nóv)**
**18.00 Everton - Aston Villa (frá 11. nóv)**
**20.00 Blackburn - Man. Utd. (frá 12. nóv)**
**22.00 Ítölsku mörkin**
**23.00 Arsenal - Liverpool (frá 12. nóv)**
**1.00 Dagskrárlok**




Glæný Línuýsa **890** kr.
Lúðusneiðar **1680** kr.
Laxaflök **1380** kr.
Saltfiskur **1180** kr.
Sigin Grásleppa **1180** kr.
Saltaðar kinnar **690** kr.

Stór humar
Hörpuskel
Risarækjur
Túnfisksteikur
Þorskhnakkar
Heitreykt Ýsa

*Stærsta og flottasta fiskborð landsins*

**HVAÐ KOSTAR FISKURINN ÞAR SEM ÞÚ VERSLAR?**

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
**Opið alla laugardaga 11-14**

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

### ELDSNÖGGT MEÐ JÓA FE



Hinn eini sanni Jói Fel er mættur enn og aftur og ætlar þessi fjölhæfi bakarameistari að matreiða gómsæta rétti eldsnöggt og með ofureinföldum hætti. Góðir gestir mæta svo í heimsókn og eru svo lánsamir að fá að bragða á kræsingum Jóa.

Að þessu sinni mæta sjálfir Búbbarnir og aðstandendur þeirra í heimsókn til Jóa, og verður spænski kokkurinn þar að sjálfsögðu í aðalhlutverki. Jói mun bera á borð fyrir þennan skrautlega kollega sinn og félaga hans ómótstæðilegar og sívinsælar veislukræsingar. Forrétturinn er einfaldur en sígildur, aspas með ekta hollandaise-sósu. Í aðalrétt er alvöru piparsteik með púrtvínssósu og grilluðum kartöflum og í eftirrétt er svo blönduð súkkulaði-karamellumús. Allar uppskriftir að réttunum sem Jói matreiðir í þáttunum er að finna á www.stod2.is.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ DADDY DAY CARE Á STÖÐ 2 BÍÓ KL. 18.00

Eddie Murphy svíkur engan í þessari skemmtilegu grínmynd fyrir alla fjölskylduna. Eddie Murphy leikur fjölskyldumann sem ákveður að stofna leikskóla heima hjá sér eftir að honum er sagt upp í vinnunni. Meinfyndin og skemmtileg mynd. Í öðrum hlutverkum er Steve Zahn ( Joy Ride, Stuart Little) og Regina King (Ray). Myndin er leikstýrð af Steve Carr sem hefur meðal annars leikstýrt myndinni „Dr. Dolittle 2", en sú mynd skartaði einnig Eddie Murphy í aðalhlutverki.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Pipar og salt **11.00** Fréttir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Bréf til Brands
**14.30** Miðdegistónar
**15.00** Fréttir
**15.03** Sögur af sjó og landi
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Stelpulitir
**21.00** Út um græna grundu
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Glæta
**23.05** Fallegast á fóninn
**0.00** Fréttir
**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**17.00 Meistaradeildin - Gull-leikur** (Juventus - Man. Utd 21.4 1999) Knattspyrnuárið 1999 líður stuðningsmönnum Manchester United seint úr minni. Nánast allt gekk upp hjá Rauðu djöflunum sem hrósuðu sigri á þremur stórmótum. Eftir jafntefli, 1-1, við Juventus á Old Trafford í fyrri undanúrslitaleik Meistaradeildar Evrópu virtist draumurinn úti. Ítalska liðið byrjaði með látum í seinni leiknum og komst í 2-0. En þegar öll sund virtust vera lokuð steig Roy Keane fram og leiddi sína menn til sigurs.

**18.50 Holland - England** (Holland - England) Bein útsending frá leik Hollendinga og Englendinga en um er að ræða vináttulandsleik í knattspyrnu. Þessar þjóðir eru þekktar fyrir góða knattspyrnumenn og fjöruga áhorfendur.

**22.30 Spænsku mörkin** Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrifin og umdeildu atvikin.

23.15 **Hápunktar í PGA mótaröðinni** (TOUR Championship) Helstu svipmyndir frá síðasta móti á PGA mótaröðinni í golfi. Sýnt frá efstu mönnum berjast um sigurinn á lokaholunum. Jafnframt er greint frá því helsta sem gerðist fyrstu þrjá keppnisdagana. Á PGA mótaröðinni eru saman komnir allir snjöllustu kylfingar heims og áhorfendur fá mögnuð tilþrif á færibandi.

**0.10 Holland - England** (Holland - England) Útsending frá leik Hollendinga og Englendinga sem fram fór fyrr í kvöld.

### DR 1

**11.35** Dagens Danmark **12.00** Smagsdommerne **12.45** OBS **12.50** Fantastiske fortællinger **13.20** Genbrugsguld **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Svada **15.30** Pigebandet Frank **16.00** Snurre Snup **16.05** Juniper Lee **16.30** Junior **17.00** Turen går til byen **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.55** Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Lægens bord **19.00** Sporløs **19.30** Cyklus **20.00** TV Avisen **20.25** Profilen **20.50** SportNyt **21.00** Velkommen hos familien Rozes **22.25** Onsdags Lotto **22.30** Attention Mobning **23.30** Et forbudt talent

### NRK 1

**11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Östfold **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien **14.30** Kim Possible **15.00** Siste nytt **15.03** Amigo **15.30** Fabrikken **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Grenseløs kjærlighet **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Fiffi og blomsterbarna **17.15** Den lille blå dragen **17.20** Magnus og Myggen **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Berulfsens fargerike **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.10** Lydverket **22.45** Den tredje vakten **23.25** Det skjulte landet

### SVT 1

**11.05** Doobidoo **13.30** Det våras för Sheriffen **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Plus **16.30** Krokodill **17.00** Meg och Mog **17.10** Det är tur att jag ser ut... **17.15** Dra mig baklänges **17.30** Evas funkarprogram **17.45** Tracey McBean **18.00** Kärleksagenterna **18.30** Rapport **19.00** Packat & klart **19.30** Mitt i naturen **20.00** Entourage **20.30** Far From Heaven **22.15** Rapport **22.25** Kulturnyheterna **22.35** En uppstoppad hund **23.35** Sändning från SVT24


L

Lægð yfir Kletthálsi

ALLRA VERÐA VON!

Verðhorfur næstu daga: Gert er ráð fyrir krappri lægð yfir Kletthálsi næstu daga með allt að 100% fjármögnun á völdum bílaleigubílum, 3,8% vöxtum og ókeypis vetrardekkjum. Fólk er beðið að sýna aðgát og hafa augun opin fyrir góðum kauptækifærum.

Skoda Octavia árg. 2005
Verð 1.425.000 kr.
19.200 kr. á mánuði*

MMC Lancer árg. 2005
Verð 1.330.000 kr.
17.800 kr. á mánuði*

KIA Cerato sjálfskiptur árg. 2005
Verð 1.060.000 kr.
13.900 kr. á mánuði*

VW Polo árg. 2005
Verð 1.085.000 kr.
14.400 kr. á mánuði*

*M.v. blandaða myntkörfu SP til 84 mánaða

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7726

Opið í dag kl. 10–18 á Klettháls 11

HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is
Sími 590 5760

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

## HRÓSIÐ ...



... *Kjartan Halldórsson, eigandi Sægreifans, fyrir að matreiða humarsúpu svo bragðgóða að hún var lofuð á síðum The New York Times.*



LÁRÉTT:
**2** eignaðist **6** frá **8** klettasprunga **9** traust **11** bor **12** fríður **14** nikka **16** í röð **17** niður **18** enþá **20** guð **21** velta.
LÓÐRÉTT:
**1** dóms **3** persónufornafn **4** þor **5** matjurt **7** hraustur **10** erlendis **13** þangað til **15** megin **16** húðpoki **19** núna.

LAUSN:
**LÁRÉTT: 2** fékk, **6** af, **8** gjá, **9** trú, **11** al, **12** sætur, **14** kinka, **16** hí, **17** suð, **18** enn, **20** ra, **21** snúa.
**LÓÐRÉTT: 1** mats, **3** ég, **4** kjarkur, **5** kál, **7** frækinn, **10** úti, **13** uns, **15** aðal, **16** hes, **19** nú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1 Öðru sæti.
1 Vegna háhýsabyggðar sem mun skyggja á sólina.
1 Sægreifinn.


PAKKAFERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI

Sheraton Real de Faula
– Valfrjálst Verð frá 59.180 kr.
Tottenham–Wigan
– 24.–27. nóv. 58.900 kr.
Berlín í jólaundirbúningi
+ 24.–27. nóv. 51.900 kr.
Aðventuferð til Berlínar, helgarferð. Tilvalið að skoða borgina, fara tónleika, borða góðan mat, kíkja á jólamarkaðina og klára jólagjafirnar! Innifalið: Flug með sköttum, gisting á 4 stjörnu hóteli og akstur til og frá flugvelli.
George Michael
– 27.–29. nóv. 69.900 kr.
Aðventuferð til Trier
– 8.–11. des. 59.900 kr.
Chelsea–Arsenal
– 9.–11. des. 69.900 kr.
Arsenal–Portsmouth
– 15.–17. des. 59.900 kr.
Óli Palli og The Pogues
– 16.–18. des. 59.900 kr.
Arsenal–Man. City
– 30.–31. jan. 54.900 kr.
Liverpool–Everton
+ 2.–4. feb. 84.900 kr.
Nú verða læti á Anfield Road því að Everton mætir á svæðið að þessu sinni. Þetta er leikur sem allir stuðningsmenn beggja liða bíða eftir með mikilli eftirvæntingu. Innifalið: Flug með sköttum, hótel í 2 nætur með morgunverði og miði á leikinn.
Öll verð miðast við að tveir séu saman í herbergi.
» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100
Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express


# Lýstu eftir horfnum félaga í tapað-fundið

Ekki er heiglum hent að vera ástfanginn og eiga hrekkjalóma fyrir vini en því kynntist Elvar Freyr Helgason. Í smáuglýsingu í Fréttablaðinu sem birtist á mánudag lýstu þrír vinir eftir Elvari og segja hann hafa tapað sér í sambandssýki. Vilja félagarnir endilega að fólk láti vita ef það heyrir í honum. „Því við gerum það ekki,“ stendur í auglýsingunni sem birtist undir flokknum „Tapað-fundið“.

„Þetta var bara sakleysislegur hrekkur,“ segir Guðmundur Auðunsson, forsprakki vinahópsins sem ábyrgur er fyrir þessari skemmtilegu auglýsingu. „Við höfðum bara ekki séð hann svo lengi að við ákváðum að lýsa eftir honum,“ bætir Guðmundur við og hlær. „Við hittumst um helgina og Elvar átti að mæta en þegar hann mætti ekki reyndum við að hringja. Við náðum engu sambandi og ákváðum að gera þetta í flýti,“ útskýrir Guðmundur og segir að þeir hafi vandað sig vel við að velja verstu myndina sem þeir ættu af félaga sínum.





**VERSTA MYNDIN** Vinirnir vönduðu sig mikið við að finna verstu myndina af vini sínum sem þeim fannst hafa verið týndur í of langan tíma.

Vinirnir gættu þess þó að öruggt væri að fólk misskildi ekki auglýsinguna og færi að halda að Elvar væri í vanda staddur, hann hefði bara ekki sést meðal vina. „Mér skilst að það hafi mikið verið hringt í hann, meðal annars amma hans og afi og foreldrarnir sem hlógu mikið að þessum grikk,“ segir Guðmundur sem bjóst alls ekki við að auglýsingin yrði birt, hvað þá að hún myndi vekja svona mikla athygli.

Að sögn Guðmundar fór Elvar strax heim úr vinnunni og tékkaði á auglýsingunni þegar símtölunum linnti ekki. „Hann áttaði sig strax á því hverjir þetta væru, hringdi í mig og skellti upp úr, tók þessu ákaflega létt,“ segir Guðmundur. Hann tekur hins vegar skýrt fram að þessum litla hrekk sé ekki beint gegn kærustu Elvars, hún sé yndisleg stelpa. „Smáauglýsingin virkaði hins vegar því við erum búnir að ákveða að hittast sem fyrst,“ segir Guðmundur.

freygrigja@frettabladid.is



**FÉLAGARNIR FJÓRIR** Þeir Guðmundur, Ívar, Ingi og týndi vinurinn, Elvar, sem ætla að endurnýja kynnin eftir að smáauglýsing birtist í Fréttablaðinu.

SOFFÍA OG HÁLFDÁN: NÝIR VEÐURFRÉTTAMENN Í SJÓNVARPI

# Það hafa allir skoðun á starfi veðurfréttamanna

Óvenjumikil endurnýjun hefur verið í stétt veðurfréttamanna að undanförnu. Tvö ný andlit hafa birst á sjónvarpsskjám landsmanna sem heyrir til tíðinda þar á bæ. Báðir nýliðarnir eru 29 ára gamlir, þau Soffía Sveinsdóttir á Stöð 2 og Hálfdán Ágústsson í Sjónvarpinu.

„Ég get viðurkennt það að ég hefði ekki trúað því fyrir tveimur mánuðum að ég ætti eftir að lesa veðurfréttir í sjónvarpinu,“ segir Soffía sem kann vel við sig í nýja starfinu. Hún er efnafræðingur að mennt og starfar sem kennari í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Soffía birtist fyrst á sjónvarpsskjánum í hádegisfréttum fyrir þremur vikum en um síðustu helgi steig hún skrefið til fulls og las veðurfréttir í kvöldfréttatímanum.

„Já, ég hef áhuga á veðurfræði og hann fer vaxandi nú þegar maður fer að garfast í þessu. Bakgrunnur minn úr náminu nýtist líka ágætlega,“ segir Soffía sem er einhleyp og barnlaus. Hún segist alveg vera til í að starfa áfram sem veðurfréttamaður. „Þetta er nú bara aukavinna enn sem komið er en það er aldrei að vita.“



**SOFFÍA SVEINSDÓTTIR** Starfar sem kennari í MH en er nýbyrjuð í veðurfréttunum. Hún segir að áhuginn á veðurfræði sé þegar farinn að aukast. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég held að þetta hafi bara gengið ágætlega. Ég var búinn að æfa mig aðeins en var samt pínu stressaður. Þetta kemur væntanlega með æfingunni,“ segir Hálfdán Ágústsson, nýliðinn á RÚV, sem birtist landsmönnum á skjánum í fyrsta skipti síðasta föstudagskvöld. Hálfdán er í doktorsnámi í veðurfræði, í læri hjá sjálfum Haraldi Ólafssyni, og rannsakar vindhviður í fjallendi. „Þetta er skemmtilegt nám. Við erum samt ekkert margir í doktorsnáminu, kannski tveir eða þrír,“ segir hinn lofaði og 29 ára gamli Hálfdán. Hann gerir sér vel grein fyrir því að Íslendingar eru afar áhugasamir um veður og veðurfregnir og hafa skoðanir á málunum. „Við erum greinilega milli tannanna á fólki. Það sést vel þegar tónlistarmenn eru farnir að semja lög um okkur,“ segir Hálfdán og vísar í nýlegt lag Bogomil Font og Flísar, Veðurfræðingar ljúga. „Það hafa allir skoðun á þessu,“ segir Hálfdán.

hdm@frettabladid.is



**HÁLFDÁN ÁGÚSTSSON** Leggur stund á doktorsnám í veðurfræði undir leiðsögn Haraldar Ólafssonar. Gerir sér vel grein fyrir að Íslendingar gera kröfur til veðurfréttamannanna sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Gunnar Örlygsson**, þingmaðurinn knái, sem bauð sig fram í Suðurkjördæmi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins, lét búa til fyrir sig myndband sem fjallaði um skemmtigarðinn Blue Diamond. Áður hefur komið fram að Russell Crowe birtist óvænt á stuðningsmannalista Árna Johnsen en í myndbandinu hjá Gunnari má glöggt sjá myndbrot úr kvikmyndum á borð við Indiana Jones. Þá má ekki gleyma dramatískri tónlist sem augljóslega er fengin að láni úr smiðju framleiðandans Jerry Bruckheimer og kvikmyndunum um Jack Sparrow og sjóræningjana á Karíbahafinu. Myndband Gunnars er að finna á heimasíðu hans, Gunnarorn.is.



Rithöfundar láta sitt ekki eftir liggja við kynningu á verkum sínum fyrir jól, enda eru bækur vinsæl jólagjöf og ekki skemmir fyrir ef skáldið sjálft hefur áritað eintakið. Margir láta sig því hafa það að sitja löngum í bókabúðum og árita bækur fyrir lesendur. **Arnaldur Indriðason** og Edda útgáfa sýna hins vegar meiri fyrirhyggju í ár en áður; Arnaldur er þegar búinn að árita þónokkur eintök af bók sinni Konungsbók, sem eru merktar sem slíkar áður en þær eru plastaðar inn. Í þessu felst sjálfsagt mikill tímasparnaður þótt ófáir aðdáendur sýta sjálfsagt tækifærið að hitta hann í eigin persónu.



- fgg/bs

# Sævar Karl ósáttur við Tekinn

„Þetta er ekki minn stíll. Sigurður Kári myndi aldrei fá svona móttökur hér og ég hálfskammast mín fyrir þetta,“ segir Sævar Karl Ólason kaupmaður um sjónvarpsþáttinn Tekinn, sem sýndur var á Sirkus á mánudagskvöld.

Í þættinum var Sigurður Kári Kristjánsson alþingismaður boðaður í herrafataverslun Sævars Karls í Bankastræti til að gera kjarakaup. Það runnu hins vegar tvær grímur á þingmanninn þegar hann sat uppi með himinháan reikning og ekki bætti úr skák að „afgreiðslukonan“ var hinn dónalegasta. Þegar Sigurður var við það að storma út í fússi birtist Auðunn Blöndal, umsjónarmaður þáttarins, og gerði gott úr öllu saman.

Sævar Karl segir að þótt mörgum finnist hrekkurinn eflaust fyndinn hafi hann ekki fallið í kramið hjá sér. „Auðunn er grallari og tekur upp á ýmsu. Ég er líka grallari en mitt grín er öðruvísi. Sjálfum fannst mér verið að niðurlægja Sigurð Kára, sem við myndum aldrei gera, hvorki við hann né aðra. Við reynum að veita öllum persónulega þjónustu, enda kemur hingað fólk úr öllum stéttum.“ Sævar segist óttast að uppátækið eigi eftir að skaða sig frekar en hitt, en er þó ekki ósáttur við Auðun. „Þetta er hvort eð er búið og gert.“

Sjálfur kveðst Auðunn hafa útskýrt hrekkinn fyrir Sævari. „Hann virtist bara taka þessu sem góðu gríni og eftir þáttinn voru allir sáttir. Sigurður kom líka vel út úr þessu,“ segir hann og telur ástæðulaust fyrir Sævar að hafa áhyggjur. „Ég held að allir viti að svona er búðin ekki.“ - bs



**SÆVAR KARL** Kveðst ekki vera sár út í Auðun. „Þetta er hvort eð er búið og gert.“


STERK OG ÁLEITIN
KEMUR ÚT Í DAG
TRYGGÐARPANTUR
Auður Jónsdóttir
Auður Jónsdóttir
Gisella Dal lifir fullkomnu lífi, þar til dag einn að hún fær þær fréttir að ríkulegur arfur ömmu hennar sé uppurinn og að hugsanlega þurfi hún að fórna öllum sínum lífsstíl. Þá hugkvæmist henni að fá sér leigjendur ...
Tryggðarpantur er áleitin og grátbrosleg saga þar sem teflt er saman ólíkum heimum og spurningum varpað fram um lífsgildi, lífsviðhorf – og lífsblekkingu; samtímasaga um efni sem brennur á fólki.
Auður Jónsdóttir hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2005 fyrir síðustu skáldsögu sína, Fólkið í kjallaranum, sem var auk þess tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.
Edda
edda.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



LYFJA
- Lífið heil
Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi
Opið 8-24 alla daga




**BAKÞANKAR**


GERÐAR KRISTNÝJAR


## *Konur í nýju ljósi*

**19.** júlí árið 1991 birtist bréf með fyrirsögninni „Stöðvið karlrembuheilaþvottinn“ í Velvakanda. Þar sagði m.a.: „Ég bý nálægt miðbænum og er bíllaus. Ég get því ekki farið langt án þess að götuvitar með sínum grænu og rauðu körlum verði á vegi mínum. ... Lítil börn í umferðarfræðslu læra að græni karlinn segi að þau megi ganga yfir götuna en rauði karlinn segi að það megi ekki. Með þessu er börnum kennt að karlar hafi allan rétt til að ráða. Réttinn til að segja já eða nei (og hér er ég ekki bara að tala um umferðina). ... Þessu yrði mjög auðvelt að breyta. Ég býst við að karlinn sé einungis gat á spjaldi með ljósi á bak við og því væri auðvelt að skera út mjaðmir, barm eða kvenlegt hár og föt á nokkrum götuvitum.“

**UNDIR** bréfið skrifaði Geirhildur Elín Reynisdóttir. Bréfið hennar vakti nokkra athygli og ég man að dagskrárgerðarmenn Rásar 2 lögðu nokkuð á sig til að reyna að hafa upp á henni. Engin reyndist samt skráð með þessu nafni í Þjóðskrá. Ástæðan fyrir því var einföld. Bréfið var skrifað af litla bróður mínum sem þá var 15 ára.

**Æ** síðan hefur Geirhildur Elín Reynisdóttir lifað í minningu okkar systkina og því fannst okkur feikigaman að sjá hugmynd hennar ganga aftur í tillögu sem Samfylkingarkonan Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir lagði fyrir borgarráð á dögunum um að sett yrðu upp gönguljós í Reykjavík þar sem ljósið sýni konu í stað karls. Á Spáni er þegar byrjað að kvenvæða umferðarmerkin því borist hafa fréttir að í einni borginni þar í landi sjáist nú konur í pilsi með tíkarspena á merkjunum.

**ÞÓ** að Geirhildur Elín hafi fyrst komið fram með þessa hugmynd í upphafi 10. áratugarins er hún algjörlega í anda krúttkynslóðarinnar. Þess vegna hefur mér alltaf þótt líklegt að ráðamenn tækju henni fagnandi eins og mörgu öðru sem komið hefur úr þeirri átt. Tillaga Bryndísar er aftur á móti ekki aðeins gerð úr kandífloss því hún hefur líka pólitíska skírskotun. Þetta er einn liðurinn í því að gera konur sýnilegri og meira gildandi í samfélaginu. Ég er heldur ekki frá því að græni karlinn yrði dauðfeginn að geta nú loks deilt ábyrgðinni með öðrum. Hann virðist alltaf hvort eð er engan áhuga hafa á starfi sínu, alltaf einhvern veginn á leiðinni burt.


MARKAÐURINN



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

www.toyota.is




RAV4 - með glæsilegum aukahlutapakka

RAV4 boðar breyttar áherslur í lífi þínu. Ríkulega búinn staðalbúnaði dregur hann þig út á vegina og þú upplifir nýtt land á nýjum bíl.

Alveg nýr heimur
RAV4 sameinar kosti borgarbílsins og fjölhæfni og kraft jeppans. Hvort sem menn eru að sinna erindum sínum í bænum eða utan hans þá er RAV4 bíllinn sem fer alla leið.

Nú bjóðum við RAV4 með veglegum aukahlutapakka, vetrardekkjum, dráttarbeisli, mottu í skott og filmum í rúður, að verðmæti 214.000 kr.

Verð frá 2.880.000. kr.


Vetrardekk


Gólfmotta í skott


Dráttarbeisli


Skyggðar rúður

Aukahlutapakki að verðmæti 214.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070